**MELKORKA ÓLAFSDÓTTIR**

*Fann forláta jakka á götumarkaði*

tíska heilsa heimili

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**HAFNARFJÖRÐUR**

*Draumadagur í hafnarbænum í hrauninu*

Sérblað um Hafnarfjörð

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



MAX Dúndur TILBOÐ
OPIÐ TIL 22
Í KAUPTÚNI OG HOLTAGÖRÐUM

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. febrúar 2008 — 51. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## FIMMTUDAGUR

### Arnar á hæðinni



Leikarinn og miðbæjarrottan Arnar Jónsson auglýsir nýtt hverfi á Arnarneshæð.

FÓLK 58

### Mótvægisaðgerð í uppsveitum



Ný rannsóknarstofa í íþrótta- og heilsufræði var nýlega stofnuð við Kennaraháskólann á Laugarvatni.

TÍMAMÓT 34

### Nú reynir á

„Bankarnir verða að standa á eigin fótum. Þeir geta ekki verið þekktir fyrir að hlaupa undir pilsfald ríkisins," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 26

### Hugsar ekki um Hearts



Guðjón Þórðarson hefur ekkert heyrt frá Hearts lengi en er samt enn inni í myndinni sem næsti stjóri liðsins.

ÍÞRÓTTIR 54

### VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT HÆGVIÐRI** Í dag verður víðast hæg vestlæg átt. Snjókoma eða slydda sunnan til, stöku él á landinu vestanverðu annars úrkomulítið. Frost 0-7 stig.

VEÐUR 4

# Impregilo fær eina milljón á dag í vexti

**Ríkið hefur enn ekki endurgreitt Impregilo þá 1,2 milljarða skattastaðgreiðslu, sem Hæstiréttur úrskurðaði síðasta haust að hefði verið ranglega innheimt af fyrirtækinu. Hver dagur kostar skattgreiðendur eina milljón í dráttarvexti.**

**RÍKISFJÁRMÁL** Skuld íslenska ríkisins við verktakann Impregilo, vegna skatta portúgalskra verkamanna, eykst um eina milljón króna á dag, eða sem nemur dráttarvöxtum af þeim 1,2 milljörðum sem fyrirtækið ofgreiddi ríkisskattstjóra frá 2004 til 2007, og að auki 300 milljónir í vexti, alls 1,5 milljarða.

Hæstiréttur úrskurðaði í september að Impregilo teldist ekki launagreiðandi portúgalskra starfsmanna og hefði því ekki átt að standa skil á sköttunum. Hafði Impregilo talið að starfsmannaleigurnar Select og Nett ættu að standa skil á þessum greiðslum. Fór málið fyrir Hæstarétt sem féllst á rök fyrirtækisins.

Eftir úrskurð Hæstaréttar leið og beið en ríkið endurgreiddi ekki skattana. Í janúar, þegar dráttarvextir voru komnir í 300 milljónir króna, stefndi Impregilo fjármálaráðuneytinu, fyrir hönd ríkisins og krafðist alls fjárins, 1,5 milljarða.

Málið hafði stoppað í fjármálaráðuneytinu, að því er Garðar Valdimarsson, lögmaður Impregilo, greinir frá. „Ráðuneytið sagði málið sífellt í skoðun. En Impregilo sagði á móti að búið væri að dæma í málinu," segir hann.

Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri segir að ein ástæða þess að ráðuneytið hafi beðið með greiðslur sé sú að kanna hafi þurft hver raunverulegur hlutur Impregilo í greiðslunum hafi átt að vera. Fyrirtækið hafi til dæmis átt að greiða skatt af mismuninum á íslenskum lágmarkslaunum og þeim launum sem starfsmannaleigurnar greiddu mönnunum.

Starfsfólk í fjármálaráðuneytinu hafi talið sig í samstarfi við Impregilo um lausn málsins og beðið upplýsinga frá því þegar stefnan var kunngjörð. **- kóþ**



**BUBBI & GEIR** Bubbi Morthens og Geir H. Haarde forsætisráðherra sungu saman lagið Lóa litla á brú á tónleikum gegn kynþáttahatri í Austurbæ í gærkvöldi. Lögðu þeir félagar, sem báðir eru af norskum ættum, áherslu á virðingu fyrir einstaklingum en með framtakinu vildu tónlistarmenn bregðast við kynþáttahatri á Íslandi sem þeir segja hafa aukist. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

Forsætisráðherra telur Ísland betur borgið utan ESB við ris nýrra efnahagsstórvelda:

# Getur fært okkur viðskiptatækifæri

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra metur það sem kost að Ísland standi utan við Evrópusambandið þegar ný efnahagsstórveldi á borð við Kína og Indland eru að verða til.

Hann nefnir nýlegan samning EFTA og Kanada og samning Íslands og Kína sem er í farvatninu. „Þetta getum við af því að við höfum til þess meira svigrúm en aðildarþjóðir Evrópusambandsins sem afsala sér fullveldi gagnvart þessu til sambandsins."

Geir segir að nú þegar einhliða upptaka evru sé útilokuð verði umræðan um Evrópumál einfaldari. „Valkostirnir eru skýrir, að vera fyrir utan eða vera fyrir innan. Mín afstaða er óbreytt í því efni og stefna ríkisstjórnarinnar er alveg skýr, við munum ekki hreyfa okkur í þessu máli á kjörtímabilinu."

Í næstu viku fundar Geir með fimm framkvæmdastjórum Evrópusambandsins, þeirra á meðal Jose Manuel Barrosso, forseta framkvæmdastjórnarinnar. Geir segir íslensk stjórnvöld vera í góðu sambandi við forsvarsmenn ESB og eðlilegt að funda reglulega þó engin sérstök vandamál séu uppi sem þarf að leysa. **- bþs /** **sjá síðu 18**



**METTE-MARIT** Með íslenska hárskrautið í Stokkhólmi í haust.

Hárskraut Thelmu vinsælt:

# Íslensk hönnun á Nóbelnum

**FÓLK** Mette-Marit, krónprinsessa Noregs, skartaði hárspöng frá íslenska hönnuðinum Thelmu Björk Jónsdóttur við afhendingu Nóbelsverðlaunanna í desember síðastliðnum. Mette-Marit var færð spöngin að gjöf frá sameiginlegum vinum hennar og Thelmu.

„Að hún skyldi nota hana við þetta tækifæri er náttúrlega æðislegt, og mikill heiður fyrir mig," segir Thelma, sem er búsett í París. Hárskraut hennar hefur vakið töluverða athygli, og komst meðal annars á síður breska Vogue. Það er nú fáanlegt í fimm löndum. **- sun /** **sjá síðu 46**

Ráðdeild ráði hjá Glitni:

# Laun stjórnarmanna lækkuð

**VIÐSKIPTI Tillaga um stórfellda lækkun þóknunar til stjórnar- og varastjórnarmanna var samþykkt með lófataki á aðalfundi Glitnis í gær. Tillöguna lagði fram Þorsteinn Már Baldvinsson, nýr stjórnarformaður bankans.**

**Laun formanns stjórnar lækka úr rúmri milljón í 550 þúsund krónur á mánuði og laun almennra stjórnarmanna lækka um 100 þúsund, verða 250 þúsund krónur á mánuði.**

**Þorsteinn segir að tími hagræðingar, ráðdeildar og sparnaðar sé fram undan hjá bankanum. Glitni segir hann eiga að vera leiðandi í að skera niður kostnað svo hluthafar og viðskiptavinir geti vel við unað.** **- óká /** **sjá síðu 24**

MYLLAN
HEIMILIS BRAUÐ
Veldu ekta Myllu Heimilsbrauð
- brauðið sem allir á heimilinu velja



FERMINGARTILBOÐ
NÝR BÆKLINGUR FRÁ TÖLVULISTANUM FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.
ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!
TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld
Skráning á landsbanki.is
Landsbankinn

**SPURNING DAGSINS**



*Ásmundur, var þetta ekki dýr í útrýmingarhættu?*

„Ja, það minnkaði óneitanlega í stofninum!“

Ásmundur Pálsson meindýraeyðir felldi í vikunni eina þekkta einstakling minkategundarinnar í Vestmannaeyjum.

Bygging álvers í Helguvík mun hafa jákvæð áhrif gangi efnahagsspár eftir:

# Fer saman með Sundabraut

**EFNAHAGSMÁL** Ef fer sem horfir og slaknar á efnahagslífinu síðla árs 2008 og árið 2009 myndi það ekki skapa mikil þjóðhagsleg vandræði þó álver rísi í Helguvík, jafnvel þó það skarist við lagningu Sundabrautar, segir Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

„Menn sjá ekki fyrir sér mikið þensluástand 2009,“ segir Gunnar. Þó skipti miklu við mat á efnahagsáhrifum af byggingu álversNorðuráls í Helguvík hversu miklar framkvæmdir verði á yfirstandandi ári, segir Gunnar.

„Ef það slaknar á efnahagslífinu seinnipart árs 2008 og á árinu 2009 ætti þetta að hafa jákvæð áhrif [verði álverið reist]. Ef hins vegar spenna á vinnumarkaði helst áfram og fjármálakrísan sem nú hefur áhrif gengur til baka myndi þetta hafa neikvæð þensluhvetjandi áhrif.“

Vonir standa til að reynt verði að hefja framkvæmdir við lagningu Sundabrautar árið 2009, sama ár og forsvarsmenn Norðuráls hyggjast setja framkvæmdir við álver í Helguvík á fullt.

Gunnar segir að ef um sé að ræða arðbærar fjárfestingar á samdráttartímum myndi það ekki skapa mikil þjóðhagsleg vandamál. Ef þenslan haldi áfram sé ekki þjóðhagslega hagkvæmt að báðar þessar framkvæmdir séu í gangi á sama tíma. **- bj**



**HELGUVÍK** Til stendur að framkvæmdir við álver Norðuráls hefjist á þessu ári, en mestur kraftur verði í framkvæmdunum árin 2009-2010.

Þrír fórust og 25 slösuðust:

# Jarðskjálfti við strönd Súmötru

**INDÓNESÍA, AP** Öflugur jarðskjálfti skók vesturhluta Indónesíu í gær. Þrír fórust í jarðskjálftanum og að minnsta kostir 25 slösuðust að sögn yfirvalda. Aðvörun vegna yfirvofandi flóðbylgju var gefin út í gærmorgun. Aðvörunin var síðan dregin til baka þegar ekki varð vart við mikið öldurót.

Upptök jarðskjálftans, sem mældist 7,6 á Richterkvarða, voru úti fyrir strönd eyjunnar Simeulue, skammt frá vesturströnd Súmötru. Það svæði varð verst úti í risaflóðbylgjunni sem reið yfir árið 2004 og varð 230 þúsund manns að bana í tólf löndum. **- sdg**

# Sundlaugarvörður kærður til lögreglu

**Lögreglan í Borgarnesi rannsakar nú framgöngu starfsmanns sundlaugarinnar í Borgarnesi gagnvart sex ára dreng sem var í skólasundi. Drengurinn hefur fengið áverkavottorð. Skólastjórinn segir þetta slæm mistök sem séu hörmuð.**

**LÖGREGLUMÁL** Framganga starfsmanns íþróttahússins í Borgarnesi gagnvart sex ára dreng á staðnum hefur verið kærð til lögreglu. Barnið hefur fengið áverkavottorð og málið fer að líkindum til barnaverndarnefndar, hafi það ekki þegar verið komið þangað í gærkvöld.

Litli drengurinn var í skólasundi á mánudag. Hann óhlýðnaðist við að koma út úr sturtunni eftir sundið. Starfsmaðurinn tók þá sköfu með löngu skafti og notaði hana á drenginn þannig að það sá á baki hans. Sá síðarnefndi hljóp fram og mætti þá íþróttakennara á staðnum sem sá áverkana. Drengurinn var sendur heim og greindi þá foreldrunum sínum frá atvikinu.

„Hann var alveg rosalega hræddur,“ segir aðstandandi drengsins. Hann segir sundlaugarvörðinn hafa hringt í foreldra barnsins eftir atvikið og beðist afsökunar. Hins vegar sé óviðunandi að maðurinn sé í vinnu áfram meðan rannsókn málsins standi yfir. Ekki sé hægt að bjóða barninu upp á að senda það aftur í íþróttahúsið meðan maðurinn sé þar við störf.

Foreldrarnir fóru með drenginn á heilsugæslustöðina í Borgarnesi þar sem læknir skoðaði hann og gaf út áverkavottorð. Þar segir meðal annars:

„Kemur í fylgd foreldra, hafði íþróttakennari látið vita að sæi á drengnum eftir starfsmann í íþróttahúsi... Milli neðri enda herðablaða er roðaflekkur... litlar húðblæðingar og byrjandi mar vinstra megin...Mar á brjóstkassa.“

„Þarna hafa orðið afar slæm mistök sem við verjum ekki,“ segir Kristján Þ. Gíslason, skólastjóri Grunnskólans í Borgarnesi. „Við og yfirmaður íþróttahússins erum að vinna þetta eftir reglum sem um svona atvik gilda.“

Spurður um ábyrgð skólans í tilvikum af þessu tagi, þar sem drengurinn hafi verið í skólasundi, ítrekar Kristján að málið sé komið í ferli.

„Við hörmum þetta atvik afar mikið,“ segir hann. Spurður hvort skólayfirvöld hafi farið fram á við yfirmenn íþróttahússins að viðkomandi starfsmaður þess verði ekki látinn hafa afskipti af skólabörnum meðan málið sé til rannsóknar segir Kristján svo ekki vera.

Lögreglan í Borgarnesi segir rannsókn hafna á málinu.



**SKAFAN** Starfsmaðurinn er sagður hafa notað sköfu til að koma drengnum út úr sturtunni.



**ÁVERKAVOTTORÐIÐ** Á heilsugæslunni skoðaði læknir drenginn og gaf út áverkavottorð.



**ÓLÖGLEG** Bannað er að halda skjaldbökur, skriðdýr og ýmis önnur dýr hér á landi.

Fundu fjögur dýr á síðasta ári:

# Með skjaldbökur í tollinum

**DÝR** Tollgæslan á Suðurnesjum fann fjögur dýr í förum farþega sem fóru um Keflavíkurflugvöll á síðasta ári, og lagði hald á öll dýrin. Um var að ræða tvær skjaldbökur, eðlu og hund, segir Kári Gunnlaugsson, aðaldeildarstjóri tollgæslunnar.

„Fólk er með þetta innan á sér eða í handfarangri, þetta eru lítil kvikindi þótt þau eigi kannski eftir að verða stór,“ segir Kári. Því sé erfitt að finna dýrin.

„Við skoðum eitt til þrjú prósent farþega sem fara hér í gegn, og þá er lítil von til að finna dýrin, nema við fáum ábendingu, eða heyrum í hundinum gelta eða kettinum mjálma,“ segir Kári. **- bj**

Hlaut mar og bólgur á rist:

# Strætisvagn ók á vegfaranda

**SLYS Vegfarandi varð fyrir því óláni í gær að strætisvagn ók yfir rist hans. Að sögn Reynis Jónssonar, framkvæmdastjóra Strætós bs., voru meiðsli vegfarandans ekki alvarleg. Hann segir vagnstjóranum hafa verið brugðið og hann hafi verið leystur af vaktinni.**

**Reynir segir tildrög óhappsins ókunn en líklega hafi spilað saman að vegfarandinn og vagnstjórinn hafi ekki metið fjarlægðir rétt.** **- kdk**

Samgönguráðherra á Alþingi:

# Hvar er Birkir?

**ALÞINGI Í fyrirspurnartíma á Alþingi í gær furðaði Kristján L. Möller samgönguráðherra sig á að Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknar, væri ekki í þingsal þar sem hann átti að bera upp fyrirspurn um lengingu Akureyrarflugvallar samkvæmt dagskrá þingfundar.**

**„Er kannski háttvirtur þingmaður með fjarvist? Af hverju er fyrirspurnin ekki lögð fram?“ spurði Kristján.**

**Kjartan Ólafsson þingforseti sagði að eftir að þingfundur hófst hefðu borist upplýsingar um að Birkir Jón væri forfallaður.**

**Fréttablaðinu er kunnugt um að í gær hafi þingmaðurinn verið drjúgum tíma í að svara spurningum fjölmiðla um þátttöku hans í pókermóti um síðustu helgi.**

**- bþs / sjá síðu 6**

Hanna Birna styður Vilhjálm:

# Gefur að sjálfsögðu kost á sér

**STJÓRNMÁL** Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segist að sjálfsögðu gefa kost á sér sem borgarstjóraefni sjálfstæðismanna. Kom þetta fram í þættinum Íslandi í dag í gærkvöldi.



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Hún sagðist hafa metið stöðuna þannig að hún fengi örugga kosningu í annað sætið spurð um ástæður þess að hún hafi ekki gefið kost á sér í fyrsta sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins. Þá sagði hún umræðuna hins vegar ótímabæra og að Vilhjálmur fengi hennar stuðning ef hann kysi að halda áfram sem oddviti flokksins í Reykjavík. **- ovd**






Hillary Clinton er ekki á því að gefast upp í prófkjörsbaráttu Demókrataflokksins:

# Sigurganga Obama heldur áfram

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama hefur nú sigrað í tíu prófkjörum Demókrataflokksins í röð eftir glæsilegan sigur bæði í Wisconsin og Hawaii á þriðjudag. Hann hefur tryggt sér atkvæði meira en 1330 kjörmanna samkvæmt talningu AP fréttastofunnar, en keppinauturinn Hillary Clinton hefur tryggt sér rúmlega 1250 kjörmenn.

Síðasti möguleiki Clintons til að ná aftur forystu í forkosningakapphlaupinu verður þriðjudaginn 4. mars, sem verður „stór þriðjudagur“ því þá verður kosið samtímis í fjórum ríkjum, þar á meðal í tveimur af þeim fjölmennustu, nefnilega Texas og Ohio.

John McCain, sem hefur afgerandi forystu í Repúblikanaflokknum, virðist ganga út frá því sem gefnu að Obama muni sigra og þar með etja kappi við hann í forsetakosningunum í nóvember.

„Ég mun berjast á hverjum degi fyrir því að Bandaríkjamenn láti ekki blekkjast af glæsilegum en innantómum kröfum um breytingar,“ sagði McCain og átti þar greinilega við Obama.

Clinton er þó engan veginn hætt að berjast og hvetur þátttakendur í prófkjörunum til að taka baráttuna alvarlega: „Það er kominn tími til að átta sig á því hvernig við getum sigrað í þessum kosningum,“ sagði hún í gær. **- gb**



**BARACK OBAMA** Fátt virðist ætla að koma í veg fyrir sigur hans á Hillary Clinton. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Vinnubolur
**Mascot**
5862646-55
1.999
~~2.799~~

Axlabönd iðnaðarmannsins
Margar gerðir: pípara, málara, smiða o. fl.
5867205-8
1.999
~~2.699~~



1.599
~~2.979~~

Verkfæratöskur
**Keter**, 2 saman, 12,5" og 19"
5024489



3.999

Slípirokkur
**Bauker**, 750W, 115 mm, í tösku
5244906



3.499
~~5.999~~

Hleðsluborvél
**Verto**, 14,4V, 2 rafhlöður,
5245006

# VERKFÆRA DAGAR

## VERÐHRUN Á VERKFÆRUM



5.999
~~8.249~~

Vörutrilla
ber 250 kg.
5080146



15.995

Bútsög
**Fox**, 1800W, 255 m blað, sagar 90° 75x305 mm
5159230



Tangarsett
**Cosmos**, 8 stk
5052764

1.499
~~2.855~~



3.999

Stingsög
**Bauker**, 800W, framkast, 30 blöð fylgja og taska
5244910

Gildir til 26. febrúar 2008

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## GENGIÐ 20.02.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,91 | 67,23 |
| Sterlingspund | 130,14 | 130,78 |
| Evra | 98,36 | 98,9 |
| Dönsk króna | 13,156 | 13,232 |
| Norsk króna | 112,456 | 12,53 |
| Sænsk króna | 10,511 | 10,547 |
| Japanskt jen | 0,6197 | 0,6233 |
| SDR | 105,73 | 106,37 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

129,6093

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Annþóri Kristjánssyni fylgdu ekki nauðsynlegar upplýsingar þegar hann strauk:

# Verklagsreglur voru brotnar

**LÖGREGLUMÁL** Fyrir liggur að Annþóri Kristjáni Karlssyni fylgdu ekki nauðsynlegar upplýsingar um tilhögun og framkvæmd vistunar, þegar hann strauk af lögreglustöðinni við Hverfisgötu 15. febrúar. Hins vegar eru ekki uppi grunsemdir um að starfsmenn embættisins hafi komið að málinu með refsiverðum hætti.

Þetta kemur fram í tilkynningu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um gang rannsóknar á stroki gæsluvarðhaldsfangans.

Þegar liggur fyrir að móttaka og vistun fangans sem og eftirlit með honum var ekki í samræmi við gildandi verklagsreglur.



**LÖGREGLUSTÖÐIN** Fyrstu niðurstöður á rannsókn á stroki Annþórs liggja fyrir.

Þegar niðurstöður rannsóknar embættisins á því hvað úrskeiðis fór liggja fyrir verður metið hvernig unnt sé að koma í veg fyrir að slíkt gerist á ný og viðeigandi úrbætur gerðar á framkvæmd og skipulagi þessara mála hjá embættinu. Jafnframt mun lögreglustjóri upplýsa dóms- og kirkjumálaráðuneytið um niðurstöður athugunar embættisins og hvernig brugðist verði við því sem aflaga fór í meðferð embættisins á gæsluvarðhaldsfanganum.

Af þessu tilefni hefur lögreglustjóri einnig ákveðið að flýta fyrirhugaðri úttekt innri endurskoðunar embættisins á starfsemi fangamóttöku LRH. **- jss**

Auðvelda ákvörðun ættingja:

# Kortin lýsa bara almennum vilja

**HEILBRIGÐISMÁL** Líffæragjafakort lýsa einungis almennum vilja þess sem hefur undirritað kortið. Slíkt getur gert eftirlifandi ættingjum hægara um vik að taka ákvörðun á örlagastundu, en lagalegt gildi þeirra er ekki bindandi á nokkurn hátt.

Kom þetta fram í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn um líffæragjöf á Alþingi í gær. Í máli ráðherra kom fram að fram til síðustu áramóta hefðu 10 fengið 11 hjartaígræðslur, 24 fengið 26 lifrarígræðslur og 151 fengið 169 nýrnaígræðslur, þar af 96 frá lifandi gjöfum en 73 frá látnum gjöfum. **- ovd**


**FRÁ ÆFINGUNNI** Samvinna sérsveitarmanna og þyrluáhafnar þarf að vera góð á ögurstundu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sérsveit Ríkislögreglustjóra:

# Æfðu hraðsig í Nauthólsvík

**LÖGREGLUMÁL Sérsveit Ríkislögreglustjóra æfði í Nauthólsvíkinni í gær með Landhelgisgæslunni umgengni við þyrlur.**

**Var um reglubundna æfingu að ræða, meðal annars sig úr þyrlunni. „Það er kallað hraðsig eða „fastrope“. Þá er verið að fara úr þyrlunni á sem skemmstum tíma niður á ákveðinn stað,“ segir Guðmundur Ómar Þráinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra.**

**„Í dag voru slysahjálparmennirnir okkar, sem eru sérfræðingar í slysahjálp, einnig að búa um mann í körfu og hífa hana upp í þyrluna. Það er nauðsynlegt að menn kunni þetta alveg upp á tíu,“ segir Guðmundur.** **- ovd**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ölvunarakstur í Hveragerði

Lögreglan á Selfossi fékk tilkynningu um að bifreið hefði verið ekið á staur í Hveragerði um fimm leytið á þriðjudaginn. Ökumanninn sakaði ekki en hann er grunaður um ölvunarakstur.

# Bann við veiðum á loðnu gengur í gildi

**Veiðistöðvun á loðnu tekur gildi á hádegi í dag. Útgerðir á landsbyggðinni verða af milljörðum. Sjómenn eru ósáttir við niðurstöður Hafrannsóknastofnunar.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjávarútvegsráðherra hefur orðið við tilmælum Hafrannsóknastofnunar um að stöðva loðnuveiðar og tekur það bann gildi í hádeginu í dag. Útgerðarmenn í Vestmannaeyjum og á Austurlandi segja fyrirtæki verða af milljarðatekjum vegna þessa.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri nytjastofnasviðs Hafrannsóknastofnunar, segir að á grundvelli mælinga undanfarið sé mat veiðistofns loðnu á bilinu 200 til 270 þúsund tonn. Stærð stofnsins sé því langt undir því sem gildandi aflaregla geri ráð fyrir að skilið sé eftir til hrygningar sem eru 400 þúsund tonn. Hann ítrekar þó að fylgst verði með miðum áfram.

### Verðum að skoða reksturinn

„Við verðum af um tveimur og hálfum milljarði af rekstrartekjum okkar ef fram fer sem horfir og það gefur auga leið að við verðum nú að skoða okkar rekstur og leita svo leiða til að skera niður kostnað,“ segir Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar. Hann segir ekki tímabært að tala um uppsagnir á þessu stigi. Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, segir einnig að ekki sé tímabært að huga að uppsögnum nú en segir þó ljóst að þetta muni þýða mikla tekjuskerðingu fyrir starfsfólk sitt.

„Ætli þetta þýði ekki milljarð í minni launatekjur fyrir Eyjamenn,“ segir Sigurgeir Brynjar. Hann telur að útgerðarfyrirtækin í Vestmannaeyjum verði af um þriggja milljarða rekstrartekjum vegna veiðibannsins.


**LOÐNUVEIÐAR** Vel bar í veiði hjá áhöfn á Sighvati Bjarnasyni VE í fyrrinótt en nú verður bið á því að loðnu verður dælt í lest þar. Sjómenn undrast niðurstöður Hafrannsóknastofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Gunnþór segir vissulega þungt hljóðið í Austfirðingum. „Það eru um 400 til 500 manns hér fyrir austan sem hafa lifibrauð sitt af þessu svo þetta hefur gríðarleg áhrif,“ segir hann.

### 450 tonn í einu kasti

Í fyrrinótt var mikil veiði á loðnumiðum og segjast margir sjómenn undrandi á niðurstöðum Hafrannsóknastofnunar. „Við fengum 450 tonn í einu kasti og við erum með grunnnót,“ segir Magnús Jónasson, stýrimaður á Sighvati Bjarnasyni VE.

„Við sáum þarna mikla loðnu og aðrir bátar voru að fá vel. Það er lítið gert úr fiskifræði sjómanna ef einungis á að hlusta á fræðingana sem einhverra hluta vegna finna ekkert.“

### Alvarlegt áfall

Einar K. Guðfinnsson segir þetta vera alvarlegt áfall en hins vegar að allt hafi verið reynt sem hægt er til að mæla stærð loðnustofnsins. „Við erum búnir að mæla um 270 þúsund og í fremstu göngunni voru um 40 til 50 þúsund tonn og úr þeirri göngu hafa menn verið að veiða þannig að það er ekkert óeðlilegt að menn sjái töluvert stórar torfur. Það breytir þó engu um heildarniðurstöðuna.“

Hann segir að ekki hafi gefist ráðrúm til að huga að því hvort að farið verði í einhverjar mótvægisaðgerðir fyrir þá sem fyrir áfallinu verða. **jse@frettabladid.is**

Tvítugur maður dæmdur:

# Hrækti og hótaði tveim lífláti

**DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur karlmaður hefur verið dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að reyna að hrækja í andlit lögreglumanns, hóta honum og starfsfélaga hans lífláti og hóta að vinna fjölskyldum þeirra mein. Atvikið átti sér stað í lögreglubifreið.**

**Maðurinn játaði brot sitt fyrir dómi. Hann lýsti yfir iðrun á athæfi sínu.**

**Í dómsniðurstöðu segir að hann virðist hafa tekið sér tak og breytt líferni sínu. Í ljósi þess og ungs aldurs hans ákvað dómurinn að skilorðsbinda refsinguna.** **- jss**


**SIGRI FAGNAÐ** Flokkur fyrrverandi forsætisráðherrans Benazir Bhutto, sem var myrt í desember, fékk flest atkvæði. NORDICPHOTOS/AFP

Talningu atkvæða nær lokið:

# Stjórnarmyndun hafin í Pakistan

**PAKISTAN, AP** Þegar flestöll atkvæði höfðu verið talin í þingkosningunum í Pakistan í gær var ljóst að tveir stærstu stjórnarandstöðuflokkarnir fengu samanlagt nógu mörg þingsæti til að mynda meirihluta. Stjórnarflokkur Pervez Musharraf forseta beið afhroð og fékk þriðju flest atkvæði.

Viðræður um meirihlutamyndun eru þegar hafnar og munu leiðtogarnir, Nawas Sharif og Asif Ali Zardari, hittast í dag. **- sdg**


LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla

Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

**L.R RANGE ROVER V8 diesel**

Nýskr: 12/2006, 3600cc, 5 dyra,
Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 25.000 þ.

**Verð: 11.100.000**

Opið virka daga frá kl. 10 til 18
og á laugardögum frá kl. 12 til 16

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík
575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar

bilaland.is
575 1230


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**RÓLEGHEIT** Veðrið í dag einkennist af hægum vindi um mest allt land og éljum, einkum vestan til og sunnan. Á morgun andar hann vestri með snjókomu eða slyddu sunnan til og éljum vestan til. Á laugardag verður lægð að mjaka sér til austurs með suðurströndinni og henni fylgir úrkoma um mest allt land.



**Á MORGUN** 5-10 m/s en hvassara allra syðst.

**LAUGARDAGUR** 5-15 m/s, hvassast sunnan til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Billund | 8° |
| Ósló | 4° |
| Stokkhólmur | 5° |
| Gautaborg | 6° |
| London | 12° |
| París | 13° |
| Frankfurt | 9 |
| Friedrichshafen | 7° |
| Berlín | 8° |
| Alicante | 17° |
| Mallorca | 15° |
| Basel | 10° |
| Eindhoven | 11° |
| Las Palmas | 21° |
| New York | 1° |
| Orlando | 24° |
| San Francisco | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# 150 þús.

GJAFAKORT
FYLGIR ÖLLUM
4X4 TILBOÐSBÍLUM.
(hægt að nota hvar sem er*)

ÚTSALA Á NÝLEGUM 4X4 BÍLUM

# KJARASAMNINGA DAGAR BÍLALANDS

Enn meiri kjarabót fyrir launafólk!




**TUCSON**
2006, bensín, sjálfskiptur,
ekinn 42.000
Verð nú: **2.550.000**
Verð áður: 2.950.000

**SANTA FE**
2004, bensín, beinskiptur,
ekinn 90.000
Verð nú: **1.680.000**
Verð áður: 1.980.000

**TERRACAN**
2005, dísel, beinskiptur,
ekinn 61.000
Verð nú: **2.570.000**
Verð áður: 3.020.000

## Dæmi um bíla:




**STAREX**
2005, dísel, beinskiptur,
ekinn 64.000
Verð nú: **2.200.000**
Verð áður: 2.590.000




**SANTA FE**
2006, bensín, beinskiptur,
ekinn 50.000
Verð nú: **2.210.000**
Verð áður: 2.600.000




**TERRACAN**
Nýskr: 2003, bensín, sjálfskiptur,
ekinn 51.000
Verð nú: **2.080.000**
Verð áður: 2.450.000




**TUCSON**
2005, bensín, beinskiptur,
ekinn 79.000
Verð nú: **1.760.000**
Verð áður: 2.070.000




**TERRACAN**
2006, dísel, sjálfskiptur,
ekinn 23.000
Verð nú: **3.590.000**
Verð áður: 4.180.000




**SANTA FE**
2003, bensín, beinskiptur,
ekinn 98.000
Verð nú: **1.560.000**
Verð áður: 1.840.000

100% lán í allt að 84 mánuði
á öllum tilboðsbílum.

Gerðu frábær kaup á Kjarasamningadögum í Bílalandi og tryggðu þér **150.000 kr.** kjarabót sem bætist ofan á tilboðsverðið (gildir til og með 23. febrúar).

**Eitt besta úrval notaðra bíla á Íslandi.**

**Kíktu til okkar á Grjóthálsinn!**



**SÍMI 575 1230**
Bílaland Grjóthálsi 1 - 110 Rvk - Sími: 575 1230 - www.bilaland.is
**Opið: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.**
B&L Selfoss, Hrísmýri 2a., Sími: 575 1460

bílaland B&L notaðir bílar

*Gjafakort Kaupþings með 150.000 kr. innistæðu. Hægt að nota bæði innanlands og erlendis. Lesið nánar um skilmála á kaupthing.is.

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú fleiri álver á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 41,9% |
| Nei | 58,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú leyfa fjárhættuspil á Íslandi?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is — vísir

Birkir Jón Jónsson, alþingismaður Framsóknarflokksins, tók þátt í skipulögðu fjárhættuspili um síðustu helgi:

# Vill að sömu reglur gildi um pókerspil

**STJÓRNMÁL** „Laganna hljóðan er þannig að stundi menn þetta sér til framfærslu og hafi atvinnu af þessu þá er um lögbrot að ræða. En hins vegar er ekki lögbrot að spila spilið sem slíkt,“ segir Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sem um síðustu helgi tók þátt í skipulögðu fjárhættuspili í Reykjavík. „Fyrst og fremst spilaði ég þarna mér til skemmtunar en markmiðið var ekki að verða eitthvað flugríkur.“

Lögreglan hefur nokkrum sinnum haft afskipti af skipulögðu pókerspili eins og því sem Birkir Jón tók þátt í. Birkir segir fjölda fólks úti um allt land spila póker sér til skemmtunar. „Af hverju er öðruvísi höndlað með þetta spil en þegar fólk spilar bingó, lottó eða fær peningaverðlaun úr öðrum íþróttagreinum. Ég tel þetta sýna að löggjafinn hafi ekki fylgt tíðarandanum,“ segir Birkir sem telur betra að spilamennska sé uppi á yfirborðinu og undir opinberu eftirliti.



BIRKIR JÓN JÓNSSON



GUÐNI ÁGÚSTSSON

Þá segist hann ætla að skoða lagabreytingatillögu mjög alvarlega en ljóst er að peningaspilum fylgi líka félagsleg vandamál. Nærtækt sé að benda á spilafíkn. „Það er mjög erfitt að eiga við slík samfélagsleg úrlausnarefni ef spilamennska sem þessi er ekki háð einhverju eftirliti.“

„Ég tel í sjálfu sér mikilvægt fyrir löggjafann að fara yfir þetta mál,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. Hann minnir á bann við innflutningi og neyslu bjórs. „Þá urðu menn að breyta reglum til jafnræðis og bjórinn kom svo auðvitað í fyllingu tímans. Þannig að ég held í sjálfu sér að löggjafinn verði að passa sig á að þröskuldarnir séu ekki of háir,“ segir Guðni. Honum sýnist að sá sem stendur fyrir svona pókermótum geti verið í meiri hættu. „Ég vil ekki sjá nein fjárhættuspil eða rjúkandi áhættu en það eiga að vera skýrar línur og innan siðferðilegra marka.“ **- ovd**




# Hættulegt ástand sem reynir á banka

**Erfitt ástand á alþjóðlegum fjármálamörkuðum reynist íslenskum bönkum erfitt. Stöndum ekki illa en skuldatryggingarálagið á bankana getur gert okkur íslensku bönkunum erfitt fyrir, segir Sigurjón Árnason.**

**VIÐSKIPTI** „Það er erfitt ástand á fjármálamörkuðum og íslensku bankarnir eru að lenda svolítið harkalega í því,“ segir Sigurjón Árnason, annar tveggja bankastjóra Landsbankans.

Hann segir íslensku bankana þurfa að halda ró sinni og upplýsa um raunverulega stöðu sína á skuldabréfamörkuðum. „Hvað varðar Landsbankann þá er staða hans afar sterk eins og nýlegar greiningar á bankanum segja til um. En skuldatryggingarálagið er of hátt á íslensku bankana alla, það gefur auga leið,“ segir Sigurjón. Skuldatryggingarálag helst í hendur við álag á svonefnda LIBOR-vexti, það er millibankavexti. Ef skuldatryggingarálag er um 400 punktar, eða fjögur prósentustig, þá er líklegt að viðkomandi skuldari þurfi að greiða sambærilegt álag ofan á LIBOR-vexti fyrir nýtt lánsfé. Skuldatryggingarálag á íslenska banka hefur verið hátt að undanförnu, um 270 á Landsbankann, 530 á Glitni og 580 á Kaupþing. Það sveiflast þó frá degi til dags.

Tom Jenkins, sérfræðingur hjá Royal Bank of Scotland, hefur greint starfsemi íslensku bankanna undanfarin ár. Í viðtali við Fréttablaðið í gær sagði Jenkins íslenska banka ekki standa illa þegar litið væri til fjármögnunar þeirra og almennrar stöðu. Þá væri sveigjanleiki þeirra einnig til þess fallinn að styrkja þá í því ástandi sem nú væri. Hann sagði vandamálið mikið í ljósi þess hversu skuldatryggingarálagið væri hátt. Íslenskum bönkum væri þó ekki ógnað.

Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings á Íslandi, segir Kaupþing bankann búa yfir miklum sveigjanleika sem geri honum kleift að takast betur á við ástandið eins og það er nú. Þá segir hann að uppgjör bankans muni sýna að dregið hafi úr útlánavexti og kostnaði. Þá muni sjást einnig að lausafjárstaða bankans sé sterk sem skipti sköpum þegar lánsfé er jafn dýrt og nú.

Ingólfur segir erfitt að segja til um hvernig skuldatryggingaálagið muni þróast á næstunni. „Ég ætla ekki að spá fyrir um hvenær álag lækkar. Ég held að það ráðist að mestu af aðstæðum á fjármálamörkuðum almennt. Við hjá Kauþingi eru búin undir að þetta ástand geti varað í töluvert langan tíma,“ segir Ingólfur. Hann telur skuldtryggingarálag á Kaupþing vera alltof hátt miðað við stöðu bankans. „Ég tel fráleitt að þessi CDS-markaður (skuldabréfamarkaður) geti til lengdar metið bankann svona miklu verr en rekstur og staða gefa tilefni til. Eiginfjárhlutfall okkar er sterkara en flestra evrópskra banka, lausafjárstaða okkar betri og reksturinn hagkvæmari. Að lokum eru það þessi þættir sem skipta máli,“ segir Ingólfur.

**magnush@frettabladid.is**



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Gríðarlega miklir erfiðleikar hafa hrjáð fjármálamarkaði víðs vegar um heiminn undanfarin misseri. Hér á Íslandi hafi verðmæti upp á rúmlega 1.300 milljarða gufað upp í miklum lækkunum sem rekja má til vandamála með svokölluð undirmálslán í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**INGÓLFUR HELGASON** Telur skuldatryggingarálag á Kaupþing alltof hátt miðað við stöðu bankans.



**SIGURJÓN ÁRNASON** Bankarnir geta staðist álagið sem er vegna stöðu á mörkuðum.

### ÓEÐLILEG VIRKNI SKULDABRÉFAMARKAÐA

Alexander K. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Áhættu- og fjárstýringar hjá Glitni, segir mat Tom Jenkins sem fram kom Fréttablaðinu í gær vera raunsætt. „Þetta er maður sem hefur fylgst lengi með íslenska bankakerfinu og hefur ágæta innsýn inn í markaðinn okkar og viðskiptamódel bankanna,“ segir Alexander. Hann segir hátt skuldatryggingarálag á íslensku bankanna gefa vísbendingu um að skuldabréfamarkaðir virki ekki eðlilega í óróanum sem einkennir alþjóðlega fjármálamarkaði. Við erum sammála um að skuldatryggingarálagið sé of hátt og endurspegli ekki lánshæfismat bankanna en endurspegli frekar þá staðreynd að skuldabréfamarkaðurinn er ekki að virka eðlilega um þessar mundir.“







Hollenskur ferðamaður telur sig hafa séð Madeleine:

# Myndband rannsakað

**BRETLAND** Hollenskur ferðamaður segist hafa séð bresku stúlkuna Madeleine McCann nýlega á kaffihúsi í borginni Montpellier í Suður-Frakklandi. Myndband úr öryggismyndavél kaffihússins hefur verið afhent frönsku lögreglunni. Myndbandið sýnir að sögn hina fjögurra ára gömlu Madeleine.

Að sögn talsmanns McCann-hjónanna var hinn átján ára Hollendingur svo viss um að um Madeleine væri að ræða að hann hrópaði nafn hennar áður en maður hljóp út með barnið. **- ovd**



**MADDIE LITLA** Ferðamaðurinn hrópaði nafn Madeleine áður en maður hljóp með hana á brott.

Ungt par handtekið á Selfossi:

# Sveik út vörur

**SELFOSS Lögreglan á Selfossi handtók par laust fyrir hádegi á mánudag vegna gruns um að fólkið hefði notað stolið greiðslukort til að svíkja út vörur í bænum. Áður hafði maður greint lögreglu frá því að korti hefði verið stolið úr veski sem hann geymdi í yfirhöfn í læstum fataskáp á vinnustað sínum. Hafði hann séð í heimabanka sínum að teknar höfðu verið út vörur í þremur verslunum.**

**Eftir rannsókn lögreglu var parið tekið höndum og fært til yfirheyrslu. Játaði fólkið brot sín og telst málið upplýst. - ovd**

# 40% afsláttur

Allt vöruúrvalið fæst í Smáralind, Kringlu og Holtagörðum, minna úrval í öðrum verslunum.




Gildir til 29. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*







Svarendur hafa nokkuð eindregnar skoðanir á reykingabanni á veitingastöðum:

# Svipuð afstaða og fyrir breytingar

**HEILBRIGÐISMÁL** Tæplega fimmtungur landsmanna er andvígur reykingabanni á veitinga- og skemmtistöðum á Íslandi samkvæmt niðurstöðum könnunar á viðhorfi til reyklausra veitinga- og skemmtistaða sem Lýðheilsustöð fékk Capacent Gallup til að gera fyrir sig.

„Við erum ánægð að sjá hvað margir eru hlynntir þessari lagabreytingu og hvað fólk sem sækir staðina er ánægt með hana,“ segir Bára Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri hjá Lýðheilsustöð.

„Mér finnst ósanngjarnt að þeir aðilar geti ekki fengið að reykja og drekka í friði,“ segir Baldvin Samúelsson veitingamaður og vísar til þess að samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar megi reikna út að um 350 einstaklingar sem sæki staði honum tengdum um hverja helgi séu andvígir reykingabanni. „Ég er ekki á móti reykingabanninu en það hefði mátt útfæra það á annan hátt,“ segir Baldvin.

Um símakönnun var að ræða og var hún gerð í september á síðasta ári. Þátttakendur voru 796 á aldrinum 18 til 75 ára. Sama spurning var spurð nú og í sambærilegri könnun sem gerð var áður en lögin tóku gildi. Eru niðurstöður nú svipaðar og fyrri könnun sýndi.

- ovd




*Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að allir veitinga- og skemmtistaðir séu reyklausir?*

HEIMILD: LÝÐHEILSUSTÖÐ

# Sjálfsvígsalda meðal ungmenna í Wales

**Ekkert lát ætlar að verða á öldu sjálfsvíga í Wales. Nú hafa sautján ungmenni svipt sig lífi á rúmu ári. Bæjarbúar í Bridgend standa ráðþrota.**

**WALES, AP** Á þriðjudagsmorgun fannst sextán ára stúlka látin í skóglendi skammt frá bænum Bridgend í Wales. Hún er sautjánda ungmennið sem fremur sjálfsvíg þar í bæ á aðeins rúmu ári.

Jenna Perry hafði hengt sig í tré. Vegfarandi var að viðra hundinn sinn þegar hann tók eftir henni.

Aðeins vika er liðin síðan Nathaniel Pritchard, fimmtán ára drengur í Bridgend, svipti sig lífi. Hann var þrettándi pilturinn sem svipti sig líf í þessari sjálfsvígshrinu, en Perry er fjórða stúlkan.

Foreldrar hans segja að hann gæti hafa orðið fyrir áhrifum af fjölmiðlaumfjöllun um sjálfsvígin. Þeir hvöttu fjölmiðla til þess að fara varlega í allri umfjöllun um málið.

„Við teljum að umfjöllun fjölmiðla geti haft þau áhrif að ungt fólk, sem er viðkvæmt fyrir og niðurdregið, geti freistast til að svipta sig lífi,“ segir móðir hans, Sharon Pritchard.

Bridgend er 40 þúsund manna sjávarbær í Suður-Wales, ekki ýkja langt frá höfuðstaðnum Cardiff. Þessi óvenju háa sjálfsvígstíðni ungmenna hefur komið bæjarbúum í opna skjöldu.

Þó hefur sjálfsvígstíðni ungra karlmanna árum saman verið með hærra móti án þess viðhlítandi skýringar hafi fundist á því. Atvinnuleysi er mikið í Bridgend.

Lögreglan í Suður-Wales segir ekkert benda til þess að ungmennin sautján, sem hafa framið sjálfsvíg á síðustu þrettán mánuðum, hafi haft einhver tengsl sín á milli. Sögusagnir hafa verið um að þau hafi gert með sér samning um sjálfsvíg eða að þau hafi ánetjast einhverjum sértrúarsöfnuði á netinu sem stæði á bak við sjálfsvígsölduna.

„Við erum enn að rannsaka málið en til þessa hafa engar vísbendingar fundist um að neitt glæpsamlegt sé á ferðinni eða samningur hafi verið gerður um sjálfsvíg,“ sagði David Morris aðstoðaryfirlögregluþjónn á blaðamannafundi í gær.

Edwina Hart, heilbrigðisráðherra Bretlands, segir að brugðist verði við með sérstöku átaki í Wales til þess að koma í veg fyrir sjálfsvíg ungmenna.

gudsteinn@frettabladid.is



**TÍÐAR JARÐARFARIR** Í lok janúar var Natasha Randall, ein af stúlkunum sem hefur svipt sig lífi í Bridgend og nágrenni, jarðsungin þar í bæ. NORDICPHOTOS/AFP



**BRESKUR LÖGREGLUÞJÓNN** Lögreglan segir engin tengsl sjáanleg milli sjálfsvíganna sautján. NORDICPHOTOS/AFP

Sjálfsvígshrina á Bretlandi vekur upp minningar um svipaða atburði á Íslandi:

# Sjálfsvíg geta orðið smitandi

**HEILBRIGÐISMÁL** „Sjálfsvígsbylgjur meðal ungs fólks hafa orðið á Íslandi þá helst á Austurlandi,“ segir Vilhelm Norðfjörð sálfræðingur um sjálfsvígsfaraldur ungs fólks á í bænum Brigend í Wales á Bretlandseyjum. Þar hafa sautján ungmenni svipt sig lífi á skömmum tíma.

Vilhelm gerði samanburðarrannsókn, sem birt var árið 2001, á sjálfsvígum á Austurlandi og höfuðborgarsvæði á árunum 1984 til 1991. Hann segir rannsókn sína hafa leitt í ljós að mikill munur var á áhrifaþáttum og hegðan fólks á þessum stöðum. Á Austurlandi hefði verið um að ræða eins konar sefjunarþátt meðal ungs fólks. Vitneskjan um að einhver nákominn þeim hefði svipt sig lífi hefði orðið að persónulegri reynslu sem stóð þeim nærri sem möguleiki þegar eitthvað bjátaði á í lífi þeirra.

Sjálfsvígsfaraldurinn á Bretlandseyjum hefur mikið verið í umræðunni þar eins og annar staðar. Vilhelm segir að þó ekki eigi að þagga skelfilega atburði eins og sjálfsvíg niður sé nauðsynlegt að um þá sé fjallað á hófstilltan hátt.

„Það þykir hafa sýnt sig að dramatísering á slíkum atburðum getur valdið því að fleiri kjósa að fara sömu leið. Þetta hefur helst sýnt sig ef frægar manneskjur til dæmis tónlistarstjörnur svipta sig lífi virðist það hafa hvetjandi áhrif á aðra,“ segir Vilhelm. Hann bendir þó á að mjög hafi dregið úr sjálfsvígum meðal ungmenna á Íslandi hin síðari ár en ávallt megi reyna að sporna enn betur við slíku og vera á varðbergi gagnvart áhættuhegðun.

- kdk



**SJÁLFSVÍGSBYLGJUR** Vilhelm segir að sjálfsvígsbylgju sem reið yfir Austurland hefði mátt rekja að hluta til eins konar sefjunarþáttar. Vitneskjan um að einhver nákominn hafi svipt sig lífi hafi orðið að persónulegri reynslu sem stóð ungmennum nærri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Office 1 Superstore

## Allt fyrir skrifstofuna
## undir 1 þaki



**Skeifunni17 • Smáralind • Akureyri • Ísafirði • Egilsstöðum • Vestmannaeyjum • Selfossi • Hafnarfirði (Bókabúð Böðvars)**

**Öflug fyrirtækjaþjónusta • S:550-4111 • pontun@office1.is**



**APAR AÐ LEIK** Kalim-Alam, eins árs siamang-api í dýragarðinum í San Diego í Bandaríkjunum, sá kjörið tækifæri í leik sínum að nota sér höfuðið á Karen, sextán ára gömlum orangútanapa í sama dýragarði, á flakki sínu milli trjáa. NORDICPHOTOS/AFP

Þjófnaður í Mosfellsbæ:

## Verðmætum stolið úr klefa

**LÖGREGLUMÁL** Fimmtán og sextán ára drengir í fjórða flokki Hauka í handbolta voru rændir þegar þeir léku við Aftureldingu í Mosfellsbæ á mánudagskvöldið. Hafði þeim verið úthlutað búningsklefa í kjallara íþróttamiðstöðvarinnar vegna framkvæmda við aðra klefa. Meðal þess sem var tekið voru farsímar, iPod, iPhone, peningar og fatnaður. „Þetta er öðrum til varnaðar. Ég held að unglingar séu orðnir kærulausir með þessa hluti í dag,“ segir Kjartan Birgisson, faðir eins drengsins.

Sigurður Guðmundsson, íþróttafulltrúi í Mosfellsbæ, segir málið upplýst. Um tvo utanbæjarmenn og góðkunningja lögreglunnar sé að ræða og hafi þeir komist inn um bakdyr á húsinu. Þá segir hann ætlast til að verðmæti séu geymd í afgreiðslu og mörg skilti segi til um það. - ovd

# FME mun ekki taka við fleiri jólagjöfum

**Fjármálaeftirlitið hefur ákveðið að taka ekki við fleiri gjöfum frá þeim sem það hefur eftirlit með. Umboðsmaður Alþingis rannsakar því ekki gjöf Kaupþings. Viðskiptaráðherra tekur ekki afstöðu til þess hvort reglur hafi verið brotnar.**

**STJÓRNSÝSLA** Eftir símtal frá umboðsmanni Alþingis ákvað forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME) að afþakka hér eftir jólagjafir frá þeim sem eftirlitið fylgist með.

Telur forstjórinn að umfjöllunin hafi verið óheppileg og geti vakið upp efasemdir um starfshætti eftirlitsins.

Umboðsmaður hefur í ljósi þessa ákveðið að taka ekki móttöku gjafanna til formlegrar athugunar að eigin frumkvæði „að minnsta kosti að sinni,“ eins og segir í bréfi hans. Umboðsmaður mun þó fylgjast með hvort slíkt endurtaki sig.

Um jólin komst í hámæli þegar svokallaðir lykilstarfsmenn FME tóku við tveimur rauðvínsflöskum að jólagjöf frá Kaupþingi, en þeir starfa meðal annars við að hafa eftirlit með því fyrirtæki. Þótti forstjóra FME, Jónasi Friðrik Jónssyni, gjafirnar innan „eðlilegra marka“ og taldi þær ekki skerða dómgreind lykilstarfsmannanna.

Umboðsmaður vísar til reglna viðskiptaráðherra um FME en í þeim segir beinum orðum að starfsmenn eftirlitsins megi ekki taka við gjöfum frá eftirlitsskyldum aðilum, umfram það sem almennir viðskiptamenn fái.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra tekur ekki afstöðu til þess hvort reglur hafi verið brotnar. Í svari ráðuneytisins til Fréttablaðsins segir að málið hafi verið rannsakað og að niðurstaðan sé sú að reglurnar séu nægilega skýrar.

Hins vegar muni ráðherra „í þessu tilfelli sem hingað til, láta forstjóra og formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins um að meta það í einstökum tilvikum hvort óheimilt er að taka við gjöfum sem berast á grundvelli þessara reglna“.

Ráðherra sagðist í viðtali við Fréttablaðið í byrjun janúar ætla að skoða hvort þessar reglur hefðu verið brotnar og hvernig brugðist yrði við því.

Þótt reglur séu nú þegar til fyrir FME er tekið fram í svari ráðuneytisins að starfshópur semji reglur um heimildir starfsmanna ráðuneytisins og stofnana þess til að þiggja gjafir og aðrar ívilnanir.

klemens@frettabladid.is



**BJÖRGVIN GUÐNI SIGURÐSSON** Ætlar ekki að taka afstöðu til þess hvort FME hafi brotið reglur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### 7.000 KRÓNA GJÖF

Vínið sem lykilstarfsmenn Fjármálaeftirlitsins fengu að gjöf frá Kaupþingi var annars vegar Muga Reserva árgerð 2003 og hins vegar Torre Muga árgerð 2004, að því er fjölmiðlafulltrúi FME greinir frá. Flaska af hinu fyrrnefnda kostar 1.990 krónur í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, en Torre Muga er ófáanleg.

Lausleg leit á netinu leiddi í ljós að netverð á Torre Muga er í Evrópu 54 til 55 evrur, tæpar 5.000 krónur.

### REGLUR RÁÐHERRA

1. gr.
Markmið reglnanna.
„Reglum þessum er ætlað að tryggja hlutlægni við úrlausn verkefna Fjármálaeftirlitsins...“
3. gr.
Samskipti við eftirlitsskylda aðila.
„Stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum er **óheimilt að taka við gjöfum eða annarri ívilnun frá eftirlitsskyldum aðilum sem ekki eru veittar viðskiptamönnum almennt og eðlilegar geta talist.**
- Sjá reglugerð 704/2001, sem fylgir lögum 87/1998 um eftirlit með fjármálastarfsemi.

## AÐ UTAN

Madrid til Barcelona
**Tvær og hálf klukkustund**
Fyrsta hraðlestin milli Barcelona og Madrid á Spáni var tekin í notkun í gær eftir miklar tafir. Nú er hægt að ferðast á tveimur og hálfri klukkustund milli borganna.



Gatwick-flugvöllur í London
**Búsettur á vellinum**
Heimilislaus kokkur, Anthony Delaney að nafni, hefur búið á Gatwick-flugvelli í London í þrjú ár. Delaney hefur hafst við í suðurálmu flugvallarbyggingarinnar, sofið þar og borðað og notað hreinlætisaðstöðu, þrátt fyrir að lögreglan hafi ítrekað haft afskipti af honum.

Sprenging í Kaupmannahöfn
**Fundu nýja gaslind**
Sprenging varð á sólbaðsstofu í Kaupmannahöfn í gærmorgun. Tveir menn sáust hlaupa af vettvangi. Engan sakaði.

Rannsókn á láti Díönu
**Leyniþjónustan neitar**
Richard Dearlove, sem var yfirmaður bresku leyniþjónustunnar MI6 þegar Díana prinsessa fórst í París árið 1997, segir það tóma fjarstæðu að leyniþjónustan beri ábyrgð á láti hennar. Víðamikil rannsókn stendur nú yfir í Bretlandi á láti Díönu.






ÓUMDEILANLEGUR SIGURVEGARI

SUBARU LEGACY ER SÉRLEGA VEL BÚINN OG FLOTTUR BÍLL Á HREINT ÓTRÚLEGU VERÐI. LEGACY ER FJÓRHJÓLADRIFINN OG HLAÐINN BÚNAÐI SEM GERIR HANN AÐ LANGBESTU KAUPUNUM Í SÍNUM FLOKKI. GERÐU SAMANBURÐ – ÞÚ SÉRÐ EKKI EFTIR ÞVÍ.

Subaru Legacy SUBARU
Verð frá: 2.650.000 kr.

**Ríkulegur búnaður:**
Fjórhjóladrif, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geisla-spilari, 17" álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt tölvustýrð loftkæling, hiti í sætum, aksturstölva, hraðastillir o.m.fl.

ENNEMM / SÍA / NM32048



Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt í því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesb

Breiðavíkurmálið gæti haft áhrif á fjölda beiðna um pláss á meðferðarheimilum:

# Hvítárbakka í Borgarfirði lokað

**FÉLAGSMÁL** Barnaverndarstofa hefur ákveðið að loka meðferðarheimilinu að Hvítárbakka í Borgarfirði. Færri umsóknir um vist á meðferðarheimilum hafa borist en reiknað hafði verið með og segir sérfræðingur Barnaverndarstofu eina mögulega skýringu umræðu um Breiðavíkurmálið.

Á Hvítárbakka var pláss fyrir sex börn en eftir lokunina eru til 52 pláss á samtals sjö heimilum, segir Bryndís S. Guðmundsdóttir, uppeldisfræðingur á Barnaverndarstofu. Í dag eru aðeins þrjú pláss laus en enginn á biðlista sem ekki er á leið í vistun.

Fækkun beiðna um meðferðarheimili kemur þrátt fyrir tæplega 30 prósenta aukningu á tilkynningum til barnaverndarnefnda á fyrstu sex mánuðum síðasta árs.


**BREIÐAVÍK** Mikið var fjallað um slæma meðferð á drengjum á meðferðarheimilinu á Breiðavík á síðasta ári.

Spurð um ástæður þess að minna er sótt um pláss á meðferðarheimilum segir Bryndís að eitt af því sem þar geti spilað inn í sé umræðan um Breiðavíkurmálið. Mögulega hafi sú umræða hrætt bæði starfsmenn barnaverndarnefnda og foreldra.

Eins hafi verið mikið álag á barnaverndarnefndum sem geti skilað sér í fleiri umsóknum síðar ef dregist hafi að vinna úr málum.

„Við viljum leysa málin sem mest heima og erum að stefna í þá átt," segir Bryndís. Nú er unnið að undirbúningi svokallaðrar MST-fjölþáttameðferðar sem fer fram á heimilum. **- bj**

Serbar mótmæla áfram sjálfstæðisyfirlýsingu Kosovo:

# Mótmæla lokun landamæra

**KOSOVO, AP** Þúsundir Serba í Kosovo mótmæltu í gær, þriðja daginn í röð, einhliða sjálfstæðisyfirlýsingu héraðsins.

Mótmælendurnir héldu, eins og fyrri dagana, að brú í bænum Mitrovica í norðanverðu Kosovo. Brúin skilur að albanska og serbneska hluta bæjarins.

Friðargæsluliðar á vegum NATO unnu í gær að því að loka landamærum Kosovo og Serbíu með gaddavír. Lögreglumenn frá Sameinuðu þjóðunum gættu landamærastöðva, sem voru sprengdar upp daginn áður.

Landamærunum var lokað af ótta við að vopnaðir Serbar kæmu frá Serbíu til að berjast í Kosovo gegn stjórn nýja ríkisins. Íbúar í serbneska hluta Kosovo sögðu lokun landamæranna valda því að matvæli bærust ekki frá Serbíu.


NORDICPHOTOS/AFP

**FRIÐARGÆSLULIÐAR GIRÐA LANDAMÆRIN** Serbar í Kosovo krefjast þess að landamærin verði opnuð á ný.

Nebojsa Radulovic, leiðtogi Serba í Kosovo, krafðist þess að landamærin yrðu opnuð á ný, annars mætti búast við hörðum mótmælum „með afleiðingum sem við getum ekki spáð fyrir um".

Þýskaland viðurkenndi í gær sjálfstæði Kosovo, en áður höfðu Bandaríkin, Frakkland og Bretland viðurkennt Kosovo aðeins fáeinum dögum eftir að sjálfstæði var lýst yfir. **- gb**











**STRÆTISVAGN EYÐILAGÐUR** Óeirðaseggir í Naíróbí í Keníu hamast á flaki strætisvagns sem kveikt hafði verið í. Ekkert lát er á óeirðunum sem hófust í kjölfar kosninganna í lok síðasta árs. NORDICPHOTOS/AFP

Rektor Háskóla Íslands segir að efla megi samstarf fyrirtækja og skóla:

# Sóknarfæri á mörgum sviðum

**MENNTAMÁL** Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, segir fyrirtæki og menntastofnanir geta eflt samstarf sín á milli í greinum sem eiga rætur hér á landi. Með þessu tekur Kristín undir sjónarmið sem Lárus Welding, forstjóri Glitnis, ljáði máls á í viðtali við Fréttablaðið síðastliðinn laugardag.

Þar sagði hann mögulegt að skapa vettvang fyrir „dýnamíska nýsköpun“ á sviði orkuiðnaðar með samstarfi skóla og fyrirtækja. „Ég er sammála Lárusi, slíkt samstarf er nauðsynlegt og gerir báðum aðilum kleift að ná öflugri árangri,“ segir Kristín. „Innan Háskóla Íslands er gríðarlega mikil þekking á sviði orkuvísinda, jarðvísinda, umhverfisvísinda, verkfræði, hagfræði og á fleiri sviðum. Samstarf við fyrirtæki á þessu sviði er nú þegar fyrir hendi en við erum sífellt að leita leiða til þess að efla slíkt samstarf enn frekar,“ segir Kristín.

Lárus vitnaði til hugmynda sem Michael Porter, prófessor við Harvard-háskóla, talaði um í fyrirlestri á Hótel Nordica 2. október 2006. Þar sagði hann mögulega vera hægt að byggja upp meiri starfsemi í kringum atvinnuvegi sem ættu rætur hér á landi. - mh



**LÁRUS WELDING** Hugað verði betur að atvinnuvegum sem eiga rætur hér.



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR** Hægt að efla samstarfið.

Sprengjukonurnar í Bagdad:

# Þær voru ekki þroskaheftar

**ÍRAK, AP** Bandaríkjaher fullyrðir að konurnar tvær, sem gerðu sjálfsmorðssprengjuárás á markaðstorgi í Bagdad í byrjun febrúar, hafi ekki verið þroskaheftar.

Íraskir embættismenn sögðu, strax eftir árásina, að konurnar tvær hefðu verið með Downs-heilkenni. Atvikið vakti hörð viðbrögð víða um heim, en þessi fullyrðing vakti jafnframt tortryggni margra.

Bandaríkjaher segir að konurnar hafi báðar nýlega fengið meðferð geðlækna vegna þunglyndis eða geðhvarfasjúkdóms, en alls ekki verið þroskaheftar. - gb

Samgönguráðherra á þingi:

# Tölvupóstur í stað bréfapósts

**ALÞINGI Kristján Möller samgönguráðherra telur að tölvupóstur komi að nokkru leyti í stað hefðbundins bréfapósts og spyr hvort nauðsynlegt sé að póstur sé borinn út fimm daga vikunnar eins og lög segja til um ef sáralítið er borið út á annað borð.**



**KRISTJÁN MÖLLER**

**Jón Bjarnason VG spurði Kristján um afstöðu hans til athugana Íslandspósts á að fækka útburðardögum á völdum stöðum á landinu. Sagði Jón góða póstþjónustu skipta máli fyrir samkeppnishæfni atvinnulífs og búsetu um land allt.**

**Kristján kvaðst ætla að skoða málið.** - bþs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ekið á bíl við fjölbrautaskóla

Lögreglan á Selfossi fékk tilkynningu um að ekið hefði verið á bíl við Fjölbrautaskóla Suðurlands um klukkan hálf fjögur á mánudaginn. Sá sem ók á bílinn stakk af frá vettvangi en bíllinn skemmdist nokkuð.

# Þrælahald nútímans

## Tvær og hálf milljón manns eru í einhvers konar nauðungarvinnu í kjölfar mansals. Árlega eru 1,2 milljónir barna seld mansali. SÞ vill aðgerðir.

**AUSTURRÍKI, AP** Mansal er nútímaútgáfa þrælahalds og við það verður ekki unað sagði háttsettur yfirmaður hjá Sameinuðu þjóðunum á þriggja daga ráðstefnu um mansal sem stofnunin stóð fyrir í vikunni í Vín í Austurríki og lauk á föstudaginn.

„Tvö hundruð árum eftir að þrælasalan yfir Atlantshafið leið undir lok ber okkur skylda til að berjast gegn glæp sem á ekki að eiga sér stað á 21. öldinni,“ sagði Antonio Maria Costa, yfirmaður stofnunar Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um eiturlyf og glæpi. „Köllum þetta sínu rétta nafni: Nútíma þrælahald.“

Talið er að 2,5 milljónir manna séu í einhvers konar nauðungarvinnu í kjölfar mansals sem nái til 161 lands í öllum heimsálfum. Flest fórnarlömbin eru á aldrinum átján til 24 ára og áætlað er að 1,2 milljónir barna séu árlega fórnarlömb mansals samkvæmt tölum Sameinuðu þjóðanna.

Erfitt er að segja um eiginlegar tölur og er þetta mögulega bara toppurinn á ísjakanum að því er Costa sagði í samtali við fréttavef breska ríkisútvarpsins. „Eins og með alla aðra markaði ... þá er framboð af fólki sem er gabbað, þvingað eða leitt í gildru og eftirspurn hjá fólki sem er að kaupa þessa vöru sem um ræðir. Og svo eru það þeir sem tengja framboð og eftirspurn – þeir sem stunda mansalið.“



**MANSAL Í MYND** Vegfarendur í Vín geta virt fyrir sér sjö gáma sem hafa verið myndskreyttir til að vekja athygli á þeim hörmungum sem fylgja mansali. NORDICPHOTOS/AFP

Sameinuðu þjóðirnar telja að stjórnvöld víða standi ekki við skuldbindingar um að taka á þessum vanda og var markmið ráðstefnunnar að hvetja til einbeittari aðgerða í baráttunni gegn mansali.

Af 192 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna hafa 116 samþykkt sáttmála gegn mansali frá 2005. Sáttmálinn hefur þó ekki verið færður í lög í sumum ríkjum. Meðal ríkja sem ekki hafa enn samþykkt sáttmálann eru ríki á borð við Indland og Pakistan þar sem mikið er um mansal samkvæmt upplýsingum Sameinuðu þjóðanna.

sdg@frettabladid.is

Óku á húsvegg á Akranesi:

# Annar enn á gjörgæsludeild

**LÖGREGLUMÁL Annar piltanna sem var í bíl sem skall harkalega á húsi á Akranesi um miðjan dag á mánudaginn var útskrifaður af gjörgæsludeild daginn eftir.**

**Hinn pilturinn, sem er á átjánda ári, liggur enn þungt haldinn á gjörgæsludeild. Var hvorugur piltanna í bílbelti þegar þeir lentu í árekstrinum.**

**Talið er að slysið hafi orðið þegar piltarnir voru að aka fram úr öðrum bíl. Bíllinn, af gerðinni BMW, er gjörónýtur og er húsið einnig talsvert skemmt.** - ovd

Afgreiðslufólk athugi kortin:

# Vörur teknar út á stolin kort

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók nýlega mann sem brotist hafði inn í íbúð og meðal annars stolið þaðan greiðslukorti húsráðanda. Hafði hann svo notað kortið til að svíkja út vörur í verslunum.

Vill lögreglan, af þessu tilefni og ýmsum sambærilegum, brýna fyrir afgreiðslufólki í verslunum að skoða vel myndir á bakhlið greiðslukorta. Einnig að undirskriftir handhafa séu þær sömu og á bakhlið kortanna. - ovd


TRAUSTUR GRUNNUR
ÖFLUG ÞEKKING

Microsoft Dynamics NAV

Microsoft Dynamics NAV er traustur viðskipta- og bókhaldshugbúnaður sem hefur reynst fyrirtækjum afar vel hér á landi í mismunandi atvinnugreinum og sífellt fleiri fyrirtæki hafa innleitt Microsoft Dynamics NAV með góðum árangri.

Landsteinar Strengur hf. hefur áratuga reynslu af sölu, þjónustu og þróun viðskiptahugbúnaðar fyrir íslenskan markað. Fyrirtækið hefur verið í forystuhlutverki í hugbúnaðargerð, ráðgjöf og innleiðingu á Microsoft Dynamics NAV, áður betur þekkt undir heitinu Navision.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar
og fáðu nánari upplýsingar.

LS LANDSTEINAR STRENGUR
Ármúla 7 · 108 Reykjavík · Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is

VOTTUN HF ÍST ISO 9001 · IPMA · Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

DAGSVERK.IS / LSNAV08255



Keyrði niður ljósastaur:

# Ökumaðurinn hljóp á brott

**LÖGREGLUMÁL** Ökmaður Dodge Ram bíls flúði af vettvangi eftir að hafa ekið niður ljósastaur á mótum Bæjarháls og Bitruháls í Reykjavík. Tilkynnt var um óhappið til lögreglu snemma á mánudagsmorgun.

Þegar sjúkraflutningamenn komu á vettvang var ökumaður á bak og burt sem fyrr segir en bíllinn stóð eftir mikið skemmdur. Lögreglumenn handtóku mann skammt frá vettvangi og er hann grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna.

Við áreksturinn féll ljósastaurinn svo sýnt þykir að bíllinn hefur verið á talverðri ferð. - ovd

Kosningaeftirlitsmenn ÖSE segja kosningar í Armeníu hafa farið að mestu rétt fram:

# Stjórnvöld sökuð um atkvæðakaup

**ARMENÍA, AP** Þúsundir manna komu saman í Jerevan, höfuðborg Armeníu, í gær með ásakanir um að kosningasvindl hafi tryggt Serge Sarkisian forsætisráðherra sigur í forsetakosningum á þriðjudaginn.

Sarkisian hlaut nærri 53 prósent atkvæða en helsti mótframbjóðandi hans, Levon Ter-Petrosian, sem var forseti á árunum 1991-98, fékk 21,5 prósent atkvæða.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, sem sá um eftirlit með kosningunum, segir að framkvæmd þeirra hafi að mestu verið eins og alþjóðlegar skuldbindingar kveða á um, þótt ýmsu hafi reyndar verið ábótavant.

Stuðningsmenn Ter-Petrosians segja hins vegar að kosningasvindl hafi verið útbreitt.

Sjálfur segist Ter-Petrosian hafa sigrað í kosningunum. Hann segir stjórnvöld hafa orðið uppvís að því að falsa atkvæði, kaupa atkvæði og ganga í skrokk á stuðningsmönnum sínum sem hugðust fylgjast með framkvæmd kosninganna.

Nikol Pashinian, náinn ráðgjafi Ter-Petrosians, hvatti fólk til að krefjast réttlætis: „Það væri glæpur af okkar hálfu að láta þessum glæpamönnum landið eftir.“ - gb



**FORSÆTISRÁÐHERRANN SIGRAÐI** Serge Sarkisian forsætisráðherra er sakaður um kosningasvindl. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FRÁ ÚTHLUTUN** Kristján V. Hjálmarsson, Hólmfríður Benediktsdóttir og Aðalbjörg Guðgeirsdóttir eru meðal styrkþega.

Úthlutun úr minningarsjóði:

# Hreyfihamlaðir fá námsstyrki

**FÉLAGSMÁL Tæpum 600 þúsund krónum var nýlega úthlutað úr minningarsjóði Jóhanns Péturs Sveinssonar, fyrrverandi lögfræðings og formanns Sjálfsbjargar - Landssambands fatlaðra.**

**Er tilgangur sjóðsins að styrkja hreyfihamlaða einstaklinga til náms sem og einstök málefni sem varða aðgengi fatlaðra. Eru styrkþegar fimm talsins að þessu sinni og úr báðum þessum flokkum.**

**„Með lífi sínu sýndi Jóhann Pétur fram á að vel er hægt að lifa lífinu lifandi þrátt fyrir mikla fötlun,“ segir í tilkynningu frá minningarsjóðnum. Jóhann Pétur rak eigin lögfræðistofu og tók virkan þátt í félagsmálum og stjórnmálum. Hann lést árið 1994, þá aðeins 34 ára gamall. Var sjóðurinn stofnaður tæpu ári síðar og byggist hann á frjálsum framlögum.** - ovd



**GETUR ÞÚ HJÁLPAÐ?** Mörg dæmi eru um að börn hafi bjargað mannslífum með grunnþekkingu í skyndihjálp.

Nýtt skyndihjálparveggspjald:

# Allir skólar fá nýtt veggspjald

**MENNTUN** Skyndihjálparveggspjaldið Getur þú hjálpað í neyð verður gefið öllum leik-, og grunn-, framhalds- og háskólum landsins. Gefandi er Rauði krossinn í samstarfi við N1 og er tilefnið 112 dagurinn sem haldinn var nýlega á vegum viðbragðsaðila í björgun og almannavörnum um land allt.

Á veggspjaldinu eru upplýsingar um hvernig bregðast má við í neyð og er framsetning bæði einföld og skýr. - ovd

## SAMGÖNGUR

### Þungatakmarkanir víða

Vegna hættu á slitlagsskemmdum eru þungatakmarkanir á fjölmörgum vegum í öllum landshlutum. Biður Vegagerðin flutningsfyrirtæki að kynna sér hvar slíkar takmarkanir eru í gildi.



Nýjar 1 lítra umbúðir
MJÓLKURSAMSALAN






**10%** af öllum innréttingum



**20%** af öllum flísum



**10-20%** af Karcher húnum



**15%** af öllum raftækjum



**15%** af KFF húsgögnum



**30%** af völdu veggfóðri

Eldhúsinnréttingar | Baðinnréttingar | Skápar | Húsgögn | Hreinlætistæki | Parket | Flísar

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ
INNRÉTTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT






**15%** af öllum hreinlætistækjum



**10%** af Fatboy



**15%** af öllum ljósum



**15%** af öllum búsáhöldum



**15%** af Vibieffe húsgögnum



**15%** af öllum gjafavörum

Ljós | Raftæki | Gjafavara | Heimilistæki | Búsáhöld | Hurðir | Veggfóður | Hönnunarsetur

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 | LAU 11-18 | SUN 12-17

EGG
SMÁRATORGI

## SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS

# Tilnefndar hvunndagshetjur

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða afhent næstkomandi þriðjudag. Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum og hafa fimm verið tilnefndir í hverjum þeirra. Við kynnumst nú lítillega þeim fimm sem tilnefndir voru í flokki hvunndagshetja.**

Jóna Arthúrsdóttir, umsjónarmaður fataúthlutunar Rauða krossins:

## Nýtur starfsins fram í fingurgóma

Jóna verður 81 árs á árinu en hún hefur undanfarin ár unnið vel yfir sex hundruð vinnustundir á ári í sjálfboðavinnu fyrir Rauða krossinn. Hún hefur veg og vanda af vikulegri fataúthlutun Rauða krossins og lætur ekki undir höfuð leggjast að vinna um helgar ef eitthvað þarf að gera.

Í tilnefningu lesanda segir: „Hún er frábær fulltrúi allra sem vinna sjálfboðið starf í kyrrþey þar sem eina umbunin er vitneskjan um að gera veröldina svolítið betri í dag en hún var í gær."

„Árið 2001 lést maðurinn minn og mér fannst alveg ómögulegt að vera ein heima að þurrka af svo ég sótti um hjá Rauða krossinum og til allrar hamingju tóku þeir við mér," segir Jóna. „Þetta er afskaplega skemmtilegt. Ég er mikið í því að taka til og svo eru þeir sem hingað koma óskaplega elskulegir við mig. Þetta er allt saman voða skemmtilegt, alla vega nýt ég þess alveg fram í fingurgóma og niður í tær," segir hún og hlær við.

Hún segir að suma miðvikudaga, þegar úthlutunin fer fram, komi um sextíu manns að fá föt. „Ég veit það að þeir sem hingað koma gera það ekki nema vegna þess að þeir hafa þörf fyrir það."



**JÓNA ARTHÚRSDÓTTIR** Þegar maður hennar féll frá fannst henni ekki hægt að vera ein heima og sótti um hjá Rauða krossinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rúnar Þór Njálsson bjargaði vini í neyð:

## Vildi ekki skilja vin sinn eftir

Rúnar Þór Njálsson er fimmtán ára strákur frá Blönduósi sem í haust bjargaði vini sínum í neyð. Er Rúnar Þór fatlaður og notar hjólastól til að komast um. Voru þeir vinirnir að safna framlögum til styrktar krabbameinssjúkum og fóru til þess hús úr húsi á Blönduósi.

„Þá fór hann að haga sér einkennilega," segir Rúnar Þór sem hélt fyrst að vinur hans væri að stríða honum. „Hann var farinn að labba eins og hann væri fullur en svo fór mér ekkert að lítast á blikuna þar sem ég veit að hann er sykursjúkur. Ég spurði hvort hann vildi fara upp á sjúkrahús og þá svaraði hann mér ekki. Stuttu seinna hneig hann niður og ég náði að grípa í úlpuna hans og draga hann upp í rafmagnsbílinn minn og keyra hann upp að Esso." Þar rankaði vinur hans við sér og borðaði sætindi til að reyna að komast í jafnvægi en svo hafi hann aftur liðið útaf.

„Ég var búinn að leita í töskunni hans og sprautu sem hann er venjulega með en einhverra hluta vegna var hún ekki í töskunni." Rúnar bað um að hringt yrði í ömmu vinar síns sem þá kom með sprautuna sem vantaði. „Svo hringdum við á sjúkrabíl sem flutti hann á sjúkrahúsið."

Aðspurður hvort ekkert annað hefði komið til greina en að draga vin hans upp í rafmagnsbílinn svarar Rúnar Þór því til að hann hefði ekki viljað skilja vin sinn eftir.



**RÚNAR ÞÓR NJÁLSSON** Hélt fyrst að vinur hans væri að stríða honum þar sem hann lét eins og drukkinn maður.

Þórhallur Darri Þórsson gaf jólagjafirnar sínar:

## *Á að vera gjafmildur*

Menn geta lagt sitt af mörkum þó ekki séu þeir háir í loftinu. Þórhallur Darri er aðeins níu ára en hann lét þó ekki sitt eftir liggja þegar hann frétti af fjölskyldu sem misst hafði aleigu sína í eldsvoða.



**ÞÓRHALLUR DARRI ÞÓRSSON** Sá stutti má helst ekkert aumt sjá. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Mamma var að lesa fréttir á vefnum og þá sá ég fréttina um brunann og símanúmer fyrir þá sem vildu hjálpa og ég sagði við mömmu „við verðum að hjálpa" og hún sagði þá já því maður á að vera gjafmildur og hjálpa svo ég hringdi og kynnti mig." Hann hafði engar vöflur á en tók saman jólagjafir sínar sem fylltu þrjá svarta ruslapoka. Þar á meðal voru föt, tölvuleikir, bækur, fótboltaskór og skór með hjólum undir sem hann hafði lengi haft á óskalistanum.

Tveir bræður eru í fjölskyldunni sem varð fyrir áfallinu og þegar Þórhallur Darri kom færandi hendi hafði hann orð á því að verst væri að sá eldri fengi kannski minna fyrir sinn snúð.



**SIGRÍÐUR EYÞÓRSDÓTTIR** Hefur haft umsjón með Perlunni, leikhópi fatlaðra, í aldarfjórðung. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigríður Eyþórsdóttir, umsjónarmaður Perlufestarinnar og Perlunnar:

## Leikarinn fann hlutverk

Sigríður hefur haft umsjón með leikhóp fatlaðra sem heitir Perlan í 25 ár og einnig með klúbbi fyrir leikhúsáhugafólk í hópi fatlaðra sem heitir Perlufestin.

„Ég er leikari að mennt og upphaflega var ég að vinna í leikhúsi, í útvarpi og sjónvarpi," segir hún. „Svo var ég beðin að setja upp leiksýningu með fötluðum á 25 ára afmæli Styrktarfélags vangefinna en þá hafði ég varla nokkur kynni af fólki úr þeim hópi svo ég renndi eiginlega blint í sjóinn. Þetta tókst svo ágætlega að það endaði með góðri sýningu og upp frá því þróaðist Perlan sem heldur upp á 25 ára afmæli sitt í ár. Ég held að þetta sé mitt hlutverk í lífinu."

Um 50 manns eru í Perlufestinni en sá félagsskapur hittist vikulega og fer oft í leikhús. Þá gefst þeim oftast tækifæri á að hitta leikara sýninganna sem eflaust geta gefið þeim góð ráð á listamannsbrautinni.

„Ég vona nú að ég hafi kennt þeim eitthvað," segir Sigríður. „En þó held ég að þau hafi kennt mér miklu meira eins og oft vill verða í svona starfi. Leikhópurinn hefur farið víða um heim og fengið góða dóma fyrir einlæga og fallega leiktúlkun enda á ferðinni miklir listamenn sem bæta við litum í litróf listanna."


TASKI

Gólfþvottavélar
á rekstrarleigu

Engin útborgun, engin fjárbinding,
aðeins mánaðarlegar greiðslur.




- TASKI swingo XP
- TASKI swingo 3500 B
- TASKI swingo 1250 B
- TASKI swingo 750 B

TASKI swingo gólfþvottavélar
Einfaldar í notkun - liprar og leika í höndunum á þér

TASKI Swingo 1250 B

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum og ráðgjöfum RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV
RV UNIQUE 020801


Ragna Marinósdóttir, móðir drengja með DMD:

## *Barátta bæði heima og heiman*

Árið 1980 greindist sonur Rögnu, Ragnar Bjarnason, með DMD (Duchenne muscular dystrophy) sem er vöðvarýrnunarsjúkdómur. Skömmu síðar greindist svo annar sonur hennar, Sævar, með sama erfðasjúkdóm en hann lést árið 1993. Þegar þeir greindust ákvað hún strax að hafa þá heima og síðan þá hefur hún háð þrotlausa baráttu fyrir bættum hag langveikra barna og barna með sérþarfir.

„Við tókum þá ákvörðun að hafa þá heima og reyna að hafa líf þeirra eins venjulegt og hægt var," segir Ragna. „Þeir fóru til dæmis í venjulegan skóla sem þó var ekki í stakk búinn til að taka við þeim vegna aðgengis en þá var bara gengið í það mál og öllu kippt í liðinn."



**RAGNA MARINÓSDÓTTIR** Ragna ákvað að búa drengjum sínum eins eðlilegt líf og mögulegt er þó að þeir ættu við alvarlegan sjúkdóm að etja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ragnar kláraði stúdentspróf frá Menntaskólanum í Hamrahlíð en hóf svo nám í efnafræði við Háskóla Íslands. „Það gekk nokkuð illa í byrjun að fá fyrir hann aðstoðarmann svo ég sat þá fyrstu námskeiðin með honum. Námið gekk ágætlega í byrjun en svo settu veikindi strik í reikninginn og nú er sjúkdómurinn farinn að gera honum þetta afar erfitt þannig að hann ákvað að hætta."

Ragna hefur einnig verið lykilmaður í uppbyggingu Umhyggju sem er félag til styrktar langveikum börnum, og Sjónarhóli sem er ráðgjafarmiðstöð fyrir fjölskyldur barna með sérþarfir. Hún er nú framkvæmdastjóri Umhyggju en barátta félagsins hefur skilað miklum árangri. Má þar til dæmis nefna nýlega löggjöf um veikindaleyfi foreldra á vinnumarkaði sem tók gildi árið 2006 og svo í endurbættri mynd í janúar síðastliðinn en félagið átti stóran þátt í að fá hana í gegn.

SHARP

# Upplifðu myndgæði morgundagsins!



## 32" LCD sjónvarp

SHARP LC32WD1E

- **HD Ready** - 1366x768 punkta upplausn
- Skerpa: 1200:1 (3000:1 Dynamic), frábær dýpt og litaskerpa
- Svartími: 6 ms
- Sjónsvið: 176°/176°
- DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort
- Clear Flat hljóðkerfi, góður og krafmikill hljómur
- TruD myndvinnsla - eykur skerpu, mýkir línur og hreyfingar
- Tengingar - 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA (D-sub), Component, AV/S-Video
- Heyrnartólstengi 3,5 mm jack hljóð

***Verð kr. 129.900,-***



## 42" LCD sjónvarp

SHARP LC-42AD5SBK

- **HD Ready** - 1366 x 768 punkta upplausn
- Skerpa: 1200:1
- Svartími: 6 ms
- Sjónsvið: 176°/176°
- DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari
- Tenginar: 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA/Component, AV / S-Video,
- Heyrnartólstengi 3,5 mm jack

(37") ***Verð kr. 149.900,-***
LC-37AD5SBK

(42") ***Verð kr. 179.900,-***
LC-42AD5SBK



## 46" LCD sjónvarp

SHARP LC46XL1E

- **FULL HD** - 1920 x 1080 upplausn
- Skerpa: 2000:1 (Dynamic 10000:1)
- 100 HZ tækni
- Svartími: 4 ms
- Sjónsvið: 176°/176°
- DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari, C.I. rauf fyrir afruglarakort, TruD myndvinnsla eykur skerpu, mýkir línur og hreyfingar
- Tengingar: 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA/Component (D-Sub), AV/S-Video
- Heyrnartólstengi 3,5 mm jack

***Verð kr. 329.900,-***

ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
VÍK-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
VÍK-REYÐARFIRÐI
SÍMI 474 1477

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

SHARP – *tæknilega framúrskarandi.*

ORMSSON

*Veldu vandað!*

# Valkostirnir skýrari en afstaðan óbreytt

**Eftir að einhliða upptaka evru hefur verið slegin út af borðinu eru valkostirnir í Evrópumálum skýrari en áður. Aðeins kemur til greina að standa utan eða innan Evrópusambandsins. Þrátt fyrir það hefur afstaða Geirs H. Haarde forsætisráðherra ekki breyst. Að hans mati kallar ekkert í umhverfinu á aðildarumsókn eins og sakir standa.**

Geir hittir fimm framkvæmdastjóra hjá Evrópusambandinu í tveggja daga heimsókn til Lúxemborgar og Brussel í næstu viku. Förin er farin í tengslum við setningu viðamikillar Íslandskynningar í Brussel sem stendur fram á vor.

„Við erum í góðu sambandi við forsvarsmenn Evrópusambandsins og það er eðlilegt að funda reglulega með þeim þó ekki séu uppi sérstök vandamál sem þarf að leysa,“ segir Geir. Hann mun meðal annars hitta Jose Manuel Barrosso, forseta framkvæmdarstjórnarinnar, en tæpur áratugur er síðan íslenskur forsætisráðherra fundaði með forseta framkvæmdastjórnarinnar. Margvísleg málefni verða rædd; pólitísk mál á sviði utanríkismála, áframhaldandi greiðslur Íslands í þróunarsjóði ESB, öryggis- og varnarmál og fleira.

### Afstaðan byggist á hagsmunum

Geir telur ekki að mikill tími fari í að tala um einhliða upptöku evru enda slíkt ekki framkvæmanlegt. „Ég held að það sé búið að afgreiða það í eitt skipti fyrir öll. Einhliða upptaka Íslands á evru er ekki inni í myndinni,“ segir hann. Á Viðskiptaþingi í síðustu viku sagði stjórnarmaður í Evrópska seðlabankanum að þar á bæ kynnu menn því illa að lönd tækju upp evruna bakdyramegin og sendiherra Evrópusambandsins gagnvart Íslandi sagði einhliða upptöku evru geta leitt til árekstra.

Um leið og þetta liggur fyrir telur Geir Evrópuumræðuna á Íslandi verða einfaldari. „Valkostirnir eru skýrir, að vera fyrir utan eða vera fyrir innan. Mín afstaða er óbreytt í því efni og stefna ríkisstjórnarinnar er alveg skýr, við munum ekki hreyfa okkur í þessu máli á kjörtímabilinu.“

Geir segist hafa tekið afstöðu í Evrópumálum út frá hagsmunum landsins og niðurstaða hans sé að betra sé að standa utan ESB en innan. „Ekki vegna þess að menn séu af einhverjum öðrum ástæðum á móti þessu bandalagi eða samstarfi Evrópuþjóðanna. Ég tel að mjög margt gott hafi af því leitt í áranna rás. En það hefur ekki hentað okkur að gerast aðilar. Það eru forsendurnar fyrir minni afstöðu. En hins vegar hefur jafnan verið sagt af okkar hálfu að ef þetta breytist þá er ekki hægt að útiloka það um aldur og ævi að við myndum sækja um. En ég tel það ekki líklegt eins og sakir standa.“



**ENGAR SKYNDILAUSNIR** Geir H. Haarde forsætisráðherra segir ekki hægt að líta á evru og Evrópusambandsaðild sem skyndilausn á vandanum sem steðjar að íslensku efnahagslífi. Óþekktum stærðum í efnahagsmyndinni hafi fækkað um eina með nýjum kjarasamningi og því hægt að einbeita sér að öðru. Lausafjárvandi bankanna sé stærsta vandamálið og þurfi ríkið, bankarnir, Seðlabankinn og aðrar stofnanir að sýna samstöðu til að komast í gegnum erfiðleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Tækifæri utan ESB

Evrópusambandið hefur breyst og stækkað. Á síðustu fjórum árum hafa tíu ríki úr austanverðri álfunni gengið í sambandið og er efnahagsleg staða þeirra allt önnur og verri en flestra þjóðanna sem fyrir voru. Geir segir miklum fjármunum varið í aðstoð við þessar fátækari þjóðir og þar hafi Íslendingar komið að málum með greiðslum í þróunarsjóði. „Við höfum borgað tiltölulega háar fjárhæðir miðað við stærð í þetta kerfi og höfum ekki talið það eftir okkur. En ef við gerumst fullgildir aðilar er ljóst að við yrðum að borga miklu meira vegna þess að við erum hátekjuþjóð.“

Og um leið og Evrópusambandið hefur breyst hefur umhverfið utan þess breyst. Í austri eru að verða til efnahagsstórveldi á borð við Kína og Indland og áhrif þeirra á efnahag vesturlanda enn óljós. Við þessar aðstæður metur Geir það sem kost að standa utan ESB. „Þannig afsölum við okkur ekki forræði yfir viðskiptasamningum við þriðju lönd,“ segir hann og bendir á að Íslandi hafi eitt og sér eða í gegnum EFTA haft frumkvæði að slíkum samningum. Nýjasta dæmið sé samningur EFTA og Kanada og í farvatninu sé samningur Íslands og Kína. „Þetta getum við af því að við höfum til þess meira svigrúm en aðildarþjóðir Evrópusambandsins sem afsala sér fullveldi gagnvart þessu til sambandsins.“ Geir segir það ótvírætt að í Evrópusambandsaðild felist mikið fullveldisframsal. „Þær þjóðir sem þar eru hafa talið það þess virði. Ég hef ekki komist að slíkri niðurstöðu fyrir okkar hönd.“

### Skyndilausnir ekki í boði

Bjarni Benediktsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, sagðist í Fréttablaðinu á sunnudag þeirrar skoðunar að halda eigi áfram vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar, meðal annars með hliðsjón af umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Geir hefur ekki tekið afstöðu til hugmynda Bjarna en segir að yfirleitt sé ekki raunhæft að tala um stjórnarskrárbreytingar fyrr en á síðasta þingi fyrir kosningar. Þess vegna sé stjórnarskrárnefndin sem starfaði á síðasta kjörtímabili í fríi núna. Hann segir reynsluna sýna að einfaldara sé að vinna í ákveðnum köflum stjórnarskrárinnar í stað þess að endurskoða hana í heild. Breytingar á kjördæmaskipan 1999 og innleiðing mannréttindakaflans 1995 vitni um það. „Það varð ekki samkomulag í stjórnarskrárnefndinni að gera breytingu eins og þá sem Bjarni er að tala um en sú hugmynd hefur verið á sveimi.“

Í þessu samhengi heldur Geir því til haga að Evrópusambandsaðild er langt og strangt ferli. „Breyta þarf stjórnarskrá til að heimila framsal á fullveldi og þjóðin þyrfti að greiða um það atkvæði sem og um sjálfan samninginn. Þetta er margra ára ferli og þar fyrir utan við eftir að uppfylla skilyrði til að ganga í myntbandalagið ef við litum á það sem næsta skref.“

Í því ljósi þýði ekki að horfa á evruna og Evrópusambandsaðild sem skyndilausn á efnahagsvandanum sem nú ríki á Íslandi. „Við verðum að beina huganum að efnahagsmálunum eins og þau eru. Ég tel að með nýjum kjarasamningum sé búið að eyða óvissu um almenna markaðinn, vonandi til næstu þriggja ára, og þar með fækka óþekktu stærðunum í efnahagsmyndinni. Við getum þá einbeitt okkur að öðru og þar held ég að stærsta vandamálið sé lausafjárvandinn. Ríkisvaldið, bankarnir, Seðlabankinn og aðrar opinberar stofnanir þurfa að sýna samstöðu til að komast í gegnum þá erfiðleika sem við er að glíma á þessu sviði,“ segir Geir og telur aðstoð í þeim efnum ekki verða sótta út í heim.

### Njótum velvildar innan NATO

Í Brusselheimsókninni ræðir Geir líka við Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, en vatnaskil urðu í samskiptunum við NATO þegar Bandaríkjamenn yfirgáfu herstöðina á Keflavíkurflugvelli haustið 2006. „Ég hef átt mörg samtöl við hann, bæði sem utanríkisráðherra og forsætisráðherra, og hann er mjög vel inni í málum hér,“ segir Geir og tekur fram að Ísland njóti mikillar velvildar innan NATO og stofnana þess. Framundan sé vinna við svokallað loftrýmiseftirlit sem hefst í vor með hingaðkomu fjögurra franskra orrustuþota með hundrað manna áhöfn og fylgdarliði sem dvelur hér í sex vikur og hefur aðsetur á Keflavíkurflugvelli. „Framkvæmdastjórinn hefur beitt sér verulega í þessu máli og það er ljóst að Frakkar og aðrar þjóðir sem munu koma í kjölfarið telja sig ekki aðeins vera að gera Íslendingum greiða heldur telja til hagsbóta fyrir sjálfar sig að ekki séu eyður í eftirlitinu á Atlantshafinu.“

Geir telur enga lausa enda vera í samskiptunum við NATO. Þó eigi eftir að ganga frá samkomulagi við fleiri þjóðir á þeim nótum sem samið hefur verið um við Norðmenn og Dani. Nokkrar þjóðir hafi sýnt málinu áhuga. „Það eru engin vandamál útistandandi í samskiptum við NATO. Ég tel þvert á móti að staðið hafi verið vel við bakið á okkur en svo ætlast þeir auðvitað til þess af okkur, eins og öðrum þjóðum, að við leggjum okkar af mörkum í sameiginlegum verkefnum bandalagsins. Það höfum við gert í Afganistan þar sem við höfum reynt að leggja okkar lóð á vogarskálarnar með mannskap og styrkjum til loftflutninga. Þó það sé kannski ekki þungt í stóra samhenginu er eftir því tekið.“



FRÉTTAVIÐTAL
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

2 fyrir 1
á skíði
til Austurríkis
23. febrúar og 1. mars
frá kr. 19.990



Síðustu sætin
Heimsferðir bjóða frábær tilboð á síðustu sætunum á skíði í Austurríki í febrúar og mars. Bjóðum vikuferðir 23. febrúar og 1. mars; frábær sértilboð á flugsætum og frábær tilboð á flugi og gistingu. Þú bókar tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Tryggðu þér skíðafrí á besta verðinu og bókaðu strax. Mjög takmarkað framboð flugsæta.

Verð Kr. 19.990
Flugsæti með sköttum. 23. febrúar eða 1. mars. Netverð á mann.

Verð Kr. 49.990
Flug og gisting í viku
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á gististað ”án nafns” í Zell am See / Schuttdorf / Lungau með morgunverði í 7 nætur (sjá skilmála ”stökktu tilboðs”). Sértilboð 23. febrúar og 1. mars.

Verð Kr. 59.990
Vikuferð með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Skihotel Speiereck *** í Lungau með hálfu fæði í 7 nætur. Sértilboð 1. mars.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Nýtt tákn um gæði
Fiesta
Ford Fiesta
Gott verð
kr. 1.780.000*
Bílasamningur
kr. 20.900 á mán.
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fáanlegur sjálfskiptur
Stýrðu lífinu. Prófaðu – FORD FIESTA
SJÁLFSKIPTU Í FIESTA NÚNA
Beygðu inn í bjartari framtíð með léttari stýrisbúnaði og mýkri fjöðrun. Stýrðu lífinu. Prófaðu Ford Fiesta – nýtt tákn um smart gæði. Veldu betri borgarbíl og sjálfskiptu strax í Fiesta. Þú áttar þig á Fiesta. Komdu í Brimborg.
Veldu Ford.
Fusion
Ford Fusion
Gott verð
kr. 1.820.000*
Bílasamningur
kr. 21.400 á mán.
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fáanlegur sjálfskiptur
Ka
Ford Ka
Gott verð
kr. 1.249.000*
Bílasamningur
kr. 14.700 á mán.
Ka 1,3i 70 hö 5 gíra 3 dyra
CO2 losun 141 g/km
Eyðsla í bl. akstri 5,9 l/100 km
Þú finnur ekki nýjan bíl á lægra verði en KA
GCI GROUP
visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað
Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is
brimborg
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is
Öruggur staður til að vera á
*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta kaupverði og búnaði án fyrirvara m.a. háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mán. greiðslum í 84 mán. sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta, 50% JPY/ 50% CHF. Aukabúnaður á Ford Fiesta: álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar.

## Kjarni málsins

> Fjöldi grunnskólanema með erlent móðurmál.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# menntun
*nám, fróðleikur og vísindi*

**NEMANDINN:** HRAFNHILDUR HEBA JÚLÍUSDÓTTIR

## *Flakkar frá Árósum til Sjanghæ*



Hrafnhildur Heba Júlíusdóttir stundar nám við Kaospilot í Árósum í Danmörku, skapandi viðskiptaháskóla sem leggur áherslu á verkefnastjórnun, viðburðastjórnun og ferlishönnun fyrir stefnumótun fyrirtækja. Hrafnhildur er á öðru námi af þremur og stefnir á að útskrifast með diplómagráðu á næsta ári. „Ég frétti af náminu í gegnum vinkonu mína sem er nýútskrifuð frá Kaospilot. Ég heillaðist eiginlega strax af hugmyndinni að baki þessu námi, það er mjög lifandi og ég hafði ekki rekist á neitt sams konar á Íslandi.“

Hrafnhildur segist hafa hrifist strax af andrúmsloftinu í skólanum. „Það er engu líkt, hér eru bara um hundrað nemendur í einu og það gerir tengslin ansi sterk. Margir eru líka langt í burtu frá heimalandi sínu og bekkurinn verður nánast eins og fjölskylda.

Bekkjunum er skipt upp í lið og námið felur í sér ferðalög. Á öðru ári fara liðin til dæmis til annarra landa þar sem þau vinna að ýmsum verkefnum. Lið Hrafnhildar valdi að fara til Sjanghæ, þar sem hún er núna og verður næstu þrjá mánuði. „Hugmyndin á bak við það er að fara með námið í annað umhverfi, aðlagast nýjum menningarheimi og öðruvísi verkefnavinnu. Liðsstjórinn okkar hefur góð sambönd í Kína og við ákváðum því að fara þangað. Við vinnum verkefni með nokkrum fyrirtækjum, tökum meðal annars þátt í að búa til alþjóðlega markaðsherferð fyrir Shanghai Fashion Hub og vinnum hugmyndavinnu fyrir þýskt fyrirtæki sem gerir leikföng úr bambus.

Hrafnhildur segir námið krefjandi, það komi henni sífellt á óvart og haldi henni á tánum. „Sem mér finnst frábært. Ég held að þetta eigi eftir að skila mér miklu, til dæmis góðum tökum á verkefnastjórnun. Að útskrift lokinni vonast ég til að komast í vinnu þar sem sköpunargleði mín fær að njóta sín til fulls.“

■ **Nýtt vefnámskeið á ensku:**

## Leysa þrautir við björgun



Frú Vigdís Finnbogadóttir og nemendur úr Landakotsskóla opnuðu nýlega vefnámskeiðið www.englishgame.hi.is sem er ætlað byrjendum í enskunámi og gerir þeim kleift að bæta kunnáttu sína á nýstárlegan og skemmtilegan hátt, að því er fram kemur í tilkynningu frá aðstandendum.

Nemendur hanna eigin leikpersónu sem leysir tungumálaþrautir í björgunarleiðangri til að frelsa þorpsbúa í Rauðuþakabæ. Enskri málfræði, málnotkun og orðaforða er fléttað inn í atburðarásina með ýmsum þrautum og verkefnum.

■ **Öskjuhlíðarskóli:**

## Skynörvunaraðstaða opnuð




Skynörvunaraðstaða verður formlega opnuð í Öskjuhlíðarskóla á morgun, föstudag. Barnaspítali Hringsins veitti skólanum tveggja milljón króna styrk til að kaupa tæki og búnað.

Tilgangurinn með aðstöðunni er að auka tilboð og gæði, meðal annars fyrir þá nemendur sem eiga við skyntruflanir að stríða og þá nemendur sem eru með skerta líkamsstarfsemi eða líkamsvitund.

Jónas Kristjánsson gefur út kennnslubók í blaðamennsku á netinu:

# Sár skortur á kennsluriti

Ég man ekki eftir neinni kennslubók um blaðamennsku á íslensku. Það hefur verið sár skortur á því,“ segir Jónas Kristjánsson ritstjóri, sem hefur gefið út kennslubók í blaðamennsku á netinu.

Jónas hefur kennt námskeið í blaðamennsku undanfarin tvö ár og bókin samanstendur af glósum sem hann samdi vegna fyrirlestra.

„Þetta eru minnispunktar sem ég held að nýtist öllum í faginu, hvort sem þeir hafa starfað þar lengi eða eru að byrja. Blaðamennskan er ekki beinlínis akademískt fag með mikið af teóríum heldur byggist hún á reynslu. Þetta eru fyrst og fremst hagnýtar upplýsingar. Ég þekki ekki aðra tegund blaðamennsku en hagnýta og efast um að hún sé til.“

Glósurnar spanna víðfemt svið, til dæmis ritstjórn, rannsóknir og nýmiðlun. Þá er miklu púðri varið í textastíl, sem Jónas telur að íslenskir blaðamenn þurfi helst að bæta sig í. „Margt annað er í sæmilegu standi í blaðamennsku á Íslandi, en einna lakastir eru blaðamenn í textastíl, eða ritstíl eins sumir kalla það.“

Bókina má nálgast ókeypis á heimasíðu Jónasar, jonas.is. Hann hefur ekki hugsað sér að gefa hana út í prentútgáfu.

„Æ fleiri kennslubækur eru gefnar út á stafrænu formi; þannig eru þær aðgengilegri og auðveldari í uppfærslu en ég hef hugsað mér að uppfæra hana að minnsta kosti árlega.“ Jónas kveðst ekki heldur hafa íhugað að selja aðgang að bókinni. „Ég er ekki í kapítalíska hagkerfinu, ég er í gjafahagkerfinu. Vefbókin er þarna ef einhver vill nota hana.“ - bs



**JÓNAS KRISTJÁNSSON** Telur að ritstíl íslenskra blaðamanna sé einna helst ábótavant.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Menntamálaráðuneytið og bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ undirrita samkomulag um nýjan framhaldsskóla:

# Skiptir sköpum fyrir lífið í Mosfellsbæ

Frá haustinu 2009 mun skóli á framhaldsskólastigi verða starfræktur í Mosfellsbæ. Samkomulag þess efnis var undirritað af Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og Haraldi Sverrissyni, bæjarstjóra Mosfellsbæjar, í Listasal Mosfellsbæjar fyrr í vikunni. „Þetta skiptir sköpum fyrir bæjarlífið í Mosfellsbæ og eflir þjónustu við íbúa til mikilla muna,“ sagði Haraldur Sverrisson skömmu áður en samkomulagið var undirritað. Ríkið greiðir 60 prósent af um 850 milljóna stofnkostnaði við skólann en Mosfellsbær 40 prósent.

Skólinn verður í upphafi fyrir um 400 til 500 nemendur. Skólabyggingin verður um 4000 fermetrar samkvæmt áætlunum með möguleika á allt að helmingsstækkun.

Haraldur segir mikla þörf vera fyrir skólann. „Þetta hefur lengi verið baráttumál bæjaryfirvalda hér. Það er ánægjulegt að sjá þetta loks verða að veruleika. Áhuginn hjá bæjarbúum hefur alltaf verið mikill eins og viðhorfskannanir sem við höfum gert hafa sýnt.“

Tveir grunnskólar eru í Mosfellsbæ, hvor um sig með um sjö til átta hundruð nemendur sem þykir frekar mikið. Til stendur að reisa þrjá til viðbótar í framtíðinni. „Það eru yfir 120 börn í hverjum árgangi svo það er orðið löngu tímabært reisa hér framhaldsskóla,“ segir Haraldur.

Haustið 2009 verða teknir inn fyrsta árs nemendur. Sá árgangur sem kemur fyrst inn í skólann verður fyrsti útskriftarárgangurinn í skólanum að loknu hefðbundnu stúdentsnámi.

Líklegt má telja að nemendur í skólanum komi aðallega úr Mosfellsbæ. Þó telur Haraldur líklegt að nemendur komi víðar að. „Skólinn á eflaust eftir að anna eftirspurn nemenda úr Grafarvogi og Grafarholti svo ég taki dæmi. Einnig nágrannasveitunum og Akranesi. Þetta á eftir að breyta heilmiklu.“ **- mh**



**SAMKOMULAGIÐ UNDIRRITAÐ** Þorgerður Katrín og Haraldur Sverrisson sjást hér undirrita samkomulag um nýjan framhaldsskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

■ **Arkitektúr**

## Detlef Junkers ræðir verk sín

Þýski arkitektinn Detlef Junkers heldur fyrirlestur í Opna Listaháskólanum í hönnunar- og arkitektúrdeild LHÍ klukkan 12 í dag. Fyrirlesturinn ber heitið „Range of Steps“ en þar ræðir Junkers ræðir helstu verk, einkum þau nýlegri, svo sem Dómhúsið í Frankfurt/Oder og skóla í nágrenni Frankfurt/Main. Jafnframt mun hann segja frá rannsóknum sínum í tengslum við samkeppnistillögu að minnismerki um helförina fyrir Vínarborg í Austurríki en hún hlaut önnur verðlaun í samkeppninni. Fyrirlesturinn verður á ensku og stendur yfir í um 40 mínútur. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

■ **Ráðstefna**

## Ungir fræðimenn í Evrópumálum

Ungir og nýútskrifaðir fræðimenn kynna rannsóknarverkefni sín á sviði Evrópufræða í dag, á ráðstefnu sem haldin er á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Samtaka iðnaðarins. Er þetta í annað sinn sem Alþjóðamálastofnun Háskólans stendur fyrir Degi ungra fræðimanna í Evrópumálum. Meðal þeirra sem kynna verkefni sín eru Jóhanna Jónsdóttir, doktorsnemi í stjórnmálafræði við Cambridge-háskóla. Jóhanna er að skoða aðlögun íslenskrar stjórnsýslu að löggjöf ESB og mun greina frá þáttum sem hafa áhrif á viðbrögð íslenskra stjórnvalda við kröfum ESB. Þá mun Magnús Árni Magnússon, doktorsnemi í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, fjalla um nálgun Möltu að Evrópusamrunanum og aðdraganda þess að landið gekk í Evrópusambandið.



Ráðstefnan verður haldin milli klukkan 10.00 og 16.00 í Þjóðminjasafni Íslands.

■ **Málþing**

## Móðurmálskennsla tvítyngdra barna

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í Háskóla Íslands stendur fyrir málþingi um móðurmálskennslu tvítyngdra barna í tilefni af alþjóðlega móðurmálsdeginum í dag. Tvítyngi er orðið töluvert algengt í okkar nútímasamfélagi og því fróðlegt að sjá hvernig menntastofnanir í landinu hafa brugðist við því. Fyrirlestrarnir verða flutti bæði á ensku og íslensku. Hulda Kristín Jónsdóttir doktorsnemi flytur erindi um tvítyngi; börn úr leikskólanum Mýri syngja nokkur lög; Fríða Bjarney Jónsdóttir leikskólaráðgjafi fjallar um hvað hafa þarf í huga þegar unnið er með börnum sem hafa annað móðurmál en íslensku; og starfsmenn og kennarar félagsins Móðurmál kynna starf sitt. Málþingið fer fram í Þjóðminjasafninu og hefst klukkan 15.30. Aðgangur er öllum opinn.





Meistaranám »

Sérsvið í menntunarfræði:
» fjölmenning
» fræðslustarf með fullorðnum – mannauðsþróun
» heimspeki menntunar
» íslenska – íslenskukennsla
» kennslufræði og skólastarf
» listmenntun – listasaga – verkmenntun
» mál og læsi
» menntunar- og kennslufræði yngri barna
» náttúrufræðimenntun
» stærðfræðimenntun
» upplýsingatækni og miðlun

Menntunarfræði M.Ed. og M.A.
Sérkennslufræði M.Ed.
Stjórnunarfræði menntastofnana M.Ed.
Heimspeki menntunar M.A.
Íþrótta- og heilsufræði M.Ed. og M.S.
Þroskaþjálfafræði M.Ed.
Tómstunda- og félagsmálafræði M.Ed.
Alþjóðlegt nám í menntunarfræði/ International studies in education M.A. (kennt á ensku)
Kennsluréttindanám á meistarastigi

Doktorsnám » Menntunarfræði Ph.D.

Opið hús mánudaginn 25. febrúar

Kennarar, nemendur og námsráðgjafar taka á móti gestum frá kl. 16–18 í Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð. Sérstök áhersla verður lögð á að kynna meistara- og doktorsnám við nýtt menntavísindasvið HÍ 2008–2009.

Umsóknarfrestur er til 15. mars / Umsóknareyðublöð á www.khi.is og www.hi.is

## Útgjöldin

> Verðlag á fimm pylsubrauðum í febrúar hvers árs, miðað við verðlag á öllu landinu.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR

## *Býflugnabuxurnar voru ansi slæm kaup*



„Verstu kaup ævi minnar voru blessaðar býflugnabuxurnar sem ég keypti mér í verðlaun fyrir að klára samrændu prófin árið 1986,“ segir Silja Bára Ómarsdóttir, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og aðjúnkt í alþjóðasamskiptum við stjórnmálafræðiskor Háskólans.

„Þetta voru semsagt gular og svartar röndóttar buxur, sem ég fékk í búð sem hét Blondie eða Goldie og var á Laugaveginum. Þær standa langt upp úr öðrum slæmum hlutum sem ég hef keypt. Ég man samt hvað vinkona mín var ægilega afbrýðisöm út af þeim!“ segir Silja, sem óttast að þessi tíska snúi aftur, ásamt með neonlitunum.

Stjórnmálafræðingurinn telur bestu kaupin vera tvær dragtir sem hún fékk í Macy's í Bandaríkjunum.

„Þetta var á útsölu og ég náði að kaupa mér tvær dragtir fyrir vinnuna fyrir lítinn pening. Ég nota þessar flíkur stundum, þótt þær rokki af og til í stærðum,“ segir Silja og minnir að lokum á að á morgun [í dag] verður haldinn í Háskóla Íslands dagur ungra fræðimanna í Evrópumálum. Þar megi kynna sér glæný og spennandi rannsóknarverkefni.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### HNETUSMJÖR, SÓDAVATN OG SALT KOMA TIL GÓÐA

■ *Ég held ég sé glötuð í húsráðunum en ég er jú alltaf að heyra góð ráð sem ég nota þó ekki,“ segir Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, ritstjóri Skessuhorns.*



„Reyndar var ég með útskriftarveislu um daginn og vinkona mín sullaði rauðu pestói niður í hvítan stól. Á stólinn var þá skellt sódavatn og salt sem síðan var látið liggja yfir nótt og darraaaaaaaa!,“ segir Sigrún með tilþrifum en lætur ekki þar við sitja heldur bætir við öðru góðu húsráði. „Svo er það hnetusmjör sem virkar þegar maður fær tyggjó í hár, svo setur maður auðvitað föt í frysti ef tyggjó fer í þau.“




# Mörg þúsund króna munur á sama sætinu

**Næstum tuttugu þúsund króna verðmunur er á flugi frá Íslandi til Færeyja og til baka aftur, eftir því hvort farið er keypt hjá íslensku eða færeysku flugfélagi. Farþegar eru þrátt fyrir þetta að kaupa sér ferð með sömu flugvélinni.**

„Ég kaupi alltaf farið hjá Atlantic. Það er ekki ódýrt, en það er ódýrara en með Flugfélaginu,“ segir Sunneva Eysturstæn, blaðamaður í Færeyjum. Hún hefur mikið ferðast milli eyjanna og Íslands undanfarin ár.

Sé flogið á mánudegi frá Reykjavík til Færeyja og til baka aftur á föstudag, kostar farið báðar leiðir tæpar 54 þúsund krónur með Flugfélagi Íslands. Sama ferð með færeyska flugfélaginu Atlantic Airways kostar hins vegar um 40 þúsund. Verð hvors fargjalds um sig er með sköttum.

Enn meiri munur er á sömu ferð ef farið er í byrjun apríl. Verðið á ferð Flugfélagsins er svipað, en verðið hjá Færeyingum er umtalsvert lægra, eða ríflega 36 þúsund.Svipaður verðmunur er á ferðum í mars.

„Það er ástæða til að skoða þetta, en þetta er óvenjumikið heyrist mér,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands. Flugfélag Íslands selur ferðirnar með vél færeyska félagsins.

Flugsætin eru sambærileg að flestu leyti. Ferðaáætlunum má breyta og flugfélögin bjóða endurgreiðslu, þurfi farþeginn að hætta við. Þá er það einnig sambærilegt að því að um er að ræða sama sætið, í sömu vél.

„Miðað við það hefði ég talið að verð á fargjöldunum væri sambærilegt. En þetta getur verið tilfallandi. Stundum erum við lægri og öfugt,“ segir Árni Gunnarsson.

Töluvert er um ferðalög milli Íslands og Færeyja. Árni segir að Flugfélagið selji í kringum þúsund sæti á ári. Það sé mest að gera yfir sumartímann. „Til dæmis í kringum Ólafsvökuna,“ segir Árni.

Það séu einkum Íslendingar sem kaupi ferðir með Flugfélaginu, en einnig erlendir ferðamenn. Líklegast kaupi Færeyingar einkum ferðir í gegnum Atlantic.

ingimar@frettabladid.is




**HUGSI YFIR FARGJALDINU?** Töluverður verðmunur er á fargjaldinu til Færeyja eftir því hver selur það, þótt sætið sé í sömu flugvélinni. Fréttablaðið/GVA

### HEIMASÍÐUR FLUGFÉLAGANNA

| | |
|---|---|
| Heimasíða Flugfélags Íslands | flugfelag.is |
| Heimasíða Atlantic Airways | atlanticairways.com |

**MATUR & NÆRING** RÚNAR INGIBJARTSSON MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Hollustuefni í súkkulaði



Hverjum dettur í hug að tala um súkkulaði sem hollustuvöru? Von að spurt sé. Við höfum borðað súkkulaði okkur til gleði og ánægju, kannski stundum með smá sektarkennd af því að súkkulaði er orkumikið. En tengingin við hollustu hefur ekki átt upp á pallborðið hingað til.

### Hvað hefur breyst?

Súkkulaði og innihaldsefni þess hafa verið mikið rannsökuð síðustu 15 árin. Fólk tók fyrstu fréttum af hollustu súkkulaðis með varúð. Rannsóknir á matvælum og niðurstöður þeirra hafa oft á tíðum verið býsna misvísandi. En rannsóknir á súkkulaðivörum benda allar til að þær innihaldi fjölmörg efni sem hafi jákvæð áhrif á líkama og sál.

Það er nokkur einföldun að tala um súkkulaði í þessu samhengi. Réttara er að tala um hollustuefni í kakóbauninni og afurðum unnum úr henni. Því meira sem er af kakóþurrefnum í vörunni því betra. Þess vegna er 70% súkkulaði mun æskilegra, sé sóst eftir hollustueiginleikum kakóbaunarinnar, heldur en 33% súkkulaði eins og algengt er í rjómasúkkulaði.

### Nærri 300 mismunandi efni

Kakóbaunin er samsett úr hátt í þrjúhundruð efnum og efnasamböndum. Fyrir utan orkuefnin prótein, fitu og kolvetni er einnig svolítið af vítamínum og steinefnum í kakóbauninni.



Innihaldsefni, sem gera kakóbaunina sérstaka, eru teóbrómín, tryptófan, fenýletýlamín sem örva tauga- og heilastöðvar og svo fjölfenólar sem eru mikið í umræðunni núna. Fjölfenólar finnast í mögum fæðutegundum en í fáum jafn mikið og í súkkulaði. Rauðvín er til dæmis hálfdrættingur á við súkkulaði en um fjórðungur í grænu tei.

### Virkni fjölfenóla

Fjölfenólar hafa margvíslega virkni samkvæmt vísbendingum rannsókna. Þeir eru í fyrsta lagi öflug andoxunarefni sem tefja hrörnun líkamans. Einnig hafa þeir jákvæð áhrif á starfsemi hjarta og æðakerfis með því að víkka út æðar, minnka samloðun blóðkorna og bæta þannig blóðflæði líkamans, lækka blóðþrýsting og álag á hjarta. Einnig benda rannsóknir til að fjölfenólar dragi úr nýmyndun blöðruhálskrabbameins en frekari rannsókna er þörf í þeim efnum. Fjölfenólar eru einnig bætandi fyrir hugsun og minni ef að líkum lætur. Bresk rannsókn hefur sýnt að rottur, sem var gefið fjölfenólríkt fæði í 8 vikur, bættu árangur sinn um 50% í minnisprófunum umfram viðmiðunarhópinn. Í framhaldinu verða gerðar hliðstæðar rannsóknir á mönnum. Svolítið sérstakt er að súkkulaði dregur úr hósta samkvæmt breskri hóprannsókn. Hún leiddi í ljós að theobrómín í súkkulaði er þriðjungi öflugra við að slá á hósta en algengt kódein lyf sem notað er til þess að draga úr þrálátum hósta og hefur auk þess engar aukaverkanir.

www.mni.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Ferskur heill Holta kjúklingur

## 398 KR. KG.




**HOLTA FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
9.500 STK. Í BOÐI Á AÐEINS 398 KR/KG.**

## Ferskur Lambabógur
**499 kr/kg**

## Ferskt Lambaprime
**1498 kr/kg**





**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.082 **-0,76%**

**Fjöldi viðskipta:** 480
**Velta:** 5.39 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATL. AIRWAYS** | **+1,81%** | **EXISTA** | **-2,09%** |
| **ATORKA** | **+0,76%** | **EIMSKIPAFÉL.** | **-1,84%** |
| **365** | **+0,62%**% | **FL GROUP** | **-1,57**% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,96 +0,76% ... Bakkavör 45,30 -1,52% ... Eimskipafélagið 29,30 -1,84% ... Exista 12,18 -2,09% ... FL Group 10,03 -1,57% ... Glitnir 18,15 -0,55% ... Icelandair 25,70 -1,53% ... Kaupþing 741,00 -0,40% ... Landsbankinn 28,30 -1,05% ... Marel 94,00 -0,32% ... SPRON 5,79 -1,03% ... Straumur-Burðarás 12,43 -0,80% ... Teymi 5,29 -0,38% ... Össur 91,60 +0,11%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Undirmálsspá

Strax síðasta sumar bárust fréttir af því að Askar Capital hefði tapað peningum vegna undirmálskrísunnar í Bandaríkjunum. Þegar Markaðurinn náði tali af Tryggva Þór Herbertssyni, forstjóra Askar Capital, í júlí sagði hann þetta ekki alveg rétt. Ávöxtun fjárfestinga yrði ekki jafn góð og vonir stóðu til vegna fjárfestinga tengdum undirmálslánum. „Samt er áætlað að ávöxtunin á þeim hluta verði í kringum 20 prósent á ári í dollurum, í stað 27 prósenta ávöxtunar sem við reiknuðum upphaflega með," sagði Tryggvi. Í uppgjöri Askar kemur fram að gjaldfærsla vegna þessara fjárfestinga nemi um 2,1 milljarði króna á árinu 2007. Niðurstaðan var því önnur en Tryggvi spáði fyrir um en, honum til varnar, varð niðursveiflan miklu harðari en menn spáðu um mitt síðasta ár.



### Reynslubolti

Hinn þaulreyndi fundarstjóri Jakob Möller hæstaréttarlögmaður stjórnaði aðalfundi Glitnis í gær af mikilli festu. Jakob hefur stjórnað fundum FL Group og fleiri félaga enda mikilvægt að rétt sé að öllu staðið þegar um er að ræða skráð félög með þúsundir hluthafa. Rólegt var yfir Glitnisfundinum nema þegar Vilhjálmur Bjarnason bar fram spurningar um kaupréttarsamninga við stjórnendur Glitnis. Fékk Vilhjálmur sanngjarna meðferð en taldi þó spurningum ekki nægilega vel svarað. Fráfarandi stjórnarformaður sagði stjórnina einungis gera kaupréttarsamning við forstjóra en yfirstjórn sæi um kaupréttasamninga við æðstu stjórnendur. Þeir samningar væru hluti af launakjörum og því trúnaðarmál milli starfsmanns og bankans.

### MARKAÐSPUNKTAR

Byggingavísitalan hækkaði um 1,3 prósent frá því í janúar. Vísitalan hefur hækkað um tæp fimm prósent undanfarna tólf mánuði. „Hækkunin nú er einkum vegna hækkunar á verði byggingarefnis," segir Guðrún R. Jónsdóttir, deildarstjóri vísitöludeildar Hagstofunnar.

Greiðslukortavelta í janúar nam tæplega 29 milljörðum króna, sem er um fimmtungs aukning frá sama mánuði í fyrra, að því er fram kemur í nýjum tölum frá Seðlabanka Íslands. Miðað er við úttektartímabilið sem hófst 18. desember.

Debetkortavelta í janúar var 31,5 milljarðar króna sem er óbreytt frá sama mánuði í fyrra, en samdráttur um næstum því fjórðung miðað við desember.

# Skoða yfirtöku í Evrópu

„Við erum að skoða yfirtöku á matvælafyrirtæki í Evrópu," segir Xavier Govare, forstjóri Alfesca. Hann vill ekki segja til um hvenær frekari fregna af henni sé að vænta. Þá segir hann hugsanlegt að Alfesca kaupi dreifingarfyrirtæki á Ítalíu á árinu.

Alfesca tilkynnti síðasta haust að viðræður væru hafnar um kaup á breska matvælafyrirtækinu Oscar Mayer. Áreiðanleikakönnun var lokið í nóvember og stóð til að semja um verð þegar ákveðið var að fresta áætlunum þar til drægi úr óróleika á mörkuðum og hráefnisverð tæki að lækka.

Govare vildi ekki segja nánar til um fyrirtækið sem nú sé til skoðunar, hins vegar geti svo farið að Alfesca kaupi á næstu mánuðum ítalskt dreifingarfyrirtæki. „Ítölum líkar innfluttur matur og því borgar sig ekki að opna matvælafyrirtæki undir okkar merkjum þar. Hagkvæmara er að flytja vöruna þangað og dreifa henni sjálfur," segir hann. **- jab**



**XAVIER GOVARE** Forstjóri Alfesca segir fyrirtækið vera að skoða yfirtöku á matvælaframleiðanda í Evrópu og dreifingarfyrirtæki á Ítalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Brú til bankanna

„Þetta eru viðbrögð okkar við óskum bankanna um að stjórnvöld taki að sér forystu og samræmingarhlutverk," segir Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu.

Finnur Sveinbjörnsson, fyrrverandi forstjóri Icebank, hefur verið fenginn til þess að ræða við bankamenn og ýmsa hagsmunaaðila fyrir hönd forsætisráðuneytisins. Tilefnið er slæm staða á mörkuðum, lausafjárskortur, hátt skuldatryggingarálag íslenskra banka og ímynd íslensks efnahagslíf ytra.

Skammt er síðan helstu forystumenn íslenskra banka hittu forsætisráðherra og utanríkisráðherra, til að ræða stöðuna. Eftir því sem næst verður komist hefur Finnur þegar rætt við bankamenn, en enn sem komið er hafa engar tillögur komið fram. **- ikh**




# Góðar fregnir eru eins og vatn á gæs

**Skuldatryggingarálag bankanna ræðst af stemningu á fjármálamarkaði og er úr samhengi við undirliggjandi rekstur, segir forstöðumaður í erlendri fjármögnun hjá Landsbankanum. Í Financial Times var fjallað um stöðuna á fjármálamörkuðum og íslensku bankana. Stjórnarformaður Kaupþings, átelur sérfræðing Saxo Bank fyrir „heimskulegar" ályktanir af skuldatryggingarálagi Kaupþings.**



**Á VIÐSKIPTAÞINGI** Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings (lengst til hægri), gagnrýndi harðlega dómsdagsspá sem greinandi Saxo Bank í Danmörku setti í gær fram um Kaupþing, vegna hás skuldatryggingarálags á bréf bankans. Hann segir greinandann annaðhvort heimskan, eða illa upplýstan um stöðu íslensku bankanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mun hærra skuldatryggingarálag íslensku viðskiptabankanna en sambærilegra banka í Evrópu hefur verið til umfjöllunar í erlendum miðlum síðustu daga. Vegna álagsins eru fjármögnunarleiðir með skuldabréfaútgáfu í raun lokaðar íslensku bönkunum, segir í grein tveggja sérfræðinga í lánaráðgjöf sem birt var í Financial Times á mánudag.

Danska viðskiptablaðið Börsen birti svo í gær viðtal við yfirmann greiningardeildar Saxo Bank þar sem hann dró þá ályktun út frá háu skuldatryggingarálagi á bréf Kaupþings að bankanum væri hættara við gjaldþroti en nokkru sinni. Í viðtali við Sigurð Einarsson, stjórnarformann Kaupþings, sem birtist á vef Börsen í gær, segir hann ályktun greinandans óverjandi og úr lausu lofti gripna. „Greinandinn er annað hvort heimskur eða þekkir ekkert til íslensku bankanna. Ekki þarf annað en heimsækja heimasíðu okkar til að sjá lykiltölur úr rekstri Kaupþings," segir hann við Börsen.

Neikvæðar fregnir af íslensku bönkunum geta hins vegar dregið á langinn að úr rætist varðandi skuldatryggingarálagið. Matthías P. Einarsson, forstöðumaður í erlendri fjármögnun hjá Landsbankanum, segir rétt að ekki sé fýsilegt fyrir bankana að fjármagna sig á þeim kjörum sem nú bjóðist. „Og horfur eru þannig á markaði núna að ástandið gæti átt eftir að versna áður en það batnar," segir hann, en áréttar um leið að íslensku bankarnir séu vel í stakk búnir til að bíða af sér áhrif fjármálaóróleikans. Hann segir suma evrópska banka, svo sem spænska, ítalska og írska, ekki standa betur en þá íslensku þegar kemur að fjármögnun, þótt það endurspeglist ekki með sama hætti í skuldatryggingarálagi þeirra. Hann bendir á að spænskir bankar séu nú nánast eingöngu fjármagnaðir í gegn um Seðlabanka Evrópu.

Matthías segir „íslenska álagið" svonefnda úr samhengi við grunnrekstur bankanna og í raun endurspegla stemningu á mörkuðum. Þannig virðist neikvæðar fregnir úr fjármálalífi heimsins skila sér í hækkuðu álagi á íslensku bankana jafnvel þótt þær snerti þá ekki neitt. Nýleg afskrift Credit Suisse vegna undirmálslána hafi þannig orðið til þess að 10 punktar hafi bæst við skuldatryggingarálag svissneska bankans, en 30 til 40 á íslensku bankana.

Miðlarar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum segir hann að horfi til smæðar íslenska hagkerfisins og ójafnvægis í hagstærðum og túlki sem áhættuþátt í rekstri bankanna. Góðar fréttir af rekstri þeirra og uppgjör segir hann svo gleymast jafnskjótt og skugga beri einhvers staðar annars staðar á. „Góðar fréttir eru eins og að skvetta vatni á gæs meðan vondar fréttir lifa og hafa áhrif," segir hann og telur tæpast von á að þessi stemning breytist fyrr en sjái til botns í lausafjárkrísunni.

**olikr@frettabladid.is**

# Ráðdeild og sparnaður framundan

Ráðdeild í rekstri er forsvarsmönnum Glitnis ofarlega í huga um þessar mundir. Aðalfundur bankans var haldinn í gær.



**ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON**

Þorsteinn Már Baldvinsson, nýkjörinn stjórnarmaður Glitnis, sagði undir liðnum önnur mál að tími hagræðingar, ráðdeildar og sparnaðar væri framundan hjá bankanum. Glitnir ætti að vera leiðandi í því að skera niður kostnað svo hluthafar og viðskiptavinir gætu vel við unað. Tillaga hans um að lækka þóknun til stjórnarmanna væri lýsandi um að stjórnin væri ekki undanskilin aðhaldi.

„Sjónum er beint að kostnaði til að aukinn hluti af tekjum bankans skili sér til ykkar, hluthafa bankans," sagði jafnframt Lárus Welding, forstjóri Glitnis. Hann vék einnig orðum að háu skuldatryggingarálagi á bréf íslensku bankanna og kvaðst sammála því að það endurspegli ofmat á áhættu tengdri rekstri bankanna.

Fráfarandi stjórnarformaður, Þorsteinn M. Jónsson, hafði einnig orð á því yfir yfirliti sínu um starfsemi bankans á liðnu ári að áherslan væri nú á að draga úr kostnaði. Hluti af aðgerðum í þá veru segir hann sameiningu starfsemi bankans í Noregi undir merkjum Glitnis sem gengur í garð um næstu mánaðamót. „Árið 2007 var hins vegar almennt gott, þrátt fyrir skakkaföll í ytra umhverfi," sagði hann í ræðu sinni.

Vilhjálmur Bjarnason fjárfestir gerði athugasemd við uppkaup hlutabréfa Bjarna Ármannssonar, fyrrverandi forstjóra Glitnis, vegna starfsloka hans í fyrra, en í yfirlýsingu sem stjórn bankans sendi frá sér í gær er áréttað að starfslokin og viðskipti þeim tengd hafi verið í samræmi við heimildir stjórnar. **- óká**



**Á AÐALFUNDI** Lárus Welding forstjóri og Þorsteinn M. Jónsson, fráfarandi stjórnarformaður Glitnis, höfðu báðir orð á að áhersla væri nú á ráðdeild í rekstri bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# 200% ábyrgð!

## Þú færð peninginn tilbaka og tölvuna líka!

Nýtt á Íslandi




Í fyrsta sinn á Íslandi færðu 200% ábyrgð á tölvu sem hentar bæði fyrir vinnu og heimili. Við erum svo öryggir með Toshiba fartölvuna að við ábyrgjumst ekki aðeins að gera við hana hratt og örugglega ef hún bilar, heldur endurgreiðum við þér hana...

**...og þú heldur tölvunni! ***

**Þú gengur að Toshiba Öryggi eingöngu í BT fyrirtæki, verð frá 89.999,-**

*Á eingöngu við þegar vélbúnaður bilar. Endurgreiðslan er greidd að fullu, að frádregnum virðisaukaskatti.
Gildir fyrir eftirfarandi vélar: Satellite Pro (fyrir utan L40), Portege, Tecra




**Skeifan 17 - Ný verslun!**

BT Fyrirtæki | Skeifan 17 | 550 4400 | *Kíktu á heimasíðuna okkar* **www.btf.is**

BT FYRIRTÆKI
*...líka fyrir þig!*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Viðbrögð við kjarasamningum:

## Þversagnir

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Niðurstaða kjarasamninganna á almennum vinnumarkaði var um margt merkileg. Pólitísk viðbrögð við henni eru ekki síður athyglisverð og segja sína sögu. Alkunna er að allar breytingar á hagstærðum geta haft hættur í för með sér. Að öllu virtu er þó rétt að líta á þessa samninga sem framlag til stöðugra ástands í þjóðarbúskapnum.

Það hefur lengi verið siður að ríkisstjórn kæmi að kjarasamningum. Á sinni tíð voru það kallaðir félagsmálapakkar. Þeim var gjarnan spilað út í pólitísku auglýsingaskyni og stundum þó að við blasti að verið væri að gera verðbólgusamninga. Seinna kom þjóðarsáttarhugtakið. Fyrsta alvöru tilraunin með það var gerð 1986. Eftir nokkra þróun var best heppnaða tilraunin af þessu tagi gerð 1990.

Við eðlilegar aðstæður er sérstök aðkoma ríkisins hins vegar óæskileg. Aðilar vinnumarkaðarins eiga á eigin ábyrgð að glíma við þetta vandasama og mikilvæga efnahagslega hlutverk. Í því ljósi má deila um hvort réttlætanlegt var af hálfu ríkisstjórnarinnar að koma með jafn umfangsmiklum hætti inn í þessa samninga og raun bar vitni.

Að sönnu er verulegur afgangur á fjárlögum þessa árs. Í ljósi viðskiptahallans er hins vegar ljóst að sá afgangur má ekki minni vera ef ríkissjóður á að teljast virkur þátttakandi í því að stuðla að betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Sjálfsagt átti ríkissjóður ekki annarra kosta völ en taka þátt í þessum samningum með auknum útgjöldum og lækkun skatta. En frá kögunarhóli þeirra sem annt er um efnahagslegt jafnvægi mátti ríkissjóður örugglega ekki ganga lengra við svo búið en gert var. Talsmenn ríkisstjórnarinnar hefðu vel mátt gera gleggri grein fyrir þeirri þröngu stöðu og rökstyðja efnahagslegt mikilvægi þess að setja aðkomu ríkissjóðs þröngar skorður við ríkjandi aðstæður.

Talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna eru að vísu ekki samhljóma í afstöðu sinni. Það er eðlilegt þegar þrír flokkar eiga í hlut. Kjarninn í gagnrýni þeirra allra felst þó í ádrepum á ríkisstjórnina fyrir of háa verðbólgu og himinháa vexti. Um leið láta þeir það álit í ljós að aðilar vinnumarkaðarins hefðu átt að semja um meiri hækkun á heildarlaunakostnaði og ríkissjóður hefði átt að koma með öflugri hætti að niðurstöðunni.

Hér verður ekki látið að því liggja að stjórnarandstöðuflokkarnir myndu lýsa afstöðu af þessu tagi væru þeir ábyrgir fyrir landsstjórninni. Satt best að segja væri ósanngjarnt að núa þeim slíku ábyrgðarleysi um nasir. En hjá því verður ekki komist að benda á að það sem þeir leggja til að gert verði gengur þvert á þau markmið sem þeir segjast stefna að og átelja ríkisstjórnina fyrir að gera ekki af nægjanlegri röggsemi.

Þegar allt innra samhengi skortir í málflutning eins og í þessu tilviki hefur hann óneitanlega litla vigt. Það er skaði því að ærin ástæða er til að ræða efnahagsmálin á grundvelli dýpri og markvissari röksemdafærslu. Það er einfaldlega hollt fyrir þessa ríkisstjórn eins og aðrar að málflutningur stjórnarandstöðunnar bíti.

Stjórnarandstaðan hefur til að mynda engar hugmyndir um lögbundið markmið Seðlabankans eða hvort styrkja þarf gjaldeyrisvarasjóð hans til að ná stöðugleikamarkmiðunum. Hvort tveggja gæti þó verið gilt umræðuefni við ríkisstjórnina eða tilefni til pólitísks frumkvæðis. Fáliðuð stjórnarandstaða þarf ekki sjálfkrafa að hugsa þröngt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Sorg í kjölfar sjálfsvígs

Fræðslufundur í Safnaðarheimili Háteigskirkju
í kvöld 21. febrúar kl. 20.
Fyrirlesari sr. Svavar Stefánsson. *Allir velkomnir*



NÝ DÖGUN

*Samtök um sorg og sorgarviðbrögð*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fylgst með framvindu

Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, og Knut Storberget, dómsmálaráðherra Noregs, hafa komist að samkomulagi um samstarf landanna um kaup og rekstur nýrra langdrægra björgunarþyrla. Á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins kemur fram að við verkefnið verði fylgt reglum um opinber innkaup hér á landi og á Evrópska efnahagssvæðinu. Enn fremur segir þar að Norðmenn hafi opnað vefsíðu um innkaupin þar sem fylgjast megi með framvindu þeirra. Það hefði ekki verið verra að bjóða upp á svo-leiðis þegar Grímseyjarferjan var keypt.



### Hátíðarhöld

Eins og þekkt er áttaði Björn Bjarnason sig á möguleikum internetsins á undan öðrum íslenskum stjórnmálamönnum og sýndi þá makalausu framsýni að byrja að blogga áður en bloggið varð til. Fyrir vikið verður hans án efa minnst sem afa bloggsins á Íslandi. Heimasíða Björns átti þrettán ára afmæli á þriðjudag og vitaskuld lyfti forbloggarinn sér upp í tilefni dagsins. „Daginn hélt ég hátíðlegan með því að sitja fundi með breskum ráðherrum og þingmönnum og ræða við þá um fangelsismál, löggreglumál og Schengen-málefni." Það verður ekki af Birni tekið að hann kann að halda upp á afmæli.

### Kristján örláti

Samgönguráðuneytið hefur gefið barna- og unglingageðdeild Landspítala tvær milljónir króna til kaupa á íbúð í nágrenni deildarinnar fyrir foreldra sem þurfa að fylgja börnum sínum utan af landi. Sannarlega göfugt mál. En þyki Kristjáni BUGL fá of lítið í fjárlögum en samgönguráðuneytinu ofskammtaðar tvær milljónir væri þá ekki langeinfaldast fyrir samgönguráðherra að fá það leiðrétt?



bergsteinn@frettabladid.is

# Vandamál hvers?



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Bankarnir og þjóðin

Tveir af helztu frumkvöðlum atvinnulífsins létu nýlega falla ummæli, sem hljóta að vekja eftirtekt og umhugsun, hvor á sinn hátt. Björgólfur Thor Björgólfsson, annar aðaleigandi Landsbankans og Straums, vakti í sjónvarpsviðtali máls á þeim möguleika, að Íslendingar taki upp svissneskan franka í stað krónunnar til að draga úr þeirri áhættu og óvissu, sem krónan leggur akkerislaus á efnahagslífið, af því að hún er örmynt og má sín ekki mikils í ólgusjó heimsfjármálanna.

Tillaga Björgólfs vitnar ekki um glöggt hagskyn, enda hefur hún engan hljómgrunn fengið, jafnvel ekki meðal stjórnmálamanna. Enginn málsmetandi viðskiptaleiðtogi í Noregi myndi tefla fram svo fráleitri hugmynd í umræðum um afstöðu Norðmanna til ESB, né heldur heyrðust slík sjónarmið í aðdraganda aðildar Finnlands og Svíþjóðar að ESB á sínum tíma. Hluthafar í fyrirtækjum þar gætu ekki borið óskorað traust til viðskiptaleiðtoga, sem léti svo athugunarlaus ummæli falla um svo mikilvægt mál. Stjórnmálamenn leyfa sér að tala út og suður, það er þeirra háttur sumra hér frá gamalli tíð langt umfram nálæg lönd, og enginn kippir sér upp við það. En viðskiptaleiðtogar nýrrar kynslóðar þurfa að standast strangari kröfur.

Tillaga Björgólfs er fráleit vegna þess, að með því að taka upp svissneskan franka sem lögeyri myndu Íslendingar kasta frá sér öllum kostum fullrar aðildar að ESB öðrum en föstu gengi og segja sig um leið úr lögum við þær þjóðir, sem við höfum allan lýðveldistímann eða lengur haft nánast samneyti við. Tillögu Björgólfs svipar til furðuhugmynda í þá veru, að Íslendingar taki upp evruna á eigin spýtur líkt og Svartfellingar og fáeinar aðrar utangarðsþjóðir. Hún virðist hafa verið sett fram til að koma til móts við sjónarmið stjórnmálamanna, einkum í Sjálfstæðisflokknum, sem mega ekki til þess hugsa að missa andlitið með því að láta af mosavaxinni andstöðu sinni við inngöngu Íslands í ESB.

### Vandamál þjóðarinnar allrar?

Hin ummælin voru í Ríkisútvarpinu höfð eftir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, einum af óbeinum kjölfestuhluthöfum Glitnis: „Takist íslensku bönkunum ekki að fjármagna sig er það vandamál þjóðarinnar allrar." Þessa afstöðu bankahluthafans þarf að skoða í ljósi ummæla forsætisráðherra á Alþingi nýlega um óbeina ábyrgð ríkisins á bönkunum. Jón Ásgeir sagði, að það virtist vera álit manna úti í heimi, að íslensku bankarnir séu „hreinlega gjaldþrota." Daginn eftir dró hann í land og sagðist telja, að bankarnir standi vel. Hann lýsti þeirri skoðun, að Íslendingar þurfi að ganga í ESB, svo að bankarnir geti haldið áfram að vaxa. Jóni Ásgeiri er það sýnilega jafnljóst og öðrum málsmetandi viðskiptaleiðtogum í nálægum löndum, að hag atvinnulífsins er bezt borgið innan ESB. Andstaða gegn aðild hlýtur að berast úr öðrum áttum. En Samtök atvinnulífsins geta samt í hvorugan fótinn stigið nema kannski á leynifundum, ekki frekar en Vörður eða Hvöt.

### Afsal ríkisábyrgðar

Eru bankarnir of stórir til að standa á eigin fótum eða falla? – eins og sagt var á sinni tíð um Samband íslenzkra samvinnufélaga. Ég segi nei. Bankarnir verða að standa á eigin fótum. Þeir geta ekki verið þekktir fyrir að hlaupa undir pilsfald ríkisins. Í fyrsta lagi er beinni ríkisábyrgð á bönkunum ekki lengur til að dreifa, enda eru þeir nú í einkaeigu. Innstæður eru tryggðar, en ekki til fulls; lögum frá 1999 er ætlað að „veita innstæðueigendum í viðskiptabönkum og sparisjóðum ... lágmarksvernd." Í annan stað eru íslenzku bankarnir nú með annan fótinn í útlöndum. Hví skyldu íslenzkir skattgreiðendur þurfa að ábyrgjast viðskipti bankanna erlendis?

Útrás bankanna til annarra landa hlaut að fela í sér afsal ríkisábyrgðar. Þessu afsali þurfa bankarnir nú að gefnu tilefni að gangast við vafningalaust. Í þriðja lagi getur aðeins ein björgunaraðgerð komið til greina af hálfu ríkisins, skyldu bankarnir komast í kröggur og kalla eftir hjálp. Það er tímabundin eignarþjóðnýting af því tagi, sem grípa þurfti til í bankakreppunni á Norðurlöndum 1988-93 og nú síðast fyrir nokkrum dögum á Bretlandi. Hafi bankarnir farið sér svo óðslega, að þeir reynist „hreinlega gjaldþrota," eins og Jón Ásgeir Jóhannesson ýjaði að, hlýtur einkavæðing þeirra að teljast hafa mistekizt svo hrapallega, að nauðsyn beri til að koma bönkunum í betri hendur og draga núverandi eigendur þeirra til ábyrgðar frekar en skattgreiðendur eða aðra saklausa vegfarendur. Fari svo, hefur mikill vaxtamunur – háir útlánsvextir, lágir innlánsvextir – í vernduðu fákeppnisumhverfi ekki dugað bönkunum til að spjara sig og ekki heldur forgjöfin til eigendanna, sem fólst í einkavæðingu bankanna langt undir markaðsverði að mati Ríkisendurskoðunar.

# Búhyggindi ráðherrans á Bakka

**UMRÆÐAN**

Fiskveiðistjórnun



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON**

Ég er einn þeirra sem batt afar miklar vonir við sameiningu landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins en með því gætu ferskir vindar leikið um feyskna málaflokkana og þá sérstaklega veitir ekki af því við stjórn fiskveiða.

Flestum ber saman um að afar illa hafi verið haldið á málum á umliðnum árum, s.s. niðurskurður aflaheimilda og úrskurður mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna er órækur vitnisburður um. Nýlega hefur sjávarútvegráðherra látið hafa eftir sér að hann hafi mikið velt vöngum um hvort hann ætti að skera aflaheimildir þorsks niður um 22% eða þá skera niður aflaheimildir um 35% en hann tók þá óábyrgu afstöðu að leyfa 35% minni veiðar á þessu ári en því síðasta. Í viðtali í Fréttablaðinu þann 10. febrúar sagði hann ástæðuna fyrir svo grófum niðurskurði vera þá að ef ekki hefði verið tekið svo stórt skerf niður á við væri hætta á að það þyrfti að skera niður aflaheimildir enn og aftur á því næsta.

Sjávarútvegsráðherra virðist trúa þeim kenningum að ef við drögum úr eða jafnvel hættum veiðum á þorski fari að byggjast upp einhver gríðarlegur lífmassi af þorski sem muni síðan gefa af sér hlutfallslega enn stærri lífmassa sem loksins verði hægt að veiða úr.

Þessar kenningar um að veiða minna til að veiða meira seinna hafa ekki gengið upp hér við Íslandsstrendur sl. áratugi og hafa í raun hvergi í heiminum gengið eftir. Í síðustu ástandsskýrslu Hafró kemur fram á bls. 20 að meðalþyngd flestra aldursflokka þorsks er í eða við sögulegt lágmark, og í rannsóknum á áti hrefnunnar má leiða að því líkum að hún éti allt að tvöfalt meira af þorski en íslenskum útgerðum er leyft að veiða í ár.

Hvað myndi bóndinn gera? Varla færi hann að fjölga gripum á afrétt ef þeir héldu ekki eðlilegum holdum og hvað þá að ætla að geyma þá til langframa á beitilöndum þar sem stór hluti verður rándýrum að bráð.

Nú er að vona að ráðunautar í landbúnaðarráðuneytinu sýni nýjum húsbónda að ekki gengur að halda áfram með búskap sem þennan sem er líkastur því sem bræðurnir á Bakka ráku hér norðanlands forðum daga.

*Höfundur er líffræðingur.*

# Stærri flísadeild!
# Meira úrval!
# ENN Betra verð!



Veggflís 15x15 sm, hvít kr:
**795,-** pr.m²

Nú höfum við stækkað flísadeildina hjá okkur þannig að við getum boðið enn meira úrval af gólf- og veggflísum á hinu frábæra Múrbúðarverði.



Náttúrusteinn (Mustang) 30x60 sm, kr:
**2.390,-** pr.m²



Gólf /veggflís 30x30 sm, kr:
**990,-** pr.m²



Gólfflís 40x40 sm, kr:
**1.250,-** pr.m²



Gólf/veggflís 33,3x33,3 sm, kr:
**1.250,-** pr.m²



Bílskúrsflís 30x30 sm, kr:
**990,-** pr.m²



Veggflís 25x36,5 sm, kr:
**1.850,-** pr.m²



Veggflís 25x36,5 sm, kr:
**1.850,-** pr.m²



Veggflís 20x25 sm, kr:
**995,-** pr.m²



Gólf/veggflís 33,3x33,3 sm,- kr:
**1.250,-** pr.m²



Gólf/veggflís 30x60 sm, kr:
**1.890,-** pr.m²



Veggflís hvít 20x50 sm, kr:
**1.790,-** pr.m²



Gólf/veggflís 30x60 sm, kr:
**1.790,-** pr.m²



Gólf/veggflís 60x60 sm, kr:
**2.990,-** pr.m²

**Öll verkfæri til flísalagna á góðu verði**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

***Opið mán. - fös. kl. 8-18***
***laugardaga 9-16***

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# Framtíð orkuútrásar

**UMRÆÐAN**
Orkumál



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

REI-málið snýst ekki um það hvort menn séu með eða á móti orkuútrásinni eða samstarfi einkarekinna og opinberra fyrirtækja.

Við í Samfylkingunni viljum veg íslensku orkuútrásarinnar sem mestan og erum enn sannfærð um að samstarf opinberra orkufyrirtækja sem búa yfir þekkingu og hafa félagslega ábyrgð að leiðarljósi og einkaaðila sem leggja til fjármagn, sé farsælasta leiðin til framtíðar í útrásamálum. Um þetta var raunar líka pólitísk samstaða í stýrihópi borgarráðs. Slíkt samstarf takmarkar fjárhagslega áhættu opinberu orkufyrirtækjanna, tryggir að félagsleg ábyrgð sé öxluð í þeim löndum sem útrásina ber niður í og er til þess fallið að eigendur orkufyrirtækjanna, almenningur, njóti ávaxtanna af þeirri þekkingu sem þar hefur skapast. Sameining REI og GGE gat á sínum tíma orðið eðlilegt framhald í útrás þessara tveggja íslensku fyrirtækja og orðið til að renna traustari stoðum undir útrásina.

## Ekki eitt, heldur allt

En eins og vinna stýrihóps borgarráðs leiddi í ljós voru það ólíðandi vinnubrögð, sem viðhöfð voru undir forystu Sjálfstæðismanna sem kollvörpuðu þeim fyrirætlunum og komu óorði á útrásina.

Kjörnir fulltrúar, bæði stjórnarmenn OR og almennir borgarfulltrúar, voru leyndir mikilsháttar upplýsingum meðal annars um eðli samninga. Samningur sem sagður var eðlilegur þjónustusamningur sem ætti að tryggja að OR fengi að fullu greitt fyrir alla útselda vinnu með álagi, reyndist í raun 20 ára einkaréttarsamningur. Jafnframt kom í ljós óeðlileg aðkoma þriðja aðila að gerð samningsins, sem þá átti engan formlegan hlut að málinu, en reyndist hafa haft stórtæk áhrif á eðli „þjónustusamningsins“.

Jafnframt vöknuðu strax alvarlegar spurningar er vörðuðu umboð eða umboðsleysi borgarstjóra til að ganga frá málinu fyrir hönd Reykjavíkurborgar, bæði hefur komið í ljós að borgarstjórinn þáverandi hafði ekki fullt umboð sinna félaga og jafnframt eru áhöld um það hvort borgarstjóri sem fór með eigendavald á fundinum hefði þurft að leita fyrirfram samþykktar borgarstjórnar á gjörningnum.

Einnig hefur umboð stjórnar REI, sem minnihlutinn átti ekki fulltrúa í, til að taka ákvarðanir án þess að fá þær samþykktar eða kynntar í stjórn OR verið dregið í efa.

Þá kom í ljós við skoðun málsins að mjög víða var málsmeðferð ekki í samræmi við góða stjórnsýsluhætti, til dæmis þegar einstaklingar og fyrirtæki voru valin til samstarfs og stjórn REI heimilaði útvöldum að kaupa á gengi sem var helmingi lægra en gengi sem þá þegar hafði verið samið um í tengslum við sameiningu GGE og REI.

## Að laga dílinn

Þegar þetta lá fyrir í vinnu stýrihópsins, áttuðum við okkur öll sem þar áttum sæti á því að þennan „díl“ var ekki hægt að laga, enda var samrunanum rift að tillögu hópsins þann 1. nóvember. Málinu hafði verið klúðrað með óvönduðum vinnubrögðum undir forystu sjálfstæðismanna.

Það er verkefni nýrrar stjórnar og eigenda OR að finna orkuútrásinni nýjan og farsælan farveg. Mikilvægt verður að í því ferli verði viðhöfð óaðfinnanleg vinnubrögð sem standist kröfur sem gerðar eru til opinberrar stjórnsýslu.

*Kjörnir fulltrúar, bæði stjórnarmenn OR og almennir borgarfulltrúar, voru leyndir mikilsháttar upplýsingum meðal annars um eðli samninga.*

Nauðsynlegt er að eyða óvissu um framtíð REI, skýra þarf stefnu og hlutverk fyrirtækisins. Útfæra þarf verklagsreglur og tryggja fyrirtækinu rekstrargrundvöll til framtíðar. Það er aðkallandi að skipa sem fyrst fulltrúa í stjórn REI, því fyrirtækið hefur ekki starfhæfa stjórn í dag. Það er ljóst, ef nauðsynlegt samstarf opinberra fyrirtækja og einkaaðila eigi að ganga í orkuútrásinni, að samstarfsaðilar opinberu fyrirtækjanna verða að sýna þeim vinnubrögðum sem nauðsynlegt er að viðhafa í opinberum rekstri virðingu. Þau vinnubrögð verða að endurspegla að þar er verið að fara með almannavald og almenningseigur.

## Hvað ef?

Við fulltrúar minnihlutans sátum þriggja tíma kynningarfund um samruna GGE og REI að morgni stjórnar og eigendafundar 3. október. Hefði á annað borð staðið til að kynna stjórnarmönnum þau efnisatriði málsins sem haldið var leyndum hefði það verið gert á þeim fundi. Þær upplýsingar sem þar voru matreiddar fyrir okkur hnigu allar í þá átt að skynsamlegt væri að fallast á samruna fyrirtækjanna. Hefðu spilin verið lögð á borðið og kynning til stjórnarmanna endurspeglað efnisþætti og aðdraganda málsins hefði atkvæði Samfylkingar fallið gegn gjörningnum á fundinum.

Hinsvegar má einnig segja að væri hugmyndin um sameiningu REI og GGE að vakna fyrst núna og verið væri að meta þann kost er ég ekki í nokkrum vafa um að sá möguleiki kæmi vel til álita, rétt eins og aðrar leiðir en vinnubrögð yrðu frá upphafi að vera yfir gagnrýni hafin.

Því þegar öllu er á botninn hvolft snýst REI málið ekki um útrásina eða sameiningu fyrirtækja heldur ólíðandi vinnubrögð undir forystu sjálfstæðismanna.

# Býðst einhver til að axla 23 milljarða ábyrgð vegna REI?

**UMRÆÐAN**
REI-málið



JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON

Í heitum umræðum undanfarinna vikna hefur farið undarlega lítið fyrir einum veigamiklum þætti REI-málsins: Glitnir bauðst í nóvember sl. til að tryggja kaupverð á REI að lágmarki

23.000.000.000 kr. (tuttugu og þrír milljarðar króna!). REI er skv. fréttum sl. helgar metið á 6 milljarða, ef þá það, og er nú að sönnu vandræðabarn sem engan virðist fýsa að ættleiða eftir að guðfaðirinn Bjarni Ármannsson kvaddi krógann og kærleiksheimili hans í hasti.

Stóri ágreiningurinn sem Bingi gerði um málið við Vilhjálm Þórmund fv. borgarstjóra snerist um að Vilhjálmur Þórmundur vildi selja REI strax en Bingi vildi bíða og sjá. Miðað við stöðuna í dag mætti ætla að Vilhjálmur Þórmundur væri viðskiptaséní með hárrétta tilfinningu fyrir tímasetningum og hámörkun arðsemi, og að einhver allt annar en hann þyrfti að axla ábyrgð á öllum þeim milljörðum sem nú skortir upp á 23 milljarða dílinn sem Glitnir bauð þá – en alls ekki nú.

Með fyrrnefndum ágreiningi um tímasetningu REI-sölunnar réttlætti Bingi þá fordæmalausu ákvörðun sína að slíta fyrirvaralaust borgarstjórnarmeirihlutanum með sjálfstæðismönnum og máta eyrnablöðkur sínar við mælskulist Svandísar Svavarsdóttur Gestssonar úr Vg, en tungulipurð hennar og hárfínar tímasetningar dáleiddu um hríð bæði meirihluta borgarfulltrúa og almennings í landinu. Gekk sá málflutningur að mestu út á meinta kaupréttarsamninga útvalinna, sem hún tók að vísu sjálf þátt í að velja, en einkum þó hina ófyrirgefanlegu meintu yfirsjón Vilhjálms Þórmundar að REI/GGE fengi 20 ára forgang á að kaupa sérþekkingu nokkurra reynslubolta í OR. Þetta hefði að vísu markað vatnaskil í rekstri OR því engum hafði áður hugkvæmst að koma slíkri innanhúsþekkingu í verð, hvað þá með 20 ára samningi. Frábær búhnykkur hefðu sumir sagt, en það gleymdist reyndar í allri umræðunni um 20 árin að sérfræðiþekkingu á borð við þá sem OR býr yfir er auðveldlega hægt að sækja að mestu á verkfræðistofur víða um land og nauðaeinfalt væri sömuleiðis að kippa einstökum sérfróðum starfsmönnum út úr OR með örlitlum yfirboðum.

En yfirþyrmandi vandlætingar- og orrahríðir sósíalískra hispursmeyja megnuðu alltént við árslok að drepa allan samansafnaðan viðskiptalosta í langþráðri orkuútrás Reykvíkinga. Náttúra kapítalistanna skyldi bæld með ráðum og dáð. Á sömu bæjum er jafnhliða velt reiðum vöngum, reytt hár og kvartað yfir óskiljanlega bágum hlut kvenna í framlínu viðskiptalífsins.

Á meðan borgarbúar horfðu upp á 23 milljarðana sína gufa upp, stóðu Vinstri grænar í ströngu niðri á Alþingi, á kafi í öðru stórmáli sem enga bið þoldi, sumsé að tryggja algert skírlífi íslenskra erindreka í útlöndum og fyrirbyggja með lagasetningum að sendimenn hins opinbera freistist til að ramba t.d. inn á hótel með léttbláum sjónvarpsrásum. Hér er græna kvenfélagið hans Steingríms J. sannarlega á heimavelli og í essinu sínu. Þegar öllu er á botninn hvolft, er það auðvitað tilhugsunin um refsivönd þessara sómakæru og skírlífu kerlinga af báðum kynjum sem helst getur veitt það aðhald og þá siðvöndun sem við hin þurfum öll svo nauðsynlega á að halda um þessar mundir. Sjálfsagt er svo auðvitað að fylgja þessu þarfa máli eftir með stofnun sérstakrar siðgæðislögreglu í stíl við þá sem tíðkast í sumum múslímskum ríkjum. Löggjafarvald er vanmáttugt án framkvæmdavalds.

Þær fáu krónur sem eftir eru í REI skúffunni væru e.t.v. best nýttar til að reisa andvana örlagabarni REIðileysisins e.k. minnisvarða, og þá helst í anddyri Orkuveitunnar. Væri 23 karata kross viðeigandi? Á öðrum ásnum gæti hangið lítill Gullhjálmur og Þórshamar þá hinum megin?

Eða mundi e.t.v. betur hæfa stytta af bjartri meyju og hreinni í svanhvítri skikkju með kolbrúnan brand á lofti, í vel reyrðu skírlífisbelti skreyttu hamri og sigð, til brýningar í baráttunni endalausu gegn vammi og frygð?

Eftir stendur svo spurningin um alla milljarðana sem glutruðust í baráttunni á milli góðs og ills, milli skírlífis og saurlífis. Tuttugu og þrír milljarðar gæfu a.m.k. tvo og hálfan milljarð í hreinar vaxtatekjur á ári. Það væri hægt að gera ýmislegt fyrir slíkar fúlgur. Höfuðstóllinn einn dygði fyrir t.d. 1.000 nýjum þjónustuíbúðum, tugum nýrra dagheimila eða fyrir nýja Tónlistarhúsinu og hraðlest til Keflavíkur. Og væri þá nóg eftir.

Reykvíkingar hljóta að harma hlut sinn. Ætlar ekki örugglega einhver að axla ábyrgð?

*Höfundur er tónlistarmaður.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Þyrlur eða sendiráð

**Þröstur Ólafsson, fyrrverandi skipstjórnarmaður, skrifar:**

Að halda úti björgunarþyrlum virðist vera sóun á fjármunum. Við kaupum dýrar og góðar þyrlur, þjálfum flugmenn og áhöfn vel, en það er eins og læknar eigi að ákveða hvort senda eigi þyrlu vegna slysa annaðhvort á hafinu eða utan alfaraleiðar. Mín skoðun er að flugstjórar og áhöfn þyrlunnar eigi að ákveða hvenær senda eigi þyrlu. Þeir hafa sannað að þeir eru réttu mennirnir til að taka slíkar ákvarðanir. Það á aldrei að hugsa um kostnað þegar gripið er til þessara björgunartækja. Að lágmarki ættu þrjár þyrlur og mannskapur að vera til taks allan sólarhringinn; í Reykjavík, á Akureyri og Hornafirði. Þannig nýtist tíminn best. Ef við – þessi ríka þjóð – getum haldið úti sendiráðum um allan heim með meðfylgjandi útgjöldum ættum við ekki að vera í vandræðum með að halda úti litlum þyrluflota sem væri alltaf til taks þegar kallið kemur. Það mætti kannski fækka þessum sendiráðum til að borga björgunarflotann. Ég skora á Björn Bjarnason að spýta í lófana og klára þessi mál. Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, mætti líka taka sig á. Að lokum vil ég minna á að það verður alltaf flugstjóri sem ákveður hvort hægt sé að sinna tilteknu björgunarflugi eða ekki. Ekki blanda læknum í þá ákvörðunartöku. Aðalmálið er að ná í sjúklinga hratt og örugglega og koma þeim undir læknishendur.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Miele

Þriggja hæða uppþvottavél

Miele uppþvottavélin er sú eina sinnar tegundar sem búin er þriðju hæðinni fyrir hnífapör, þar sem hnífapörum er raðað í grind fyrri ofna diska og glös.
Miele hugsar fyrir öllu.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele uppþvottavélar.

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

# MAX fimmtudagur

## Velkomin í Holtagarða og Kauptún



**Dúndur TILBOÐ**

# 29.989 kr.

Fullt verð ~~39.989~~

**Sparaðu 10.000**

### Þvottavél

**Euroline WME1000**
1000 snúninga og 5kg þvottavél • Vinding 500 og 1000 snúninga • Hitastillir 30-90° • Hurðaropnun 30sm • Ullarkerfi, Skolstopp og hraðkerfi • Þvotthæfni A • Orkunýtni A • Vinduhæfni C • Stærð (bxhxd): 60x85x60sm

## Dæmið er einfalt! Hlutirnir eru ódýrari í Max

# Opið til kl. 22 í kvöld

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI


Þráðlaus sími með SKYPE
2.989kr.
Fullt verð 6.999
Doro 635ipw
• Samsettur þráðlaus og Skype sími • Sýnir númer sem hringir • 6 stillanlegir hringitónar • Endurval í síðustu 10 númer • 50 númer í skrá • Fjöldi Skype stillinga • Skype voicemail indicator • 10 tímar í notkun - 100 í bið
Sparaðu 4.000
Sparaðu 1.000
Krullujárn
Philips HP4654
Keramik krullujárn • LCD skjár • 7 hitastillingar (100-160°C) • 2,2m snúra
3.989kr.
Fullt verð 4.989
Sléttujárn
Sparaðu 1.000
Philips HP4661
Keramik sléttujárn • Nær 180°C hitastigi • Plötur með keramik húð • Tekur aðeins 3 mín. að hitna
3.989kr.
Fullt verð 4.989
Kaffikanna
Philips HD7446SV
900w kaffivél • 1,3 lítra • Dropastoppari
2.989kr.
Brauðrist
OBH232
800w brauðrist • Mylsnubakki • Stáláferð
Sparaðu 1.000
2.489kr.
Fullt verð 3.489
Dæmið er einfalt – hlutirnir eru ódýrari í Max
Hrærivél
Kenwood KM260
4,3l hrærivél - Prospero • 600w mótor • 4,3 lítra skál úr ryðfríu stáli • Blandari fylgir • Hraðastillir • Þeytari, hnoðari og hrærari fylgir • Gagnvirkur CD-ROM fylgir með 90 uppskriftum og á 11 tungumálum • Litur: Hvít með burstað málm framhlið
19.989kr.
Frystikista
Scancool SB115
110 lítra frystikista • Orkunýting C • Frystigeta 6.5kg. á sólarhring • Mál (hxbxd): 86x55x5sm
19.989kr.
Fullt verð 24.989
Sparaðu 5.000
MAX RAFTÆKI
Opið til kl. 22 í kvöld
Tilboðin gilda til 27. 02. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.







# allt



HÚSGAGNA LAGERSALA

Verðdæmi:
Leðursófasett áður 239,000 kr
Nú 119,900 kr

Hornsófar tau áður 198,000 kr
Nú 103,000 kr

Tungusófar
verð frá 85,900 kr

ALLTAF BESTA VERÐIÐ

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Útlitsgölluð húsgögn
- Svefnsófar -áklæði að eigin vali

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510
Opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16



Melkorka keypti jakkann á götumarkaði í Amsterdam en það er alls kostar óljóst hvaðan hann er upprunninn.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fer sínar eigin leiðir

***Flautuleikarinn Melkorka Ólafsdóttir er hrifin af vönduðum og kvenlegum fötum en lætur tískubylgjur lítið á sig fá.***

Melkorka hefur sjaldan fylgt sérstökum bylgjum eða tískustraumum heldur farið sínar eigin leiðir í fatavali. „Mér hefur stundum verið strítt á því að ég sé voðalega góð í því að finna flíkur sem enginn annar rekst á í ólíklegustu búðum,“ segir hún. Hin síðari ár er hún orðin pínulítið veik fyrir kvenlegum og vönduðum fötum, jafnvel handunnum. „Ég hef minni og minni þolinmæði fyrir óvönduðum flíkum sem skemmast um leið.“

Fyrir nokkrum árum fann hún forláta jakka á götumarkaði í Jordaan-hverfinu í Amsterdam þar sem hún var við nám. „Mér fannst hann mjög fallegur og óvenjulegur en það er óljóst hvaðan hann kemur.“ Melkorka segir engin merki vera á jakkanum en hún heldur að hann geti verið frá Suður-Ameríku og jafnvel frá Austur-Evrópu.

„Ég mundi segja að þetta væri mjög vandaður jakki. Hann er svartur í grunninn en þó alsettur litríku munstri. Svo er hægt að snúa honum við og þá verður hann ennþá litríkari,“ lýsir Melkorka en hún gengur mikið í rauðu, grænu og bláu. Hún kaupir megnið af fötum sínum erlendis enda í góðri aðstöðu til þess. Hin síðustu ár hefur hún verið við flautunám í Amsterdam, London og París en er núna búsett í London.

Síðastliðinn mánuð hefur Melkorka þó verið á landinu og leyst af sem flautuleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þá hefur hún verið í upptökum fyrir Ríkisútvarpið en hún var, ásamt Víkingi Ólafssyni píanóleikara, valin fulltrúi Íslands í tónlistarkeppni evrópskra útvarpsstöðva.

Næst er Melkorka svo væntanleg til landsins í apríl til að spila á útgáfutónleikum kammersveitarinnar Ísafoldar.

*vera@frettabladid.is*





**Tískan** fer alltaf í hringi og stundum er líka bara allt í tísku. Þá er tilvalið að fara í gegnum skápana og finna eitthvað fallegt sem hefur ekki verið notað lengi.


**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
**Tana® Cosmetics**

**NÝTT!!**
**Plokkari með ljósi**





SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR




**NÝTT**
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol

Flexitol

Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum, Ásdísar í GB. Spar, Þín verslun Kópavogi, Fjarðarkaup HFJ og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur.



*Heimagallar*
*Kr. 4.500.-*
www.vefta.is
Vefta
Tískuföt Hólagarði
s: 557 2010


# Skotheldar í gráu

***Það getur stundum verið erfitt að átta sig á ráðandi tískustraumum. Sérstaklega nú á dögum þegar svo margt virðist „leyfilegt“.***

Þá getur verið gott að taka einn snúning um Hollywood en skutlurnar á þeim bænum fylgjast yfirleitt vel með tískunni og gefa okkur hinum tóninn.

Nú í febrúarmánuði virðist grái liturinn ráðandi í bland við hvítt og svart. Stöku rauður og bleikur sést í fylgihlutum.

Liturinn er ef til vill í réttu samræmi við árstíðina og eflaust er von á meiri litadýrð með hækkandi sól. Sé tekið mið af stjörnunum ætti grár skokkur eða kjóll í styttra lagi að vera nokkuð skotheldur eitthvað fram á vorið.

*vera@frettabladid.is*



Keeley Hawes á heimsfrumsýningu „The Bank Job“ í London um miðjan mánuðinn. Hún er klædd laufléttum gráum skyrtukjól sem er tekinn saman í mittið.



Lindsay Lohan í óvenjulegum kjól sem minnir um margt á einhvers konar flugutegund. Svörtu, gráu og hvítu litirnir tóna vel saman og útkoman er hreint glæsileg.

Leikkonan Rachel Weisz mætti á frumsýningu „Definitely, Maybe“ í New York í þessum gráa dragtarkjól. Rauða beltið og skórnir í stíl setja punktinn yfir i-ið.

Lucy Liu í svörtu, hvítu og gráu sem klikkar seint. Sniðið er óvenjulegt og slaufan gefur skemmtilegan svip.

Leikkonan Natalie Portman í skyrtuskokk með hlébarðamunstri. Skokkurinn er í styttra lagi, tekinn saman í mittið en þrengir annars hvergi að. Slíkir skokkar virðast vinsælir um þessar mundir.




Olympia
ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
Olympia í Mjódd s. 553-3600 • Olympia á Akureyri. s. 462-7155
olympia@olympia.is

C&C CASH & CARRY
GRÍÍÍÍÐARLEGT ÚRVAL FYRIR ALLA Í FJÖLSKYLDUNNI

**Síðustu dagar fyrir lokun**
Allt á **75%** afslætti.



C&C CASH & CARRY
**Faxafen 14**
sími: 554 0655 - candc@simnet.is - www.cogc.is
opið: 10-18 virka daga - Lau 11-16

**allt matur**
Alla föstudaga



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Í leit að „svörtum seðlum“ í landi Pútíns

Heimsmyndin hefur breyst frá hruni Berlínarmúrsins og frelsi austantjaldslandanna. Síðustu áratugi hefur Asíulöndum sömuleiðis vaxið fiskur um hrygg og hluti af íbúum þessara landa hefur nú úr miklum fjármunum að spila. Þessi breytta heimsmynd hefur mikil áhrif á lúxusiðnaðinn hér í Frakklandi. Ekki veitir af því það er ekki hægt að búast við því að Frakkar sleppi sér lausum í tískuhúsunum í París um þessar mundir með efnahagslífið hér í sögulegri lægð.

Í Moskvu, þar sem frægasta stóra magasín landsins, Goum, er, var áður seldur þurrkaður fiskur og vodka. Nú eru það Vuitton, Dior, Lanvin og Cartier sem hafa tekið yfir og meira að segja kristalsfyrirtækið Baccarat hefur komið sér fyrir í Moskvu síðan í janúar í gömlu apóteki í miðborginni sem Philippe Starck hefur innréttað.

Í tíu ár hafa frönsku tískuhúsin verið á uppleið í Rússlandi og var velta þeirra 600 milljónir evra árið 2006. Veltan var reyndar einn og hálfur milljarður í Kína en hækkar um 30-60 prósent í Rússlandi á ári. Samkeppnin er hörð en frönsku fyrirtækin nýta sér sögulega tengingu við rússneska aðalinn á 18. öld við Frakkland og orðspor Parísar sem tískuborgar gegn ítölsku fyrirtækjunum eins og Prada og Gucci. Sem dæmi um þetta mátti sjá sýningu í Sankti Pétursborg á síðasta ári á listmunum undir heitinu „Þegar Rússland talaði frönsku“, það var Musée Pouchkine með sýningu helgaða lífi Coco Chanel og Cartier setti nýlega aðsóknarmet með sýningu á skartgripum frá 20. öld.

Í fyrstu komu nýríku Rússarnir til Parísar að versla og gera reyndar enn, ekki síst til að ná sér í varning sem ekki er að finna í tískuhúsunum í Moskvu. Sífellt fleiri Rússar í millistétt geta nú leyft sér að kaupa eina og eina fína tösku eða kjól, laun hafa hækkað, skattar eru einungis 13 prósent og launatengd gjöld þekkjast varla. Margir eignuðust ódýrt húsnæði á árunum eftir 1990 þegar mikið var um einkavæðingu og hafa því úr talsverðu að spila. Ekki er heldur hægt að neita því að rússneska mafían ræður yfir gífurlegu fjármagni og sjást Rússarnir oft, bæði hér í París sem og heima fyrir, greiða fyrir lúxusvarninginn í reiðufé sem vissara er að láta liggja milli hluta hvaðan kemur.

Síðasta gullæðið í Rússlandi er svo í kringum franska vínið sem verður sífellt vinsælla og að sjálfsögðu nú selt í vínkjöllurum í Moskvu. Nú er hægt að kaupa jafnt Bordeaux sem Bourgogne á fleiri þúsundir evra flöskuna og það selst vel.

Í París er æ algengara að útlendingar, meðal annars Rússar, kaupi sér fínar íbúðir í dýrustu hverfum Parísar til að eiga sér athvarf í menningar- og tískuborginni og geta verslað.

*berg75@free.fr*

# Ilmlaus vetrarblóm

KAMILLUBLÓMIÐ ER TÁKN OG INNBLÁSTUR VETRARLÍNU CHANEL Í FÖRÐUNARVÖRUM.

Þeim Dominique Montcourtios og Heidi Morawetz hjá Chanel-tískuhúsinu varð kamilleblómið að andagift fyrir veturinn sem nú ræður ríkjum, en það er einmitt sama blómið og Mademoiselle Chanel valdi sjálf sem tákn ilmvatna sinna í eina tíð. Í dag er val hennar á þessu ilmlausa blómi enn stór ráðgáta, en getgátur eru uppi um að aðalsöguhetjan í Kamillufrú Alexandre Dumas eða La Traviata Verdis hafi orðið henni að innblæstri.

Hin spennandi vetrarlína Chanel inniheldur meðal annars Star Product sem aðeins kemur í takmörkuðu upplagi og er eitthvað sem sannur Chanel-aðdáandi vill alls ekki missa af.




vísir.is
„...ég sá það á vísi“

NÝJA GERRY WEBER LÍNAN KOMIN



BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422



ÚTSALA

Pelskápur 26.900 kr NÚ 5.900 kr
Vattkápur 19.900 kr NÚ 5.900 kr
Úlpur 17.900 kr NÚ 5.900 kr

...og mörg fleiri tilboð.

ATH Ný sending af dúnkápum
Kr 25.900 5 síddir.

Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6, s. 588 5518

Opið:
Laugardaga 10-16
SUNNUDAG 12-16



Ný sending

Guðrún Tískuhús
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

TILBOÐSDAGAR

Dagana 20. febrúar - 1. mars
eru tilboðsdagar í Atson
Frábært úrval af leður- og roðvörum
með 15 - 70 % afslætti
Komdu og gerðu góð kaup!

OPNUNARTÍMI Á TILBOÐSDÖGUM
mán. - föst. 8.00 - 18.00
fim. 8.00 - 19.00
laugard. 12.00 - 16.00

Atson
Atson • Brautarholti 4 • s. 561-0060 • www.atson.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

**Koddinn** er mörgum kær og mikilvægt fyrir þá sem finnst gott að sofa að eiga góðan kodda. Hægt er að fá alls konar kodda og hver verður að finna út fyrir sig á hvernig kodda hann hvílist best.




vísir.is
"...ég sá það á vísi"

LOFTHREINSITÆKI
-betra loft -eyðir ryki
-dregur úr ofnæmisvökum
Verð frá 5.990
ís-húsið

ENDURNÆRANDI JÓGA HELGI
1. - 2. og 8. - 9. mars
Stöður - Öndun - Hugleiðsla
Fyrirlestrar - Hreinsun - Kyrjun
Gönguferðir
ICELANDYOGA.COM
WELLNESSICELAND.COM
Hugljómun og heilsa með Fosshótelum
Fosshóteli Reykholti
Jóga er lífsstíll
Bókanir og upplýsingar í síma 435 1260

Borðaðu þig granna(n)
Íslensku Vigtarráðgjafarnir
Nánari upplýsingar
Sími 865-8407
www.vigtarradgjafarnir.is

KIDS
Kids línan miðar að því að gera þvott skemmtilegan fyrir börn, líflegu útliti og góðum ávaxtailm. Vörurnar eru sérstaklega þróaðar fyrir viðkvæma húð og hár barna.
Kids 2 in 1 Shampoo, Kids Bath & Shower, Kids Conditioner, Kids Shampoo
Dr Fischer
Fæst í apótekum og verslunum um land allt.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




Lilja Steingrímsdóttir kynntist öndunarjóga í Sviss fyrir tæplega fjórum árum og býður nú Íslendingum til leiks. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mannleg gildi mikilvæg

***Alþjóðlegu samtökin The Art of Living bjóða öndunarnámskeið á Íslandi.***

Mannrækt er í hávegum höfð hjá samtökunum The Art of Living sem voru stofnuð í Indlandi árið 1982. Lilja Steingrímsdóttir hjúkrunarfræðingur kynntist samtökunum fyrir tæplega fjórum árum í Sviss.

„Ég var að ganga í gegnum harða tíma, eins og gengur og gerist í lífinu. Þá kom öndunarnámskeið samtakanna upp í hendurnar á mér og hjálpaði mér mikið," segir Lilja og bætir við að fræðin hafi varðveist í Indlandi í yfir fimm þúsund ár. „Samtökin vinna í sjálfboðastarf og tengjast engum trúarbrögðum. Markmiðið er að hlúa að mannlegum gildum og allur ágóði rennur til skóla fyrir munaðarlaus börn í þriðja heiminum," segir Lilja.

Á námskeiðinu er farið í gegnum slökun og þrenns konar öndunaræfingar. „Með æfingunum er hægt að ná betri tökum á stressi hversdagsleikans og auka andlega og líkamlega vellíðan, sem meðal annars stuðlar að betri svefni. Æfingarnar henta öllum sem vilja auka lífshamingjuna," segir Lilja sem sjálf í kennaranámi hjá samtökunum.

„Samtökin hafa strangar reglur og þeir sem vilji kenna verða hafa stundað þetta í 2 ár. Síðan er hægt að sækja kennaranámskeið sem ég er að taka núna," segir Lilja, en fram undan eru námskeið á Íslandi. „Við vorum með eitt námskeið í fyrra og ætlum að bjóða annað núna," segir Lilja. Námskeiðið hefst 28. febrúar og varir til 4. mars. Nánari upplýsingar eru hjá Lilju í síma 692 8302 eða á netfanginu:hjartanslist@yahoo.com.

*rh@frettabladid.is*




Róðaravél Infiniti R100
Alsjálfvirkt loft- og seguldviðnám
Stór LCD skjár
15 sjálfvirkar aðgerðir á skjá
3 púlstengdar aðgerðir
Sterkur álrammi
Hægt að brjóta saman fyrir geymslu

69.930
verð áður 99.900

GAP
WWW.GAP.IS
FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 10-14

# Þörfin fyrir læknisaðstoð meiri eftir vinnu

***Læknavaktin í Kópavogi tók á móti rúmlega sextíu þúsund manns í fyrra. Aukningin er gríðarleg og forsvarsmenn segja helstu ástæður samfélagslegar breytingar.***

„Læknavaktin á sér raunverulega áttatíu ára sögu því forveri hennar er gamla bæjarvaktin í Reykjavík sem var stofnuð árið 1928,“ segir Atli Árnason, lækningaframkvæmdastjóri Læknavaktarinnar við Smáratorg í Kópavogi.

Læknavaktin var stofnuð í núverandi mynd árið 1986 og er að sögn Atla vaktþjónusta fyrir Reykjavík og nágrannabæi. „Gamla bæjarvaktin sinnti aðeins höfuðborgarbúum en með þróun þéttbýlissvæðisins var tekin sú ákvörðun að stækka þjónustusvæðið árið 1998 og bæta við Hafnarfirði og Garðabæ. Þá hafði Kópavogur haft aðgang í þó nokkurn tíma,“ útskýrir Atli, sem segir þá þróun hafa orðið til þess að vaktin flutti í Kópavogi til að vera miðsvæðis á þjónustusvæðinu sem nær til 196.000 manns.

Aðsókn á vaktina hefur aukist gríðarlega frá því hún flutti á Smáratorg því seinasta heila árið í Heilsuverndarstöðinni komu þangað 18.000 sjúklingar en árið 2007 komu rúmlega 61.000 að sögn Atla. „Mín tilfinning er sú að samfélagsbreytingar séu helsta orsök. Það er enginn heimavinnandi lengur og erfitt fyrir marga að hlaupa úr vinnu á daginn. Fólk virðist hafa meiri þörf fyrir að komast til læknis utan dagvinnutíma vegna ýmissa óvæntra uppákoma í heilsufari þegar því hentar,“ segir Atli. Svo eru alltaf einhverjir sem hafa engan aðgang að annarri þjónustu.

Rúmlega áttatíu læknar starfa á Læknavaktinni, allt sérfræðingar í heimilislækningum sem einnig starfa á heilsugæslustöðvum á dagvinnutíma. Vaktin er opin frá fimm á daginn til hálftólf á kvöldin, auk þess sem opið er um helgar og á helgidögum frá níu til hálftólf að sögn Atla. Hann tekur einnig fram að á Læknavaktinni sé rekin umfangsmikil símaþjónusta þar sem hjúkrunarfræðingur situr fyrir svörum frá fimm á daginn til átta á morgnana og allan sólarhringinn um helgar. Þar er einnig hægt að fá samband við lækni ef nauðsynlegt þykir. Heimavitjanir hefur Læknavaktin einnig á sinni könnu en Atli segir að farið sé í sjö þúsund vitjanir á ári. „Við metum hvert tilfelli þegar óskað er eftir vitjun. Stundum á fólk kost á því að koma til okkar, ef ekki erum við með bíl og þá kemur sér vel að vera miðsvæðis. Þeir sem þurfa á vitjun að halda eru oft eldra fólk og farlama eða yngra fólk sem er hreinlega of veikt til að komast á Læknavaktina,“ segir Atli og bætir við að um 5 prósent sjúklinga séu send áfram á hátæknisjúkrahús á hverju ári. Flestir sjúklingar sem nýta sér þjónustu vaktarinnar um þessar mundir eru með flensu og ýmsa smitsjúkdóma en annars sveiflast tilfellin eftir árstíðum og eru bæði mörg og misjöfn; allt frá tiltölulega einföldum málum upp í alvarlega lífshættulega sjúkdóma sem þarfnast réttra og skjótra viðbragða að sögn Atla. *rh@frettabladid.is*


Læknavaktin á Smáratorgi í Kópavogi er vaktþjónusta fyrir Reykjavík og nágrannabæi.


Hægt er að skrifa undir áskorun um jafnan rétt kvenna til krabbameinsleitar á netinu.

## Vilja betri forvarnir

***Um 2,4 prósent Íslendinga hafa skrifað undir áskorun um jafnan rétt evrópskra kvenna til krabbameinsleitar.***

Á slóðinni www.cervicalcancerpetition.eu er hægt að skrifa undir áskorun um að allar evrópskar konur njóti sama réttar til bestu fáanlegra forvarna gegn leghálskrabbameini. Undirskriftirnar eru orðnar rúmlega 144 þúsund, frá þrjátíu Evrópuþjóðum, þar af 7.430 frá Íslendingum sem eru 2,4 prósent íslensku þjóðarinnar. Íslendingar eru því í efsta sæti þeirra þjóða sem skrifað hafa undir áskorunina en í næstu sætum eru Króatía með 0,9 prósent og Portúgal með 0,6 prósent. *- eö*


HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA



Heimsins minnstu heyrnartæki koma frá ReSound . . . . . . . . . . . . . .

Dot er góður punktur
fyrir þá sem vilja heyra vel.

Þessi punktur er agnarsmátt heyrnartæki sem með nýjustu tölvutækni bætir við heyrnina þeirri tíðni sem notandinn hefur tapað. Hringdu og láttu okkur fræða þig meira um þessa undraverðu tækni.

dot by ReSound

HEYRNARMÆLINGAR
HEYRNARVERND

HEYRNARTÆKI
RÁÐGJÖF

**Nánari upplýsingar www.heyrn.is - Tímapantanir í síma 534 9600**
**Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyrn@heyrn.is**





**Teppi** er gott að eiga til þess að grípa til ef hrollur er í einhverjum á köldum vetrarkvöldum. Ef teppin eru falleg geta þau vel prýtt sófann þegar þau eru ekki í notkun en annars má bara geyma þau inni í skáp.


# Sófalist



Spönsku gardínurnar komnar



Sófaáklæði, mikið úrval



Glæsileg spönsk rúmteppi



Leigjum út stólaáklæði fyrir veislur

Sófalist, Garðatorgi Garðabæ S. 553 0444, www.sofalist.is


# Fögur ásýnd

*Útidyrahurðin er andlit hússins. Hún segir svo margt um íbúana. Eins og spegill hússálarinnar.*

Mikið úrval er til af alls kyns útihurðum, en útihurð úr áli er nýlegur og spennandi kostur. Það er GH ehf. í Garðabæ sem flytur inn fagurt og fjölbreytt úrval hágæða útihurða frá austurríska framleiðandanum Internorm sem í meira en sjö áratugi hefur framleitt glugga- og hurðakerfi eftir ströngu gæðaeftirliti sem skilar sér í vandaðri vöru með 30 ára ábyrgð.

Internorm-útihurðirnar koma í þremur flokkum: Portal og Planea eru gerðar úr áli, en Selection-línan er úr áli og við. Hurðirnar eiga það sameiginlegt að veita mjög góða hljóð- og varmaeinangrun, sem og trausta vörn gegn innbrotum. Hurðirnar eru afar sterkar og sérsmíðaðar eftir málum, í miklu úrvali útfærslna, lita, áferða og glerja.

Sjá nánar á www.gh.is eða www.internorm.com.

*thordis@frettabladid.is*



Brún með sígildum áhrifum í bland við nútímann.



Töffaraleg en látlaus fyrir naumhyggjufólkið.



Frumleg og skáskorin með glerlistaverki í gluggum.



Gamaldags, hvít með rómantískum antík áhrifum.



Nútímaleg með gluggum fyrir fólk af öllum stærðum til að gá til gesta.


# 2 fyrir 1

## á skíði til Austurríkis

23. febrúar og 1. mars

frá kr. 19.990



**Síðustu sætin**

Heimsferðir bjóða frábær tilboð á síðustu sætunum á skíði í Austurríki í febrúar og mars. Bjóðum vikuferðir 23. febrúar og 1. mars; frábær sértilboð á flugsætum og frábær tilboð á flugi og gistingu. Þú bókar tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Tryggðu þér skíðafrí á besta verðinu og bókaðu strax. Mjög takmarkað framboð flugsæta.

Verð Kr. 19.990
Flugsæti með sköttum. 23. febrúar eða 1. mars. Netverð á mann.

Verð Kr. 49.990
Flug og gisting í viku
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á gististað "án nafns" í Zell am See / Schuttdorf / Lungau með morgunverði í 7 nætur (sjá skilmála "stökktu tilboðs"). Sértilboð 23. febrúar og 1. mars.

Verð Kr. 59.990
Vikuferð með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Skihotel Speiereck *** í Lungau með hálfu fæði í 7 nætur. Sértilboð 1. mars.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.





Tré

# STIGAR

Allar mögulegar gerðir og stærðir smíðað eftir óskum hvers og eins

Einnig: Innihurðir, Harmonikkuhurðir Fullningahurðir, Útihurðir, Gerefti Gólflistar og margt fleira

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

Vönduð vara og hagstætt verð.....



Stál

Gler

Ryðfrítt




## Mánuður í páska

EFTIR SLÉTTAN MÁNUÐ VERÐUR AFTUR KOMIN HÁTÍÐ Í BÆ MEÐ KÆRKOMNUM FRÍDÖGUM, SÚKKULAÐI, BLÓMUM OG FEGURÐ.

Tímann fær ekkert stöðvað og í annríki daganna vill gleymast að sinna því sem setur punkt yfir i-ið þegar hátíðleikinn bankar upp á. Ekki láta undir höfuð leggjast að rifja upp boðskap upprisuhátíðarinnar á komandi vikum, en sýndu líka forsjálni í gerð páskaskreytinga. Nú er líka tími til að sérpanta súkkulaðiegg til að fela í sér óvænta ástargjöf eða persónulegan málshátt til þess sem þú elskar.

*- þlg*


White-Westinghouse



# ÞVOTTAVÉL

- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.strond.is

STRÖND




# hafnarfjörður

FIMMTUDAGUR 21. FEBRÚAR 2008

## Bærinn í hrauninu

**Á hundrað árum hefur íbúum Hafnarfjarðar fjölgað úr 1.469 í rúmlega 24 þúsund.** BLS. 2





Fréttablaðið/Anton





Kjúklingur í chili og engifer. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Klassísk taílensk matargerð

**Á veitingastaðum Síam í Hafnarfirði er boðið upp á fjölbreytt úrval taílenskra rétta.**



Á Síam vinna nú kokkar frá ýmsum þjóðlöndum. Hér sjást þeir Audrius Dubinskas og Joao Portilheiro að störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hér er boðið upp á klassíska, taílenska matargerð, sem hefur ekki orðið fyrir miklum vestrænum áhrifum,“ segir Einar Örn Einarsson, annar eigenda Síam, eins vinsælasta asíska veitingastaðar Hafnarfjarðar.

Síam er að sögn Einars elsti asíski veitingastaðurinn á Íslandi, stofnaður fyrir 23 árum og upphaflega rekinn í Ármúlanum undir heitinu Bangkok af taílenskum matreiðslumeistara með meira en þrjátíu ára reynslu í taílenskri matargerð. Staðurinn fékk nýtt heiti, Síam, þegar starfsemin var flutt á Skólavörðustíg á tíunda áratugnum og það hélst eftir að hann var opnaður í Hafnarfirði árið 2001.

Fyrir hálfu ári keypti Einar síðan Síam með Emil Helga Lárussyni, og voru félagarnir sammála um að fylgja þeirri línu sem fyrri eigendur höfðu lagt upp með og bjóða áfram upp á klassíska, taílenska rétti og gera gott betur með því að bæta við nokkrum réttum á matseðilinn. Þar á meðal ýmsum súpum.

„Já, við ætlum að halda þeirri stefnu og bjóða ekki upp á einhverja útvatnaða taílenska rétti,“ segir Einar og er sáttur við ákvörðunina, þar sem viðskiptavinum staðarins hefur jafnt og þétt farið fjölgandi á því hálfa ári síðan eigendaskiptin áttu sér stað. „Svo hefur okkur líka tekist að halda í gömlu kúnnana,“ bætir Einar við og finnst það til marks um að tekist hafi að viðhalda þeim gæðastaðli sem staðurinn er þekktur fyrir.

Á staðnum starfa nú kokkar frá ýmsum þjóðlöndum og voru tveir þeirra, Audrius Dubinskas og Joao Portilheiro, svo vinsamlegir að elda og láta í té uppskriftir að kjúklingi í chili og engifer, fyrir lesendur Fréttablaðsins. - rve

## KJÚKLINGUR Í CHILI OG ENGIFER

örlítið af canola-olíu
1 1/2 msk. hvítlaukur
2 msk. chili
200 g kjúklingabringa
50 g bambus
50 g grænar baunir
1 tsk. sykur
örlítið af fiskisósu
5 sneiðar rauð paprika
10 þunnar sneiðar af fersku engifer
225 ml vatn

**Aðferð:**
Skerið kjúkling niður í þunna bita. Myljið chili og hvítlauk niður. Skerið papriku og engifer í langar mjóar ræmur. Hitið olíu á pönnu. Snöggsteikið hvítlauk og engifer í heitri olíunni. Bætið kjúklingi út í og snöggsteikið. Bætið vatni út í og eldið kjúkling upp úr því. Bætið fiskisósu, sykri, bambus og grænum baunum út í. Sjóðið allt saman þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn. Takið pönnu af hita og bætið engifer og papriku í. Þá er rétturinn tilbúinn.



Síam hefur verið rekinn í Hafnarfirði frá árinu 2001 en staðurinn var stofnaður árið 1985 og er því elsti asíski veitingastaður á Íslandi.



Þessi mynd er tekin vestur yfir bæinn ofan af Hamri árið 1906. MYND/BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR

# Hafnarbærinn í hrauninu

**Í ár eru 100 ár liðin frá því að Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi. Góð hafnarskilyrði ásamt úfnu hrauni allt í kring einkenna bæinn og er hann af mörgum talinn með fallegustu bæjum landsins.**



Séð vestur eftir Strandgötunni, sem er aðalgöngugata bæjarins, snemma á öðrum áratug 20. aldar. MYND/BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR



Frá gömlu hafskipabryggjunni þar sem Bæjarútgerð Hafnarfjarðar var síðar reist. Myndin er tekin upp úr 1930. MYND/BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR

Fyrstu heimildir um Hafnarfjörð eru frá því um 1400, þegar kaupskip hófu að sigla þangað. Staðarins er þó getið í Landnámabók.

Í kringum 1470 hófu þýskir kaupmenn að versla á Íslandi. Þeir voru nefndir Hansakaupmenn og tilheyrðu Hansasambandinu sem var stórt verslunarsamband. Því var stýrt af þýsk-austurrískum kaupmönnum og aðli.

Fyrsta Hansaskipið kom til Hafnarfjarðar árið 1471. Oft sló í brýnu á milli þýskra kaupmanna og Englendinga sem einnig keyptu vörur hér á landi. Þjóðverjar urðu umsvifameiri í kaupum á íslenska fiskinum og á sextándu öld náðu þýskir Hansakaupmenn yfirhöndinni yfir viðskiptunum. Þá varð höfnin, sem bærinn er kenndur við, ein stærsta verslunarhöfn landsins með blómlegri útgerð.

Bjarni Sívertsen hóf verslun í Hafnarfirði árið 1794 en hann var einn þekktasti íslenski kaupmaðurinn. Hann fékk nafnbótina Bjarni riddari eftir að hafa hlotið aðalstign hjá danska konunginum. Hann var brautryðjandi á Íslandi í innlendri verslun og útgerð og hefur verið nefndur faðir Hafnarfjarðar.

Hafnarfjörður var í örum vexti mestalla nítjándu öldina sem rekja má til þess hversu gjöful fiskimiðin voru og hafnarskilyrðin góð. Fyrsti togari Íslendinga, Coot, var gerður út frá bænum á árunum 1905-1908. Ketilinn úr togaranum er að finna við hringtorgið þar sem Reykjavíkurvegur, Strandgata og Vesturgata í Hafnarfirði mætast.

Framan af heyrði Hafnarfjörður undir Álftaneshrepp en eftir skiptingu hreppsins, árið 1878, var bærinn hluti af nýmynduðum Garðahreppi.

Árið 1908 fékk Hafnarfjörður kaupstaðarréttindi en þá bjuggu 1.469 manns í bænum. Fyrsti bæjarstjórinn var Páll Einarsson sem síðar varð fyrsti borgarstjóri Reykjavíkur.

Í byrjun einskorðaðist byggð bæjarins að mestu leyti við höfnina, þar sem miðbærinn er í dag, en þó voru bújarðir í landi hans. Það sem einkenndi landslag bæjarins og gerir enn er hraunið allt í kring. Nýjasta byggð Hafnarfjarðar er á Vallasvæðinu en Hvaleyrarholt, Ásland og Setberg eru einnig tiltölulega nýbyggð hverfi.

Lengi vel var sjávarútvegur aðalatvinnugrein bæjarins. Nokkur öflug útgerðarfyrirtæki voru í bænum og má þar nefna Bæjarútgerðina og Íshúsið. Á síðari hluti tuttugustu aldar dró þó úr útgerðinni og atvinnuhættirnir breyttust.

Í dag er Hafnarfjörður að mestu leyti þjónustu- og iðnaðarbær. Stærsti atvinnurekandinn er Alcan sem rekur álverið í Straumsvík. Þá er hægt að sækja alla almenna þjónustu í bænum en þar er heilsugæsla, spítali, verslanir, bankar, veitingastaðir og gististaðir. Í bænum eru einnig fjölmargir leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar ásamt öflugu íþrótta- og tómstundastarfi. Í desember 2007 voru íbúar bæjarins 24.839 talsins og er Hafnarfjörður þriðja stærsta bæjarfélag landsins.

Aðeins eitt útgerðarfélag, Stálskip, er eftir í bænum en engin fiskvinnsla. Töluvert er þó af línubátum og trillum og gegnir höfnin enn viðamiklu hlutverki og er stór uppskipunarhöfn. - ve

GLER · GLUGGAR · HURÐIR · SÓLSTOFUR · SVALALOKANIR · SPEGLAR

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ AÐ KOSTNAÐARLAUSU 565 0000



## STÆRRI OG STERKARI

Á dögunum keyptu eigendur PGV ehf. Glerborg ehf. og Gler og Spegla. Glerborg ehf. hefur verið starfandi í 37 ára og hefur verið leiðandi á íslenskum markaði í framleiðslu einangrunarglers. Á síðasta ári sameinaðist PGV ehf. við Glugga og Glerhöllinni á Akranesi en þar hefur verið framleitt gler í 61 ár og einnig PVC-u glugga síðustu 3 árin.

PGV ehf. hefur frá stofnun fyrirtækisins sérhæft sig í smíði á viðhaldsfríum gluggum, hurðum, sólstofum og svalalokunum úr PVC-u. Sameinuð fyrirtæki munu starfa undir merkinu Glerborg PGV. Við samrunann verður til einstakt og gríðarlega öflugt fyrirtæki á íslenskum byggingamarkaði með fjölbreyttar lausnir á öllu sem tengist gleri og gluggum.

Glerborg PGV ehf. Dalshraun 5, Hafnarfjörður, Sími: 565 0000 | Ægisbraut 30, Akranes, Sími: 456 2000 | Val ehf. Höfða 5c, Húsavík Sími: 464 2440 Gsm: 894 1804

GLERBORG PGV

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR



**Hafnarfjörður býður upp á marga útivistarmöguleika, bæði golfvelli, fjallgöngur og dásamlega sundlaug. Í góðu veðri er yndislegt að ganga upp á Ásfjall og hringinn í kringum Hvaleyrarvatn, þar sem finna má fjölbreytt fuglalíf, en gangan tekur um klukkustund.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Draumadagur í Hafnarfirði

**Í hugum margs Íslendings er Hafnarfjörður fegursti kaupstaður lýðveldisins með sitt skringilega hraunlandslag, himinháu brekkur, gömlu hús, aflaskip í höfninni og heimilislegt mannlíf. Enda víst að tíminn líður hratt í gleði og nánd þess sem hafnfirskt er.**

Það ætti að vera ásetningur allra sem ekki hafa enn kynnt sér dásemdir Hafnarfjarðar að vakna upp á fallegum morgni til þess eins að upplifa draumadag ævintýra og vellystinga í einstæðu og forkunnar fögru bæjarstæði Hafnfirðinga. Af nógu er að taka og öruggt að dagur dugar ekki til, en þá er bara að drífa sig aftur og aftur, til að njóta og drekka í sig dásemdir Hafnarfjarðar.



**Siggubær í Hafnarfirði veitir innlit aftur í tímann inn á heimili alþýðufólks á síðustu öld. Húsið er í umsjón Byggðasafns Hafnarfjarðar og opið gestum og gangandi eftir samkomulagi. Húsið er aðeins 24 fermetrar að stærð og í bænum bjó Sigríður Erlendsdóttir alla sína tíð, en hún var atkvæðamikil í verkalýðsbaráttunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Gaman er að kíkja í búðir við Strandgötuna. Veiðibúðin er ein sú besta sinnar tegundar á landinu og staðsett í fallegu, gömlu húsi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Ganga um miðbæinn svíkur engan og forvitnilegar verslanir víða. Fyrir rómantíska er upplagt að skoða hringa hjá Siggu og Tímó, en einnig að finna fágæta fornmuni til hreiðurgerðar í risastórri Antíkbúðinni við Strandgötu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Flestum finnst ómissandi að fara á kaffihúsið Súfistann í Strandgötu en andrúmsloftið er ekki síður notalegt á Kaffi Amor í verslanamiðstöðinni Firðinum. Þar má finna ægifagurt útsýni yfir höfnina og ljúffengar veitingar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Kvikmyndasafnið við Strandgötu sýnir gamlar, klassískar bíómyndir í gamla Bæjarbíói á þriðjudagskvöldum og laugardögum. Menning er ríkuleg í Hafnarfirði og mikið um góðar myndlistarsýningar í Hafnarborg og úrvalsstykki á fjölum Hafnarfjarðarleikhússins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Thorsgallerí er skyldustopp fyrir listunnendur og stendur við nýja torgið sem liggur meðfram Strandgötunni. Þar selja listakonur margvíslegt handverk sem allt er eigulegt og íðilfagurt. Ekki skemmir fyrir að hægt er að njóta ilmandi kaffis í búðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Haukar eru með eitt besta handboltalið landsins á sínum snærum og ósvikin skemmtun að koma sér notalega fyrir í nýja Haukahúsinu og gleyma sér í hafnfirskri stemmningu og spennandi leik.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**Pólverjar eru orðnir stór hluti íslensku þjóðarinnar og á pólska barnum Pologna og pólsku matvöruverslunninni er fortvitnilegur varningur, dýrindis veitingar og alúðleg þjónusta á pólsku.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Séð inn í Sigguhús, þar sem tíminn stendur í stað og allt er eins umhorfs og þegar Sigríður Erlendsdóttir bjó þar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ráðinn af systur Emanúelu

**St. Jósefsspítali við Suðurgötu í Hafnarfirði vitnar bæði um stórhug og fórnfýsi St. Jósefssystra. Árið 1926 hófu þær reksturinn í formfögru húsi sem þær fengu Guðjón Samúelsson til að teikna. Enn er þar unnið þýðingarmikið starf sem ekki fer hátt.**

Þótt nunnurnar séu hættar þjónustu á St. Jósefsspítala er hann rekinn með myndarbrag. Árni Sverrisson er forstjóri hans og einn dyggra starfsmanna. „Ég hef verið hér í 26 ár, allar götur síðan systurnar voru enn við stjórnvölinn en þær seldu ríki og bæ spítalann árið 1987,“ segir Árni og kveðst upphaflega hafa kynnst nunnunum á Landakotsspítala. Spurður í gríni hvort hann hafi orðið skotinn í þeim hlær hann og svarar. „Já, eða kannski öfugt. Ég held þær hafi orðið skotnar í mér! Pabbi hafði unnið í fjölda ára á Landakoti í alls konar reddingum og á skólaárunum var ég hjá honum á sumrin. Svo var það haustið 1980 að hann hringdi og bað mig að hitta sig. Þá var priorinnan, systir Emanúela, hjá honum og bar upp það erindi hvort ég væri tilbúinn að gerast framkvæmdastjóri St. Jósefsspítala. Ég tók slaginn.“ Fyrir þennan tíma kveðst Árni hafa rekið bókhaldsstofu í Hafnarfirði. „Ég flutti í fjörðinn 1975 og hafði því verið hér í fimm ár þegar ég byrjaði að vinna á spítalanum,“ rifjar hann upp.

Árni ber lof á starfslið spítalans og segir meðal annars staðfastan kjarna hafa unnið með honum allan tímann. „Við erum með sérhæfða sjúkrahúsþjónustu, bæði í handlækna- og lyflæknasviði, og svo var hjúkrunarheimilið Sólvangur sameinað spítalanum fyrir tveimur árum. Við erum með um 50 rúm á spítalanum og 55 á Sólvangi. Á síðustu fimmtán árum höfum við byggt upp meltingarsjúkdómadeild. Erum með fjóra sérfræðinga í þeirri grein og meðal annars er framkvæmdastjóri lækninga, Árni Theodórsson, einn frumkvöðla þess að koma upp skimun fyrir ristilkrabbameini. Á skurðlæknasviðinu erum við með sérfræðinga í kvensjúkdómum, lýtalækningum og bæklunarlækningum. Alls á fjórða tug sérfræðinga í mismikilli vinnu. Sumir eru kannski bara með einn aðgerðadag í mánuði, aðrir með tvo, þrjá í viku.“

Tvívegis hefur verið byggt við spítalann frá 1926, fyrst 1950 og aftur 1974. Göngudeildarþjónustan er beint á móti, í húsi sem nefnt er Kató. Það byggðu systurnar sem barnaskóla árið 1938. En hvaðan voru þessar konur? „Þær voru danskar og þýskar og það var skemmtilegur kúltúr í kringum þær,“ segir Árni. „Íslenskan þeirra var sterkt blönduð og það breyttist ekkert þó að árin liðu. Reyndar voru einar tvær íslenskar sem gengu í regluna og gerðust nunnur.“ Aðspurður segir Árni þrjár systranna enn meðal lifenda, búandi við Strandvejen í Kaupmannahöfn, þar á meðal systur Emanúelu sem réði hann til starfa. Hann er ekki í vafa um að andi St. Jósefssystra svífi enn yfir vötnum í sjúkrahúsinu. „Það er engin spurning,“ segir hann. „Við upplifum það margoft að einhver ósýnileg hönd leiðir okkur áfram og hjálpar.“

*- gun*



**„Við upplifum það margoft að einhver ósýnileg hönd leiðir okkur áfram og hjálpar okkur,“ segir Árni sem hér stendur við málverk af fyrsta lækni spítalans, Bjarna Snæbjörnssyni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**St. Jósefsspítali er með sérhæfða sjúkrahúsþjónustu bæði á handlækna-og lyflæknasviði.**





25ára starfsafmæli

Á Hrafnistu er tekið vel á móti öllu nýju starfsfólki sem vill starfa í þjónustu við aldraða.

Nánari upplýsingar:
Þórdís Kristinsdóttir
Forstöðumaður Hrafnistu
í Hafnarfirði
Sími 585 3000
þordis@hrafnista.is

Ingibjörg Tómasdóttir
Forstöðumaður Vífilsstöðum
Sími 599 7011
ingat@vifilsstadir.is

www.hrafnista.is

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines




**Skipulag Valla 7.**

# Mikið byggt í Hafnarfirði

Eins og flestir hafa tekið eftir sem ekið hafa í gegnum Hafnarfjörð á leið á Suðurnes eru framkvæmdir víða. Einbýlishús, fjölbýlishús og atvinnuhúsnæði spretta upp í hverfum meðfram Reykjanesbrautinni og virðist áhuginn á byggingarlandi vera nægur.

Hafnarfjarðarbær auglýsti fyrir skömmu lausar lóðir á Völlum 7. Umsóknarfrestur rann út þann 29. janúar og þá höfðu 438 einstaklingar og fyrirtæki sótt um lóðir á svæðinu en nú er unnið að því að fara yfir umsóknir.

Alls sóttu 364 einstaklingar um einbýlis- og parhús á Völlum 7. Þá sóttu 74 lögaðilar um byggingarrétt fyrir fjölbýli og raðhús.

Vellir 7 er svæði sem liggur upp að hlíðinni sunnan og vestan í Ásfjalli. Það er í hlíð sem hallar mót suðri og liggur í skjóli fyrir norðan- og austanáttum. Einbýlishús verða efst í hlíðinni, þar fyrir neðan verða par- og raðhús og fjölbýlishús verða næst Ásvallabrautinni sem er aðkoman í hverfið. Í hverfinu verður 4-6 deilda leikskóli og hjúkrunarheimili. Í boði eru 139 einbýlishúsalóðir, 121 íbúð í par- eða raðhúsum og 190 íbúðir í fjölbýli.

Lóðaverð miðað við heimasíðu Hafnarfjarðar er eftirfarandi:
Einbýlishúsalóðir kr. 9.200.000
Einbýlishúsalóðir sérstakar kr. 11.040.000
Raðhús kr. 6.300.000
Parhús kr. 7.600.000
Fjölbýli 4-8 íbúða pr. íbúð kr. 4.700.000
Fjölbýli 9 íbúðir og fleiri pr. íbúð kr. 3.900.000

Þetta lóðaverð miðast við tilteknar stærðir sem eru eftirfarandi:
Einbýlishús 220 $m^2$
Raðhús 180 $m^2$
Parhús 20 0$m^2$
Fjölbýli 4-8 íbúðir heildarstærð 950 $m^2$
Fjölbýli 9 og fleiri íbúðir heildarstærð 1200 $m^2$


Sólargeisli í skammdeginu
„Sýningin ber öll vott um vandaða vinnu, og leikurinn er afbragðsgóður."
Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is.
„Hafi maður efast um að Sólarferð Guðmundar [Steinssonar] væri rétta verkið til að endurnýja kynni íslenskra áhorfenda við texta hans þá sópar sýningin öllum efasemdum úr huganum."
María Kristjánsdóttir, MBL, 17/2
„Ingvar fór á kostum og samspil hans og Ólafíu Hrannar Jónsdóttur sem fer með hlutverk Nínu var mjög gott."
Elísabet Brekkan, FBL, 17/2
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
SÓLARFERÐ
eftir Guðmund Steinsson
Leikstjórn: Benedikt Erlingsson
21/2 uppselt
22/2 uppselt
23/2 kl. 16 örfá sæti laus
23/2 uppselt
7/3 uppselt
14/3 örfá sæti laus
15/3 örfá sæti laus
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

# Verkafólk spyr:

## Er eðlilegt að innvinnsla lífeyris sé lægst hjá þeim sem vinna við framleiðslu- og þjónustustörf á almennum markaði ?

**Ætla vel tryggðir alþingis-menn að sitja með hendur í skauti og láta sem þeir viti ekki af þessu ?**



V.L.F.
HLÍF

## Verkalýðsfélagið Hlíf

Pace
Á ÍSLANDI

Endurnýjunar- og viðhaldskerfi fyrir þök



# Gerðu eitthvað áður en það er orðið of seint og sparaðu stórfé





**Allan sólarhringinn, árið um kring, keppast náttúruöflin við að losa nagla og skrúfur, opna samskeyti og tæra yfirborð þaksins.** En Pace® þakvarnarkerfið hægir svo um munar á tímans tönn og lengir líftíma þaksins fyrir mikið minna en það kostar að henda því og setja nýtt. Tikk-takk... hringdu núna.



Fáðu þakið metið strax í dag þér að kostnaðalausu

**696 7282**

pace@coat.is

**Pace umboðið:** Sími: 696 7282 · Fax: 517 9277 · pace@coat.is

# Goðsögnin um hvergi

**Umhverfisvaktin í Hafnarfirði er nýtt átak sem stuðlar að hreinni bæ á sjálfu afmælisárinu.**

„Með þessu átaki bjóðum við félagasamtökum og hópum að koma til liðs við Hafnarfjarðarbæ og sjá um hreinsun á ákveðnum svæðum. Í þeim tilgangi hefur bænum verið skipt upp í átta svæði og fyrir þátttökuna fá þessir hópar styrk fyrir sína starfsemi,“ segir Guðjón Eggertsson, verkefnastjóri fyrir Staðardagskrá 21 sem er leið sveitarfélaganna til að vinna að sjálfbærri þróun.

Umhverfisvaktin er nýjasta verkefni Staðardagskrár 21 og Guðjón býst við góðri þátttöku. „Við skiptum greiðslu til hópanna í tvennt. Bæði er föst greiðsla fyrir þátttöku og síðan bónusgreiðsla fyrir þá sem hreinsa einstaklega vel,“ segir Guðjón sem bætir við að verkefnið tengist einnig hundrað ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar. Hann segir hugmyndina þekkta erlendis þrátt fyrir að bæjaryfirvöld hafi ekki skoðað nákvæmlega framkvæmd þar en segir einnig að ein útfærsla verkefnisins hafi verið í Mosfellsbæ.

„Við erum, eftir því sem ég best veit, þau einu sem höfum lagt allt byggt land í bænum undir þetta. Þetta verður ákveðið tilraunaverkefni sem við endurmetum í haust og tökum ákvörðun um hvort framhald verði á,“ segir Guðjón sem bætir við að skólarnir í bænum geti einnig tekið þátt. „Skólarnir í bænum eru flestir með eitthvert kerfi þar sem kannski einn bekkur sér um hreinsun á lóðinni viku í senn. Nú ætlum við að biðja skólana að skilgreina stærra svæði fyrir utan skólalóðina og velja ákveðinn hóp nemenda til að hreinsa sex sinnum á ári. Síðan getur hópurinn fengið greiðslu og notað í skólaferðalag, vorhátíð eða eitthvað sambærilegt,“ segir Guðjón.

Þeir hópar sem þegar hafa sótt um verkefnið eru með fjölbreytta starfsemi en Guðjón segir það einmitt eitt markmiðanna. „Við erum með hópa frá yngri flokki í knattspyrnu, unglingastarfi í golfi, alþjóðlegt barnastarf og samtök fyrir frið og menningu svo eitthvað sé nefnt,“ segir Guðjón og bætir við að óskað sé eftir því að hóparnir hreinsi tíu sinnum á ári, sem skiptist í fimm skipti á vorin frá byrjun mars til byrjun júní og síðan fimm sinnum frá ágúst til nóvember. Hann segir einnig vonast til að verkefnið skili ákveðinni hugarfarsbreytingu. „Stormviðri sem hafa gengið yfir landið stuðla að því að því að ruslið dreifist. Sérstaklega í bænum því mikið er um framkvæmdir. Síðan eru Íslendingar haldnir undarlegri áráttu sem snýst um að henda út rusli á ferð í bíl og búast við að það fari á hinn goðsagnakennda stað „hvergi“. En hann er bara ekki til og allt ruslið endar einhvers staðar en nú verður vonandi breyting á,“ segir Guðjón. Allar nánari upplýsingar: www.hafnarfjordur.is

*rh@frettabladid.is*



**Guðjón Eggertsson verkefnastjóri umhverfisvaktarinnar í Hafnarfirði vonast eftir hreinni bæ á afmælisárinu.** FRÉTTABLÐIÐ/ANTON






**Fermingargjöf frá okkur:**
Við gefum 5.000 kr.
upp í fermingarrúm.

RÚM

## Svíf þú inn í svefninn



**Úrval fylgihluta:**
Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett, dýnuhlífar, náttborð og fleira.



**Eftir þínu höfði:**
RB-rúmin og gaflar eru sérsmíðuð eftir þínum óskum. Þú ræður lengd, breidd, hæð, fótum og lit á gafli og botni.

RB-rúm er í heimssamtökunum ISPA, sem eru gæðsamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun springdýna.

**Opið alla virka daga frá 8 –18 og á laugardögum frá kl. 10–14.**
RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RÚM
Stofnað 1943

# Litið inn til Bjarna og Rannveigar

**Híbýlaprýði Sívertsens-húss verður viðfangsefni Arndísar Árnadóttur hönnunarsagnfræðings á fyrirlestri sem hún heldur í Pakkhúsinu í kvöld.**

Skatthol, enskir stólar og marglit gólfteppi, er yfirskrift fyrirlestrar sem Arndís heldur klukkan 20.00 í Pakkhúsinu í Hafnarfirði í kvöld. „Ég ætla fyrst og fremst að skoða húsakynni þeirra Rannveigar og Bjarna Sívertsen á vissu tímabili eða frá 1810 til 1825,“ segir Arndís en til er skiptagerð frá árinu 1825 þar sem innbúi þeirra hjóna er lýst, og við það styðst Arndís í umfjöllun sinni.

Bjarni Sívertsen var nefndur Bjarni riddari eftir að hafa fengið aðalstign hjá danska kónginum. Hann var brautryðjandi á Íslandi í innlendri verslun og útgerð og hefur verið nefndur faðir Hafnarfjarðar. Bjarni lét reisa íbúðarhús fyrir sig 1803-1805 sem í dag kallast Sívertsens-hús og er nú hluti Byggðasafns Hafnarfjarðar.

Arndís heldur fyrirlesturinn í Pakkhúsinu en mun síðan ganga með gestum yfir í Sívertsens-hús til að skoða þá muni sem þar er að finna. „Ég ætla að taka fyrir einstök húsgögn, skoða þau og setja í samhengi við viðteknar venjur í híbýlaháttum og efnismenningu samtímans og hvernig hún breytist. Þetta var óvenjulegt hús á þessum tíma þegar flestir bjuggu í torfbæjum með mjög einfalda innanstokksmuni og gaman að velta fyrir sér hvaðan fyrirmyndirnar komu miðað við það sem við búum við í dag,“ segir Arndís sem hefur mjög gaman af því að geta vakið athygli á húsgögnum sem safngripum. Lítið hafi verið fjallað um það og engin úttekt gerð á átjándu og nítjándu aldar húsgögnum í íslenskum söfnum þótt þau sé að finna mjög víða.

Af þeim húsgögnum sem minnst er á í skiptagerðinni frá 1825 eru nokkur enn í húsinu. „Skattholið er enn í húsinu eftir því sem ég best veit en einhver vafi er um ensku stólana. Þá eru þarna einnig munir sem hafa nýlega borist í húsið, yfirleitt enskir en frá sama tíma,“ segir Arndís og finnst skemmtilegt að bera saman hvort einhver munur er á dönskum og enskum húsgögnum.

Arndís er nú í óða önn að skrifa doktorsritgerð um hönnun og híbýlahætti á tuttugustu öld á Íslandi. „Þessi fyrirlestur er því svolítill útúrdúr en þetta tengist því að ég er að skoða mikið hvaðan fyrirmyndirnar koma að því sem smiðirnir smíða og er líka að skoða hvað er til af íslenskum snikkaraverkum í söfnum,“ útskýrir Arndís og bendir á að í Sívertsens-húsi sé eitthvað af íslenskum smíðisgripum.



Arndís Árnadóttir hönnunarsagnfræðingur heldur fyrirlestur um híbýlahætti í Sívertsens-húsi í byrjun nítjándu aldar í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Nýjar húsgagnasendingar





Teg 2001



Teg 2083



Teg 2106



Teg 2064



Teg 287



Teg 307

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
REYKJAVÍKURVEGI 66 HAFNARFIRÐI SÍMI 565 4100




Mörg falleg og gömul hús er að finna í Hafnarfirði.

# Styrkir til húsverndar

Hafnarfjarðarbær veitir árlega húsverndarstyrki til endurgerðar eða viðgerða á húsnæði eða öðrum mannvirkjum sem sérstakt varðveislugildi hafa af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum. Þetta hefur verið gert frá árinu 2002. Áhersla er lögð á að styrkja framkvæmdir sem færa ytra byrði húsa svo sem glugga og klæðningu til upprunalegs horfs. Umsóknarfrestur er til 25. febrúar og þurfa umsækjendur að skila styrkumsókn ásamt greinargóðum upplýsingum um áætlaðar framkvæmdir, kostnaðaráætlun og ljósmynd.

Nánar á www.hafnarfjordur.is

## ● HÁDEGISTÓNLEIKAR Í HAFNARBORG

Hádegistónleikar eru haldnir í Hafnarborg fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Hefur þessari hefð verið haldið á lofti frá árinu 2003 en listrænn stjórnandi þeirra frá upphafi hefur verið Antonía Hevesi píanóleikari.

Næstu hádegistónleikar verða fimmtudaginn 6. mars klukkan 12.00. Þar mun Arndís Halla Ásgeirsdóttir söngkona hefja upp raust sína.

Arndís lauk 8. stigs prófi frá Söngskólanum í Reykjavík árið 1994. Eftir það lá leiðin til Berlínar, þar sem hún stundaði framhaldsnám.



Arndís Halla Ásgeirsdóttir söngkona.


Tilboðið gildir
20.-27. febrúar
2008
Veisluvika
20 taco á 2000
PIPAR • SÍA • 80293
Þú velur
stökkar
eða mjúkar
með nautakjöti.
Bættu við aðeins 25 kr/stk
fyrir kjúkling eða steik.
Taco Bell | Hjallahrauni 15 | Sími: 565 2811 | www.tacobell.is | Opið frá 11:00-22:00
TACO BELL

# Kvikmyndaarfurinn geymdur við frostmark

**Kvikmyndasafn Íslands hefur komið sér vel fyrir í Hafnarfirði og fagnar í vor þrjátíu ára starfsafmæli.**

„Hlutverk safnsins er að safna og varðveita íslenska menningararfinn sem fólginn er í kvikmyndum til framtíðar, framkvæma nauðsynlegar viðgerðir og endurgerðir og sýna safnkostinn,“ segir Þórarinn Guðnason, forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands.

Safnið er ríkisstofnun og fær árlega fjárveitingu til reksturs og uppbyggingar safnsins, sem í dag er 47 milljónir króna. Starfsmenn safnsins er nú sex, þar af eru tveir í hlutastarfi.

„Kvikmyndasafninu er ætlað að taka við öllu efni og munum sem snertir kvikmyndir. Til að mynda filmur, myndbönd, tæki, gögn, þar með talið veggspjöld, dagskrár, handrit, ljósmyndir og önnur gögn,“ segir Þórarinn.

Í tilefni afmælisársins verður myndarleg dagskrá í safnabíóinu þar sem hápunkturinn er sýning á kvikmynd Victors Sjöström, „Fjalla-Eyvindur“ frá árinu 1918 að sögn Þórarins. „Tónlistin við myndina verður glæný því Atli Heimir Sveinsson tónskáld hefur hafið samningu á tónlist við myndina auk þess sem settir verða við hana íslenskir millitextar og má þannig segja að þessi sænska mynd, sem gerð var eftir leikriti Jóhanns Sigurjónssonar verði „færð heim“,“ segir Þórarinn.

Hann segir að upphaflega hafi verið miðað við að koma safninu fyrir í Hafnarfjarðarbíó en þegar það var rifið samdist við yfirvöld um að Bæjarbíó yrði safnabíó safnsins í staðinn. „Skrifstofum safnsins var komið fyrir í gamla Bæjarútgerðarhúsinu sem safnið tók á leigu. Þegar það var síðan rifið, fékk safnið til umráða vandaða byggingu við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði. Sú bygging er í ríkiseign og hýsti áður Fiskvinnsluskóla Íslands. Þetta húsnæði hentar mjög vel, er með möguleika á viðbótarbyggingum á lóð safnsins og verður framtíðarhúsnæði safnsins,“ segir Þórarinn.

Frá 1. janúar 2003 er safnið, samkvæmt lögum um skylduskil, móttökusafn fyrir allar kvikmyndir sem eru framleiddar, gefnar út og sýndar opinberlega hér á landi. Allt frá auglýsingamyndum til bíómynda og allt þar á milli að sögn Þórarins.

Þannig er kvikmyndagerðarmönnum skylt að afhenda safninu, innan tveggja ára, þrjú sýningareintök af kvikmyndum sem gerðar eru. Eitt eintak fer til Landsbókasafns Íslands og frumeintök af myndunum skal afhent innan sjö ára. Jafnframt skal afhenda eintök af kvikmyndum sem síðan eru gefnar út á nýju formi svo sem DVD-diskum eða myndböndum. „Kvikmyndafilmur eru varðveittar í mjög stöðugu hita- og rakastigi sem er 5 gráður á C og 35 prósenta rakastig fyrir sýningareintök og -5 gráður fyrir frummyndir. Þetta á að tryggja varðveislu kvikmynda um ókomin ár,“ útskýrir Þórarinn sem segir sérfræðinga fullyrða að hver mínusgráða geti aukið varðveislutímann um hundrað ár. „Bresku söfnin ganga jafnvel svo langt, að geyma frumfilmur í -22 gráðu frosti.“

Kvikmyndasafnið rekur safnabíó í Bæjarbíói í Hafnarfirði, þar sem sýningar eru að minnsta kosti tvisvar í viku, á eldri og yngri perlum úr kvikmyndasögunni. „Safnið kappkostar að sýna kvikmyndir á því formi sem þær eru gerðar á og tekst það vel í flestum tilfellum. Mikil samvinna er milli safnanna í Evrópu og ekki síst á Norðurlöndunum,“ segir Þórarinn og bætir því við að aðsókn sé að aukast og til standi að bæta við þriðju sýningunni vikulega á næstunni. Nánari upplýsingar: www.kvikmyndasafn.is

*rh@frettabladid.is*



**Þórarinn Guðnason, forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands, segir aðsókn á sýningar safnabíósins vera að aukast og til standi að bjóða þrjár sýningar á viku.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






Sundlaugar Hafnarfjarðar

– skemmtistaðir fyrir unga sem aldna

Sundferð er heilbrigð og ódýr skemmtun fyrir fólk á öllum aldri.
Sjáumst í sundi!

1908 2008

Hafnarfjörður hundrað ára

FABRIKAN

# GLÆSILEIKI VIÐ SJÁVARSÍÐUNA

ÍAV



## NÝTÍSKULEG FJÖLBÝLISHÚS

Norðurbakki 15–21 eru fjögur stórglæsileg fjölbýlishús, hönnuð af arkitektastofunni Batteríinu. Húsin eru við sjávarsíðuna á móti suðri og í göngufæri við alla þjónustu í Hafnarfirði. Frágangur er mjög vandaður. Íbúðum er skilað fullbúnum með parketi á gólfum en baðherbergi og þvottahúsgólf eru flísalögð. Húsin eru einangruð að utan, klædd með álklæðningu og að hluta með harðvið. Gluggar eru álklæddir timburgluggar. Húsin þarfnast því lágmarksviðhalds.

Húsin eru á fjórum og fimm hæðum með sameiginlegri bílageymslu. Alls eru átta stigahús með tveimur eða þremur íbúðum á hverri hæð um hverja lyftu.

- **Viðhaldslítið**
- **Stór og björt rými**
- **Sérstaklega er hugað að hljóðeinangrun**
- **Gólfhiti**
- **Gluggar ná niður í gólf**
- **Góð lofthæð**
- **Tvennar svalir með flestum íbúðum**
- **Einungis tvær eða þrjár íbúðir á hæð um hverja lyftu**
- **Mynddyrasími**
- **Snjóbræðslukerfi í göngustígum**
- **Loftskiptakerfi**
- **Brunaviðvörunarkerfi**
- **Færanlegir vindskermar á svölum**
- **Nútímalegar innréttingar með eldunareyju**
- **Íbúðir eru afhentar fullbúnar með gólfefnum**

**Dæmi um 3ja herbergja íbúð**




**Þessir hlutir fylgja ekki með íbúð**

## FRAMSÝNT FYRIRTÆKI Á TRAUSTUM GRUNNI

ÍAV byggja á rúmlega hálfrar aldar reynslu og leggja metnað sinn í að gera vönduð hús og íbúðir sem standast ítrustu kröfur. ÍAV er traust fyrirtæki sem hefur byggt um 2.000 íbúðir hérlendis. ÍAV eru eitt elsta og reynslumesta fyrirtæki á landinu á öllum sviðum mannvirkjagerðar, bæði hvað varðar framkvæmdir og þróun nýrra leiða á fasteignamarkaði. Íbúðir og hús ÍAV eru ekki bara traust heldur einatt nútímaleg og vel hönnuð.

ÍAV hafa í gegnum árin fengið fjölmargar viðurkenningar fyrir hönnun og frágang.



## LÓÐIN

Sameign og lóð eru fullfrágengin með snjóbræðslukerfi í bílageymslurampa og hellulögðum göngustígum og bílastæðum. Brunaviðvörunarkerfi er í sameign og íbúðum og lyklalaust aðgengi að stigahúsum.

Í bílageymsluhúsi er aðstaða til bílaþvotta og á þaki bílakjallarans er sameiginlegur garður með leiksvæði, garðbekkjum og púttvelli.

**www.iav.is** Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200




# ENIGA MENIGA

*– við erum að tala um peninga*






**Auktu ánægju þína með fjárhagslegri heilsu.** Það er mikilvægt fyrir þig að skoða fjármálin reglulega. Sérstaklega þegar aðstæður breytast. Fjárhagslega heilsupróf Byrs gefur þér yfirsýn yfir fjármálin og hjálpar þér að taka betri ákvarðanir til að bæta fjárhagslega heilsu þína. Fjárhagslega heilsuprófið er hannað í samvinnu við viðskiptavini Byrs, viðskiptavini annarra banka og fjárhagslega einkaþjálfara Byrs. Prófið tekur á þeim þáttum sem skipta mestu máli fyrir þig. **Komdu þér í fjárhagslegt form með Byr.**

**Byrjaðu á byr.is – kannaðu fjárhagslega heilsu þína núna. Komdu með í ræktina.**

BYR
SPARISJÓÐUR
Sími 575 4000 • byr.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

LR Henningskúrinn. Frábær árangur! Uppl. hjá Önnu í s. 699 7379 & 662 5599.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 862 0283.

Ýmsar nuddmeðferðir á góðu verði. Nálastungur Íslands ehf. Heilsuverndarstöðin, barónsstíg 47, Sími 458 9400.

## Námskeið

Jóga & Velliðan á Reykholti www.icelandyoga.com S: 435-1260

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

**Skartgripasmíði - Tréútskurður - Tálgun**
Skráðu þig á námskeið hjá fagmönnum. Handverkshúsið Bolholti 4 s: 5551212 Handverkshusid.is

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu 4 sæta Artap sófi m.hallanlegu baki úr Tekk m. gröfu gráu ullaráklæði., 3ára en lítur út sem nýr. Verðhugmynd kr 50,000. S. 659 7908.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring, Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Þarftu að leigja?**
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus
LEIGUMIÐLUN

NOVOS
FASTEIGNAFÉLAG
Erum með flottar íbúðir á góðu verði til leigu í Keflavík. Kíkið á heimasíðu okkar: **www.novos.is** eða hafið samband í síma 420 9515 milli kl. 9-14.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Góð 4 herbergja íbúð í 101 til leigu. Upplýsingar í síma 695 1730.

Til leigu 5 herb. kjallaríbúð á Egilstöðum. Laus núna. Uppl. gefur Gísli í s. 821 5312. eða Hafdís í s. 820 7281.

Til leigu lítið herbergi á sv. 105 fyrir rólegan reyklausann og reglusaman einstakling með aðgengi að eldhúsi og baðherbergi. Uppl í s. 568 0118, e kl. 14, rólegur staður.

68fm 2ja herb. íbúð til leigu í 111. Yfirbyggðar svalir. Leiga 120 þús. per. mán. + hússj. og rafmagn. 3ja mánaða trygging algjört skilyrði. Laus. S. 824 4490.

Til leigu falleg stúdíó íbúð. Leigist aðseins reglusömum einst. Svör sendist FBL merkt „rós".

2 herb. íbúð í 101 Rvk. til leigu. Reglusömum og áreiðanlegum einst. S. 551 4875.

Til leigu 4ra herb., 79 fm íbúð í vesturbæ Kópavogs. Leigist í 3 mán í einu. Trygging 3 mán og mánaðargr. fyrirfram. Verð kr. 130 þús pr mán, innif. hiti, rafm., hússj. Uppl. í s. 896 0753.

80 fm 3 herb. íbúð í tvíbýli í Hfj. til leigu. Séringang. 125 þús. S. 860 1973.

2 herb. falleg íbúð í Fossvogi með öllum húsbúnaði til leigu, laus strax.V. 150 þús. á mán allt innifalið. S. 862 6672.

## Sumarbústaðir



Til sölu til flutnings nýtt Sumarhús 67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að utan, einangruð og plöstuð að innan. Teikningar fylgja með. Sumarhus.com S. 615 2500.

## Geymsluhúsnæði

**Þú geymir í gám við geymum gáminn**



Geymsla í skemmri eða lengri tíma!
Gámarnir eru staðsettir á lokuðu svæði Hafnarbakka.
HAFNARBAKKI

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Tvær geymslur til leigur 9 fm kr. 18 þ. Og 7 fm kr. 14 þ. á Laugarnesvegi Stefán 663 7686.

## Húsnæði óskast

**Stúdíó íbúð / 2 herbergja íbúð óskast**
**Óska eftir að taka á leigu stúdíóíbúð/2 herbergja íbúð sem fyrst. Er reglusöm og róleg. Skilvísum greiðslum heitið. Er í traustri vinnu. Greiðslugeta 60-80 þús.**
**Upplýsingar í síma 697 3386**

HERBERGI, STUDIOÍBUÐ EÐA BÍLSKÚR ÓSKAST S: 6594214 BIGGI

29 ára maður óskar eftir herb. á leigu . Er reglusamur og reyklaus. Uppl. í s. 895 6884.

Einstæð móðir óskar eftir húsnæði sem fyrst í 101, 105 eða 107. Greiðslug. ca. 100-110 þ. Skilvísi, reglusemi og góðri umgengni heitið. Góð meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 699 0967 & 551 3868.

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu að Trönuhrauni 6, Hfj.**
Verslunar- / skrifstofuhúsnæði 136 fermetrar,ásamt samtengdu geymsluhúsnæði 176 ferm. Í húsnæðinu er núna sportvöruverslunin P.Ólafsson hf.á sömu hæð er efnavöruversl.Lissy. Góð bílastæði og góð aðkoma að geymslum. Upplýsingar í símum 5552605 og 892 22 22.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Afgreiðslustarf**
**Íslenskur Ferðamarkaður ehf. leitar að starfskrafti í fullt starf og hlutastarf. Starfið felur í sér að selja ferðir innanlands og veita almennar upplýsingar um Ísland. Hæfniskröfur: Góð tölvukunnátta Gott vald á tungumálum (enska skilyrði) Góð þjónustulund. Æskilegt er að umsækjandi hafi einhverja reynslu af afgreiðslustörfum eða reynslu í ferðageiranum. Umsóknarfrestur er til 25.febrúar 2008. Umsóknir sendast í tölupósti á halldora@itm.is. Nánari upplýsingar veitir Halldóra í síma 510 5700, milli kl.08.00-16.00 alla virka daga.**

**Veitingahús í miðbænum**
**Óskar eftir pizzabakara, helst vönum á fastar vaktir. Góð laun í boði fyrir rétta aðila.**
**Uppl. í s. 695 0098.**

Rafís ehf.

**Rafvirkjar óskast**
Rafís ehf óskar eftir að ráða rafvirkja til almennrar rafvirkjavinnu og stjórnunarstarfa. Leitað er eftir öflugum, jákvæðum og stundvísum starfsmönnum. Upplýsingar í síma 824 0420 Sigsteinn og 892 2071, Einar.

BÆJAR BAKARÍ

**Helgarstarfsfólk óskast**
Bæjar Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskröftum í afgreiðslu um helgar. www.bakstur.is eða í s. 555 0480, Sigurður.

**Ert þú næturmanneskja?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða hlutastarf í næturvinnu, unnið um helgar 22-06. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir Magga í síma 696 7064. Aldurstakmark er 18 ár.**

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
**Óskum eftir að ráða hörkuduglega manneskju í afgreiðslu í bakaríð hjá Jóa Fel Holtagörðum. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076. Íslenskukunnátta skilyrði.**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir að ráða starfsfólki fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði, vaktstjóra og fólk í kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 822 8870 og einnig inn á www.nings.is**


**Viltu láta dekra við þig í austurlensku umhverfi þar sem óspillt náttúran er á næsta leiti? Þá er þetta rétti tíminn!**



**Snyrtistofan Dong Fang, Hótel Loftleiðum býður dekur fyrir konuna í tilefni Konudagsins:**

**15% afsláttur af öllum andlitsmeðferðum, litun og plokkun, frá 15. feb. - 15. mars**

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIR HOTELS
LOFTLEIÐIR


## TILKYNNINGAR



**Stjörnu - kvennakvöld**
Kvennakvöld Fáks verður haldið 1. mars í félagsheimilinu. Húsið opnar kl. 19.00, borðhald hefst kl. 19.30. Miðasala verður í Fáksheimilinu sunnud. 23. feb. frá kl. 09-12 og miðvikud. 27. feb. kl. 18-20. Miðaverð kr. 6500,- (herramiði innifalinn). Einnig verða miðar seldir á ballið eftir kl. 24.
**Ekki verða seldir miðar við innganginn.**

Kv. Stjórn kvennadeildar Fáks.

**Volunteers for Africa**
Teaching, HIV / Aids campaigns
Info meeting in Tampere 8/3
Also info about international teacher training
www.dns-tvind.dk
**Contact +45 21124360 - info@dns-tvind.dk**
**www.drh-movement.org**
**www.humanapeopletopeople.org**

**Sölumaður**
Starfsmaður óskast í bílasölu! Góð árangurstengd laun. Upplýsingar í síma 770 7190

**Öryggisgæslan ehf.**
Óskar eftir starfsfólki til næturstarfa frá 23:00 til 08:00 Vinna er í boði allar nætur, einnig um helgar eða aukavaktir í boði. Starfið felur í sér m.a. áfyllingu 30%, Þjónustu & Gæslu 70%. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og jákvætt hugarfar. Hreint Sakarvottorð er skilyrði. Lágmarks aldur umsækjanda er 20 ár.
Umsóknir eru á Skrifstofu Öryggisgæslunnar ehf. Auðbrekku 6, 200 Kópavogur. Opið er frá kl.10-16 virka daga. Einnig er hægt að hringja í Síma 856-5031

**Sölu-og kynningarstarf!**
Vegna aukinna verkefna vantar okkur framúrskarandi sölu og kynningarfólk til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Um hlutastarf er að ræða. Vinnutíminn er frá 15-19 virka daga og um helgar. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Helstu hæfniskröfur eru: Viðkomandi hafi ánægju af mannlegum samskiptum. Góða framkomu. Sé glaðvær, brosmildur, áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Fólk á aldrinum 25 ára og eldri sérstaklega velkomið. Áhugasamir hafi samband í s. 586 9000. Einnig má senda umsóknir á kynning@kynning.is

**Factorywork, good workinghours and condi**
We wish to hire people to work in our factory, the work involves monitoring the machines, feeding supplies, packing and carrying the final product. We offer excellent conditions, very good workinghours (8-16) and wages that take previous experience into consideration. Our company is a well established and in constant expansion. We offer security and a job for the future.
If you are interested please contact me Raymond on tel: 567 4422 or send me an e-mail with information about your interests and exsperience at: verksmidja2@katla.is verksmidja2@katla.is

**Helgarvinna**
Bakarameistarinn auglýsir eftir afgreiðslufólki í glæsileg kaffihús sín um helgar.
Umsóknareyðublöð má finna á: www.bakarameistarinn.is

**Vöruhús**
N1 óskar eftir að ráða áreiðanlegan og duglegan starfsmann til starfa í vöruhúsi félagsins að Bíldshöfða. Um er að ræða öll almenn lagerstörf, móttaka og tiltekt vöru. Nánari upplýsingar um starfið veitir Lórenz Þorgeirsson, rekstrarstjóri vöruhúsa í síma 440 1250. Áhugasamir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is

**Þjónustuverkstæði N1**
N1 óskar eftir áreiðanlegum og duglegum starfsmanni til starfa á þjónustuverkstæði félagsins að Funahöfða, Reykjavík. Um er að ræða ísetningar rafeindabúnaðar í bifreiðar og önnur farartæki. Reynsla af sambærilegum störfum æskileg. Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarni Finnbogason í síma 535 9110. Áhugasamir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is

**Útibú Nítró**
Nítró óskar eftir áreiðanlegum og duglegum starfsmanni með vélvirkja- eða bifvélavirkjamenntun ásamt þekkingu á mótorhjólum, varahlutum og öðrum vörum þeim tengdum til þess að aðstoða og þjónusta útibú Nítró um allt land. Í því felst m.a. að samræma vöruúrval útibúanna, útstillingar, varahlutaleit, lausn tæknilegra mála og fleira. Nánari upplýsingar um starfið veitir Haukur Þorsteinsson í síma 896-1312. Áhugasamnir geta einnig sótt um starfið á www.n1.is

Óska eftir smiðum og iðnaðarmönum við járnabindingar og fl. Unnið er í Færeyjum nánari upplýsingar í síma 00298595232 Bjössi.

Ísbúð Vesturbæjar óskar eftir starfsfólki. Vinnutími 14-18 virka daga. Uppl í s 8995504

Vantar Garðyrkjumann til starfa í klippingar og aðra garðyrkju vinnu. Sækið um á gardlist.is eða í síma 899 6151.

**Vantar strax!!**
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu, 17 ára og eldri með bílpróf. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir í s. 899 6151, gardlist@gardlist.is

## Atvinna óskast

Er að leita að vinnu. S. 696 7694.

BLÖNDUÓSBÆR

# Sviðsstjóri tæknideildar

## Blönduósbær óskar eftir að ráða í stöðu sviðsstjóra tæknideildar

**Eftirfarandi málaflokkar falla m.a. undir starfssvið sviðsstjórans:**

- Gatnakerfi
- Umhverfismál
- Atvinnumál
- Hreinlætismál/Sorpmál
- Rekstur áhaldahúss
- Umsjón með vatnsveitu
- Æskulýðs- og menningarmál
- Vinnuskóli

**Helstu starfsskyldur og ábyrgðarstörf:**

- Yfirstjórnun og ráðgjöf við deildarstjóra og forstöðumenn á sviðinu
- Eftirlit með verkefnaframkvæmd og skilvirkni
- Áætlanagerð og stefnumótun
- Aðstoð og eftirfylgni fjárhagsáætlana sem heyra undir sviðið
- Þátttaka í yfirstjórn sveitarfélagsins
- Samvinna við skipulags- og byggingafulltrúa

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði
- Færni í ritun texta og framsetningu efnis
- Jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta áskilin

Skriflegar umsóknir, sem tilgreina m.a. menntun og fyrri störf skulu sendar á skrifstofu Blönduóssbæjar, Hjúkabyggð 33, 540 Blönduósi, merktar sviðsstjóri tæknisviðs

**Umsóknarfrestur er til 25. febrúar n.k.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Arnar Þór Sævarsson , bæjarstjóri
Netfang: arnar@blonduos.is

BLÖNDUÓSBÆR
Hjúkabyggð 33 540 Blönduós Sími 455 4700
www.blonduos.is

# Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

# Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.

**Kraftafl ehf**

# VANTAR ÞIG SMIÐI?

**Reyndir menn, lausir nú þegar!**

sverrir@proventus.is
Hringdu núna **S. 661-7000**

# Til leigu

**Miðbær**

Ca. 375 fm jarðhæð að Hverfisgötu 105. Húsnæðinu má skipta og hægt er að bæta við innkeyrsludyrum. Húsnæðið hefur verið notað sem lagerhúsnæði og bón og þvottastöð. ***Leiguverð er kr. 350.000 á mánuði upplýsingar í síma 895 8299.***

**Smáralind**

Ca. 180 fm mjög gott skrifstofuhúsnæði að Bæjarlind 14-16. Opið skrifstofurými með tveimur sér skrifstofum, tölvutengingar, góð lýsing, glæsilegt útsýni, góð aðkoma og næg bílastæði. ***Leiguverð kr. 300.000 á mánuði upplýsingar í símum 849 9987 og 895 8299.***

**Höfði**

Ca. 130 fm með innkeyrslu hurð að Vagnhöfða 7. Góð bílastæði, gott húsnæði. ***Leiguverð er kr. 200.000 á mánuði upplýsingar í síma 895 8299.***

Frum




# ÁHAFNADEILD Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

ICELANDAIR leitar að öflugum liðsmönnum sem hafa áhuga á skemmtilegum og spennandi störfum í áhafnadeild. Um er að ræða framtíðar- og sumarafleysingastörf.

STARFSSVIÐ

- Tengiliður milli áhafna og flugdeildar
- Fylgjast með og uppfæra vinnuskrá áhafna
- Samskipti við áhafnahótel
- Halda utan um áætlunar- og leiguflugsskrá áhafna og áhafnir á erlendri grundu
- Samskipti við viðskiptavini flugdeildar

HÆFNISKRÖFUR

Við leitum að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingum með a.m.k. stúdentspróf. Áhugi á flugi eða flugrekstri er æskilegur. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði og mjög góða samskiptahæfileika, geta starfað sjálfstætt og sem hluti af liðsheild. Góð tölvuþekking og mjög góð enskukunnátta eru skilyrði en stór hluti af starfinu fer fram á ensku.

Um er að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á 12 tíma vöktum. Ein af hverjum þremur vaktasyrpum er næturvakt. Starfsstöð er á Keflavíkurflugvelli.

Icelandair er kraftmikið ferðaþjónustufyrirtæki sem tekur þátt í harðri samkeppni á alþjóðamarkaði.

Icelandair er framsækið fyrirtæki, leiðandi í ferðaþjónustu á Íslandi, leiðandi í markaðssetningu á Internetinu og í fremstu röð í þróun upplýsingatækni.

Starfsmenn Icelandair eru lykillinn að velgengni félagsins. Hjá Icelandair starfa um 1400 manns af mörgum þjóðernum í tíu löndum.

Icelandair leggur áherslu á að starfsmenn félagsins séu þjónustusinnaðir og tilbúnir að takast á við krefjandi og spennandi verkefni í alþjóðlegu starfsumhverfi.

Icelandair leggur áherslu á þjálfun starfsmanna og símenntun, hvetur starfsmenn til heilsuræktar og styður við félagsstarf starfsmanna.

Icelandair hlaut Starfsmenntaverðlaunin 2007.

Icelandair er reyklaust fyrirtæki.

Við erum ein áhöfn með sameiginlegt, skýrt markmið, berum virðingu fyrir viðskiptavinum og samstarfsmönnum og höfum gaman af því sem við gerum.

**Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair: www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 27. febrúar.**

Icelandair er fyrirtæki í forystu á alþjóðamarkaði í ferðaþjónustu. Við erum í öflugri sókn og sækjumst eftir einstaklingum til að taka þátt í uppbyggingu okkar á komandi árum.

WWW.ICELANDAIR.IS

# Högg- og vatnsheld myndavél



**Olympus MJU790SWBL**
Digital myndavél • 7.1 milljónir punkta upplausn • Vatnsheld að 3m dýpi • Höggheld upp í 1.5m hæð • 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom • Linsa: 6.7 - 20.1mm (35mm samb.: 38 - 114mm) • 2,5" LCD Skjár (230.000 pixlar) • Frábær við öll birtuskilyrði • Hreyfimyndataka með hljóði • USB • 14.7MB innbyggt minni • Tekur xD kort ofl.

**29.989 kr.**

# Philips fyrir iPod



**Philips MCM138D**
Glæsileg Míkró samstæða • iPod vagga fylgir til að hulsta og hlaða spilarann • FM útvarp með stöðvaminnum • Geislaspilari með MP3/WMA afspilun • Spilar CD og CD-R/RW • Klukka og vekjari • Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost • Fjarstýring • (Ath. iPod spilari fylgir ekki)

**19.989 kr.**

# Frábærar fermingargjafir

## Stafræn myndavél



**Olympus FE280R**
Digital myndavél • 8 milljóna punkta upplausn • 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom • Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm) • 2,5" LCD skjár • Hreyfimyndataka með hljóði • Háhraða USB 2.0 • Tekur xD kort • 48MB innra minni • USB snúra og hleðslurafhlöður fylgja ofl.

**19.989 kr.**

## 100GB flakkari



**Western Digital Passport 2**
2.5" 100GB flakkari • Tengist í USB2 • Styður Windows 2000/XP/Vista og Mac OS 10.1.5+ • USB2 kapall fylgir • Auðveld uppsetning og notkun

**14.989 kr.**



**Philips MC235B**
2x10w samstæða • Geislaspilari • RDS FM Útvarp með 40 stöðvaminnum • Dynamic Bass Boost • Digital Sound Control • Klukka með vekjara og svefnrofa • Aux inng. og heyrnartólstengi • 2 way hátalarar • Fjarstýring

**19.989 kr.**

## Míkró hljómtæki



**Panasonic SCPM4**
2x10w samstæða • Geislaspilari • Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA • Stafrænt FM/AM RDS Útvarp með 35 stöðvaminnum • Tónjafnari • Klukka með vekjara og svefnrofa • Music Port • Heyrnartólstengi • Bass Reflex Hátalarar • Fjarstýring

**14.989 kr.**

## iPod hátalarar



**Logitech Pure-Fi Anywhere**
Svartir iPod hátalarar • 10 tíma hleðsla • iPod hleðslustöð • Styður 1G til 3G iPods og aðra spilara (án hleðslustöðvar) ofl.

**14.989 kr.**




**Philips 42PFL7662D**
42" Full HD 1080p 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1920x1080 punktar Pixel Plus HD • Progressive Scan • HD Ready • Skerpa: 5.000:1 • Innb. digital DVB-T móttakari • 3D Combfilter og Active Control • 2 x 10w Nicam Stereó hljóð með Incredible Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.




**Samsung LE40S62**
40" LCD • HD Ready • DNIe stafræn myndvinnsla • Upplausn: 1366 x 768 • Mynd í mynd (1 tuner) • HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video • Game mode • Textavarp ofl.

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

# 14.989 kr.

Fullt verð ~~28.989~~

Sparaðu 14.000

## GSM með MP3



**Sony Ericsson W610i**
GSM sími • Íslensk valmynd • Walkman 2.0 tónlistarspilari • 512 MB M2 minniskort fylgir (stækkanlegt) • Bluetooth stuðningur • 2MP myndavél • Litaskjár • FM útvarp með RDS• Ending rafhlöðu allt að 9 klst. í tali og 370 klst. í bið

## 8GB MP3

***Ótrúlega flottur hljóð- og mynd spilari með íslensku viðmóti***



**SanDisk VIEW8GB**
8GB Sansa View MP3 spilari • 2.4" LCD litaskjár (320x240) • Spilar MP3, WMA, AAC, WAV og Audible • FM útvarp • Sýnir ljósmyndir og kvikmyndir • Með hleðslurafhlöðu • Allt að 35 tímar í tónlist og 7 í kvikmyndir • microSDHC kortalesari ° Innbyggður diktafónn ofl.

19.989 kr.
Fullt verð ~~24.989~~
Sparaðu 5.000

## FIFA 2008 PS2



2.989 kr.
Fullt verð ~~5.989~~
Sparaðu 3.000

## Guitar Hero 3 PS3



2.989 kr.
Fullt verð ~~4.989~~
Sparaðu 2.000

## Gralli Gormur PC /MAC



989 kr.
Fullt verð ~~2.989~~
Sparaðu 2.000

MAX RAFTÆKI

Opið til kl. 22 í kvöld

*Tilboðin gilda til 27. 02. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

# Réttur á að starfa í heimabyggð

**UMRÆÐAN**
Atvinnumál


JÓN GRÍMSSON

Á meðan ótrúleg uppbygging hefur átt sér stað á suðvesturhorni landsins hefur atvinnutækifærum fækkað á Norðausturlandi og íbúum um leið. Brýnt er að snúa þessari þróun við og sem allra fyrst. Það verður ekki gert nema með því að skapa öfluga kjölfestu í atvinnumálum og þar er orkufrek stóriðja eini raunhæfi kosturinn. Þetta vitum við sem ennþá búum á Norðausturlandi og höfum upplifað efnahagslega hnignun svæðisins síðustu fimmtán árin. Þetta vita líka þeir sem stjórna þessu landi og þeim ber að tryggja jöfnuð milli landsvæða í stað þess að stuðla enn frekar að því að Ísland verði borgríki með einum þéttbýliskjarna á suðvesturhorni landsins. Nú er röðin komin að Norðausturlandi.

Við þurfum ekki að horfa langt aftur í tímann til að sjá dæmi um það hvað stór og öflugur vinnustaður getur haft jákvæð áhrif á nærliggjandi samfélög. Nýtt álver í Reyðarfirði er gott dæmi um það. Lítil byggðarlög á Austurlandi þar sem árum saman hafði ríkt stöðnun eða samdráttur eru nú í blóma. Uppbyggingin hefur verið með ólíkindum og þar sem áður ríkti óvissa og óöryggi er nú festa, fjöldi nýrra atvinnutækifæra og efnahagur íbúanna annar og betri. Álver á Bakka við Húsavík er því varla valkostur fyrir íbúa á Norðausturlandi, nær er að segja að álverið sé lífsspursmál fyrir áframhaldandi byggð á svæðinu.

Undanfarna tæpa tvo áratugi hefur byggðarlagið orðið fyrir hverju áfallinu af öðru sem hafa leitt af sér keðjuverkun sem erfitt hefur verið að stöðva, þrátt fyrir mikinn vilja heimamanna. Verulegur samdráttur í frumatvinnugreinunum varð til þess að íbúum fækkaði umtalsvert. Það hefur aftur orðið til þess að iðnfyrirtæki á svæðinu hafa annað hvort þurft að hætta starfsemi eða leitað nýrra markaða á suðvesturhorni landsins. Starfsemi fjarri markaðssvæðunum hefur skekkt samkeppnisaðstöðuna og oft hafa blómleg fyrirtæki á Norðausturlandi verið keypt og flutt suður, því heimamarkaðinn vantar.

Það er skilyrðislaus réttur íbúa Norðurþings að geta lifað og starfað í heimabyggð og þar gegnir álver á Bakka lykilhlutverki, verði það að veruleika. Álverið mun skapa um 500 störf í Norðurþingi og önnur 500 utan þess. Gert er ráð fyrir að íbúum í Þingeyjarsýslum fjölgi um þúsund með álverinu og þá er fyrst kominn raunhæfur möguleiki á að byggja upp blómlega byggð með fjölda atvinnutækifæra. Þar horfi ég helst til lítilla sérhæfðra iðnaðarfyrirtækja, smiðjuþjónustu og fyrirtækja á sviði verkfræði, tæknifræði, náttúrufræði og tölvuþjónustu. Álverið skapar því spennandi starfsvettvang fyrir ungt fólk sem kýs að vinna og starfa annars staðar en í þéttbýlinu á suðvesturhorninu. Og vissulega er þörf fyrir þessi störf, því á síðasta áratug hefur íbúum 40 ára og yngri fækkað um 25% í Norðurþingi. Þetta segir allt sem segja þarf.

Væntanlegt álver á Bakka hefur mikla sérstöðu, ekki bara hér á landi heldur í heiminum öllum. Rætt er um álver sem nýtir orku sem sótt er í háhitasvæði í grenndinni án þess að eitt einasta vatnsfall verði virkjað. Gnótt jarðvarma er helsta auðlind svæðisins og það er bæði sjálfsagt og eðlilegt að nýta auðlindina á jákvæðan hátt í uppbyggingu á svæðinu í stað þess að geyma hana ónýtta í iðrum jarðar. Sú staðreynd skiptir líka miklu máli að framkvæmdum við jarðvarmavirkjanir fylgir lítið náttúrurask sem er að mestu afturkræft.

Það er metnaður okkar Þingeyinga að vernda þær náttúruperlur sem við eigum og mikil áhersla er lögð á það við væntanlegar framkvæmdir. Við höfum tækifæri til að byggja upp öfluga þekkingu í náttúruvernd og jákvæðri auðlindanýtingu á öllum skólastigum, samhliða uppbyggingu á orkufrekri stóriðju á Bakka. Þegar er kominn vísir að því í Öxarfjarðarskóla þar sem mikil áhersla er lögð á náttúruvernd í tengslum við nálægar náttúruperlur, Ásbyrgi og þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum. Á þennan hátt geta Þingeyingar orðið leiðandi í að nýta auðlindina og vernda náttúruna um leið. Í náttúruvöktuninni samhliða stóriðjuframkvæmdunum felast mikil atvinnutækifæri.

*Höfundur er vélstjóri á Kópaskeri.*

# Þar sem þörfin er mest

**UMRÆÐAN**
Stóriðja


JÓN GUNNARSSON

Nokkur óvissa ríkir nú í efnahagsmálum. Með réttum aðgerðum má tryggja áframhaldandi grundvöll fyrir traust efnahagslíf og fjölbreytta atvinnustarfsemi í landinu um leið og lagður verður grunnur að nýrri sókn á landsbyggðinni. Allir sem vilja stuðla hér að áframhaldandi hagvexti og uppbyggingu öflugs atvinnulífs gera sér grein fyrir því að grundvöllur þess er að nýta þær náttúruauðlindir sem við höfum aðgang að. Nú þegar eru á teikniborðinu áform um slíka nýtingu vegna áliðnaðar í Helguvík, á Bakka við Húsavík og fjölbreyttari atvinnustarfsemi víðar.

Undanfarið hefur umræða um næstu skref í þessum verkefnum verið nokkuð áberandi. Í henni hafa komið fram mismunandi áherslur og hugmyndir um hvar skuli fyrst farið af stað og hvenær raunhæft sé að hefja framkvæmdir. Á Suðurnesjum hafa menn talað um að taka skóflustungu einhvern næstu daga á meðan aðrir, þ.á m. ráðherra í ríkisstjórninni, tala fyrir því að skynsamlegra sé að leggja áherslu á að hefja framkvæmdir við Bakka á Húsavík. Í miðri þessari umræðu koma síðan fram ráðherrar sem tala á þeim nótum að umræðan sé alls ekki tímabær og að engar framkvæmdir geti hafist á næstu misserum. Við þessar aðstæður getur verið erfitt að átta sig á því hver raunveruleg staða mála er.

Ég hef skilið það svo að undirbúningur við álver í Helguvík sé kominn það langt á veg að framkvæmdir geti hafist fljótlega. Sama gildi um álver við Bakka. Sé vilji ráðamanna, sem hafi geta áhrif á forgangsröðun, staðsetningu og tímasetningu framkvæmda hins vegar óskýr skapar það óvissu sem er óþolandi í þessu mikla hagsmunamáli.

Að mínu áliti ber að horfa til þeirra staða þar sem þörfin fyrir ný atvinnutækifæri er mest þegar rætt er um staðsetningu fyrir nýja stóriðju. Sum þeirra landssvæða sem um er rætt hafa farið mjög illa út úr byggðaþróun undanfarinna ára og áríðandi að bregðast við svo fljótt sem verða má. Ljóst er að ekki verður ráðist í mörg verkefni á sama tíma og heppilegast að dreifa framkvæmdum yfir lengra tímabil. Sé sú staða uppi varðandi næstu verkefni í stóriðju að við eigum valkost um hvar verður hafist handa ber að mínu áliti að velja þá staðsetningu þar sem þörfin fyrir framkvæmdir og nýja atvinnuuppbyggingu er ríkust. Því segi ég það að sé mögulegt að hefja uppbygginguá stóriðju á Húsavíkursvæðinu fljótlega, þá á að velja þá leið.

Fá svæði á landinu hafa farið verr út úr þeirri byggðaröskun sem landsbyggðin hefur mátt búa við undanfarin ár en norðausturhornið. Þær hugmyndir sem andstæðingar uppbyggingar stærri vinnustaða hafa komið fram með til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni eru að flestu leyti óraunhæfar. Til að snúa við þeirri byggðaþróun sem fylgt hefur aukinni tækni og minni mannaflaþörf í sjávarútvegi og landbúnaði þarf uppbygginngu fjölbreyttari atvinnutækifæra þar sem eðlileg nýting náttúruauðlinda okkar skiptir grundvallarmáli.

*Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.*




KELSEY GRAMMER ER 53 ÁRA..

*„Það þarf mjög furðulega manneskju til að njóta frægðar og alls þess sem henni fylgir. Frægðin er eiginlega ekki spennandi.“*

***Kelsey Grammer er bandarískur leikari og best þekktur fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Staupasteini og Fraiser.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 21. FEBRÚAR 1965

## *Malcolm X myrtur*



Malcolm X, fæddur Malcolm Little, var aðgerðasinni, prestur og talsmaður þjóðfélags múslima.

Hann barðist ötullega fyrir réttindum blökkumanna í Bandaríkjunum á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar.

Malcolm X hafði slitið sig frá samtökunum „Nation of Islam“ skömmu fyrir dauða sinn og eftir það óttaðist Malcolm um líf sitt og fjölskyldu sinnar. Ástæðan fyrir ágreiningnum milli Malcolms X og samtakanna voru þau að Malcolm hafði gert lítið úr morðinu á Kennedy forseta. Eftir að hann sleit sig frá samtökunum óttuðust yfirmenn „Nation of Islam“ að Malcolm tæki marga með sér úr samtökunum. Malcolm og fjölskylda hans urðu fyrir árásum þar sem til dæmis var kveikt í húsi hans og fjölskyldunnar. Daginn sem hann var myrtur átti hann að flytja ræðu í Audubon Ballroom í New York.

Rétt eftir að búið var að kynna Malcolm til leiks ruddust þrír menn inn í salinn og hófu skotárás. Malcolm var skotinn alls sextán sinnum og lést samstundis. Malcolm X var jarðsettur í New York og mættu um 30.000 þúsund manns til að votta honum virðingu sína. Malcolms X verður lengi minnst sem baráttumanns fyrir réttindum blökkumanna.

### MERKISATBURÐIR

**1848** Kommúnistaávarpið er gefið út af Karl Marx og Friedrich Engels.

**1878** Fyrsta símaskráin kemur út í New Haven í Bandaríkjunum.

**1895** Kvennablaðið kemur í fyrsta sinn út með Bríet Bjarnhéðinsdóttir sem ritstjóra.

**1933** Nina Simone, bandarísk söngkona, fæðist.

**1937** Haraldur fimmti, núverandi Noregskonungur fæðist.

**1945** Dettifossi, skipi Eimskipafélagsins er grandað af þýskum kafbáti. Fimmtán manns farast.

**1953** Fræðimennirnir James Watson og Francis Crick uppgötva samsetningu DNA-sameindarinnar.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Birna Halldórsdóttir**

Dalalandi 1, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 25. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Sóltúns hjúkrunarheimilis (sími 590 6000).

**Laufey Vilhjálmsdóttir** — **Samir Bustany**
**Halldór Vilhjálmsson** — **Bryndís Helgadóttir**
**Sigríður Vilhjálmsdóttir** — **Þórarinn Þórarinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lilja Jóelsdóttir**

frá Siglufirði,

lést miðvikudaginn 6. febrúar. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 22. febrúar kl.14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á E-deild Sjúkrahúss Akraness.

**Marteinn Þór Kristjánsson** — **Ásta Óla Halldórsdóttir**
**Jóel Kristjánsson** — **Helga Sigurrós Bergsdóttir**
**Bryndís Hrönn Kristjánsdóttir** — **Þórólfur Tómasson**
**Kristján Haraldur Kristjánsson** — **Margrét Þorvaldsdóttir**
**Guðni Kristjánsson** — **Kristbjörg Kemp**
**Jónína Hafdís Kristjánsdóttir** — **Guðmundur Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Albert Hólm Þorkelsson,**

bakarameistari, frá Siglufirði,
Kveldúlfsgötu 22, Borgarnesi,

verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju, föstudaginn 22. febrúar kl. 14.00.

**Sigríður Guðmundsdóttir**
**Ágústína Albertsdóttir** — **Sigurður Arason**
**Katrín Albertsdóttir** — **Loftur Jóhannsson**
**Kristján Þorkell Albertsson** — **Elín Ebba Guðjónsdóttir**
**Annabella Albertsdóttir** — **Sigurgeir Óskar Erlendsson**
**afa- og langafabörn.**

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
**10 - 50% afsláttur**
Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



**ÁBYRGÐARMAÐUR** Erlingur Jóhannsson prófessor er ábyrgðarmaður nýrrar rannsóknarstofu í íþrótta-og heilsufræði á Laugarvatni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HÁSKÓLI Á LAUGARVATNI: NÝ RANNSÓKNARSTOFA Í ÍÞRÓTTA- OG HEILSUFRÆÐI

# Mótvægisaðgerð í uppsveitum

Ný rannsóknarstofa í íþrótta- og heilsufræði var formlega stofnuð um helgina við íþróttafræðisetur Kennaraháskólans á Laugarvatni. Af því tilefni fór fram athöfn í húsakynnum rannsóknastofunnar þar sem skrifað var undir samning. Einnig voru helstu markmið stofunnar og hlutverk kynnt.

Erlingur Jóhannsson prófessor er ábyrgðarmaður rannsóknarstofunnar. „Þessi rannsóknarstofa er glæsileg nýjung á þessu sviði sem við vinnum að,“ segir Erlingur en stofan er með aðstöðu á Laugarvatni en einnig í Kennaraháskólanum við Stakkahlíð. „Það sem við erum að gera með þessari rannsóknarstofu er að setja undir sama hatt og samtvinna allar þær vísindarannsóknir sem stundaðar eru af fræðimönnum við íþróttafræðisetrið, bæði þeim sem staddir eru hér á Laugarvatni og í Reykjavík og þannig verður allt faglegra,“ útskýrir Erlingur.

Stefnuskrá Rannsóknarstofunnar var einnig kynnt um helgina. Meginmarkmiðin eru þrjú, að stunda vísindarannsóknir, að veita rannsóknarþjónustu og ráðgjöf og að standa fyrir ráðstefnum, málþingum, námskeiðum og útgáfu á sviði íþrótta- og heilsufræða.

„Ráðgjöf okkar felst meðal annars í því að veita íþróttafólki, íþróttafélögum og sérsamböndum aðstoð varðandi íþróttamælingar og annað slíkt. Við erum einnig í íhlutunarrannsóknum þar sem við gerum tilteknar aðgerðir inni í skólum og þar höfum við öðlast mikla reynslu í að segja til hvernig eigi að auka til dæmis hreyfingu barna í grunnskólunum,“ segir Erlingur sem vill tengja vísindin og háskólann við grasrótina enda sé mikilvægt að koma vísindum og rannsóknum á framfæri í þjóðfélaginu. „Það sem vantar í vísinda- og rannsóknastarfið í dag er að láta það endurspeglast í lífi fólksins í landinu,“ segir Erlingur.

Rannsóknarstofan hefur fengið styrki í ýmis verkefni en Erlingur vonar að fleiri bætist við á næstunni. „Við fjármögnum þessa tvær og hálfu stöðu sem við höfum nú þegar með þeim rannsóknarstyrkjum sem eru til staðar. Við leitum því til einka- og opinberra aðila varðandi styrki til þess að geta auglýst nýtt stöðugildi í vor. Hér ríkir ekki steinsteypuhugsun heldur hugsum við faglega og fræðilega,“ lýsir Erlingur og bætir við að lokum: „Þar sem við erum í svona starfsemi og erum ekki á þorskkvótasvæði fáum við litla mótvægisaðgerðapeninga. Það má því kalla þetta mótvægisaðgerðir hér í uppsveitunum að búa til sprotafyrirtæki í þessum dúr sem hefur skýra skírskotun og tengingu við Háskóla Íslands á höfuðborgarsvæðinu. Við bindum þá von við sameininguna við Háskóla Íslands að meiri peningar komi inn í þetta verkefni og þar af leiðandi gefist meiri tími fyrir vísindamenn og háskólastarfsfólk að segja frá vinnu sinni og rannsóknum en það hefur verið vandamál hingað til.“

**mikael@frettabladid.is**



## 75 ára afmæli

**75 ára í dag!**
**Heiðursmaðurinn**

**Arnþór Jónsson**
**( Addi rokk)**

**dvalarheimilinu Holtsbúð Garðabæ, er 75 ára í dag.**



## 50 ára afmæli

**Fimmtugur er í dag**

**Heimir Freyr Hálfdanarson**

**frá Seljalandi.**
**Hann tekur á móti vinum og vel unnurum í Þróttarasalnum í Laugardal á hlaupársdaginn, 29. febrúar, kl. 19.30.**

**NAFNIÐ MITT: KRISTJÁN FRANKLÍN MAGNÚS**

# *Franklín í þrjá ættliði*

„Ég fæddist í maí en í desember, á jóladag, dó móðurafi minn sem hét Kristján Franklín og ég var skírður í höfuðið á honum, það er nú ekki flóknara en það.“ Þannig útskýrir Kristján Franklín Magnús athafnamaður tilurð nafnsins síns. Þó hann þyki ekki líkjast afa sínum í útliti er þó stundum nefnt að þeir séu líkir í hegðun. „Afi var höfuð sinnar fjölskyldu sem var allt fólk sem flutti í bæinn vestan af fjörðum. Reyndar var ætlunin að það settist að á Ólafsvík en vegna óveðurs var farið framhjá og endað í Reykjavík. Hann var elstur sinna bræðra sem reyndar hétu allir Franklín að seinna nafni,“ útskýrir Kristján en ástæðuna segir hann þá að jafnvel hafi verið stefnt að því að flytja fjölskylduna búferlum vestur um haf og þá hefði þetta nafn hentað vel sem ættarnafn. Hins vegar varð nafnið aldrei nema skírnarnafn á Íslandi og þeir bræður kölluðu sig aldrei Franklín. „Þetta bara festist einhvern veginn við mig,“ segir Kristján Franklín sem er ánægður með nafnið sitt.

En hvaðan kemur nafnið Magnús? „Það er ættarnafn, líklega á einni fámennustu ætt landsins sem ber ættarnafn,“ segir Kristján en föðurafi hans tók upp nafnið þegar hann flutti til Danmerkur. Örlögin höguðu því þó þannig að hann flutti aftur heim og var læknir í Reykjavík. „Svo hét pabbi minn þessu nafni og hans börn hafa tekið þetta upp. Við erum tveir albræður sem búum hér og höfum tekið þetta upp en öll hin systkinin sem hafa tekið upp nafnið hafa flutt utan, búa í Þýskalandi, Kanada og Danmörku.“

En hvað með börn Kristjáns, bera þau Magnúsarnafnið? Já, strákarnir mínir eru með þetta ættarnafn og reyndar Franklínsnafnið líka,“ segir Kristján Franklín glettinn.



**KRISTJÁN FRANKLÍN MAGNÚS** Ber skírnarnafn móðurafa og ættarnafn föðurafa.



**UNDIRRITUN SAMNINGS** Háskóli Íslands undirritaði samstarfssamning við Auðlindastofnun Indlands þar sem Nóbelsverðlaunahafinn R.K. Pachari er í forsvari.

# Starfssamningur við Auðlindastofnun Indlands

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, undirritaði á dögunum samstarfssamning við indverska háskólann TERI, sem hýsir Auðlindastofnun Indlands. Samningurinn felst í víðtækri samvinnu í umhverfis- og auðlindafræðum, í orku- og jarðvísindum auk samvinnu í rannsóknum á sjálfbærri þróun.

Samningurinn, sem var undirritaður í Nýju-Delí á Indlandi, felur einnig í sér gagnkvæm skipti á nemendum og kennurum. Nóbelsverðlaunahafinn R.K. Pachauri skrifaði undir samstarfssamninginn fyrir hönd TERI en hann tók við friðarverðlaunum Nóbels á síðasta ári ásamt Al Gore, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna. Pachauri er forstöðumaður TERI en hann hefur einnig starfað sem formaður vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar,IPCC og tók við Nóbelsverðlaununum sem fulltrúi þeirra.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var við undirritunina á samningi háskólanna en viðstödd athöfnina voru einnig þær Guðrún Pétursdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun, Árný Erla Sveinbjörnsdóttir, stjórnarformaður stofnunarinnar, Jón Atli Benediktsson prófessor í rafmagnsverkfræði og þróunarstjóri Háskóla Íslands og Gunnar Pálsson, sendiherra Íslands á Indlandi.

Tilgangur heimsóknar Kristínar Ingólfsdóttur til Indlands var að þiggja boð Pachauri um að flytja fyrirlestur á alþjóðlegri ráðstefnu um loftslagsbreytingar auk þess að taka þátt í umræðum við lok ráðstefnunnar og skrifa undir áðurnefndan samning.

Einnig kynnti starfsfólk TERI starfsemi stofnunarinnar og áherslur í rannsóknum og kennslu. Sendinefnd Háskóla Íslands kynnti starfið hér heima og valin verkefni á sviði jöklafræði, orkuvísinda, jarðskjálftafræði auk umhverfis- og auðlindafræða. Jafnframt var skýrt frá aðkomu vísindamanna Háskóla Íslands að kennslu í Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, sem starfrækur hefur verið á Íslandi í 30 ár.


**FEBRÚARTILBOÐ**

á legsteinum og fylgihlutum

**10-50%** afsláttur

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is






*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gísli Brynjólfsson,**

frá Þykkvabæjarklaustri, Árskógum 6,

sem lést fimmtudaginn 7. febrúar verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 22. febrúar kl. 13.00.

**Þóranna Brynjólfsdóttir**
**Guðrún Gísladóttir**
**Sigurður Reynir Gíslason** **Málfríður Klara Kristiansen**
**Áslaug Gísladóttir** **Þórður Kr. Jóhannesson**
**Freyr Tómasson, Birnir Jón Sigurðsson, Anna Diljá Sigurðardóttir, Kristín Rut Þórðardóttir og Gísli Þór Þórðarson.**

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Aldís Jóna Ásmundsdóttir**

Lindargötu 57, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 22. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Sigríður Jóhannesdóttir** **Ásgeir Árnason**
**Ásmundur Jóhannesson** **Margrét Guðbjartsdóttir**
**Auður Jóhannesdóttir** **Haraldur Lárusson**
**Guðni Jóhannesson** **Bryndís Sverrisdóttir**
**Arnbjörn Jóhannesson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Magnea Gísladóttir,**

frá Ísafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli hinn 19. febrúar.

**Páll Helgi Sturlaugsson** **Emma Sigurjóna Rafnsdóttir**
**Sigríður Elísabet Sturlaugsdóttir** **Ómar Örn Þorbjörnsson**
**Guðrún Ingibjörg Sturlaugsdóttir** **Karl Jensson**
**ömmu og langömmubörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,*

**Guðni Oddgeirsson**

Melási 3, Raufarhöfn,

verður jarðsunginn frá Raufarhafnarkirkju laugardaginn 23. febrúar kl 13.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Lára Þorsteinsdóttir**
**Þorbjörg Rut Guðnadóttir** **Ársæll Geir Magnússon**
**Oddgeir Guðnason** **Elísabet Karlsdóttir**
**Guðný Guðnadóttir**
**Árni St. Björnsson**
**og barnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, stjúpfaðir, afi og langafi,*

**Jón Björgvin Rögnvaldsson**

fyrrverandi hafnarvörður,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 22. febrúar kl 14.00.

**Hrafnhildur Jónsdóttir** **Kristján Fredriksen**
**Kristín S. Jónsdóttir** **Guðbjörn Garðarsson**
**Ragnhildur Skjaldar**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegi maðurinn minn, pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,*

**Björn Sigurðsson**

fv. bifreiðastjóri, Árskógum 6, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ laugardaginn 16. febrúar. Jarðsett verður í kyrrþey.

**Ársól Margrét Árnadóttir**
**Margrét Björnsdóttir** **Brynjúlfur Erlingsson**
**Sigurður Björnsson**
**Ólafía Björnsdóttir**
**Sólveig Björnsdóttir** **Ólafur Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og frænka,*

**Svandís Júlíusdóttir**

Skúlagötu 78, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 18. febrúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Karl Valur Guðjónsson** **Díana Björnsdóttir**
**Brynja Guðjónsdóttir** **Sveinn Þór Hallgrímsson**
**Júlíus Kristinsson** **Lotte Knudsen**
**Kristján Kristinsson**
**Egill Kristinsson** **Hafdís Ósk Gísladóttir**
**Barnabörn og aðrir aðstandendur.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og stuðning vegna andláts og útfarar ástkærar eiginkonu minnar, móður, dóttur, systur og tengdadóttur,*

**Unnar Fadilu Vilhelmsdóttur**

Hraunási 5, Garðabæ,

sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítala-háskólasjúkrahúss.

**Sveinn Benediktsson** **Gunnar Már Óttarsson**
**Ásgerður Ágústsdóttir** **Vilhelm G. Kristinsson**
**Jón G. Vilhelmsson** **Sigurður E. Vilhelmsson**
**Jóhanna M. Vilhelmsdóttir** **Benedikt Sveinsson**
**Guðríður Jónsdóttir**

Opið hús

Frum



# ÞVERÁS 16 - 110 REYKJAVÍK

## Opið hús í dag fimmtudag

milli kl. 18:00 og 19:00.

Mjög vel skipulagt 148,7 fm einbýli á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Fjögur góð svefnherbergi, nýtt eldhús og eikarparket og flísar á gólfum. Fallegur garður og góð aðkoma er að hús. Stutt í skóla og leikskóla. Einstök eign í vinsælu hverfi.

**VERÐ 46,4 millj.**

***Allar nánari upplýsingar gefur***
***Þóra Þrastardóttir, lögg.fasteignasali***
***Akkurat fasteignasölu í síma 822 2225***

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helga-dóttir lögg.fast

A K K U R A T

Frum







***DYNSALIR** - 201 KÓP.*

Mjög góð 135,8 fm. Íbúð í Salahverfinu með bílskúr. Forstofa. Stór stofa með yfirbyggðum svölum. Góð herbergi. Eldhús með mahóní innréttingu og baðherbergi er flísalagt hólf í gólf. Stutt í alla þjónustu.

**VERÐ 33,8 millj.**

***Nánari upplýsingar veitir***
***Viggó hjá Akkurat sími 824 5066***

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helga-dóttir lögg.fast

A K K U R A T

Frum








***OPIÐ HÚS Í DAG 21. FEB. KL. 17:00-17:30***
***SÓLEYJARIMI 9,** íbúð 104 - 112 RVK.*

**MJÖG FALLEG ÍBÚÐ Á JARÐHÆÐ MEÐ SÉR-INNGANGI OG STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU.** Íbúð fyrir 50 ára og eldri. Rúmgóð herbergi með miklum fataskápum. Glæsilegt eldhús og baðherbergi. Stór stofa með útgengi á yfirbyggðar svalir. Sérþvottahús.

**Verð: 32,9 millj.**

***Nánari uppl. veitir Ásdís hjá Akkurat 898 3474***

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helga-dóttir lögg.fast

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið



# STUÐ MILLI STRÍÐA Skúrað og ryksugað til eilífðarnóns

**ROALD VIÐAR EYVINDSSON** ÆTLAR EKKI AÐ FETA Í FÓTSPOR SISYPHUSAR



Ég hef aldrei skilið hvers vegna ungt og fullfrískt fólk fær sér húshjálp; alltaf álitið það vera hreinræktaða aumingja sem borga öðrum fyrir að þrífa skítinn eftir sig.

Það varð hins vegar heldur betur breyting á um daginn, þegar það rann upp fyrir mér að sjálfsagt sæi ég aldrei fyrir endann á þrifunum. Ég var eins og Sisyphus, sem var í grískri goðafræði dæmdur til að velta grjóthnullungi upp brekku í helvíti án þess að koma honum nokkru sinni á toppinn. Mitt hlutskipti yrði hins vegar að þurrka af, ryksuga, þvo þvotta og skúra gólf til eilífðarnóns án þess að nokkur staðar sæi högg á vatni.

Það var þá sem ég ákvað að segja starfi ræstitæknisins lausu og ganga til liðs við hreinræktuðu aumingjana. Fékk uppgefið símanúmer hjá húshjálp og réði hana undir eins.

Að morgni tiltektardagsins mikla lá ég í rúminu og iðaði af spenningi. Gat varla beðið eftir að heimilishjálpin kæmi. Vá hvað allt átti eftir að verða skínandi hreint og flott, hugsaði ég en velti um leið fyrir mér hvað henni ætti eftir að finnast þegar hún hitti fyrir ungan og fullfrískan mann í öllu þessu drasli.

Ég vissi ekki af mér fyrr en ég var allt í einu kominn á harðasprett um húsið og hreinlega velti draslinu á undan mér eins og jarðýta; henti í uppþvottavél, þvottavél og þurrkara, skóflaði öllu lauslegu af borðum í skápa og skúffur, staflaði óuppteknum kössum undir stiga og upp á loft og skreið á gólfinu í leit að drasli, þar til ekki var eftir sá staður í húsinu sem ég hafði ekki yfirfarið með stækkunargleri.

Ég var svo í þann mund að setjast niður til að kasta mæðinni, þegar bankað var á dyrnar. Húshjálpin var þá mætt og ég opnaði fyrir henni og bauð inn fyrir. Hún tiplaði inn á stofugólf, horfði í drykklanga stund kringum sig og spurði svo örlítið ráðvillt: „Hvað er það eiginlega sem þú vilt að ég geri hérna?“

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




FEBRÚAR
TILBOÐ
NÝ OG SPENNANDI TILBOÐ ÚT ALLAN FEBRÚAR
FYRSTIR Á ÍSLANDI MEÐ HIÐ ÓTRÚLEGA
9600GT SKJÁKORT
19.900
GIGABYTE
GEFORCE 9600 GT
25DVD
DISKAR
25 STK Verbatim 16x DVD+R diskar Hvergi á betra verði!
1.890
MP610
FRÁ CANON
Eitt öflugasta fjölnotatækið í dag með 5 stök hylki
19.900
500GB
SPILARI
Frábær margmiðlunarspilari með 720P Upscaling ofl. ofl.
19.900
STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

**Kl. 15.30**
*Í tilefni af alþjóðlegum móðurmálsdegi UNESCO stendur Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fyrir málþingi í Þjóðminjasafninu í dag kl. 15.30. Á málþinginu verður fjallað um móðurmálskennslu tvítyngdra barna. Tvítyngi hefur aukist verulega á Íslandi undanfarin ár og er því fróðlegt að velta fyrir sér hvernig menntastofnanir hafa brugðist við. Aðgangur að málþinginu er ókeypis og öllum opinn.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Haydn í Háskólabíói

Enn og aftur dregur til tíðinda hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Það hefur vart farið fram hjá tónlistarunnendum að hljómsveitin er einstaklega lunkin við að laða til sín góða gesti. Einn slíkur kemur fram á tónleikum með sveitinni í kvöld; enginn annar en sellósnillingurinn Daniel Müller-Schott. Hann leikur einleik í sellókonsert eftir Joseph Haydn.

Müller-Schott er óumdeilanlega ein skærasta stjarna sellóheimsins í dag. Fimmtán ára gamall vann hann Tsjaíkovskí-keppnina fyrir unga tónlistarmenn í Moskvu og skömmu síðar tók fiðlusnillingurinn Anne-Sophie Mutter hann upp á arma sína og greiddi götu hans í námi og upphafi ferilsins, sem hefur einmitt verið einkar farsæll.

Mikil eftirvænting ríkir meðal íslenskra tónlistarspekúlanta vegna komu Müller-Schotts, og eru einungis örfá sæti enn óseld á tónleikana í kvöld.

Auk sellókonsertsins verða á efnisskrá



**DANIEL MÜLLER-SCHOTT** Ein skærasta stjarna sellóleiks í dag.

hljómsveitarinnar tvö af ástsælustu verkum klassíska tímabilsins: forleikurinn að Töfraflautunni eftir Mozart og Sveitasinfónía Beethovens. Hljómsveitarstjóri er Norðmaðurinn Eyvind Aadland. Tónleikarnir fara fram í Háskólabíói og hefjast kl. 19.30.

Ekki má gleyma að minnast á súpufundi Vinafélags Sinfóníuhljómsveitarinnar, en þeir eru hugsaðir til þess að krydda tónleikaupplifunina. Á súpufundunum fara fram tónleikakynningar og fræðsla fyrir tónleika og fer slíkur fundur einmitt fram fyrir tónleikana í kvöld. Þar mun Ingibjörg Eyþórsdóttir tónlistarfræðingur fjalla um tónskáldin og verkin sem flutt verða á meðan gestir gæða sér á veitingum. Súpufundurinn verður haldinn á Hótel Sögu og hefst kl. 18. Aðgangseyrir að fundinum er 1.200 kr. og allir eru velkomnir.

**- vþ**

## Handan um höf

Þjóðmenningarhúsið efnir til málþings í tengslum við sýninguna Handan um höf – þýðingar og frumsamin ritverk Helga Hálfdanarsonar í bókasal hússins á laugardag 23. febrúar kl. 15.

Á málþinginu varpa frummælendur hver sínu ljósi á verk Helga, þeir fjalla um fræðiskrif hans og skáldskaparrýni, jafnt sem þýðingar hans á ólíkum verkum. Frummælendur eru Eysteinn Þorvaldsson, Ástráður Eysteinsson, Ásdís Sigmundsdóttir og Sveinn Einarsson. Auk þess les Borgar Garðarsson leikari einræðu úr leikritinu Prómeþeifur eftir Æskílos sem Helgi þýddi. Gauti Kristmannsson stýrir málþinginu. Málþingið verður með kaffihúsasniði og verður veitingasala meðan á málþinginu stendur en að því loknu býður Þjóðmenningarhúsið gestum að þiggja léttar veitingar. Málþingið er öllum opið en það stendur í um tvær klukkustundir. .



**BÓKMENNTIR** Helgi Hálfdanarson, skáld og þýðandi.

## Sýningarlok í 100°



Nú fer hver að verða síðastur að sjá sýningu á verkum listakvennanna Freyju Önundardóttur og Sigríðar Helgu Olgeirsdóttur í Galleríi 100°, húsi Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1.

Hinar ólíku myndir orkunnar og kraftsins í náttúrunni eru viðfangsefni í málverkum Freyju og skúlptúrum Sigríðar Helgu. Sýningin hefur verið vel sótt og fengið góðar viðtökur.

Sýningunni lýkur á laugardag, en þá verður galleríið opið á milli kl. 13-17 og verða listakonurnar á staðnum.

**- vþ**

**KRAFTBIRTING** Sýningunni lýkur nú um helgina.

# Pör og gamalt fólk dansa

**Hin hefðbundna febrúarfrumsýning Íslenska dansflokksins er fram undan, en á föstudag frumsýnir flokkurinn tvo verk, bæði eftir áberandi norræna danshöfunda, Jo Strömgren hinn norska, sem hefur þegar vakið nokkra athygli hér á landi, og nýtt verk eftir hinn unga og efnilega danshöfund Alexander Ekman.**



**DANSLIST** Alexander Ekman semur nýtt verk fyrir ÍD, Station Gray – Last Stop. Verður gaman að sjá dansara Íslenska dansflokksins takast á við hreyfingarheim eldra fólks. MYND/ÍD/GOLLI



**DANSLIST** Jo Strömgren, hinn norski leikhúsmaður, hefur áður unnið með flokknum en setur hér upp eldra verk sitt frá 2004, Kvart. MYND/ÍD/GOLLI

Báðir eru þeir í fremstu röð danshöfunda á Norðurlöndum þessi misserin, Ekman er rísandi stjarna en Strömgren er þegar orðinn virtur um alla Evrópu fyrir dansverk sín. Hann hefur áður unnið með dansflokknum, samdi fyrir hann verkið Kraak 2001, en nú kemur hann hingað og vinnur verkið Kvart að þörfum flokksins og fær sér til liðsinni hinn mikilsmetna fatahönnuð, Steinunni Sigurðardóttur, sem kemur nú í fyrsta sinn að búningasköpun fyrir dansflokk á sviði.

Frumsýningin á föstudag er einn af hátindum í danslífi hér á landi, en auk hennar eru fimm sýningar fyrirhugaðar á verkunum tveimur: sunnudag og síðan 2., 7., 9., og 16. mars. Sýnt er á Stóra sviðinu. Í verki Strömgrens, Kvart, er dansað á hvítu teppi og er ætlun höfundar að rannsaka dans sem sést ekki oft á sviði þá dansarar dansa fyrir hvorn annan – líkt og þjóðflokkar í Kongó gera eða hiphop-dansarar í úthverfum Parísarborgar. Tónlistin er eftir finnska tónskáldið Kimmo Pohjonen.

Strömgren átti annað verk á sviðum Borgarleikhússins fyrir skemmstu, en sviðsetning hans á Ræðismannsskrifstofunni var á Nýja sviðinu í hans eigin sviðsetningu fyrir Leikfélag Reykjavíkur. Jo Strømgren er viðurkenndur einn helsti frömuður dansleikhúss á Norðurlöndum og hafa verk hans verið sýnd í um fimmtíu löndum. Hann er fæddur í Noregi 1970, heillaðist af bandarískum dansmyndum sem unglingur og hóf að læra jassballett. Fljótlega færði hann sig yfir í ballett og nútímadans. Um tvítugt hóf hann nám við Listdansskóla Noregs og vann síðan hjá Carte Blanche í Bergen að námi loknu þar sem hann starfaði bæði sem dansari og danshöfundur. Þar vakti Strømgren fljótt mikla athygli fyrir verk sitt Schizo Stories fyrir bæði óvenjulegt líkamstungumál og húmor. Síðastliðið vor kom hann til Íslands með farandverkið sitt vinsæla Hospital. Verkið Kvart var upphaflega samið árið 2004 í tilefni af afmælishátíð Oslo Danse Ensemble, en hefur nú verið endurunnið og þróað með Íslenska dansflokkinn í huga.

Alexander Ekman semur nýtt verk fyrir dansflokkinn: Station Gray – Last Stop. Vísar titillinn í umfjöllunarefnið – við fylgjumst með hóp af eldra fólki sem er í leit að æskunni. Verkið er húmorískt og létt og tónlistin er úr mörgum áttum.

Alexander fæddist árið 1984 í Stokkhólmi og stundaði nám við hinn Konunglega sænska ballettskóla og gekk síðan til liðs við Konunglega ballettinn. Frá 2002 til 2005 starfaði hann með Nederlands Dans Theater II. Þaðan fór hann svo til Cullberg-ballettsins í Svíþjóð í eitt ár og eftir það hefur hann starfað sjálfstætt sem danshöfundur. Alexander hefur samið verk fyrir meðal annars Cullberg-ballettinn, Nederlands Dans Theater, IT-dansa, Bernballettinn, Europe Danse í Frakklandi og ýmsa aðra flokka í Evrópu. Árið 2006 hlaut Alexander önnur verðlaun og gagnrýnendaverðlaunin á alþjóðlegri danshöfundakeppni í Hannover með verk sitt Swingle Sisters. Sama ár var hann einnig nefndur sem ungur danshöfundur á uppleið í árlegri útgáfu af BalletTanz. Alexander byrjaður að eiga við vídeólist og að festa dans á filmu.

**pbb@frettabladid.is**


*„Bók sem snertir þig og sýnir þér hvernig þú getur lifað því lífi sem þig hefur alltaf langað til að lifa.“*

Richard Carlson rithöfundur

Frá höfundi bókarinnar *Munkurinn sem seldi sportbílinn sinn* sem hefur selst í 12.000 eintökum hér á landi.

Í bókinni eru hagnýt ráð og hvatning til að líta á sjálfan sig sem verk í mótun; áminning um að maður búi yfir ónýttum hæfileikum sem þarf að finna og rækta.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is





## Kvenfólk í útvarpi

Útvarpsleikhúsið á Rás 1 býður í kvöld kl. 22.20 upp á fjórða og síðasta kvöldið í fylgd leikhúslistamannsins George Tabori. Að þessu sinni er flutt eitt þekktasta leikrit hans, Móðir mín hetjan. Sonur segir frá móður sinni, dæmigerðri og dagfarsprúðri konu, sem lendir í aðstæðum sem knýja hana til að endurskoða þau verðmæti sem hún trúði á og bregðast við þeim á óvæntan hátt.

Á sunnudag heldur framhaldsleikritið Nornirnar áfram kl. 15, en leikritið er gert eftir vinsælli sögu Roalds Dahl. Í hlutverkum nornanna eru meðal annarra Brynhildur Guðjónsdóttir og Jóhanna Vigdís Arnardóttir. Vert er að geta þess að á eftir hverjum þætti Nornanna á ung listakona einleik, þar sem hún kuklar í útvarp. Þáttaröðin kallast Sírenur og næsta sunnudag er það Ásdís Sif Gunnarsdóttir sem lætur að sér kveða.

**- vþ**



**BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR** Hún er ein nornanna ógurlegu sem skelfa hlustendur Útvarpsleikhússins næstu sunnudaga.


LÓKAL
LÓKAL
Alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík 5.-9. marz
New York City Players, Vivarium Studio, Erna Ómarsdóttir
og Lieven Dousselare, Nature Theatre of Oklahoma,
Þjóðleikhúsið, Draumasmiðjan og Sokkabandið.
Kynntu þér dagskrána og ítarlegar upplýsingar á www.lokal.is
Miðasala er hafin á www.midi.is
GLITNIR
ICELANDAIR
Fjárlaganefnd
Alþingis
Reykjavíkurborg
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ








# Skipulag og stjórnleysingjar

Tveir ólíkir viðburðir eru á dagskrá Listasafns Reykjavíkur á löngum fimmtudegi í Hafnarhúsinu í kvöld. Annar er tengdur Vatnsmýrarsýningunni, sem lýkur einmitt í kvöld, en hinn er heimildarmynd á vegum Reykjavik Documentary Workshop. Þó að viðburðirnir komi hvor úr sinni áttinni þá tengir Ítalía þá sterkum böndum en fyrirlesarinn og leikstjóri myndarinnar eru báðir ítalskir.

Ítalski arkitektinn Massimo Santanicchia er menntaður í Feneyjum og London og starfar nú sem kennari við Listaháskóla Íslands. Hann heldur fyrirlestur í fjölnotasal Hafnarhússins í dag kl. 17. Þar mun hann fjalla um fagurfræði og tíðaranda í skipulagi borga.



**SKIPULAGSMÁL Í BRENNIDEPLI** Sýning á tillögum um skipulag Vatnsmýrarinnar stendur nú yfir í Hafnarhúsinu.

Safnið, ásamt Reykjavík Documentary Workshop, býður svo upp á sýningu heimildamyndarinnar Ég er ekki eitt prósent í fjölnotasal Hafnarhússins í kvöld kl. 20. Viðstaddur verður leikstjóri myndarinnar, Antonio Morabito. Að sýningunni lokinni mun leikstjórinn svara spurningum úr sal.

Myndin fjallar um heim anarkista í ítölsku borginni Carrara, en hún er eins konar vagga alþjóðlegs anarkisma. Antonio Morabito dvaldi í tvö ár í borginni og veitir þannig áhorfendum innsýn í lítt þekktan heim sem oft er litinn hornauga. Í myndinni fylgjumst við með ritstjóra, háskólaprófessor, myndhöggvara, sagnfræðingi og prentara ræða um anarkisma allt frá árinu 1894 fram til nútímans. Þeir ræða um hreyfingar eins og no-global og new-global, óstöðugan vinnumarkað og umhverfismál. Með því að skeyta saman viðtölum og sögulegu myndefni vekur myndin upp spurningar um samband anarkisma við ofbeldi, samfélag og útópíu.

Aðgangur að viðburðunum er ókeypis og öllum opinn. - vþ






## NÝJAR BÆKUR

Út er komið á vegum Háskólaútgáfunnar ritið Inngangur að miðöldum - handbók í íslenskri miðaldasögu I eftir Gunnar Karlsson prófessor. Þar er gerð tilraun til að gefa yfirlit um stöðu fræða í íslenskum miðaldarannsóknum, vísað til rita um þetta sögulega fyrirbæri, farið yfir rannsóknarsögu og greint frá breytingum í áherslum og viðhorfum fræðimanna. Lengsti hluti þess er yfirlit um heimildir - fornleifar, sögur, lög, skjöl og annála. Hefur höfundur lýst yfir að fleiri bindi í þessu verki séu í undirbúningi: um landnám, félagsgerð og bjargræði í samfélagi miðalda.




Árni Björnsson hefur sent frá sér rit um þorrablót. Byggir verkið á fyrri ritum hans um þetta fyrirbæri í félagslífi þjóðarinnar, grafist fyrir um upphaf siðarins og endurvakningu á 19. öld. Einnig um siði tengda þorra á okkar tímum. Nýjung er í ritinu af nótum við ýmis þorrakvæði sem hafa ekki birst um langt skeið, sum verið gleymd. Mál og menning gefur út.










# Dagur tónlistarskólanna

Tónlistarlegt uppeldi er öllum börnum til góðs. Dagur tónlistarskólanna er nú á laugardag og miðar að því að vekja athygli á því mikla og góða starfi sem fer fram innan þessara stofnana. Í tilefni dagsins efnir Tónlistarskólinn á Akureyri til tónleika í Ketilhúsinu, frá kl. 11 til kl. 17 á laugardag. Þar koma fram nemendur á öllum stigum, einir sér eða í hópum, stórum sem smáum.

Haldnir verða tónleikar á klukkustundar fresti frá kl. 11 og lýkur dagskránni með Þorgerðartónleikum kl. 16, en þeir eru haldnir ár hvert til styrktar minningarsjóði Þorgerðar Eiríksdóttur. Nemendur af framhaldsstigum skólans koma þar fram og leika fagra tóna fyrir gesti.



**UNGIR TÓNLISTARMENN** Nemendur við Tónlistarskólann á Akureyri.

Frítt er inn á alla tónleikana en tekið er á móti frjálsum framlögum í Þorgerðarsjóð allan daginn.

- vþ

# Líkaminn frá ýmsum sjónarhornum

Litla svið Borgarleikhússins verður í kvöld undirlagt sýningum ungs fólks sem allar hverfast um líkamann með einum eða öðrum hætti.

Sýningarnar eru afrakstur samstarfsverkefnis Borgarleikhússins, Listaháskóla Íslands og Hins hússins. Boðið verður upp á sýningar eftir nemendur í 10. bekk Austurbæjarskóla og nemendur af listasviði Fjölbrautaskólans í Breiðholti, en þessir hópar urðu hlutskarpastir í hugmyndasamkeppni Borgarleikhússins sem bar titilinn „Viltu láta rödd þína heyrast?“

Að auki koma fram annars árs nemar í leiklistardeild Listaháskóla Íslands og sýna verk sem unnin eru í tengslum við námskeið sem fjallar um líkamann í sviðslistum. Leiklistarnemar á þriðja ári sýna dansleikhúsverk undir stjórn Ólafar Ingólfsdóttur, Götuleikhús unga fólksins sýnir atriði utan húss og sérstakir gestir verða vinningshafar hæfileikakeppninnar Skrekks, hópur úr Hlíðarskóla, en vinningsatriði þeirra fjallaði einmitt um líkamann. Dagskráin hefst kl. 20. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

- vþ



**VAXTARÆKTARTRÖLL** Mannslíkaminn birtist í mörgum stærðum og gerðum.

**Hársnyrtinemar athugið**

**Staða laus á Rauðhettu og Úlfinum**

Upplýsingar í síma 511-4004

**Ný norræn matargerðarlist í Norræna húsinu.**
**17. – 24. febrúar**

**Norrænt hlaðborð í *Alvar A matur og drykkur* í hádeginu og á kvöldin.**

**Stór matvælasýning í kjallaranum opið 12.00 – 18.00**

**Dagskrá 21. febrúar**
**Fyrirlestrar, kynningar og smökkun.**

12.00 The Whole Food Market Idea, Jason Belleau.

13.00 Culinary Stavanger 08 Eivind Haalien matarsendiherra frá Noregi.

13.45 *Matur í tíma og rúmi* Carl Jan Granqvist matarsendiherra frá Svíþjóð.

14.30 *Evrópusamtök um arfleifð matargerðar.* Madelene Johansson og Jan Hansson frá Svíþjóð.

15.00 Matarinnsetningar: *Er hægt að nota mat og drykk sem listrænt tjáningar- og frásagnarform?* Máltidsvision frá Svíþjóð.

16.30 *Fáðu þér bita úr Matarkistu Skagafjarðar.* Guðrún Brynleifsdóttir

17.15 *Cider – listin að búa til eplacider.* Åkesson Vin frá Svíþjóð

18.00 *Keimur frá Österlen á Skáni* Eva Norsell

www.nordice.is
sími 5517030

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



## > FJALAKÖTTURINN Á STJÁ

Þrjár kvikmyndir verða sýndar á vegum kvikmyndaklúbbsins Fjalakattarins í Tjarnarbíói á sunnudaginn. Meðal þeirra eru Joy Division og króatíska kvikmyndin Put Lubenica. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu klúbbsins, filmfest.is.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Star Trek skreppur saman

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur umfangið á væntanlegum Íslandstökum í næstu Star Trek-kvikmynd minnkað talsvert frá því sem upphaflega var talið. Eins og kom fram í fjölmiðlum á síðasta ári sýndu framleiðendur myndarinnar Íslandi mikinn áhuga og komu í þónokkrar skoðunarferðir. Jafnvel var talið að stór hluti myndarinnar yrði tekinn upp hér á landi en nú virðist hafa verið hlaupið frá þeirri hugmynd. Hins vegar hefur frumsýningu kvikmyndarinnar verið frestað um hálft ár og því gæti opnast smá gluggi fyrir Ísland að láta ljós sitt skína meðal Trekkara en það verður þó að teljast ólíklegt.

Jafnframt eru litlar líkur taldar á því að einhverjar af þeim stórstjörnum sem leika aðalhlutverkin í myndinni komi hingað til lands en meðal þeirra eru Eric Bana og búðarþjófurinn fyrrverandi, Winona Ryder.

Framleiðslufyrirtækin Saga Film og Pegasus hafa verið í samskiptum við aðstandendur myndarinnar í Hollywood en þeir hafa gefið loðin svör og lítið viljað gefa upp. Ekki liggur fyrir endanlega hvort fyrirtækin munu þjónusta Star Trek-myndina og hvenær fulltrúar hennar láta sjá sig á Íslandi en það ætti að verða í lok næsta mánaðar.

- fgg



**ENGAR STJÖRNUR** Ekki er reiknað með að aðalleikarar nýjustu Star Trek-myndarinnar, þau Eric Bana og Winona Ryder, komi hingað til lands.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA



**THERE WILL BE BLOOD**
Daniel Day-Lewis þykir sýna stórleik í There Will Be Blood, sem byggir lauslega á skáldsögu eftir Upton Sinclair sem kom út 1927. Day-Lewis leikur gráðugan og kaldrifjaðan olíubarón sem ásælist landareign Sunday-fjölskyldunnar. Myndin hefur verið tilnefnd til átta Óskarsverðlauna. Jonny Greenwood, gítarleikari Radiohead, semur tónlistina í myndinni.
**Leikstjóri:** Paul Thomas Anderson (Boogie Nights, Magnolia)
**Aðalhlutverk:** Daniel Day-Lewis, Ciarán Hinds og Paul Dano.
**Dómur IMDB:** 8,8/10.



**27 DRESSES**
Í þessari rómantísku gamanmynd fer Katherine Heigl (úr sjónvarpsþáttunum Grey´s Anatomy) með hlutverk stúlku sem hefur verið brúðarmær 27 sinnum. Þegar hún verður ástfangin af tilvonandi mági sínum vandast málið heldur betur.
**Leikstjóri:** Anne Fletcher (Step Up).
**Aðalhlutverk:** Katherine Heigl, James Marsden og Brian Kerwin.
**Dómur IMDB:** 6,5/10.



**AWAKE**
Þessi sálfræðitryllir fjallar um mann sem vaknar upp í miðri hjartaskurðaðgerð án þess að geta hreyft legg né lið eða tjáð sig. Á sama tíma þarf eiginkona hans að taka ýmsar erfiðar ákvarðanir og takast á við persónuleg vandamál.
**Leikstjóri:** Joby Harold.
**Aðalhlutverk:** Jessica Alba, Hayden Christensen og Lena Olin.
**Dómur IMDB:** 6,6/10.



**STEP UP 2 THE STREETS**
Tveir dansnemendur af ólíkum uppruna fella hugi saman í Maryland-listaskólanum. Þessi dansmynd er framhald Step Up sem kom út fyrir tveimur árum og naut töluverðra vinsælda.
**Leikstjóri:** Jon Chu.
**Aðalhlutverk:** Briana Evigan og Robert Hoffman.
**Dómur IMDB:** 4,6/10.

# Tekur lög Tom Waits

Hollywood-stjarnan Scarlett Johansson virðist ætla að feta í fótspor lærifôðurs síns, Woody Allen. Hin sérlundaði leikstjóri hefur varla mátt gera kvikmynd á undanförnum árum án þess að Scarlett hafi verið viðloðandi og nú hefur leikkonan unga ákveðið að hastla sér völl á tónlistarsviðinu. Eins og Woody sem öllu jafnan leikur á klarinett í djasssveit sinni.

Johansson hefur þannig opinberað að David Bowie sé meðal gesta á fyrstu sólóplötu hennar, Anywhere I Lay My Head, sem er væntanleg í maí. Á plötunni syngur leikkonan eingöngu lög eftir Tom Waits en aðrir gestir eru Nick Zinner úr rokksveitinni Yeah Yeah Yeahs og Sean Antanaitis úr Celebration. Dave Sitek, meðlimur hljómsveitarinnar TV on the Radio sem kom á Airwaves árið 2003, hljóðritaði plötuna.

Annars hefur allt verið logandi á slúðursíðum netsins að undanförnu vegna sögusagna um að Scarlett og Natalie Portman hafi slegist á tökustað myndarinnar The Other Boleyn Girl. Samleikari þeirra Eric Bana hefur hins vegar komið þeim til bjargar og sagði að leikkonurnar elskuðu hvor aðra.



**SCARLETT JOHANSSON** Scarlett syngur lög Tom Waits á fyrstu sólóplötu sinni.

# Stjörnustund í Hollywood

**Handritshöfundarnir í Hollywood eru væntanlega hetjur í augum kvikmyndaframleiðenda enda búnir að semja við sína yfirboðara og stöðva sitt verkfall. Sem þýðir að Kodak-höllin í Hollywood fyllist af stórstjörnum hvíta tjaldsins þegar sjálfur Óskar verður afhentur aðfaranótt mánudags.**

Óskarsverðlaunin eru sennilega eftirsóttustu kvikmyndaverðlaun í heiminum. Ekki vegna þess að gæðin hafa þar yfirleitt sigur heldur hefur gullni karlinn þau áhrif að nafn sigurvegarans lifir nánast að eilífu. Óskarinn er hins vegar ekki þessi fagverðlaun sem margir telja þau vera heldur skiptir pólitík, aldur og fyrri störf oft miklu meira máli en frammistaðan sjálf.

### Besta kvikmyndin

Það þarf að leita töluvert langt aftur í tímann síðan spennan í þessum flokki var jafnmikil. Fyrirfram búast flestir kvikmyndaspekúlantar við að baráttan standi á milli No Country For Old Men og There Will Be Blood. Báðar myndirnar hafa sópað að sér hvers kyns fagverðlaunum og verið hampað af kvikmyndagagnrýnendum um allan heim.

Að mati margra væri það stórslys ef önnur þessara yrði ekki fyrir valinu en enginn skyldi þó útiloka hina sterku hefð bandarísku kvikmyndaakademíunnar; að koma á óvart. Skipbrot Atonement á Bafta-verðlaunum kemur sennilega í bakið á henni og bæði Juno og Michael Clayton þykja eilítið of „litlar" til að geta staðið uppi sem sigurvegarar.

*Spá IMDB: Coen-bræður fyrir No Country For Old Men*

### Besti leikarinn

Ólíkt kosningunni um bestu kvikmyndina þykir valið á besta leikaranum lítt spennandi. Það þætti nefnilega forsíðufrétt hjá flestum kvikmyndatímaritum ef Daniel Day-Lewis fengi ekki Óskarinn fyrir frammistöðu sína í There Will Be Blood. Lewis hefur fengið Bafta, Golden Globe og aðalverðlaun samtaka kvikmyndaframleiðenda og leikara auk þess sem hinar og þessar kvikmyndahátíðir, stórar og smáar, hafa valið hann þann besta.

En menn skyldu ekki vanmeta áhrif George Clooney í draumaborginni sem virðist hafa erft völd Roberts Redford. Clooney kom öllum á óvart þegar hann vann styttuna fyrir Syriana sem besti leikari í aukahlutverki og gæti hæglega stolið senunni. Fyrirfram er hins vegar búist við því að ef Akademían skyldi vera svo vitlaus að ganga framhjá Lewis þá velji hún Johnny Depp í hlutverki morðóða rakarans Sweeney Todd.

*Spá IMDB: Daniel Day-Lews fyrir There Will Be Blood*

### Besta leikkonan

Vefur breska ríkisútvarpsins BBC spáir því að ef gengið verður fram hjá „stóru" myndunum þá gæti kvikmyndin Juno orðið óvæntur sigurvegari. Þessi litla mynd Jasons Reitman hefur unnið hug og hjörtu áhorfenda og stjarna hennar, hin tvítuga Ellen Page, gæti hafa tyllt sér í efsta sætið hjá Akademíunni. Hollywood þykir líka fátt jafn skemmtilegt og að búa til nýjar stjörnur og Ellen kynni að njóta góðs af því.

En Hollywood finnst líka nauðsynlegt að heiðra þær gömlu og þar skýtur Julie Christie öðrum leikkonum ref fyrir rass. Christie sýnir framúrskarandi leik í Away from her og þessi magnaða leikkona fékk síðast verðlaun árið 1966 fyrir Darling. Þar sem akademían er að mestu skipuð gömlu og íhaldssömu fólki gæti það átt erfitt með að styðja við unglingaóléttu og kýs því frekar að leyfa einum úr sínum flokki að vinna enda eigi unga fólkið framtíðina fyrir sér.

*Spá IMDB: Ellen Page fyrir Juno*

**Aðrir sigurvegarar samkvæmt IMDB:**
**Besti leikstjóri:** Ethan & Joel Coen (No Country for Old Men)
**Besti aukaleikari:** Javier Bardem ( No Country for Old Men)
**Besta aukaleikkona:** Cate Blanchett (I'm not There)
**Besta handrit:** Diablo Cody (Juno)



**VIRÐINGARVOTTUR** Julie Christie gæti farið með sigur af hólmi en 42 ár eru síðan hún fékk styttuna síðast fyrir Darling.



**COEN-SNILLD** No Country For Old Men þykir enn eitt meistarastykkið úr smiðju Coen-bræðra og gæti stolið senunni í Kodakhöllinni.



**NÁNAST AUKAATRIÐI AÐ MÆTA** Daniel Day-Lewis þykir svo sigurstranglegur sem besti leikari í aðalhlutverki að varla tekur því fyrir hann að mæta.

# Aðdáendur í skýjunum

Aðdáendur Indiana Jones eru himinlifandi yfir sýnishorni úr nýjustu ævintýramyndinni um fornleifafræðinginn sem er sú fjórða í röðinni. Í sýnishorninu eru sýnd brot úr fyrstu þremur myndunum áður en Harrison Ford í hlutverki Jones sveiflar sér um á svipunni sinni.

„Mér líður eins og barni á nýjan leik," sagði einn bloggari og annar bætti við að sýnishornið væri uppfullt af gríni og hasar. Myndin, sem nefnist The Kingdom of the Crystal Skull, kemur út í maí. Auk Fords fara með helstu hlutverk Cate Blanchett og Shia LaBeouf. Leikstjóri er Steven Spielberg og framleiðandi er George Lucas.



**INDIANA JONES** Harrison Ford fer með hlutverk fornleifafræðingsins Indiana Jones.


Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild



## Kynningarfundur Á flótta

Kynningarfundur um hlutverkaleikinn Á flótta verður haldinn í dag, 21. febrúar, kl. 20:00 á Laugavegi 120.

Fundurinn er ætlaður öllum þeim sem áhuga hafa á að taka þátt í leiknum sem og foreldum þeirra sem ekki hafa náð 18 ára aldri.

Næsti leikur verður haldinn helgina 1.–2. mars, skráning fyrir 22. febrúar.

Nánari upplýsingar fást hjá urkir@redcross.is og 545 0407.
Ungmennadeild Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands.




# HELENA RUBINSTEIN KYNNING Í LYF OG HEILSU KRINGLUNNI FIMMTUDAG, FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

## Sérfræðingar Helena Rubinstein, Þórunn og Friðmey kynna ýmsar spennandi nýjungar:

**WILD BEAUTY** – glæsilegir og spennandi vorlitir sem draga fram það besta hjá sérhverri konu.

**COLLAGENIST** með Pro-Xfill sem dregur úr hrukkum og styrkir húðina, án inngrips.

**WANTED BLUSH** – nýir kinnalitir sem móta andlitið.

**FELINE BLACKS** – Lash Queen maskarinn sem allar konur verða að eiga.

**LIFE PEARL** – augn- og varakrem sem endurbyggir húðina.

**LIP SCULPTOR** – nýtt varakrem sem afmáir línur í kringum varir og eykur endingu varalitarins svo um munar.

**Komdu til okkar og fáðu faglega ráðgjöf og sýnishorn af fullkomnum farða sem passar þinni húðgerð.**



Taska og glæsilegt burstasett með púðurbursta, varapensli og augnskuggabursta fylgir með þegar keyptar eru Helena Rubinstein* vörur fyrir 6.800 krónur eða meira meðan á kynningunni stendur í Lyf og heilsu Kringlunni.

* Aðeins einn kaupauki á viðskiptavin. Gildir meðan birgðir endast.

Lyf & heilsa – Kringlan
Sími: 568 9970

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

**> Ekki gleyma...**
*...valhnetunum, þó að jólin séu löngu liðin. Þær eru enn þá ljúffengar og tilvalin viðbót í hin ýmislegustu salöt. Svo eru þær líka stútfullar af hollum ómega-3 fitusýrum.*



**matur&vín**

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR SÖNGKONA

# *Indversk máltíð í tómri Prag minnisstæð*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Ætli mér þætti ekki erfitt að hætta að borða brauð með lífrænu hnetusmjöri og sultu.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Ég hugsa oft um indversku máltíðina sem ég fékk í Prag árið 1990, þegar ég var á Interrail-ferðalagi. Það var ekkert langt síðan að landamærin voru opnuð og búðirnar allar hálftómar. Eini maturinn sem var í boði voru hráir hamborgarar í götuskýlum. Eftir þrjá daga fundum við indverskan stað, og ég held að við höfum setið við málsverðinn í svona 5 tíma. Ég man eftir metraháum stöflum af nan-brauði.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Eini maturinn sem ég man eftir að hafa átt erfitt með var sagógrjónagrautur í leikskólanum.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Mér finnst rosalega gaman að baka og er mikið fyrir dökkt súkkulaði. Ég nota varla súkkulaði án þess að setja smá viskí út í, það virkar alltaf.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Latte með góðu dökku súkkulaði.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Sítrónu og hvítlauk.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Ef við gefum okkur að það sé ísskápur á eyjunni myndi ég taka með mér kassa af hrísmjólk með kanilsósu, ég hef þrifist ansi vel á henni síðasta árið.
**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?** Ostrur. Ég fékk þær fyrst á enska markaðnum í Cork á Írlandi. Mér fannst þær mjög skrýtnar, sérstaklega þegar ég var búin að borða þrjár og einhver sagði að þær væru eiginlega lifandi.



# Soufflé fyrir sálina

Franski rétturinn soufflé var afar vinsæll á árum áður, sama hvort um ostafrauð eða sætt frauð í eftirréttinn var að ræða. Þó að margar hryllingssögur séu til af frauði sem fellur saman á örskotsstundu stendur soufflé þó enn fyrir sínu. Þessa uppskrift að súkkulaðifrauði má finna á síðunni taste.com.au, en henni er ætlað að vera auðvelt að fylgja.

**Súkkulaðifrauð fyrir 2**
Lint smjör, til að smyrja form
½ msk. strásykur + auka til að þekja form
90g gott, dökkt súkkulaði
75 ml rjómi
2 egg, hvítur og rauður aðskildar
1 eggjahvíta
1 msk. koníak
Flórsykur

Hitið ofninn í 220°C. Smyrjið tvö 300 ml frauðform með smjöri og þekið botn og hliðar með strásykri. Kælið í 15 mínútur.

Bræðið súkkulaði og rjóma saman í potti yfir lágum hita, hrærið þangað til blandan er jöfn. Takið af hitanum. Hrærið 2 eggjarauðum og koníaki saman við, breiðið yfir pottinn og látið standa í allt að 2 tíma.

Þeytið eggjahvíturnar þar til stífar, bætið sykri út í og þeytið áfram. Ef súkkulaðið er kalt, hitið varlega og blandið eggjunum varlega saman við.

Hellið í formin, ekki alveg upp að brúninni. Bakið í 8-10 mínútur, þar til frauðið hefur lyft sér. Stráið flórsykri yfir og berið fram samstundis.



**SÚKKULAÐISOUFFLÉ** Sætt súkkulaðisoufflé ætti að gleðja margar sálir á þessum árstíma. NORDICPHOTOS/GETTY

# *Eigin kransakaka*



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**NÁMSKEIÐ Í KRANSAKÖKUGERÐ** Blómaval stendur fyrir námskeiðum í kransakökugerð fyrir fermingarbörn og foreldra þeirra.

Blómaval hefur undanfarin ár staðið fyrir námskeiðum fyrir þau fermingarbörn, og foreldra þeirra, sem vilja baka kransakökur sínar sjálf fyrir stóra daginn. Námskeiðin eru þegar farin af stað en það síðasta verður haldið laugardaginn 8. mars, og þá á Kaffi Edinborg á Ísafirði.

Halldór Kr. Sigurðsson konditormeistari leiðbeinir á námskeiðinu, þar sem þáttakendur munu gera sína eigin 40 manna köku. Hana er svo hægt að frysta þar til að fermingardegi kemur. Námskeiðin taka um tvær og hálfa klukkustund. Nánari upplýsingar um námskeiðin og skráningu er hægt að finna á vef Blómavals, blomaval.is, en þátttökugjald er 4.990 krónur.



**FOOD AND FUN** Um fjörutíu kokkar frá tíu löndum taka þátt í stærstu Food and fun-hátíð frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Norræn matargerð í fókus

**Í Norræna húsinu stendur nú yfir matarhátíðin Kræsingar og kæti. Þar er nýrri norrænni matargerðarlist gert hátt undir höfði með viðamikilli dagsskrá.**

Kræsingar og kæti er einn angi hinnar vinsælu matarhátíðar Food and fun, að sögn Ragnheiðar Harvey, fjölmiðlafulltrúa Norræna hússins. „Þar sem Food and fun leggur mikla áherslu á norrænar matvörur og matargerð er tilvalið að við séum aðilar að þessu líka. Við stöndum nú einu sinni fyrir því að kynna það sem er áhugavert á Norðurlöndunum,“ segir hún.
Stærsta Food and fun-hátíðin frá upphafi var opnuð í Norræna húsinu í gær, en þetta er í fyrsta sinn sem Ný norræn matargerðarlist verður kynnt á hátíðinni. Svo heitir samstarfsverkefni Norðurlandaráðs sem leggur áherslu á að tengja fyrsta flokks matargerðarlist við hreint og ferskt hráefni norðurslóða, sjálfbærni, heilsu, gildismat og menningu Norðurlanda.

Matarhátíðinni í Norræna húsinu lýkur á sunnudag, en af nógu er að taka þangað til. Norræna húsið býður upp á viðamikla fyrirlestradagskrá, og frá og með morgundeginum býðst gestum líka að skoða vörusýningu í kjallara hússins, þar sem hægt er að bragða á kræsingum frá Íslandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku. „Aðaláherslan þar er á lífrænar og vistvænar vörur, og það er margt spennandi að sjá,“ segir Ragnheiður.

Af fyrirlestrum og öðrum viðburðum má til dæmis nefna matarinnsetningu frá finnsk-sænskum hjónum sem kynntar verða klukkan þrjú í dag og á morgun. „Þau gera matarinnsetningar úr matvörum sem síðan er hægt að borða. Önnur innsetningin kallast Norðurljós, og henni fylgir sérsamin tónlist,“ útskýrir Ragnheiður. Þá er boðið upp á smökkun á epla-cider, víni og norrænum bjór. Aldurstakmark og aðgangseyrir er á þá viðburði en aðrir fyrirlestrar eru opnir öllum. Miðar á matarsýninguna kosta 1.200, og þá er hægt að nálgast á miði.is. Nánari upplýsingar um viðamikla dagskrá hátíðarinnar er að finna á heimasíðu Norræna hússins, www.nordice.is.



**KRÆSINGAR OG KÆTI** Þeir Einar K. Guðfinnsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra voru viðstaddir opnun Food and fun í Norræna húsinu í gær, en þar stendur nú yfir viðamikil matarhátíð að nafni Kræsingar og kæti.

sunna@frettabladid.is

NÝVEIDDUR RAUÐMAGI
199 KR/KG
HREINSAÐUR OG TILBÚINN Í POTTINN
Fiskisaga
Hamraborg - Skipholti - Höfðabakka - Nesvegi - Sundlaugavegi - Grensásvegi - Háaleitisbraut - Búðakór - Tjarnarvöllum - Dalvegi - Akranesi - Fitjar Reykjanesbæ

# NÝTT TÍMARIT
# SKAKKI TURNINN

Tímaritið SKAKKI TURNINN, sem mun koma út mánaðarlega, fjallar um allt á milli himins og jarðar á mjög aðgengilegan og skemmtilegan máta. Ritstjóri tímaritsins er **Illugi Jökulsson** og hefur hann (ásamt ritstjórn sinni) einsett sér að segja lesendum frá ÖLLU sem skiptir máli. Í SKAKKA TURNINUM verða greinar um forsöguleg dýr, tímaferðalög, geimverur mánaðarins og tilfinningalíf músa, spurningum lesenda verður svarað, að ógleymdum heilabrotum aftast í blaðinu. Þetta verður besta tímarit sem komið hefur út á Íslandi (í alvöru) og verður hér eftir **ómissandi lesefni** á hverju heimili, enda mun greindarvísitala þess sem les hækka til frambúðar.








Fremst í hverju blaði verður fast efni um ýmislegt smálegt og forvitnilegt. Þannig förum við um **Hvippinn og hvappinn**, skoðum **Hvaða vitleysu sem er** og kíkjum á **Nýjar nauðsynjar**. Þá má heldur ekki gleyma þeim nauðsynlega þætti **Undarlegir sjúkdómar**.

**Svörtu síðurnar** verða fastur liður í blaðinu þar sem farið verður yfir helstu hörmungar sem hafa dunið á mannskepnunni. Auk þess verða alltaf í blaðinu: **Getraun** um allt á milli himins og jarðar, Ef Leonardo, eða annar heimspekktur listamaður, hefði verið íslenskur og **Furðuleg dómsmál**.
Þetta er svo skemmtilegt.

3 BLÖÐ Á VERÐI TVEGGJA

## ÁSKRIFTARTILBOÐ
### 3 blöð á verði tveggja

1. Þú færð fyrstu 3 blöðin á verði tveggja, sem gerir **1.990 kr.** Þetta er 33% afsláttur.
2. Við erum svo sannfærð um að þú viljir halda áskriftinni áfram eftir að hafa lesið fyrstu 3 tölublöðin að þú færð blaðið áfram sent til þín með **20% afslætti**, eða á 796 krónur.

**Til þess að gerast áskrifandi**
::: sendir þú tölvupóst á askrift@birtingur.is,
::: ferð inn á www.birtingur.is
::: eða hringir í síma 515 5555.

BIRTÍNGUR
ÚTGÁFUFÉLAG

> ÆVI EMINEM

Rapparinn Eminem hefur hafist handa við að skrifa ævisögu sína. Hún er væntanleg í bókahillur í haust og mun einnig innihalda óbirtar myndir af rapparanum, uppköst að textum og skissur hans. Útgefandinn segir bókina sýna hver Eminem er í raun og veru og kveðst viss um að hún verði ein af bókum ársins.



Fólk

folk@frettablad

# Beyoncé gerist blússöngkona

Beyoncé Knowles fer með hlutverk blússöngkonunnar Ettu James í kvikmyndinni Cadillac Records sem er á leiðinni í framleiðslu. Adrien Brody, sem vann Óskarinn fyrir The Pianist, fer einnig með stórt hlutverk í myndinni.

Cadillac Records fjallar um bandaríska plötufyrirtækið Chess og stormasamt líf nokkurra stjarna þess, þar á meðal Muddy Waters, Chuck Berry og Etta James, sem sló í gegn með laginu I Just Want to Make Love to You. Brody mun leika Leonard Chess, stofnanda fyrirtækisins. Beyoncé ætlar að taka upp fjögur lög sem hljóma í myndinni, auk þess sem hún verður aðstoðarframleiðandi hennar. Jafnframt ætlar hún að gefa hluta af launum sínum fyrir myndina til Survivor-samtakanna, sem aðstoða eiturlyfjafíkla við að komast aftur á rétta braut.

Beyoncé virðist ætla sér sífellt stærri hluti í Hollywood en hún var tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna fyrir hlutverk sitt í Dreamgirls.



**ADRIEN BRODY** Brody leikur á móti Beyoncé í næstu mynd sinni, Cadillac Records.

**BEYONCÉ** Söng- og leikkonan Beyoncé leikur Ettu James í nýrri kvikmynd.



**SLAYER** Rokkararnir í Slayer eru á leiðinni á Hróarskelduhátíðina.

## Slayer spila á Hróarskeldu

Þungarokkssveitin Slayer hefur boðað komu sína á Hróarskelduhátíðina í sumar. Sveitin þurfti að aflýsa tónleikum sínum á hátíðinni í fyrra og ætlar að bæta upp fyrir það í ár.

Slayer er ein virtasta þungarokkssveit heims og þykir virkilega öflug á tónleikum. Auk Slayer ætlar bandaríska sveitin Battle og hin þýska The Notwist að spila á Hróarskeldu í ár. Bætast þær í hóp sveitanna Radiohead, Chemical Brothers, My Bloody Valentine og Band of Horses sem munu spila.

## Vill Britney í heimsókn

Þýska ofurfyrirsætan Heidi Klum hefur boðist til að hjálpa söngkonunni Britney Spears við að komast í gegnum erfiðleika sína í einkalífinu. „Hún getur hringt í mig og komið og gist í húsinu okkar í nokkra mánuði," sagði Klum, sem er þriggja barna móðir og gift söngvaranum Seal. Búa þau saman í glæsivillu í Beverly Hills. „Ég myndi hjálpa henni að ná áttum. Mér þykir mjög leiðinlegt þegar ungar manneskjur lenda í svona miklum ógöngum," sagði hún.

# Spangir Thelmu vinsælar

**Fatahönnuðinum Thelmu Björk Jónsdóttur hefur gengið margt í haginn á síðustu árum. Nú síðast bar Noregsprinsessan Mette-Marit hárspöng eftir Thelmu við afhendingu Nóbelsverðlaunanna.**

Thelma, sem er búsett í París, hannar sérstakar hárspangir og höfuðföt undir merkinu Thelma design. Spangirnar hafa gert mikla lukku og meðal annars birst á síðum breska Vogue. Þær prýddu einnig höfuð Bjarkar Guðmundsdóttur á síðasta tónleikaferðalagi hennar, en nú síðast var það norska prinsessan Mette-Marit sem skartaði hárspöng frá Thelmu, og það við afhendingu Nóbelsverðlaunanna í desember síðastliðnum.

„Ég vissi að hún ætti þessa spöng. Vinir mínir þekkja til hennar, og þeir keyptu þessa spöng af mér til að færa henni að gjöf," útskýrir Thelma. „Það var bara í nóvember í fyrra, eftir að ég sýndi í showroomi hérna í París. Þau voru búin að segja mér að hún hefði verið ofsalega ánægð með hana, en maður veit svo sem aldrei. Að hún skyldi nota hana við þetta tækifæri er náttúrulega æðislegt, og bara mikill heiður fyrir mig," segir hún.



**MEÐ SKRAUT FRÁ THELMU** Mette-Marit Noregsprinsessa bar hárspöng frá Thelmu við afhendingu Nóbelsverðlaunanna í desember síðastliðnum.



**PARÍS-TÓKÝÓ** Thelma Björk Jónsdóttir er búsett í París, en hárspangir hennar eru meðal annars fáanlegar í Tókýó, borg sem Thelma kveðst heilluð af. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Thelma er nú nýsnúin aftur til Parísar, eftir að hafa sýnt vörur sínar í Tókýó ásamt öðrum íslenskum hönnuðum, á vegum Útflutningsráðs. Hárskraut hennar er nú fáanlegt í einum fimm verslunum í Tókýó, í Bon Marché í París, Trilógíu á Íslandi, á Ítalíu og í Þýskalandi. „Þetta gengur bara voðalega vel, ég hef ekki yfir neinu að kvarta," segir Thelma.

París hefur verið heimili Thelmu í tvö ár, en þar af varði hún hálfu ári í skólagöngu við École Lesage, þar sem nemendur læra aldagamlar handverkshefðir. „Chanel á 80 prósent í þessu fyrirtæki, sem gerir öll handbróderuðu og handgerðu efnin fyrir hátískusýningarnar hérna í París," útskýrir Thelma. „Stefnan hjá þeim er að vera með skóla svo að kunnáttan deyi hreinlega ekki út. Ég bætti heilmiklu við mig og nota þetta mikið í spangirnar," segir Thelma, sem er alls ekki á leið heim, en gæti hugsað sér til hreyfings í austurátt. „Ég er mjög hrifin af Tókýó. Þetta er líka stór markaður og Japanarnir hafa verið hrifnir af minni vöru, svo hver veit nema ég færi mig aðeins um sess þangað," segir Thelma.

sunna@frettabladid.is



**KEMUR AFTUR Í APRÍL** Fedde Le Grand spilar á Íslandi.

## Fedde snýr aftur til Íslands

Von er á hollenska tónlistarmanninum Fedde le Grand til Íslands. Fedde nýtur mikilla vinsælda um þessar mundir í hnakkrænu danspoppi og hefur átt þrjú gríðarlega vinsæl lög á Íslandi, fyrst Put your hands up for Detroit, svo The Creeps og nú Let me think about it. Öll lögin hafa náð toppnum á vinsældarlista FM957, síðastnefnda lagið er nú í þriðja sæti á leiðinni niður. Samkvæmt Myspace-síðu Feddes er hann um þessar mundir á mikilli hnattreisu og meðal áfangastaða er Broadway í Reykjavík þar sem hann spilar 23. apríl. Fedde kom hingað síðast snemma í fyrra og lék við hvern sinn fingur fyrir dansþyrsta Íslendinga.

## Tilnefningar á morgun

Íslensku tónlistarverðlaunin verða afhent í fjórtánda skipti þriðjudaginn fyrir páska, 18. mars. Verðlaunum verður deilt út í átján flokkum og verður tilkynnt um tilnefningarnar á morgun. Þrjú atriði verða tilnefnd í hverjum flokki, nema í flokknum „lag ársins", þar þykir ekki taka því að tilnefna færri en fimm lög. Þriggja til fimm manna dómnefndir funduðu stíft til að komast að niðurstöðu um tilnefningarnar. Nú verður sama fólk í sömu nefndum að funda stíft á ný og velja sigurvegara í hverjum flokki. Þeir sem tapa geta því huggað sig við það að niðurstaðan er bara val örfárra manna. Hátíðin verður haldin í Borgarleikhúsinu og að vanda verður Rúv með beina útsendingu frá henni.

Verðlaunahátíð útvarpsstöðvarinnar FM957 sem vera átti í Háskólabíói 8. mars hefur verið frestað um óákveðinn tíma. Brynjar Már Valdimarsson á FM957 segir að ýmsar ástæður séu fyrir frestuninni en lofar eftir sem áður „geðveikri" hátíð þegar hún verður loksins haldin. Brynjar gat ekkert sagt um endanlega dagsetningu hátíðarinnar en lofaði þó að hún yrði á þessu ári.


Föndurstofan.is

Föndurverslun

Síðumúli 15
S: 553-1800

Sjón er sögu ríkari


# Vertar ekki lagt niður skottið

„72 prósent? Já, það er eðlilegt. Allar þessar kannanir eru algerlega ómarktækar. Þeir eiga að spyrja: Ferðu á skemmtistaði oftar en einu sinni í mánuði? Ef svo er ekki þarf ekkert að spyrja frekar," segir Kormákur Geirharðsson hjá Félagi kráareigenda.

Nýleg könnun Capacent Gallup sýnir að 72 prósent aðspurðra eru frekar eða mjög hlynnt því að skemmtistaðir séu reyklausir. Kormákur telur þetta til marks um inngróna forræðishyggju því fyrir liggi að í það minnsta 72 prósent aðspurðra sæki ekki skemmtistaði og hafi það ekki í hyggju. Þegar tóbakslögin voru sett á biðu kráareigendur eftir öllu þessu fólki sem er fylgjandi reyklausum skemmtistöðum en ekkert bólar á því heldur eru skemmtistaðaeigendur að horfa upp á um 30 prósenta minni veltu.



**REYKHERBERGI Á BARNUM** Viðbrögð heilbrigðisráðherra voru þau að láta loka reykherbergi þingsins fremur en leyfa reykherbergi á börum.



**KORMÁKUR** Segir nýja könnun Capacent algerlega ómarktæka og stefnir að því að láta vinna marktæka könnun.

Félag kráareigenda heldur fund í dag og þá mun Kormákur leggja það til að þeir láti gera könnun sem mark er á takandi. Kráareigendur eru ekki búnir að leggja árar í bát en fyrir um mánuði varð borgaralegrar óhlýðni vart á skemmtistöðum og reyktu gestir þá á mörgum staðanna. Enda ástandið með öllu óþolandi að mati kráareigenda. Liggur fyrir lögfræðiálit eigenda Barsins þar sem segir að þeir séu enda ekki ábyrgir fyrir því ef gestir kveiki sér í sígarettu heldur sé það á ábyrgð þess sem reykir.

„Neinei, við förum á fund heilbrigðisráðherra," segir enda Kormákur aðspurður hvort þeir séu búnir að leggja niður skottið. „Við skilum fljótlega til hans skýrslu þar sem við munum leggja þetta upp út frá okkar bæjardyrum og íbúum þessa lands sem reykja. Ástandið er vonlaust og við viljum sýna fram á að það er hægt að leysa þetta án þess að klagi upp á þá hina reyklausu," segir Kormákur. Hann segir Guðlaug Þór Þórðarson hafa tekið þeim ágætlega. „En... hann er náttúrlega... stjórnmálamaður og gaf ekki færi á sér." - jbg


ZIKZAK
TÍSKUHÚS
Ný sending
20% afsláttur
af öllum drögtum
WWW.ZIK-ZAK.IS
Mörkinni - Kópavogi - Grafarvogi - Hafnarfirði - Keflavík - Selfossi - Laugavegi



**JET BLACK JOE** Rokkararnir frumflytja nýtt lag hinn 4. apríl næstkomandi.

# Jet Black Joe með nýtt lag

Fyrsta lag rokkaranna í Jet Black Joe í töluverðan tíma verður frumflutt í Kastljósinu 4. apríl næstkomandi. Lagið fer í loftið í tilefni af tónleikum þeirra og Gospelkórs Reykjavíkur sem verða haldnir í Laugardalshöll 16. maí. Gestkvæmt verður á tónleikunum og mun Páll Rósinkranz meðal annars syngja dúett með þekktum íslenskum flytjanda. Ekki vilja þeir félagar þó gefa upp hver flytjandinn verður, enn sem komið er.

Þriðjungur miðanna á tónleikana seldist upp aðeins tveimur klukkustundum eftir að salan hófst og ættu aðdáendur Jet Black Joe því að hafa hraðar hendur ætli þeir að tryggja sér miða.

# Flott útgáfa sem setur ný viðmið

**TÓNLIST**

**Hinn íslenzki Þursaflokkur – kassi með fimm diskum**

Þursaflokkurinn

★★★★★

Plötukassinn með Þursaflokknum inniheldur allar fjórar plötur einnar af höfuðsveitum íslenskrar poppsögu og 70 mínútna aukadisk með fágætu efni. Flottur pakki sem hæfir flottri sveit.

Það hefur lengi verið mín skoðun að Þursaflokkurinn sé ein af merkustu hljómsveitum íslenskrar poppsögu. Nú er kominn út kassi með öllum fjórum Þursaplötunum ásamt 70 mínútna aukaplötu með áður óútgefnum og fágætum hljóðritunum. Með honum gefst tækifæri til að rifja upp tónlist sveitarinnar. Hvernig hljóma Þursar árið 2008?

Egill Ólafsson hóaði saman í Hinn íslenzka Þursaflokk á haustdögum 1977 og hann hóf formlega starfsemi í ársbyrjun 1978. Í sveitinni voru í upphafi auk Egils sem söng og spilaði á píanó þeir Þórður Árnason gítarleikari, Tómas Tómasson bassaleikari (báðir félagar Egils úr Stuðmönnum), Ásgeir Óskarsson trommuleikari og Rúnar Vilbergsson fagottleikari. Hugmyndin var að stofna sveit sem tæki íslensk þjóðlög og færði í nútímalegan búning.

### Þjóðlög færð í rafvæddan nútímabúning

Þursaflokkurinn starfaði nokkuð samfellt til ársins 1984 og á þeim tíma sendi sveitin frá sér fjórar plötur, samdi tónlist fyrir danssýningu og leikrit og spilaði mikið á tónleikum, aðallega á Íslandi, en fór líka í nokkurra mánaða tónleikaferð til Evrópu veturinn 1978-1979. Í plötukassanum sem hér er til umfjöllunar eru allar fjórar plötur Þursanna: Hinn íslenzki Þursaflokkur sem kom út 1978. Þursabit (1979), Á hljómleikum (1980) og Gæti eins verið (1982). Á aukadisknum eru fimm lög af plötunni Ókomin forneskja sem Þursar byrjuðu á 1984 en kláruðu ekki, óútgefin lög, tónleikaupptökur og upptakan af laginu Þögull eins og meirihlutinn sem var í kvikmyndinni Rokk í Reykjavík.

Eins og áður segir byrjuðu Þursar á því að taka fyrir íslensk þjóðlög og færa í rafvæddan nútímabúning. Á fyrstu plötunni eru fimm lög úr þjóðlagasafnbók séra Bjarna Þorsteinssonar og þrjú frumsamin, tvö instrúmental lög eftir Egil og svo smellurinn Nútíminn eftir Egil og Sigurð Bjólu. Þegar leið á ferilinn fjarlægðust Þursarnir þjóðlagaarfinn smám saman og á Gæti eins verið eru eintóm frumsamin lög. Inn í tónlist Þursanna blandaðist á ferlinum allskonar tónlist, auk þjóðlaganna voru áhrif frá progg-rokki og djassrokkbræðing einna mest áberandi.

### Stöðug þróun og mikil spilagleði

Eitt af sérkennum Þursaflokksins er að það var mikið lagt í útsetningarnar og þessir frábæru hljóðfæraleikarar sem skipuðu hann fengu allir svigrúm til að njóta sín. Tónleikar sveitarinnar einkenndust af mikilli spilagleði, ekki síst eftir að Karl heitinn Sighvatsson hljómborðsleikari gekk til liðs við hana. Sumar af mínum kærustu minningum frá Þursatónleikum eru einmitt um Kalla í miklum ham við orgelið.

Það sem gerði Þursaflokkinn jafn áberandi góðan og raun ber vitni er meðal annars að hann hafði alltaf sérstöðu og metnað. Tónlistin þróaðist mikið, en var alltaf áhugaverð og skemmtileg. Allar fjórar Þursaplöturnar standa vel fyrir sínu og þó að meistaraverkið Þursabit hafi alltaf verið í mestu uppáhaldi hjá mér þá standa hinar plöturnar henni lítið að baki. Og þær eru allar ólíkar – hafa hver sinn karakter sem er auðvitað kostur. Þó að Þursarnir hafi verið framsæknir og stundum nokkuð proggaðir þá eru lög sem náðu miklum vinsældum á öllum plötunum.



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**ÞURSAFLOKKURINN 2008** Þrjátíu ár eru liðin frá því að sveitin hóf starfsemi. Afmælinu er fagnað með útgáfu fimm diska pakka og stórtónleikum í Höllinni um helgina.

### Glæsileg útgáfa



Það er mikið lagt í þennan nýja Þursakassa og hægt að fullyrða að hann setji ný viðmið í íslenskri endurútgáfu. Hönnun umbúða og frágangur er til fyrirmyndar. Áður óbirtar myndir og blaðaúrklippur setja svip á plötuumslögin og Egill Ólafsson rekur sögu sveitarinnar í fimm textum sem eru birtir í umslagi hverrar plötu fyrir sig. Skemmtilegur texti sem gerir mikið fyrir útgáfuna. Fyrir harða Þursaaðdáendur munar samt mest um aukaplötuna.

Á henni eru sextán lög, flest þeirra áður óútgefnar hljóðritanir. Lögin fimm af plötunni Ókomin forneskja eru góð viðbót í Þursasafnið og sýna að sveitin var langt frá því að staðna þegar hún lagði upp laupana. Var að þróast út í þyngri og tilraunakenndari hluti. Hljómurinn á tónleikaupptökunum er nokkuð misjafn eins og gengur, en það er mikill fengur í þeim flestum samt sem áður. Sumar upptökurnar eru skemmtilega hráar og það er gaman að þessum lögum sem hafa ekki komið út áður, til dæmis Anarkí og Lísublús við texta Megasar. Upptakan á Frá Vesturheimi sýnir þá miklu stemningu sem oft náðist á Þursatónleikum.

Hljóðvinnsla virðist hafa tekist nokkuð vel þó að styrkurinn á afspiluninni hefði mátt vera meiri. Á heildina litið er þetta sérstaklega glæsilegur og vel unninn pakki sem gefur góða mynd af einni af framsæknustu og skemmtilegustu hljómsveitum íslenskrar rokksögu. Nú bíður maður bara spenntur eftir tónleikunum! **Trausti Júlíusson**






# Oasis á bestu plöturnar

Rokkararnir í Oasis eiga tvær bestu plötur Bretlands frá upphafi samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem tónlistartímaritið Q og verslanirnar HMV stóðu fyrir. Ellefu þúsund manns tóku þátt í könnuninni.

Í efsta sæti varð fyrsta plata Oasis, Definitely Maybe, sem kom út 1994 og í öðru sæti lenti (What´s the Story) Morning Glory sem kom út tveimur árum síðar. Plata Radiohead, OK Computer, lenti í þriðja sæti, Bítlaplatan Revolver í því fjórða og samnefndur frumburður Stone Roses í því fimmta.

Paul Rees, ritstjóri Q, segir að Oasis hafi rakað til sín þrefalt fleiri atkvæðum en næsta hljómsveit á eftir sem sýndi að hljómsveitin sé tvímælalaust sú ástsælasta á Bretlandseyjum. „Niðurstöðurnar sýna berlega vinsældir Oasis því það hefur engin áhrif þótt á listanum séu plötur á borð við OK Computer með Radiohead og Revolver með Bítlunum.“

Alls lentu fimm Bítlaplötur á lista yfir fimmtíu bestu plöturnar en aðeins Revolver komst á topp tíu. Oasis átti tvær plötur til viðbótar á topp fimmtíu, Don´t Believe the Truth og Be Here Now. Radiohead, Pink Floyd, Muse og Coldplay áttu þrjár plötur hver á listanum. Aðeins ein kona komst á listann, eða Amy Winehouse, sem náði 35. sæti með plötuna Back to Black.



**OASIS** Rokkararnir í Oasis eiga tvær vinsælustu plötur allra tíma í Bretlandi.

**TÍU BESTU PLÖTURNAR**

1. Oasis - Definitely Maybe
2. Oasis - (What's the Story) Morning Glory?
3. Radiohead - OK Computer
4. Beatles - Revolver
5. Stone Roses - Stone Roses
6. Beatles - Sgt Pepper's Lonely Hearts Club Band
7. Clash - London Calling
8. Keane - Under the Iron Sea
9. Pink Floyd - Dark Side of the Moon
10. Verve - Urban Hymns

# „Koss“ fyrir morðfé

Rokksveitin Kiss virðist eiga í einhverjum fjárhagskröggum um þessar mundir en hún hefur boðið aðdáendum sínum að hitta sig á tónleikaferð sinni um heiminn, gegn gjaldi.

Þeir sem eru tilbúnir að greiða um 85 þúsund krónur fá að hitta goðin sín og láta smella mynd af sér með þeim, auk þess sem þeir fá bol merktan sveitinni og fleira skemmtilegt. Þeir sem vilja einungis sjá lokaæfingu Kiss fyrir tónleika þurfa að greiða um 35 þúsund krónur. Kaupi menn pakkann í heild sinni, bæði fund með hljómsveitinni og aðgang að æfingunni, kostar hann um hundrað þúsund krónur.

Að því er kemur fram á tónleikasíðu Kiss er miði á tónleika sveitarinnar ekki innifalinn í verðinu en aðeins þeir sem kaupa slíkan miða mega hitta sveitina.



**KISS** Hljómsveitin Kiss virðist eiga í fjárhagskröggum um þessar mundir.

# Konudagsgjöfin hennar!

**Ef þú kaupir tvo hluti eða fleiri frá CLINIQUE í Hagkaupum vikuna 21.-28. febrúar er þessi gjöf til þín.***

- 7 Day scrub cream rinse off 30 ml.
- Dramatically different rakakrem 15 ml
- Long last varalitur
- Moisture surge extra (thirsty skin relief)
- High impact maskari
- Clinique happy ilmvatn

*Gildir á meðan birgðir endast. Verðmæti gjafarinnar er 4.990.-




## Nýtt frá CLINIQUE



Superbalm moisturizing gloss vinnur á þurrum vörum,inniheldur andoxunarefni til varnar skaðlegum áhrifum frá umhverfinu. Eykur blóðflæði fram í varirnar svo varirnar verða fylltari og flottari.

Clinique. Ofnæmisprófað. 100% án ilmefna.

CLINIQUE

GÓÐ GJÖF

Gildir til 28. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus






LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 8 og 10 | 12 |
| LOVEWRECKED | kl. 6 og 10 | L |
| RAMBO | kl. 6, 8 og 10.30-P | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.30 ÍSL TAL | L |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| JUMPER LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| MEET THE SPARTANS | kl. 4 - 6 - 10.30 | |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 3.30 - 5.40 ÍSLENSKT TAL | |
| CLOVERFIELD | kl. 8 - 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BEFORE THE DEVIL KNOWS | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 6 - 8 -10 | |
| WALK HARD | kl. 6 - 8 | 14 |
| THE ALIEN VS PREDATOR | kl. 10.10 | 16 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| INTO THE WILD | kl. 6 - 9 | 7 |
| RAMBO | kl. 8 - 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.30 ÍSLENSKT TAL | |
| ATONEMENT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 5.50 - 8 - 10 | 12 |
| RAMBO | kl. 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.50 ÍSLENSKT TAL | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%
AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| MR. MAGORIUMS WO... | kl. 6 | L |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| SWEENEY TODD | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 5:30 | VIP |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 10:30 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 | 7 |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| MR. MAGORIUMS WON... | kl. 6 - 8 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl.10 | 16 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| UNTRACEABLE | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| WONDER EMPORIUM | kl. 8 | L |
| CLOVERFIELD | kl. 10:10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | Lau. og sun. | 7 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| MR. MAGORIUMS... | kl. 8 | L |
| UNTRACEBLE | kl. 10 | 16 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| NO COUNTRY FOR... | kl. 10:30 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| JUMPER | kl. 8 - 10 | 12 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 8 | 7 |
| SWEENEY TODD | kl. 10 | 16 |

# Syngja vinsælustu sálarlögin

Vinsælustu sálarlög síðustu áratuga verða flutt á Sálarmessu söngdeildar Tónlistarskóla FÍH sem verður frumsýnd í kvöld. Tónlistarstjóri er Samúel Jón Samúelsson og á meðal flytjenda eru Bryndís Jakobsdóttir, Lísa úr hljómsveitinni Ízafold og Idol-stjörnurnar Ína og Bríet Sunna. Sungin verða lög þekktra flytjenda á borð við Arethu Franklin, Al Green, The Supremes, The Temptations og Four Tops.

„Prufurnar voru í október og það hefur verið undirbúningur í allan vetur,“ segir Lísa Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Sálarmessu. „Það hafa verið stanslausar æfingar allan janúarmánuð og allan febrúar. Þetta er allt að smella saman og árangur erfiðisins er að koma í ljós.“


**BRYNDÍS JAKOBSDÓTTIR** Bryndís er ein þeirra sem syngja vinsælustu sálarlögin á sýningunni.

Sálarmessan er hluti af kennslu í atburðastjórnun við FÍH sem trommarinn Pétur Grétarsson annast. Mikið hefur verið lagt upp úr búningum og er heildarútlit sýningarinnar til fyrirmyndar. „Þetta er sýning nemenda, fyrir nemendur og alla aðra,“ segir Lísa og hvetur alla til að mæta í Tónlistarskóla FÍH og sjá skemmtilega sýningu.


**SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON** Samúel Jón er tónlistarstjóri Sálarmessu sem verður frumsýnd í kvöld.

Miðaverð er 1.500 krónur og verða sýningarnar fjórar talsins. Miðasala fer fram á midi.is. Nánari upplýsingar má finna á síðunni nffih.com.

- fb

# Sveitadurgar með bjórvömb

**Bandarísku sveitadurgarnir í Hayseed Dixie halda tónleika á Nasa á sunnudagskvöld. *Freyr Bjarnason* spjallaði við aðaldurginn í Nashville, John Wheeler, um bjórdrykkju, íslenskt kvenfólk og Sykurmolana.**


**HAYESEED DIXIE** Sveitadurgarnir í Hayseed Dixie ætla að gera allt vitlaust á Nasa á sunnudagskvöld.

„Ég veit ekki mikið um Ísland og þess vegna hlakka ég mikið til. Ég hef aldrei komið þangað áður og því ákváðum við að hefja túrinn okkar þar,“ segir John Wheeler með hnausþykkum suðurríkjahreim. „Við verðum því með nýja tónleikadagskrá, þannig að við fáum að sjá hvort þetta virkar fyrir framan fólk sem hefur aldrei séð okkur áður.“

### AC/DC eftir 29 bjóra

Hayseed Dixie hóf störf fyrir um átta árum og hefur á þessum tíma gefið út fimm plötur og haldið yfir þrjú hundruð tónleika um allan heim. Á lagalista sveitarinnar eru slagarar á borð við Black Dog, Back In Black, Walk This Way, Strawberry Fields Forever og I Don´t Feel Like Dancin´. „Hljómsveitin varð til þegar við ákváðum að hittast og spila nokkur lög og drekka bjór á veröndinni, það er heilagur sannleikur,“ segir Wheeler. „Í kringum bjór númer 29 fórum við að spila lög með AC/DC en við ólumst upp við að spila á banjó og mandólín og svoleiðis hljóðfæri. Okkur fannst þetta hljóma vel og fannst gaman að spila þetta á meðan við drukkum þannig við hugsuðum að kannski hefðu aðrir drykkjumenn gaman af þessu líka. Þá kom það í ljós að það er mikið af drykkjufólki þarna úti,“ segir hann og hlær. „Við fengum tilboð frá plötufyrirtækjum og ákváðum að halda tónleika, aðallega vegna þess að við fengum bjórinn okkar ókeypis. Hann getur nefnilega verið mjög dýr og ég hef heyrt að íslenski bjórinn sé sá dýrasti í heimi. Sem betur fer erum við með hann á óskalistanum okkar, þannig að við fáum hann ókeypis.“

### Einn stór mökunardans

Wheeler ætlar að reyna að skoða sig um á meðan hann dvelur hér á landi. „Ég hef heyrt að þarna séu hverir sem gufa rýkur úr,“ segir hann og hlakkar einnig mikið til að sjá íslensku fjöllin. Hann segir að mikilvægt sé að allar stelpur hristi rassinn eins og þær eigi lífið að leysa á tónleikunum á Nasa. „Þá fer allt að hristast og þannig getum við skipst á genaefnum, farið burt af þessari plánetu og þróast áfram. Allt sem við gerum er í rauninni einn stór mökunardans. Hluti af ástæðunni fyrir komu okkar til Íslands er einmitt sú að við erum í herferð fyrir börn heimsins. Við viljum sjá til þess að þið verðið ekki of innræktuð. Við viljum að þið hafið fjölbreytt gen enda höfum við mjög fjölbreytta genauppbyggingu. Við erum alveg til í að deila þeim með útvöldum stelpum frá Íslandi. Ég hef mjög góð gen og fyrst ég verð þarna í þrjár nætur þarf ég að dreifa þeim með á bilinu sex til tíu stelpum,“ segir hann og hlær dátt.

### Hrifinn af Sykurmolunum

Spurður hvort sveitin ætli ekki að gera eigin útgáfu af Bjarkarlagi segist Wheeler ekki hafa hlustað mikið á sólóplöturnar hennar. „En ég fíla Sykurmolana og Life´s Too Good. Ég hef gaman af Motorcrash og Deus. Kannski getum við spilað Delicious Demon því það er með rétta taktinn fyrir okkur.“

Hann lofar skemmtilegum tónleikum á Nasa þar einfaldleikinn verður í fyrirrúmi. „Við erum bara fjórir gaurar með hljóðfæri og tvo kassa af bjór fyrir aftan okkur.“ Svo mörg voru þau orð.

# *Marflöt vísindaskáldsaga*

Jumper er vísindaskáldsaga og hálfgerð ofurhetjumynd um strák einn, sem uppgötvar að hann býr yfir fjarflutningi og getur flakkað á milli heimshorna á augabragði. Lífið er gott þegar auðvelt er að stökkva inn í bankageymslur og hrifsa peningabúnt, en gamanið kárnar þegar hann finnur sig í ævafornu stríði á milli sinna líka og veiðimanna sem vilja koma honum fyrir kattarnef.

Aðstandendur Jumper eru ágætir, en leikstjóri er Doug Liman, sem á m.a. að baki The Bourne Identity og Mr. & Mrs. Smith, og meðal handritshöfunda eru David S. Goyer (Batman Begins) og Jim Uhls (Fight Club). En það dugar ekki til því Jumper mætti segja skólabókardæmi um hvernig klúðra skuli góðri hugmynd. Myndin mistekst á nánast öllum



sviðum og er flöt allan liðlangan tímann með lélegri og illa unninni sögu og persónum, vondum hasar og slæmum tæknibrellum.

Þá er ónefndur slæmur leikur, sem Jumper þjáist mikið af. Stjörnustríðsleikarinn Hayden Christensen er mjög stífur og líflaus, líkt og honum er lagið, og sömu sögu má segja af Rachel Bilson, sem þekktust er úr The O.C.-þáttunum. Jamie Bell úr Billy Elliott reynist þó fínn og sömuleiðis hvíthærður Samuel L. Jackson, þótt sá virðist aðeins í þessu fyrir launaseðilinn.

Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is

**KVIKMYNDIR**

**Jumper**

Leikstjóri: Doug Liman. Aðalhlutverk: Hayden Christensen, Rachel Bilson, Jamie Bell og Samuel L. Jackson.

★★

Jumper reynir hvað hún getur til að virðast bæði spennandi og stórbrotin og upphafið að nýjum kvikmyndabálki. Hún missir marks svo um munar og útkoman er arfaslæm mynd sem reynist hvorki fugl né fiskur.



**ALEX TURNER** Forsprakki Arctic Monkeys gefur út plötu með nýrri hljómsveit í vor.

# Alex Turner í nýrri sveit

Hljómsveitin The Last Shadow Puppets, sem Alex Turner úr Arctic Monkeys er í og Miles Kane úr The Rascals, gefur út sína fyrstu plötu hinn 21. apríl.

Platan, sem kemur út á vegum plötufyrirtækisins Domino, nefnist The Age of the Understatement og hefur að geyma tólf lög. Sinfóníuhljómsveit undir stjórn Owens Pallett, úr eins manns sveitinni Final Fantasy, kemur við sögu á plötunni. Fyrsta smáskífulag hennar, titillagið The Age of the Understatement, kemur út 15. apríl.



**ADEM** Bresk-tyrkneski tónlistarmaðurinn Adem syngur lagið Unravel á sinni nýjustu plötu.

# Bjarkarlag á plötu Adems

**Bresk-tyrkneski tónlistarmaðurinn Adem syngur lagið Unravel eftir Björk á sinni nýjustu plötu, Takes, sem kemur út 12. maí. Á plötunni syngur hann lög eftir fjölda annarra listamanna þar á meðal PJ Harvey, Aphex Twin, Smashing Pumpkins og The Breeders.**

**Takes er fyrsta tökulagaplata Adem, sem hefur áður sent frá sér sólóplöturnar Homesongs og Love On Other Planets. Adem, sem spilaði á Iceland Airwaves-hátíðinni fyrir fjórum árum, er einnig bassaleikari hljómsveitarinnar Fridge.**



**AEROSMITH** Hljómsveitin Aerosmith er í aðalhlutverki í nýjum Guitar Hero-leik.

# Aerosmith í Guitar Hero

Tölvuleikurinn Guitar Hero: Aerosmith er væntanlegur í júní fyrir leikjatölvurnar Playstation 2 og 3, Wii og Xbox 360. Þetta er í fyrsta skipti í sögunni sem tölvuleikur er byggður á tónlist eftir eina vinsælustu rokksveit Bandaríkjanna.

Nú geta spilarar fetað í fótspor Joes Perry, Brads Whitford og Toms Hamilton og rokkað við hliðina á söngvaranum Steven Tyler og Joey Kramer trommara. Í leiknum geta menn upplifað glæstan feril Aerosmith, allt frá fyrsta gigginu til heimsfrægðar. Einnig eru tónleikahallirnar þar sem hljómsveitin hefur komið fram hafðar með í leiknum.

# Sautján Eurovisionlög þegar valin

Íslenska þjóðin velur sér Eurovision-lag á laugardaginn í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind. Hinar þjóðirnar eru mislangt komnar í valferlinu. Sautján af þátttökuþjóðunum 43 hafa nú þegar valið lög. Svíar verða síðastir til að velja lag. Gera það ekki fyrr en 15. mars.

Mikið af lögunum sautján sem þegar má heyra eru í gríðarlega hefðbundnum og taktföstum Eurovision stíl. Meðal annars lag Andorra. Þaðan kemur söngkonan Gisella og lagið Casanova. Maltverjar senda söngkonuna Morenu sem hyggst slá í gegn með því að syngja eiturhresst stuðlag um helsta áhugamál margra, lagið Vodka. Hvít-Rússar senda Ruslan Alehno, hörkunagla með bringuhár og euroteknóstuðlag á ensku, Hasta la vista. Tékkar völdu söngkonuna Tereza Kerndlová og r&b-poppið hennar, Have some fun, og Ungverjar veðja á söngkonuna Csézy og átakanlega sorgarballöðu. Litháar senda aðra sorgarballöðu með söngvaranum Jeronimas Milius en Eistar senda grínhópinn Kreisiraadio sem hefur verið saman síðan 1993 og gert grín í útvarpi og sjónvarpi. Lagið þeirra heitir Leto svet og er hugsanlega versta lag sem þú hefur heyrt.

Tvær þjóðir eru nýjar í Eurovision í ár, smáríkið San Marínó og Aserbaídsjan á Kákasusskaganum. Aserar hafa gert upp hug sinn og ætla að vinna þetta strax í ár. Þaðan kemur dúett félaganna Elnur Huseynov og Samir Javadzadeh. Lagið mun eiga að sýna baráttu djöfulsins og guðs og lítur því annar söngvarinn út eins og handrukkari og syngur svipað, en hinn er í hvítu með englavængi á bakinu og syngur í falsettu. Þetta mun ná langt. Eða ekki.

Norðmenn og Danir hafa þegar valið sér lög. Norðmenn senda söngkonuna Maria Haukaas Storeng sem syngur á ensku, lagið Hold On Be Strong. Þetta er létt r&b-popp í millitempói. Danir veðja hins vegar á popparann Simon Mathew sem syngur líka á ensku, lagið All night long. Lagið er einhvers staðar mitt á milli Coldplay og Mika, ef einhver getur ímyndað sér slíkan bastarð.



**DANSKI FULLTRÚINN Í ÁR** Simon Mathew er öruggur á sviði.



> **Fjárfestir fjármagnaði kaup Sverris**

Sænska félagið GIF Sundsvall upplýsti á heimasíðu sinni í gær að kaupin á Sverri Garðarssyni hefðu að mestu verið fjármögnuð af fjárfestingafyrirtækinu AB Norrlandsinvest en fyrirtækið ku sérhæfa sig í áhættufjárfestingum. Kaupin á Sverri eru ein þau stærstu í sögu félagsins en Sverrir kostaði félagið á bilinu 20-30 milljónir króna. Sverrir mun væntanlega skrifa undir samninginn við félagið ytra í dag en hann samdi til ársins 2010.



**sport**
sport@frettabladid.is

KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON: VERÐUR Í ELDLÍNUNNI MEÐ BRANN GEGN EVERTON Í EVRÓPUKEPPNINNI Í KVÖLD

## *Frábært tækifæri til að sýna hvað maður getur*



Kristján Örn Sigurðsson og félagar í Íslendingaliðinu Brann mæta fullir sjálfstrausts í seinni leik sinn gegn Everton í Evrópukeppni félagsliða sem fram fer á Goodison Park í Liverpool í kvöld eftir naumt tap í fyrri leik liðanna í Björgvin.

„Okkur fannst úrslitin úr fyrri leiknum í Björgvin, þar sem Everton vann 0-2, ekki gefa rétta mynd af því hvernig leikurinn spilaðist. Við munum bara nota það til að peppa okkur upp í undirbúningnum fyrir seinni leikinn og við stefnum klárlega á að ná betri úrslitum þá. Við höfum náttúrlega engu að tapa og ætlum bara að hafa gaman af þessu og getum farið afslappaðir inn í leikinn og þá rúllar þetta vonandi betur hjá okkur," sagði Kristján Örn sem var af öðrum ólöstuðum besti maður Brann í fyrri leik liðanna og hlaut sérstakt hrós frá Phil Neville, fyrirliða Everton, í viðtölum í leikslok.

„Mér fannst við ná að loka vel á framherja Everton og þeir voru ekki að skapa sér mörg færi í leiknum. Það vantaði kannski örlítið upp á hjá okkur öllum og svona öflugir leikmenn eins og hjá Everton nýta flest þau færi sem gefast og við verðum að vera á tánum," sagði Kristján Örn sem ku vera undir smásjánni hjá mörgum félögum í Evrópu samkvæmt norskum fjölmiðlum í gær en hann er ekkert að velta sér upp úr því.

„Það er alltaf einhver orðrómur í gangi og maður veit í sjálfu sér ekkert hvað er til í þessu. Ég einbeiti mér bara að því að spila vel fyrir Brann og leikurinn gegn svo sterku liði eins og Everton er náttúrlega frábært tækifæri til að sýna hvað maður getur," sagði Kristján Örn sem er samningsbundinn Brann til loka ársins 2009 og er spenntur fyrir komandi tímabili í Noregi.

„Það var mjög gott fyrir okkur að fá þessa leiki gegn Everton á þessum tímapunkti þar sem tiltölulega er stutt í tímabilið í Noregi og ég tel að við séum nú þegar komnir með gott forskot á önnur lið í deildinni í undirbúningnum. Við höfum titil að verja og ég hef mikla trú á því að næsta tímabil í Noregi verði skemmtilegt," sagði Kristján Örn að lokum.

## ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu:*

**Lyon-Man. Utd** **1-1**
1-0 Karim Benzema (54.), 1-1 Carlos Tevez (87.)
**Arsenal-AC Milan** **0-0**
**Celtic-Barcelona** **2-3**
1-0 Jan Vennegor of Hesselink (16.), 1-1 Lionel Messi (18.), 2-1 Barry Robson (38.), 2-2 Thierry Henry (52.), 2-3 Lionel Messi (79.)
**Fenerbahce-Sevilla** **3-2**
1-0 Mateja Kezman (17.), 1-1 Edu Dracena, sjm (23.), 2-1 Diego Lugano (57.), 2-2 Julien Escude (66.), 3-2 Semih Senturk (87.)

*Iceland Express-deild kvk:*

**Haukar-Valur** **61-67**
**Stig Hauka:** Kristrún Sigurjónsdóttir 24, Kiera Hardy 21, Unnur Jónsdóttir 7, Bára Hálfdánardóttir 4, Telma Fjalarsdóttir 3, Ragna Brynjarsdóttir 2.
**Stig Vals:** Molly Peterman 21, Þórunn Bjarnadóttir 15, Tinna Sigmundsdóttir 10, Signý Hermannsdóttir 9 (15 fráköst), Hafdís Helgadóttir 7, Lovísa Guðmundsdóttir 5.
**Grindavík-Keflavík** **101-106**
**Stig Grindavíkur:** Tiffany Roberson 44, Jovana Lilja Stefánsdóttir 15, Joanna Skiba 11, Ingibjörg Jakobsdóttir 11, Ólöf Helga Pálsdóttir 10, Petrúnella Skúladóttir 10.
**Stig Keflavíkur:** TaKesha Watson 36, Susanne Biemer 18, Rannveig Randversdóttir 17, Margrét Kara Sturludóttir 15, Pálína Gunnlaugsdóttir 12, Birna Valgarðsdóttir 5, Ingibjörg Vilbergsdóttir 3.
**KR-Fjölnir** **74-64**

*Þýski handboltinn:*

**Kiel-Flensburg** **30-28**
**Alexander Petersson** skoraði fimm mörk fyrir Flensburg. **Nikola Karabatic** skoraði ellefu mörk fyrir Kiel.
**Wilhelmshaven-Lubbecke** **23-19**

Berti Vogts:

## Hættur að þjálfa Nígeríu

**FÓTBOLTI** Þjóðverjinn Berti Vogts hefur sagt starfi sínu sem landsliðsþjálfari Nígeríu lausu eftir ágreining við helsta yfirmann knattspyrnumála í landinu.

Nígeríu gekk ekki sem skyldi á Afríkumótinu á dögunum og var mikil óánægja með árangur liðsins. Mikið gekk á sem endaði með því að Vogts gekk út en hann var samningsbundinn til ársins 2010. - hbg

# Kvöld Argentínumannanna

**Argentínumennirnir Carlos Tevez og Lionel Messi voru hetjur sinna liða í Meistaradeildinni í gær. Tevez tryggði Man. Utd jafntefli gegn Lyon á útivelli og Messi tryggði Barcelona sigur í skrautlegum leik í Glasgow.**

**FÓTBOLTI** Seinni fjórir leikirnir í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu fóru fram í gærkvöldi. Barcelona vann góðan sigur í Glasgow á Celtic, 2-3, og Man. Utd náði góðu jafntefli gegn Lyon, 1-1, í Frakklandi. Leikur Arsenal og AC Milan á Emirates-vellinum endaði með markalausu jafntefli og Fenerbahce lagði Sevilla á heimavelli, 3-2.

Celtic hefur komið skemmtilega á óvart í Meistaradeildinni á þessari leiktíð og þeir héldu uppteknum hætti í gær. Í tvígang tókst skoska liðinu að komast yfir gegn stórliði Barcelona en það dugði ekki til því argentínski snillingurinn Lionel Messi sá til þess að Barcelona fór heim með sigur í farteskinu.

Hann jafnaði leikinn í 1-1 og skoraði svo sigurmarkið. Í millitíðinni hafði Thierry Henry jafnað með frábæru marki. Eiður Smári Guðjohnsen kom af bekknum er tvær mínútur lifðu leiks.

Man. Utd lenti í vandræðum gegn sterku liði Lyon í Frakklandi. Hinn magnaði Karim Benzema kom franska liðinu yfir með frábæru skoti utan teigs en Argentínumaðurinn Carlos Tevez kom United til bjargar er hann skoraði skömmu fyrir leikslok með skoti af stuttu færi. Tevez hafði áður komið inn á sem varamaður og hressti verulega mikið upp á leik enska liðsins sem er í fínni stöðu fyrir síðari leikinn sem fram fer á Old Trafford.

Arsenal á erfitt verkefni fyrir höndum á San Siro eftir að liðinu mistókst að leggja AC Milan á heimavelli. Emmanuel Adebayor fékk sannkallað dauðafæri á lokaandartökum leiksins en á einhvern undraverðan hátt tókst honum ekki að skora. Arsenal væri í talsvert betri málum hefði Adebayor tekist að skora.

Mikið fjör var síðan í Tyrklandi þar sem Fenerbahce lagði Sevilla, 3-2. Spænska liðið kvartar þó eflaust lítið yfir úrslitunum enda eiga þeir heimaleikinn inni og fara heim með tvö mikilvæg útivallarmörk í farteskinu. henry@frettabladid.is



**GULLDRENGUR** Carlos Tevéz skoraði gríðarlega mikilvægt mark fyrir Man. Utd í gær. Wayne Rooney fagnar hér markinu með honum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**DAUÐAFÆRI** Adebayor klúðrar hér algjöru dauðafæri í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**ROMAN ABRAMOVICH** Vinnubrögð hans félags féllu ekki í kramið hjá Reggina. NORDICV PHOTOS/GETTY IMAGES

Ítalska liðið Reggina:

## Kvartar sáran yfir Chelsea

**FÓTBOLTI** Ítalska félagið Reggina, sem Emil Hallfreðsson leikur með, hefur lagt inn kvörtun til ítalska knattspyrnusambandsins sem og til knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, vegna hegðunar Chelsea.

Hinn 15 ára gamli Vincenzo Camilleri neitaði að spila með félaginu á dögunum og kaus þess í stað að fljúga til London þar sem hann átti viðræður við Chelsea.

„Þetta finnst okkur vera til marks um óhollustu og hreinlega rangt," sagði Lillo Foti, forseti Reggina sem er langt frá því að vera sáttur með enska félagið.

Camilleri ætlaði að skrifa undir samning við Reggina þegar hann verður 16 ára en hefur nú ákveðið að semja frekar við Chelsea.

Michel Platini, forseti UEFA, segir þetta mál vera leiðinlegt en hans mat er að leikmenn eigi að vera hjá uppeldisfélögum sínum þar til þeir verða 20-22 ára.

Þær hugmyndir hafa ekki fallið í kramið hjá stóru félögunum í Evrópu frekar en aðrar hugmyndir forsetanna stóru - Platinis og Sepp Blatters. - hbg


N1 N1 DEILDIN
Fimmtudagur 21. feb.
N1 deild karla
KA heimilið kl. 19.00
Akureyri - Haukar
Mýrin kl. 20.00
Stjarnan - Fram
N1 deild kvenna
Mýrin kl. 18.00
Stjarnan - Fram
Digranes kl. 20.00
HK - Valur
Fylkishöll kl 20.00
Fylkir - Grótta


Úthlutað var í þriðja sinn úr Afrekskvennasjóði Glitnis og ÍSÍ í gær en alls bárust 97 umsóknir:

# Fimm sundkonur meðal sjö styrkþega

**ÍÞRÓTTIR** Sjö íþróttakonur fengu í gær úthlutað úr Afrekskvennasjóði Glitnis og ÍSÍ en sjóðurinn hefur það að markmiði að styðja við bakið á afrekskonum í íþróttum og gera þeim betur kleift að stunda sína íþrótt og ná árangri.

Að þessu sinni voru tvær og hálf milljón króna til úthlutunar.

Þær sem fengu styrk að þessu sinni eru: Ásdís Hjálmsdóttir frjálsíþróttakona sem stefnir ótrauð að þáttöku á ÓL í Peking. Embla Ágústsdóttir, sundkona úr íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík, sem á Íslandsmetið í öllum þeim sundgreinum sem hún keppir í.

Erla Dögg Haraldsdóttir sundkona sem hefur verið í stöðugri framför og keppir að því markmiði að tryggja þátttökurétt á ÓL síðar á árinu.

Ragnheiður Ragnarsdóttir sundkona, sem er eina sundkonan sem tryggt hefur sér þátttökurétt á ÓL í sumar.

Sigrún Brá Sverrisdóttir sundkona sem hefur á undanförnum árum sýnt stöðugar framfarir og á nú þrjú gildandi Íslandsmet í kvennaflokki og 16 í unglingaflokkum. Silja Úlfarsdóttir frjálsíþróttakona sem er ein af okkar bestu frjálsíþróttakonum og er nálægt lágmörkum fyrir ÓL í Peking í 400 metra grindahlaupi.

Sonja Sigurðardóttir sundkona, sem hefur nú þegar tryggt sér þátttökurétt í 50 metra baksundi á ÓL fatlaðra sem keppir á opna Breska meistaramótinu.

Alls bárust 97 umsóknir í Afrekskvennasjóðinn að þessu sinni og nam heildarfjárhæð þeirra um 150 milljónum króna. Næsta úthlutun úr sjóðnum verður í september 2008. - óój



**EIN AF SJÖ** Ragnheiður Ragnarsdóttir sundkona úr KR fékk styrk.Hún sést hér með Svöfu Grönfeldt, formanni sjóðsstjórnar. FRÉTTAABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Mikil dramatík í leikjum gærkvöldsins í Iceland Express-deild kvenna:

# Sigur sama og tap hjá Valsstúlkum

**KÖRFUBOLTI** Línurnar skýrðust heldur betur í Iceland Express deild kvenna í gærkvöldi, því Haukar tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni með því að sleppa með sex stiga tap gegn Val á sama tíma og Keflavík náði fjögurra stiga forskoti á toppnum með sigri í framlengingu í Grindavík. Keflavík er þar með komið með aðra höndina á deildarmeistaratitilinn.

Valskonur unnu sex stiga sigur, 61-67, á Íslands- og bikarmeisturum Hauka á heimavelli þeirra á Ásvöllum í gær en það var ekki nóg til þess að halda lífi í baráttunni sinni fyrir sæti í úrslitakeppninni. Valur sem hefur unnið níu af síðustu ellefu leikjum sínum og öll liðin í deildinni þurfti að vinna með 22 stigum eða meira til þess að eiga möguleika á að komast upp fyrir Haukanna.

Valskonur tóku öll völd á vellinum í síðari hálfleik og voru komnar yfir, 48-51, fyrir lokaleikhlutann. Þær náðu þó aldrei að nálgast 22 stiga muninn sem til þurfti og Haukarnir geta þakkað fyrirliða sínum, Kristrúnu Sigurjónsdóttur, að þeir eru komnir með öruggt sæti í úrslitakeppninni.

Kristrún var yfirburðamaður í Haukaliðinu en það var ótrúlegt að sjá til atvinnumannsins í seinni hálfleik og það er ljóst að hún þarf að ná af sér fýlunni fyrir bikarúrslitaleikinn á sunnudaginn.

Haukar voru þó ekki eina bikarúrslitaliðið sem tapaði sínum leik.

Keflavík er komið í góða stöðu í baráttunni um deildarmeistaratitlinn eftir 106-101 sigur í Grindavík í framlengndum leik í Grindavík en staðan var 89-89 eftir venjulegan leiktíma. Keflavík er því komið með fjögurra stiga forskot á toppnum og þarf bara einn sigur í viðbótar úr þremur leikjum til þess að tryggja sér deildarmeistaratitilinn. - óój



**BARÁTTA** Það var ekkert gefið eftir í leik Vals og Hauka í gær. Valur vann en kemst ekki áfram í úrslitakeppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SVEKKTUR** Alfreð Gíslason var eðlilega svekktur eftir leikinn í gær.

Meistaradeildin í handbolta:

## Ciudad lagði Gummersbach

**HANDBOLTI** Íslendingaliðin Ciudad Real og Gummersbach mættust í Meistaradeildinni í gær en leikið var í Kölnarena.

Fyrirfram var búist við frekar öruggum sigri Ciudad en lærisveinar Alfreðs Gíslasonar hjá Gummersbach komu heldur betur á óvart í leiknum.

Þeir leiddu allan fyrri hálfleikinn og voru marki yfir í leikhléi, 15-14. Ciudad náði forystunni fljótlega í síðari hálfleik en Gummersbach kom til baka og náði yfirhöndinni. Þegar skammt var eftir af leiknum leiddi Gummersbach með einu marki, 27-26, en spænski landsliðsmaðurinn Alberto Entrerrios skoraði tvö síðustu mörk leiksins og tryggði Ciudad mjög nauman sigur.

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði sex mörk fyrir Gummersbach og Róbert Gunnarsson fjögur. Ólafur Stefánsson skoraði tvö mörk fyrir spænska liðið. - hbg



**ÓSÁTTUR** Zlatan Ibrahimovic kvað Marco Materazzi bera ábyrgð á hvernig fór gegn Liverpool í fyrrakvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

Zlatan Ibrahimovic, Inter:

## Spurðu Marco hvað gerðist

**FÓTBOLTI** Zlatan Ibrahimovic, framherji Inter, var ekki par sáttur með liðsfélaga sinn Marco Materazzi fyrir að fá rauða spjaldið í 2-0 tapleiknum gegn Liverpool í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í fyrrakvöld og þegar ítalskir blaðamenn spurðu hann hvað hefði farið úrskeiðis hjá Inter var hann fljótur að svara.

„Hvað gerðist hjá Inter? Spurðu Marco Materazzi hvað gerðist,“ sagði Imbrahimovic pirraður í viðtali við Corriere dello Sport en Massimo Moratti, forseti Inter, var heldur skilningsríkari en Svíinn.

„Strákarnir stóðu sig eins og hetjur og ég hef ekkert út á leikmennina, knattspyrnustjórann eða dómarann að setja, eða jú kannski út á dómarann,“ sagði Moratti í viðtali við ítalska fjölmiðla í fyrrakvöld. - óþ



**ÓSÁTTUR** Gary Megson kvartar yfir hegðun Atletico Madrid. NORDIC PHOTOS/GETTY

Gary Megson, Bolton:

## Hræddur um öryggi Bolton

**FÓTBOLTI** Gary Megson, stjóri Bolton, er afar ósáttur með framferði spænska félagsins Atletico Madrid fyrir seinni leik liðanna í UEFA-bikarnum í Madrid í kvöld. Spánverjarnir birtu ýmsar upplýsingar varðandi ferðatilhögun Bolton-manna á heimasíðu tengdri spænska félaginu og var þar tilgreint flugnúmer, komutími, nafn hótelsins þar sem enska liðið gistir og æfingaráætlun.

„Þetta er fáránleg hegðun og menn hljóta að spyrja spurninga varðandi gæslu og vernd leikmanna Bolton sem og aðstandenda félagsins fyrir leikinn,“ sagði Megson en Bolton fór með 1-0 sigur í fyrri viðureign liðanna. - óþ





**BÆTTI SIG UM 10 STIG** Jakob Sigurðson náði sínum besta stigaleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ungverski körfuboltinn:

## Besti leikur Jakobs dugði ekki

**KÖRFUBOLTI** Jakob Sigurðsson náði sínum besta stigaleik í vetur þegar hann skoraði 23 stig í 75-89 tapi Univer KSE fyrir Marso-Vagép í ungversku úrvalsdeildinni í körfubolta.

Jakob lék allar 40 mínúturnar í leiknum og hitti úr 9 af 13 skotum sínum auk þess að senda 3 stoðsendingar og taka 4 fráköst. Jakob fékk 32 í framlagi fyrir leikinn en hann var stigahæsti leikmaður síns liðs.

Jakob hefur skorað 9,5 stig að meðaltali í leik og hafði mest áður skorað 13 stig í einum leik. - óój

Reykjavíkurmót kvenna:

## Missa KR-konur titilinn til Vals?

**FÓTBOLTI Valur getur tryggt sér Reykjarvíkurmeistaratitilinn í kvennaflokki í kvöld þegar þær mæta KR í Egilshöllinni klukkan 21.00.**

**Valur hefur unnið fyrstu 4 leiki sína með markatölunni 26-0 en KR-liðið sem á leik inni hefur unnið sína þrjá leiki með markatölunni 16-0, þetta er því óopinber úrslitaleikur mótsins.**

**KR hefur orðið Reykjavíkurmeistari undanfarin tvö ár, Vesturbæjarstúlkur unnu sams konar leik 4-3 í fyrra og fyrir tveimur árum vann KR þennan óopinbera úrslitaleik félaganna 2-1 og endaði þar með fimm ára sigurgöngu Valsliðsins.**

- óój

# Ekki að hugsa um Hearts

**Guðjón Þórðarson er ekkert að velta sér upp úr því hvort honum verði boðin stjórastaðan hjá skoska liðinu Hearts eður ei. Hans nafn er enn inn í myndinni. Guðjón er klár með aðstoðarmann fari svo að Hearts vilji ráða hann.**

**FÓTBOLTI** Skoska liðið Hearts hefur enn ekki ráðið framtíðarstjóra en sem kunnugt er þá hefur Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, verið á meðal þeirra stjóra sem hafa verið nefndir í starfið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins frá Skotlandi er Guðjón enn í myndinni.

Á meðal annarra stjóra sem hafa verið nefndir í starfið eru Raddy Antic, fyrrum þjálfari Barcelona, Real Madrid og Atletico Madrid. Hann er aðeins einn af tveimur þjálfurum í sögunni sem hefur þjálfað bæði Real og Barcelona. Antic hefur ekkert þjálfað síðan hann hætti með Celta Vigo árið 2004.

### Í engu sambandi við Hearts þessa dagana

„Ég veit ekkert hvað verður og er í raun ekkert að spá í það. Þetta truflar mig ekki neitt og ég held bara mínu striki með ÍA. Ég er í engu sambandi við þá sem standur. Málið var að maður talaði við mann og þannig var ég spurður hvort ég hefði áhuga á þessu. Ég svaraði því til að það þyrftu að vera ákveðnir hlutir uppfylltir ef ég ætti að hafa áhuga á þessu.

Þá var mér tjáð að til stæðu breytingar og ákveðinn maður hefði mikinn áhuga á að fá mig í starfið. Það var reyndar ekki Romanov sjálfur [eigandi Hearts] en hann ræður þessu á endanum," sagði Guðjón við Fréttablaðið en hann veit sem er að hann er ekki enn úr myndinni.

„Það er í það minnsta ekki búið að ráða. Ég er samt ekki að tapa neinum svefni yfir þessu og hef sagt að það þarf eitthvað meiriháttar aðlaðandi til að rífa mig upp aftur og flytja út á nýjan leik. Ég er alveg rólegur, er að pússa golfkylfurnar mínar og ekki endilega með það fyrir augum að spila í Skotlandi," sagði Guðjón léttur.

### Myndi taka Ross Jack með sér í dæmið

„Þegar ég var spurður hvort ég hefði áhuga á starfinu var einnig spurt að því hvort ég væri klár með eitthvað teymi. Ég játti því enda myndi ég taka Ross Jack með mér í þetta en hann er kunningi minn frá Englandi. Hann er að vinna fyrir skoska knattspyrnusambandið, þekkir markaðinn og landslagið vel," sagði Guðjón sem er að undirbúa ÍA-liðið fyrir komandi tímabil og lætur þetta mál ekki trufla sig.

„Nei, ég er nákvæmlega ekkert að spá í þessu þessa dagana enda engin ástæða til. Ég veit nú samt að þessi Romanov er algjörlega óútreiknanlegur náungi," sagði Guðjón Þórðarson að lokum.

henry@frettabladid.is



**EKKERT AÐ SPÁ Í HEARTS** Guðjón Þórðarson segist vera að pússa golfkylfurnar sínar þessa dagana en þó ekki með það fyrir augum að spila í Skotlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HÓTAÐ** Avram Grant fékk sent bréf þar sem honum var hótað lífláti. NORDIC PHOTOS/GETTY

Avram Grant, Chelsea:

## Var hótað lífláti í fyrradag

**FÓTBOLTI** Lögreglan í Surrey á Englandi lokaði æfingasvæði Chelsea í gær eftir að umslag með dularfullu dufti barst þangað stílað á Avram Grant, knattspyrnustjóra Chelsea. Í umslaginu fylgdi einnig bréf sem innihélt svívirðingar og gyðingahatur í garð Grants og konu hans sem eru bæði frá Ísrael.

„Þegar þú opnar umslagið muntu deyja hægum og kvalarfullum dauðdaga," sagði í bréfinu samkvæmt heimildarmanni BBC innan raða lögreglunnar í Surrey. Grant var staddur í Grikklandi þar sem Chelsea mætti Olympiakos í fyrrakvöld og var ekki viðstaddur þegar bréfið barst á æfingarsvæði Chelsea en starfsmaður félagsins opnaði bréfið sem lögreglan í Surrey úrskurðaði svo að innihélt meinlaust efni. - óþ

Johan Cruyff snýr aftur heim:

## Ætlar að hjálpa Ajax á toppinn

**FÓTBOLTI Johan Cruyff er kominn aftur til Ajax þar sem hann gerði garðinn frægan sem leikmaður á sjöunda og áttunda áratugnum og var rekinn sem þjálfari árið 1988.**

**Cruyff mun hafa yfirumsjón með að endurhanna skipulag knattspyrnumála félagsins og er ætlað að hjálpa Ajax við að komast aftur í hóp besti liða í Evrópu. Ajax er nú í 2. sæti hollensku deildarinnar og datt út úr UEFA-bikarnum í október sem er versti árangur liðsins í Evrópu í tvo áratugi.**

**Cruyff tók við starfinu í kjölfarið á fundi þar sem slakur árangur Ajax undanfarin tíu ár var ræddur.** - óój

TILKYNNING

Þjónustuinnköllun fyrir Nissan Navara pallbíla

árgerð 2005-2007

Ingvar Helgason ehf., f.h. Nissan í Evrópu, hefur nú hafið þjónustuinnköllun á pallbílum af gerðinni Nissan Navara. Innköllunin er gerð til að endurstilla ræsibúnaðinn sem stjórnar því hvernig loftpúðar bílanna þenjast út við árekstur framan á bílinn. Endurstillingunni er ætlað að tryggja hraðari ræsingu loftpúðanna.

Þjónustuinnköllunin nær til allra Navara pallbíla af nýju gerðinni sem seldir voru frá byrjun árs 2005 til loka árs 2007.

Eigendur eru beðnir um að hafa samband við þjónustuver Ingvars Helgasonar í síma 5258000 til að panta tíma óháð því hvar þeir búa á landinu. Endurstillingin ætti að taka skamma stund og verður gerð eigendum að kostnaðarlausu.

ENNEMM / SÍA / NM32269

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 | Sími 525 8000 | www.ih.is

Stjarnan og Fram í N1 deildum karla og kvenna:

## Mætast tvisvar í röð

**HANDBOLTI** Það verður skemmtilegur tvíhöfði í N1-deild karla og kvenna í Mýrinni í Garðabæ í kvöld en Stjarnan og Fram mætast þá tvisvar í röð, fyrst kvennaliðin klukkan 18.00 og svo karlaliðið strax á eftir.

Kvennaleikurinn er lykilleikur í baráttu beggja félaga um Íslandsmeistaratitilinn en Fram getur náð sex stiga forskoti á toppnum með sigri en Safamýrarstúlkurnar hafa enn ekki tapað leik í vetur. Liðin gerðu 21-21 jafntefli í fyrri leiknum í Mýrinni en Fram vann heimaleikinn með einu marki, 21-20, í leik sem hafði miklar afleiðingar en Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar fékk tverggj mánaða bann fyrir ummæli sína um dómara leiksins.

Karlaliðin eru í 3. (Fram) og 4. sæti en það er ekki langt í toppinn. Liðin hafa mæst tvisvar sinnum í deildinni í vetur og bæði skiptin hafa útiliðin haft betur, Fram vann 28-31 í Mýrinni en Stjarnan vann 26-35 í Safanmýri tveimur vikum eftir að Fram hafði slegið Stjörnuna út úr bikarnum í tvíframlengdum leik á sama stað. - óój



**TÍU MÖRK** Jóhann Gunnar Einarsson var heitur í fyrri leik Fram í Mýrinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



30%
aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á stodz.is
m.v. 12 mánaða skuldbindingu
ÚRSLITAKEPPNIN HEFST Á MORGUN
Í BEINNI ÚTSENDINGU KL. 20:45
THELMA HAFÞÓRSDÓTTIR
ÉG ELSKA ALLA / HLJÓMAR
900 9001
VILHJÁLMUR ÖRN HALLGRÍMSSON
LÍFIÐ ER YNDISLEGT / HREIMUR
900 9002
SIGURÐUR GUÐLAUGSSON
DANS / NAGLBÍTAR
900 9003
BIRNA SIF MARGRÉTARDÓTTIR
ÁN ÞÍN/TRÚBROT
900 9004
HJÁLMAR MÁR KRISTINSSON
ÉG ER KOMINN / SÁLIN
900 9005
FINNUR BESSI SVAVARSSON
HALLÓ ÉG ELSKA ÞIG / SSSÓL
900 9006
EYÞÓR INGI GUNNLAUGSSON
HIMNALAGIÐ/GRAFÍK
900 9007
BIRGIR SÆVARSSON
FANNFERGI HUGANS / SÁLIN
900 9008
HANNA VIGDÍS JÓHANNSDÓTTIR
SEKUR / START
900 9009
ARNAR MÁR FRIÐRIKSSON
HVAÐ HEF ÉG GERT / QUEEN
900 9010
BANDIÐ HANS BUBBA
N1
Iceland Express
með ánægju
skemmtilegri
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

> **Christian Slater**

Christian Slater er ekki einungis þekktur fyrir að vera góður leikari. Hann hefur oftar en einu sinni verið handtekinn og kærður. Einu sinni var hann kærður fyrir að taka byssu með um borð í flugvél, vera með ólögleg fíkniefni á sér og ráðast á fyrrverandi konuna sína og lögreglumann. Hann leikur í spennumyndinni Hard Cash sem er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 22.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ KRAFTMIKLUM FRAMBJÓÐENDUM

## *Ofurmenni með geislabaug*

Það var áhugavert að fylgjast með viðtali 60 mínútna við forsetaframbjóðendur demókrata í Bandaríkjunum, Hillary Clinton og Barack Obama. Vitaskuld komu þau bæði fyrir eins og algjörir englar í þættinum og játaði Hillary til að mynda að ljósmynd af Barack og fjölskyldu hans væri hangandi á skrifstofu hennar. Sjálfur sagðist Barack hafa það mottó í kosningaherferð sinni að grafa ekki upp óhreint mjöl úr pokahorni andstæðinga sinni þrátt fyrir að þeir beiti sjálfir slíkum brögðum gegn honum. Sagði hann það bæði vanvirðingu gagnvart sjálfum sér og öðrum. Gott og vel, en gaman verður að sjá hann standa við þetta þegar líða tekur á harðnandi kosningabaráttuna.



**HILLARY OG BARACK** Hillary hefur mynd af andstæðingi sínum, Barack Obama, hangandi á skrifstofunni sinni.

Hillary og Obama litu ekki bara út eins og englar í þættinum heldur líka eins og sannkölluð ofurmenni. Hillary, sem er á sjötugsaldri, sagðist búa yfir mikilli seiglu og að tíð ferðalög um Bandaríkin, stíf ræðuhöld og mikið fjölmiðlaáreiti hefðu engin áhrif á sig. Býr hún að eigin sögn vel að uppeldi föður síns sem setti á hana gífurlegar kröfur í æsku og hvatti hana til að gera sífellt betur en áður. Hvað varðar Barack þá sefur hann aðeins í þrjár til fjórar klukkustundir á dag og þakkar góðri líkamsrækt fyrir úthaldið. Þetta þykir mér ansi ótrúlegt því ekki get ég ímyndað mér að nokkur manneskja geti haldið slíkum dampi í langan tíma, undir svona miklu álagi.

Miðað við þá hlið sem þau sýndu í þættinum vona ég svo sannarlega að annað hvort þeirra verði forseti Bandaríkjanna, því svona góðar manneskjur eru nefnilega vandfundar. Hvort þessi hlið hafi verið plat eður ei er aftur á móti höfuðverkur bandarískra kjósenda. Vonandi velja þeir bara rétt í þetta sinn.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00 Bandidas** STÖÐ2BÍÓ



▶ **20.40 My name is Earl** STÖÐ 2



▶ **21.00 Life NÝTT** SKJÁREINN



▶ **21.15 Wildfire** SIRKUS



▶ **21.30 Klovn** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** e.

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Draumurinn** e.

**18.00 Stundin okkar**

**18.30 Svona var það** (That 70's Show) e.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 07/08 bíó leikhús** Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir.

**20.45 Bræður og systur** Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Meðal leikenda eru Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.

▶**21.30 Trúður** (4:10) (Klovn II) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Aðþrengdar eiginkonur**

**23.10 Anna Pihl** e.

**23.55 Kastljós**

**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Bandidas**

**08.00 Finding Neverland**

**10.00 Owning Mahowny**

**12.00 Indecent Proposal** (e)

**14.00 Finding Neverland**

**16.00 Owning Mahowny**

**18.00 Indecent Proposal** (e)

▶**20.00 Bandidas** Hressandi gamanmynd með Sölmu Hayek og Penélope Cruz í aðalhlutverkum.

**22.00 Hard Cash** Spennumynd

**00.00 Vanity Fair**

**02.15 Fled**

**04.00 Hard Cash**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar

**08.10 Jack Osbourne - No Fear**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 The Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella**

**10.15 Sisters** (e)

**11.00 Joey**

**11.25 Örlagadagurinn** (Einar Már Guðmundsson)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours**

**13.10 Wings of Love**

**13.55 Wings of Love**

**14.45 Commander In Chief**

**15.30 Heima hjá Jamie Oliver**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Nornafélagið, Tutenstein, Sabrina - Unglingsnornin, Doddi litli og Eyrnastór, Doddi litli og Eyrnastór

**17.28 The Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.50 Ísland í dag og íþróttir**

**19.25 The Simpsons**

**19.50 Friends**

**20.15 The New Adventures of Old Christine** (1:22) Önnur þáttarröð þessa skemmtilega sjónvarpsþáttar með Juliu Louis-Dreyfus úr Seinfeld. Christina er nýfráskilin og á erfitt með að fóta sig sem einstæð móðir sérstaklega þar sem fyrrverandi eiginmaðurinn er komin með nýja og miklu yngri Christine sem gamla Christine á í stöðugri samkeppni við.

▶**20.40 My Name Is Earl**

**21.05 Flight of the Conchords**

**21.30 Numbers**

**22.15 All About George**

**23.00 Un long dimanche de fiancailles** (Langa trúlofunin)

**01.10 Cold Case**

**01.55 To Gillian on Her 37th Birthday**

**03.25 Michel Vailant**

**05.05 The Simpsons**

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Meistaradeildin**

**07.30 Meistaradeildin**

**08.00 Meistaradeildin**

**08.30 Meistaradeildin**

**15.25 Meistaradeild Evrópu -** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

**17.05 Meistaradeildin**

**17.50 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

**18.45 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.

**19.40 UEFA Cup** (Atl. Madrid - Bolton) Bein útsending frá leik Bolton og Atl. Madrid í 32 úrslitum í Evrópukeppni félagsliða.

**21.40 Utan vallar** (Umræðuþáttur) Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.

**22.25 Heimsmótaröðin í póker**

**23.15 UEFA Cup** (Atl. Madrid - Bolton) Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.

**00.55 Utan vallar** (Umræðuþáttur) Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.

## SÝN2

**17.20 Everton - Reading**

**19.00 English Premier League** (Ensku mörkin) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**20.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**20.30 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.00 PL Classic Matches**

**21.30 Season Highlights** (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**22.30 4 4 2**

**23.55 Coca Cola mörkin**

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**15.45 Vörutorg**

**16.45 Innlit / útlit** (e)

**17.45 Rachael Ray**

**18.30 The Drew Carey Show** (e)

**19.00 Fyrstu skrefin** (e)

**19.30 Game tíví** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.00 Everybody Hates Chris** Caruso hættir að níðast á öðrum eftir að hafa sjálfur orðið fyrir barðinu á níðingi. En í kjölfarið fer valdajafnvægið í skólanum í rugl og allir vilja taka við hlutverkinu af Caruso.

**20.30 The Office** Fyrri hluti sérstakst hátíðarþáttar. Ósætti í skemmtinefndinni verður til þess að haldin eru tvö jólapartí. Michael sendir út óviðeigandi jólakort og lendir í ástarsorg.

▶**21.00 Life - NÝTT** Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem þurfti að sitja saklaus í fangelsi í 12 ár.

**22.00 C.S.I. Miami** Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Veiðimaður verður fyrir barðinu á bjarndýri en Horatio grunar að það sé maðkur í mysunni.

**22.50 Jay Leno**

**23.35 The Drew Carey Show**

**00.00 Canada's Next Top Model** (e)

**01.00 Dexter** (e)

**01.55 NÁTTHRAFNAR**

**01.55 C.S.I. Miami**

**02.40 Less Than Perfect**

**03.05 Vörutorg**

**04.05 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




ENNEMM / SÍA / NM32203

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.05

### Flight of the Conchords



Einn allra frumlegasti, skemmtilegasti og umtalaðasti gamanþáttur síðari ára. Þættirnir koma frá HBO og fjalla um tvo nýsjálenska galgopa sem fluttir eru til Bandaríkjanna í leit að frægð og frama. Saman skipa þeir hljómsveitina Flight of the Conchords en þrátt fyrir einbeittan vilja til að slá í gegn fá þeir ekki að troða upp annars staðar en á sædýrasafninu í hverfinu. Í aðdáendaklúbbnum er aðeins ein kona, laglega veik á geði og með þá báða á heilanum.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Aðþrengdar eiginkonur

### Sjónvarpið kl. 22.25

Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Svörtu sönggyðjurnar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.20** Útvarpsleikhúsið: Móðir mín hetjan
**00.00** Fréttir
**00.07** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (128:260)
**16.30 Hollyoaks** (129:260)
**17.00 Talk Show With Spike Feresten**
**17.25 Special Unit 2**
**18.15 Wildfire** Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.
**19.00 Hollyoaks** (128:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**19.30 Hollyoaks** (129:260)
**20.00 Talk Show With Spike Feresten** Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fær áhorfandann til að veltast um af hlátri.
**20.25 Special Unit 2**
▶**21.15 Wildfire**
**22.00 Gossip Girl** (7:22)
**22.45 Nip/Tuck** (6:14) (Klippt og skorið)
**23.30 The Closer** (12:15)
**00.15 Bandið hans Bubba** (3:12)
**01.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn stöðvarinnar þeir Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snædal skoða pólítískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Mér finnst** Úrval atriða úr Mér finnst
**21.30 Nútímafólk** Randver Þorláksson sjallar við Jakob Frímann Magnússon um lífið og listina.

## DR 1

**11.10** Penge **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.50** Hvad er det værd? **13.20** Godt arbejde **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Boogie Update **15.30** Pucca **15.35** Kim Possible **16.00** Barda **16.30** Fandango med Sebastian **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Rejseholdet **20.00** TV Avisen **20.25** Ærlig talt **20.50** SportNyt **20.55** Super Sucker **22.25** Blind Justice **23.05** Battlestar Galactica **0.30** Boogie Update

## NRK 1

**8.55** Frokost-tv **11.00** NRK nyheter **11.10** Fra Filippinene til Finland **11.40** Spekter **12.35** 'Allo, 'Allo! **13.05** Landsbylegane **14.00** Fabrikken **14.30** Heilt vilt **14.55** Sketsj **15.05** Hannah Montana **15.30** Megafon **16.00** VM skiskyting 2008 **17.55** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Krafttaket **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Isprinsessen **21.30** VM skiskyting 2008 **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Livets porto **23.35** P3tv live **0.35** Norsk på norsk jukeboks 2.00 Sport Jukeboks

## SVT 1

**11.05** Landet som Stalin tog **11.35** Lantz i P4 **12.05** Robins **13.10** Kalle Blomkvist och Rasmus **14.30** Dubbat **15.00** Rapport **15.10** Plus **15.45** Sagoträdet **16.00** Skidskytte: VM Östersund **17.15** Bolibompa **17.40** Lycka är... **17.45** Krumelurdjur **17.50** Korthusmakaren och den lilla hunden **18.00** Lilla Aktuellt **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Brottet **20.55** Hugg **21.00** Debatt **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Uppdrag Granskning **23.20** Klass 9A **0.20** Out of Practice



## MORGUNMATURINN



*„Það er mjög misjafnt hvað ég borða og fer eftir því hvenær ég vakna. Í gær smurði ég mér nú bara flatbrauð með hangikjöti og drakk trönuberjasafa með. Stundum vakna ég svo seint að það er kominn hádegismatur. Þá fer ég oft á BSÍ eða Múlakaffi og fæ mér heimilismat.“*

Jens Guð, gervigrasafræðingur.

# Verslingar skemmtu veikum börnum

Leikarar úr söngleiknum Kræ-Beibí, sem Verslunarskólinn sýnir nú í Austurbæ, heimsóttu Barnaspítala Hringsins í gær, og hittu þar fyrir börn af barnaspítalanum ásamt krökkum frá Barna- og unglingageðdeild. „Þetta var mjög skemmtileg reynsla, og gaman að geta skemmt krökkunum,“ segir Ásgrímur Geir Logason, sem leikur hnakkann Baldvin í sýningunni. „Við sungum nokkur lög og lékum aðeins fyrir þau, og þau skemmtu sér mjög vel yfir því,“ segir hann. Leikhópurinn kom þar að auki færandi hendi með geisladiska með tónlist úr leikritinu, og fangið fullt af föndurvörum úr Pennan-um-Eymundsson.

Kræ-beibí var frumsýnt í Austurbæ 7. febrúar, og sýningar standa nú yfir. Söngleikurinn er byggður á kvikmyndinni Cry Baby frá árinu 1990, en tónlistin á rætur sínar að rekja til sjötta áratugarins. Verkið gerist árið 1950 og fjallar um hina tvo ólíku heima töffarans Kræ-Beibí og Aðalbjargar, sem tilheyrir hópi hnakka. Þegar Kræ-Beibí hrífur Aðalbjörgu úr örmum verðandi milli-stjórnandans Baldvins hitnar í kolunum. Leikstjóri sýningarinnar er Björk Jakobsdóttir, en Jón Ólafsson fór með tónlistarstjórn. Miða er hægt að nálgast á midi.is.



**Í FRÍÐUM FLOKKI** Árni Eyþór tók sig vel út með töffurunum úr Kræ-Beibí. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT**
**2.** sæti **6.** tveir eins **8.** hversu **9.** bein **11.** ógrynni **12.** teiti **14.** egg fisks **16.** mun **17.** titill **18.** skörp brún **20.** bor **21.** pottréttur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** starf **3.** eftir hádegi **4.** svelgja **5.** dorma **7.** sammála**10.** fley **13.** hrós **15.** ekkert **16.** ílát **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** sess, **6.** ee, **8.** hve, **9.** rit, **11.** of, **12.** knall, **14.** hrogn, **16.** ku, **17.** frú, **18.** egg, **20.** al, **21.** ragú.

**LÓÐRÉTT:** **1.** verk, **3.** eh, **4.** svolgra, **5.** sef, **7.** einhuga, **10.** far, **13.** lof, **15.** núll, **16.** ker, **19.** gg.






SIGURÐUR KÁRI: VILL SJÁ RÍKISÚTVARPIÐ DRAGA ÚR UMSVIFUM

# Gagnrýnandi á gráu svæði

„Líklega er þetta innan þeirra laga sem Ríkisútvarpið starfar eftir. Þau lög eru reyndar víðtæk. Finnst mér þetta eðlilegt? Nei, það finnst mér ekki. Ég hefði frekar viljað sjá Ríkisútvarpið draga úr sínum umsvifum,“ segir Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar.

Á morgun verður hleypt af stokkunum nýju dreifingar- og kynningarfyrirbæri kvikmynda. Það hefur hlotið nafnið Gagnrýnandinn og er samstarfsverkefni Morgunblaðsins, Ríkisútvarpsins og Samfilm. Aðspurður hvert hlutverk Moggans og RÚV sé í þessu samstarfi segir Úlli Helgason hjá Sambíóum að þetta sé samstarf um kynningu á kvikmyndum. „Þannig mun Popplandið á RÚV koma mikið inn í kynningu og Morgunblaðið veita áskrifendum sínum tilboð á myndirnar okkar.“ Og Guðni Már Henningsson á Rás 2 er hinn kátasti: „Ríkisútvarpið er mikið fyrir að lyfta undir góðar kvikmyndir og er því sönn ánægja að taka þátt í verkefninu.“

Setja má spurningarmerki við aðkomu ríkisstofnunar að slíku verkefni og það gerir Þorgrímur Gestsson hjá Hollvinum Ríkisútvarpsins svo sannarlega. Hann getur reyndar ekki séð, öfugt við Sigurð Kára, að þetta sé í samræmi við lög. Með þeim fyrirvara að hann viti ekki hvað felst í samkomulaginu þá sé í öllu falli undarlegt að blanda Ríkisútvarpinu í slíkan rekstur. „Skrýtið að vera í samstarfi við einkafyrirtæki á samkeppnisvettvangi. Álíka undarlegt og samningurinn við Björgólf [Guðmundsson sem lét 150 milljónir af hendi rakna til kvikmyndagerðar fyrir RÚV],“ segir Þorgrímur. Mörður Árnason, fyrrverandi alþingismaður, sem tókst á um frumvarp um RÚV á þingi á sínum tíma tekur í sama streng með sömu fyrirvörum. „Ég veit ekki um hvað þetta er. Ætla Sambíóin að fara að sýna leikrit RÚV? Lénharð fógeta? Sé þetta kynning þá gilda ákveðnar reglur þar um hvað varðar kostun og auglýsingar. Þetta er mjög skrýtið.“

Ísleifur Þórhallsson rekur hliðstætt fyrirbæri og Gagnrýnandinn er. Græna ljósið. Hann fagnar framtakinu og samkeppninni í sjálfu sér þó augljóslega sé Gagnrýnandinn stofnað til höfuðs sér og sínu. En vill ekki leggja sitt lóð í gagnrýni á aðkomu RÚV. „Allt sem ýtir undir aðsókn á metnaðarfullar kvikmyndir er af hinu góða. Nú þarf fólk bara að fara að mæta á þessar myndir.“

Páll Magnússon útvarpsstjóri sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær ekki hafa kynnt sér málið til hlítar og því vannst ekki svigrúm til að koma hans sjónarmiðum á framfæri við vinnslu fréttarinnar.

jakob@frettabladid.is



**ÞORGRÍMUR GESTSSON** Skrýtið að vera í samstarfi við einkafyrirtæki á samkeppnisvettvangi.



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON** Telur samstarfið líklega innan þeirra víðtæku laga sem RÚV starfar eftir en finnst þetta óeðlilegt.




**RÚV** Komið í samstarf við Samfilm og Morgunblaðið við kynningu á kvikmyndum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Moggamenn hafa verið að taka bloggsvæði sitt í gegn undir forystu **Árna Matthíassonar**. Nýlega var farið að skjóta auglýsingum inn á bloggsvæðin við misjafnar undirtektir. Til dæmis kvartaði **Guðbjörg Hildur Kolbeins,** doktor í fjölmiðlafræði, undan þessu og hótaði að fara með sitt víðlesna blogg annað. Nú bjóða Moggamenn bloggurum upp á að kaupa sig frá auglýsingum og kostar það þrjú hundruð krónur á mánuði.

Blaðamannaverðlaun BÍ á að afhenda næstkomandi laugardag en tilnefningar til þeirra hafa þegar verið kynntar við mismikla hrifningu. Á vef Blaðamannafélagsins er til dæmis könnun þar sem kemur fram að aðeins 20 prósent eru þeirrar skoðunar að tilnefningar séu „Mjög góðar og eðlilegar". Hauknum **Kristni Hrafnssyni** í Kompási þykir það lítill hasar að keppa, með sína Íraksför, við umfjöllun annars vegar um svifryk og hins vegar fit-kostnað. Dómnefndin hefur stigið ofurvarlega til jarðar en hana skipuðu **Birgir Guðmundsson**, formaður, **Lúðvík Geirsson**, **Jóhannes Tómasson**, **Sigríður Árnadóttir** og **Kristín Þorsteinsdóttir**. - jbg








# Arnar auglýsir Arnarneshæð

„Einhvers staðar verður maður að hafa tekjur. Ekki fær maður þær af leikarastarfinu,“ segir Arnar Jónsson, sem hefur vakið athygli fyrir að auglýsa fasteignir á Arnarneshæð í útvarpinu.

Spurður segist hann ekki viss um að nafnið sitt hafi ráðið því að hann var fenginn í starfið. „Ég held að það sé miklu einfaldara en það. Þeir fá sér bara góða lesara sem þeir telja að einhver hlusti á,“ segir hann. „Þeir hafa góða reynslu af mér því ég hef auglýst fyrir þá áður. Svo er þetta öndvegisfólk sem á þetta fyrirtæki sem ég kannast við.“

Sjálfur býr Arnar í miðbæ Reykjavíkur og segist vera algjör miðbæjarrotta. Hvort hann gæti hugsað sér að flytja á Arnarneshæðina fengi hann þar frítt húsnæði segir hann það alveg óvíst. „Þarna er gott útsýni og mjög huggulegt. Það getur vel verið en ég veit ekki hvort ég nennti að þrífa sex hundruð fermetra. Ég er ekki í þeim launaklassa,“ segir hann í léttum dúr.

Arnar hefur í nógu að snúast því þessa dagana er hann að æfa fyrir leikritið Engispretturnar sem verður sýnt í Þjóðleikhúsinu. „Þetta er leikrit eftir konu frá Serbíu. Hörkugott verk.“ - fb



**ARNARNESHÆÐ** Arnar Jónsson hefur lesið inn auglýsingar fyrir Arnarneshæðina.




# STÓRI SKÓMARKAÐURINN Í PERLUNNI

**NÝTT!**

Yfir 500 gerðir af adidas skóm og fatnaði á 50% afslætti ásamt frábæru úrvali af nýjum barna - kvenn og herra fatnaði á frábæru verði.

**Nýjar og nýlegar vörur frá þekktum framleiðendum!**

**Adidas, Studio London, Vagabond, Blend, Reebok, Skechers, Zoo York, Marc Ecko Conway, Sanilet, Flexi footwear, Timeless, No Doubt, Sixty Seven, SixMix, SMS UK, Betty Blue ofl. ofl.**
**Stök pör, tilboð dagsins.**

# EINFÖLD VERÐ

500.- | 1000.- | 2000.- | 3000.- | 4000.- | 5000.- | 6000.-

**Opnunartími**
Opið alla daga frá 12.00 til 18.00

Markaðurinn er á jarðhæð Perlunnar frá fimmtudeginum 14. febrúar til sunnudagsins 24. febrúar

**Komdu og gerðu skókaup ársins á stærsta skómarkaði landsins...**

**NÝTT KORTATÍMABIL hefst í dag**

VISA EUROCARD MasterCard

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## Kanasöknuður

Aldrei datt mér í hug að ég ætti eftir að segja þetta, en ég sakna Kanans á Miðnesheiði. Hann yfirgaf okkur með lágværu blístri, fánar voru dregnir niður og svo var þetta, sem hafði skipt þjóðinni í tvennt áratugum saman, bara búið. Aldrei hefur okkur verið sýnt jafn augljóslega fram á að það sem skiptir öllu máli í dag, skiptir engu máli á morgun. Allt er hjómið eitt, ekkert skiptir máli á endanum – í hinu stóra samhengi.

**ÉG** gerði mér grein fyrir söknuði mínum þegar ég keyrði eftir Grensásveginum. Ég fann að ég saknaði Sölu varnarliðseigna. Þar var lítið að hafa nema misónýtt drasl frá Kananum sem smjörgreiddir íslenskir karlar seldu með alltof miklum þjósti eins og þeir væru að gera manni stórgreiða með því að leyfa manni að kaupa pakka af útrunnu tyggjói. En ég sakna búðarinnar samt og þess lúxus að finna stolt mitt niðurlægt í þjóðernislegu tilliti. Það er miklu erfiðara að berja sér á brjóst þegar andstæðingurinn hefur gefist upp.

**Í** gráblautri íslenskri tilverunni var dulmagn Kanans mikið. Búandi svona einangrað úti á miðju ballarhafi voru það forréttindi að geta þefað af öðrum heimi, sérlega heppilegt að á pínulitlum bletti á okkar pínulitla bletti væri annar veruleiki vel varinn innan girðingar. Manni fannst spennandi að horfa í gegnum girðinguna og í þau fáu skipti sem maður slapp inn var það ævintýri líkast. Ævintýri þrungið af skömm og særðu ættjarðarstolti en ævintýri engu að síður.

**EINU** sinni átti ég ameríska kærustu og við fórum á völlinn. Öryggisgæslan var nú ekki meira en svo að það var nóg að hún talaði með suðarríkjahreimi við broddaklippta unglinginn í hliðinu til að við kæmumst inn. Ég hefði getað verið stórhættulegur hryðjuverkamaður og skottið fullt af sprengjum. Við rúntuðum um svæðið og fórum í búðina. Hvílíkt góss og á hvílíkum prís!

**NÝLEGA** fór ég að heimsækja vini míni sem hafa komið sér fyrir í gamalli Kanablokk. Það var hálf óraunveruleg upplifun í ljósi sögunnar. Svona bjó þá verndarinn. Við fórum í búðina sem ég hafði farið í forðum. Henni hefur nú verið breytt í alíslenska verslun með alíslensku vöruúrvali og þess sem verst er, alíslensku verði. Þá fattaði ég hvers ég sakna mest við Kanann. Farmsins.



**GÓÐAN DAG!**
Í dag er fimmtudagurinn 21. febrúar, 52. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.08 | 13.41 | 18.16 |
| Akureyri | 8.56 | 13.26 | 17.57 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


